ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 26

30. árgangur

30.3.2023

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2023/EES/26/01 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1073 frá 1. júlí 2016 um jafngildi tilnefndra samningsmarkaða í Bandaríkjunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 1

2023/EES/26/02 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2270 frá 15. desember 2016 um jafngildi samþykktra kauphalla í Singapúr í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 5

2023/EES/26/03 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2271 frá 15. desember 2016 um jafngildi kauphalla fyrir fjármálagerninga og kauphalla fyrir hrávöru í Japan í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 8

2023/EES/26/04 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2272 frá 15. desember 2016 um jafngildi fjármálamarkaða í Ástralíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 11

2023/EES/26/05 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2273 frá 15. desember 2016 um jafngildi viðurkenndra kauphalla í Kanada í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 14

2023/EES/26/06 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2269 frá 15. desember 2016 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila á Indlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 17

2023/EES/26/07 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2274 frá 15. desember 2016 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila á Nýja-Sjálandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 21

2023/EES/26/08 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2275 frá 15. desember 2016 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Japan í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 24

2023/EES/26/09 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2276 frá 15. desember 2016 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Brasilíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 28

2023/EES/26/10 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2277 frá 15. desember 2016 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 32

2023/EES/26/11 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2278 frá 15. desember 2016 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Sameinuðu arabísku furstadæmunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 35

2023/EES/26/12 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1902 frá 7. nóvember 2019 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. september 2019 til 30. desember 2019 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 38

2023/EES/26/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/744 frá 6. maí 2021 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars 2021 til 29. júní 2021 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 134

2023/EES/26/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1964 frá 11. nóvember 2021 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. september 2021 til 30. desember 2021 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 220

2023/EES/26/15 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/377 frá 15. mars 2016 um jafngildi milli regluramma Bandaríkja Norður-Ameríku um miðlæga mótaðila sem hafa hlotið starfsleyfi frá og eru undir eftirliti nefndar um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru og krafnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 316

2023/EES/26/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2028 frá 29. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáhættu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja samsvarar lánshæfisþrepunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 322

2023/EES/26/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2091 frá 28. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 329

2023/EES/26/18 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/866 frá 28. maí 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/101 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir varfærið mat skv. 14. mgr. 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 333

2023/EES/26/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/249 frá 17. febrúar 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 336

2023/EES/26/20 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/879 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar tapþol og endurfjármögnunargetu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og tilskipun 98/26/EB 343

2023/EES/26/21 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 392

2023/EES/26/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1121 frá 29. júlí 2020 um söfnun og miðlun á tölfræðilegum upplýsingum um notendur og endurgjöf varðandi þjónustu sameiginlegu stafrænu gáttarinnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 430

2023/EES/26/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/193 frá 12. febrúar 2020 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2019 til 30. mars 2020 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 442

2023/EES/26/24 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1285 frá 2. ágúst 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir magnesíumfosfíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 538

2023/EES/26/25 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1286 frá 2. ágúst 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dínótefúrani til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 540

2023/EES/26/26 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/931 frá 1. mars 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina aðferðina til að bera kennsl á afleiðuviðskipti með einn eða fleiri mikilvæga áhrifaþætti áhættu með tilliti til 5. mgr. 277. gr., formúluna til að reikna út eftirlitsdeltastuðul kaup- og söluréttar sem tengdur er við vaxtaáhættuflokk og aðferðina til að ákvarða hvort viðskipti séu gnótt- eða skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættu eða í mikilvægasta áhrifaþættinum í tilteknum áhættuflokki að því er varðar a- og b-lið 3. mgr. í 279. gr. a. í staðalaðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila 542

2023/EES/26/27 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2268 frá 6. september 2021 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653 að því er varðar undirstöður aðferðafræði og framsetningu á árangurssviðsmyndum, framsetningu á kostnaði og aðferðafræði fyrir útreikning á samanteknum kostnaðarvísum, framsetningu og inntak upplýsinga um fyrri árangur og framsetning á kostnaði pakkaðra og vátryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) sem bjóða marga valkosti til fjárfestingar og aðlögun á umbreytingarfyrirkomulagi fyrir framleiðendur pakkaðra og vátryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta sem bjóða hlutdeildarskírteini í sjóðum eins og um getur í 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014, sem undirliggjandi fjárfestingarmöguleika, að framlengdu umbreytingarfyrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í þeirri grein 548

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1073 **2023/EES/26/01**

frá 1. júlí 2016

um jafngildi tilnefndra samningsmarkaða í Bandaríkjunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. mgr. 2. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er mælt fyrir um kröfur um stöðustofnun og tvíhliða áhættustýringu að því er varðar OTC-afleiðusamninga, sem og upplýsingaskyldu um slíka samninga. OTC-afleiður eru í 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skilgreindar sem afleiðusamningar sem ekki eru viðskipti með á skipulegum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins ([2]) 2004/39/EB eða á markaði þriðja lands sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því eru afleiðusamningar sem viðskipti eru með á markaði í þriðja landi sem telst ekki jafngildur skipulegum markaði skilgreindir sem OTC-afleiðusamningar að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2) Í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 telst markaður þriðja lands jafngilda skipulegum markaði þegar hann uppfyllir lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og fellur undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í þriðja landi á áframhaldandi grundvelli.

3) Til að markaður þriðja lands geti talist jafngildur skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB ættu gildandi lagalega bindandi kröfur og fyrirkomulag eftirlits og framfylgdar í megindráttum að hafa sömu áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um tilnefnda samningsmarkaði (DCM) í Bandaríkjunum séu jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB, og að þessir markaðir falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli. Markaðir er hafa starfsleyfi sem tilnefndir samningsmarkaðir á þeim degi þegar þessi ákvörðun er samþykkt ættu því að vera tilgreindir sem markaðir er teljast jafngildir skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB.

4) Tilnefndir samningsmarkaðir eru kaupþing (*e. board of trade*) sem starfa undir lögboðnu eftirliti Nefndar um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru (Commodity Futures Trading Commission (CFTC)) skv. 5. þætti laga um hrávöruviðskipti (Commodity Exchange Act (CEA)), 7 USC 7. Lagalega bindandi kröfur fyrir tilnefnda samningsmarkaði sem hafa starfsleyfi í Bandaríkjunum samanstanda af lögunum um hrávöruviðskipti sem, ásamt reglugerðum nefndarinnar um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru (CFTC-reglugerðum), mynda lagaramma um starfsemi tilnefndra samningsmarkaða. Í 38. hluta CFTC-reglugerðanna eru tilgreindar kröfurnar fyrir því að starfa sem kaupþing og settar fram 23 grundvallarreglur sem tilnefndir samningsmarkaðir verða að hlíta í upphafi og á áframhaldandi grundvelli. Í CTFC-reglugerðunum er þess krafist að tilnefndir samningsmarkaðir reki markaðstorg sem, samkvæmt lögunum um hrávöruviðskipti, merkir jafnan marghliða kerfi þar sem þátttakendur geta framkvæmt viðskipti í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur. Enn fremur verða tilnefndir samningsmarkaðir að sjá til þess að aðilar að þeim hafi jafnt aðgengi að mörkuðum þeirra og þjónustu. Viðmiðin um aðgengi verða að vera óhlutdræg, gagnsæ og á jafnréttisgrundvelli. Með CFTC-reglugerðunum falla tilnefndu samningsmarkaðirnir auk þess undir skipulagskröfur að því er varðar stefnur um hagsmunaárekstra, áhættustýringu, viðskipta-, stöðustofnunar- og uppgjörsfyrirkomulag, skráningarreglur og vöktun á reglufylgni. Samkvæmt grundvallarreglu 2 (17 bálkur safns alríkisreglugerða (CFR)

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 178, 2.7.2016, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 99, 12.12.2019, bls. 10.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

§38.150 (2015)) verður kaupþingið að koma á, fylgjast með og framfylgja hlítni við innri reglur tilnefnda samningsmarkaðarins, þ.m.t. reglur sem banna misnotkun í viðskiptaháttum innan hans. Í þessu skyni verður hann að geta greint, rannsakað og beitt viðeigandi viðurlögum í garð þeirra aðila sem brjóta innri reglur tilnefnda samningsmarkaðarins.

5) Hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um tilnefnda samningsmarkaði með starfsleyfi í Bandaríkjunum og settar eru fram í lagarammanum um starfrækslu tilnefndra samningsmarkaða hafa í megindráttum svipuð áhrif og þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB á eftirfarandi sviðum: leyfisveitingaferli, kröfur um skilgreiningu, aðgangur að tilnefnda samningsmarkaðnum, skipulagskröfur, kröfur til framkvæmdastjórnar, taka afleiðna til viðskipta, tímabundin stöðvun viðskipta með afleiður og taka þeirra úr viðskiptum, eftirlit með að farið sé að reglum og aðgangur að stöðustofnunar- og uppgjörsfyrirkomulagi.

6) Samkvæmt tilskipun 2004/39/EB gilda kröfur um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti aðeins um hlutabréf sem eru tekin til viðskipta á skipulegum mörkuðum. Þar sem hlutabréf eru hvorki tekin til viðskipta né viðskipti höfð með þau á tilnefndum samningsmörkuðum álítur framkvæmdastjórnin að mat á þeim kröfum skipti ekki máli að því er varðar ákvörðun þessa.

7) Niðurstaðan er því að hinar lagalega bindandi kröfur til tilnefndra samningsmarkaða með staðfestu í Bandaríkjunum hafi jafngild áhrif og kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB.

8) Tilnefndu samningsmarkaðirnir starfa undir eftirliti Nefndar um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru. Meginmarkmið eftirlitsáætlunar Nefndarinnar um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru er að meta hlítni tilnefndra samningsmarkaða við gildandi ákvæði laganna um hrávöruviðskipti, þ.m.t. hinar 23 grundvallarreglur sem tilnefndir samningsmarkaðir verða að hlíta, og CFTC-reglugerðirnar sem hrinda þessum grundvallarreglum í framkvæmd. Í þessu skyni gerir Nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru rannsóknir á því hvort tilnefndir samningsmarkaðir fylgi grundvallarreglum og reglugerðum sem varða vöktun viðskipta, markaðseftirlit, endurskoðunarslóðir og agaáætlanir tilnefndra samningsmarkaða. Samkvæmt markaðseftirlitsáætluninni fylgist Nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru með seljendum til að tryggja að þeir uppfylli ákvæði laganna um hrávöruviðskipti og CFTC-reglugerðanna. Samkvæmt eftirlitsáætluninni er í þessu skyni fylgst með viðskiptastarfsemi á tilnefndum samningsmörkuðum, stöðum í framtíðarsamningum, skiptiviðskiptum og skiptistöðum til að greina og hindra markaðsmisnotkun og til að tryggja reglufylgni við lögin um hrávöruviðskipti og CFTC-reglugerðirnar. Samkvæmt markaðseftirlitsáætluninni eru allar regluskráningar tilnefndra samningsmarkaða einnig endurskoðaðar og samkvæmt afurðaeftirlitsáætluninni eru skráningar afurðaskilmála og -skilyrða endurskoðaðar; samkvæmt báðum áætlunum eru skráningarnar skoðaðar til að tryggja samræmi við lögin um hrávöruviðskipti og CFTC-reglugerðirnar.

9) Nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru ber einnig ábyrgð á framfylgd. Samkvæmt 6. þætti b í lögunum um hrávöruviðskipti er Nefndinni um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru heimilt að gefa út fyrirmæli til að stöðva tilteknar aðgerðir og leggja á viðurlög samkvæmt einkarétti eða refsirétti ef tilnefndir samningsmarkaðir brjóta gegn lögunum um hrávöruviðskipti eða CFTC-reglugerðunum. Samkvæmt a-lið 6. þáttar c í lögunum um hrávöruviðskipti er Nefndinni um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru einnig heimilt að höfða mál fyrir alríkisdómstóli í Bandaríkjunum gegn skráðum aðilum eða öðrum aðilum sem brjóta gegn ákvæðum laganna um hrávöruviðskipti eða viðeigandi reglum, reglugerðum og fyrirmælum nefndarinnar. Tilnefndir samningsmarkaðir taka að sér tilteknar eftirlitsskyldur og ber þeim skylda til að fylgjast með og framfylgja því að farið sé að innri reglum hvers tilnefnds samningsmarkaðar. Samkvæmt „neyðarheimildum“ (lögin um hrávöruviðskipti § 8a(9)) hefur Nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru heimild til að skipa tilnefndum samningsmarkaði að grípa til aðgerða sem að mati nefndarinnar eru nauðsynlegar til að viðhalda eða taka aftur upp skipuleg viðskipti með eða sölu á tilteknum afleiðusamningi. Tilnefndu samningsmörkuðunum ber einnig að búa yfir ráðstöfunum og tilföngum til að framfylgja innri reglum af skilvirkni.

10) Niðurstaðan er því að tilnefndir samningsmarkaðir falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í Bandaríkjunum á viðvarandi grunni.

11) Skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. gr. a. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti því að teljast vera fullnægt að því er varðar tilnefnda samningsmarkaði með starfsleyfi í Bandaríkjunum.

12) Þessi ákvörðun er á grundvelli lagalega bindandi krafna um tilnefnda samningsmarkaði sem gilda í Bandaríkjunum þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti að halda áfram að vakta reglulega þróunina í laga- og eftirlitsfyrirkomulagi fyrir tilnefnda samningsmarkaði og uppfyllingu skilyrðanna sem þessi ákvörðun byggist á. Einkum ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða þessa ákvörðun í ljósi gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([1]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([2]).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

13) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits sem gildir um tilnefnda samningsmarkaði í Bandaríkjunum ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt er með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 teljast kaupþing sem Nefnd um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru tilnefnir sem samningsmarkaði í Bandaríkjunum og fram koma í viðaukanum jafngilda skipulegum mörkuðum eins og þeir eru skilgreindir í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 1. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Tilnefndir samningsmarkaðir í Bandaríkjunum sem um getur í 1. gr.:

a) Cantor Futures Exchange, L.P.

b) CBOE Futures Exchange, LLC

c) Chicago Board of Trade (Board of Trade of the City of Chicago, Inc.)

d) Chicago Mercantile Exchange, Inc.

e) Commodity Exchange, Inc.

f) ELX Futures, L.P.

g) Eris Exchange, LLC

h) ICE Futures U.S., Inc.

i) Minneapolis Grain Exchange, Inc.

j) New York Mercantile Exchange, Inc.

k) Nodal Exchange, LLC

l) North American Derivatives Exchange, Inc.

m) OneChicago LLC

n) TrueEX LLC

o) Nasdaq Futures, Inc.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2270 **2023/EES/26/02**

frá 15. desember 2016

um jafngildi samþykktra kauphalla í Singapúr í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. mgr. 2. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er mælt fyrir um kröfur um stöðustofnun og tvíhliða áhættustýringu að því er varðar OTC-afleiðusamninga, sem og upplýsingaskyldu um slíka samninga. OTC-afleiður eru í 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skilgreindar sem afleiðusamningar sem ekki eru viðskipti með á skipulegum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins ([2]) 2004/39/EB eða á markaði þriðja lands sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því eru afleiðusamningar sem viðskipti eru með á markaði í þriðja landi sem telst ekki jafngildur skipulegum markaði skilgreindir sem OTC-afleiðusamningar að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2) Í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 telst markaður þriðja lands jafngildur skipulegum markaði ef hann uppfyllir lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og fellur undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi á áframhaldandi grundvelli.

3) Til að markaður þriðja lands geti talist jafngildur skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB ættu gildandi lagalega bindandi kröfur og fyrirkomulag eftirlits og framfylgdar í megindráttum að hafa sömu áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um samþykktar kauphallir í Singapúr séu jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og að þessir markaðir falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli. Markaðir sem eru samþykktar kauphallir á þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt ættu því að vera tilgreindir sem markaðir sem teljast jafngildir skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB.

4) Lagarammi Singapúr um samþykktar kauphallir samanstendur af lögum um verðbréf og framtíðarsamninga (Securities and Futures Act (SFA)), reglugerðum um verðbréf og framtíðarsamninga (markaðir) frá 2005 (Securities and Futures (Markets) Regulations), reglugerðum um verðbréf og framtíðarsamninga (stjórnarhættir samþykktra kauphalla, samþykktra stöðustofnunarfyrirtækja og samþykktra eignarhaldsfélaga) frá 2005 (Securities and Futures (Corporate Governance of Approved Exchanges, Approved Clearing Houses and Approved Holding Companies) Regulations), reglugerðum um verðbréf og framtíðarsamninga (fjárfestingartilboð) (hlutabréf og óveðtryggð skuldabréf) frá 2005 (Securities and Futures (Offers of Investments) (Shares and Debentures) Regulations), reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga (leyfisveiting og viðskiptahættir) frá 2004 (Securities and Futures (Licensing and Conduct of Business) Regulations) og viðmiðunarreglum sem Peningamálastofnun Singapúr (Monetary Authority of Singapore (MAS) gaf út skv. 321. þætti laganna um verðbréf og framtíðarsamninga, þ.m.t. viðmiðunarreglum um reglusetningu um markaði nr. SFA 02-G01 (Guidelines on the Regulation of Markets) og viðmiðunarreglur um hæfi nr. FSG-G01 (Guidelines on Fit and Proper Criteria). Í viðmiðunarreglunum um reglusetningu um markaði eru settar fram skyldur samþykktra kauphalla s.s. skyldan til að starfrækja sanngjarnan, skipulegan og gagnsæjan markað. Í samræmi við 5. mgr. þáttar 321 í lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga geta aðilar að einka- eða sakamálum borið við að ekki sé farið viðmiðunarreglum þegar þeir leitast við að fá ábyrgð samþykkta eða henni hafnað. Þar að auki veita 1. mgr. þáttar 334 og þáttur 335 Peningamálastofnun Singapúr vald til að leggja sektir á samþykktar kauphallir ef Peningamálastofnunin kemst að því að kauphöllin hafi brotið gegn viðmiðunarreglum. Þar að auki eru nokkrar viðskipta- og skráningarreglur sem lýsa nánar kröfum í lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga settar fram í regluverki fyrir hverja samþykkta kauphöll. Viðskipta- og skráningarreglurnar, sem og allar breytingar á þeim, skulu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 99, 12.12.2019, bls. 10.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

lagðar fyrir Peningamálastofnun Singapúr áður en þær eru teknar upp. Lögin um verðbréf og framtíðarsamninga kveða á um viðurlög ef viðskipta- eða skráningarreglurnar uppfylla ekki kröfurnar sem Peningamálastofnun Singapúr setur fram. Samkvæmt lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga teljast viðskiptareglurnar vera bindandi samningur fyrir samþykktu kauphöllina og aðila hennar og því ber þeim að fylgja og fara að þeim á áframhaldandi grundvelli.

5) Lagalega bindandi kröfur sem gilda um samþykktar kauphallir í Singapúr hafa í megindráttum sömu áhrif og þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB á eftirfarandi sviðum: leyfisveitingaferli, kröfur um skilgreiningu, aðgangur að samþykktu kauphöllinni, skipulagskröfur, kröfur til framkvæmdastjórnar, taka fjármálagerninga til viðskipta, tímabundin stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og taka þeirra úr viðskiptum, eftirlit með að farið sé að reglum hinna samþykktu kauphalla og aðgangur að stöðustofnunar- og uppgjörsfyrirkomulagi.

6) Samkvæmt tilskipun 2004/39/EB gilda kröfur um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti aðeins um hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum mörkuðum. Þrátt fyrir að unnt sé að taka hlutabréf til viðskipta í samþykktum kauphöllum í Singapúr telur framkvæmdastjórnin að matið á þeim kröfum skipti ekki máli að því er varðar þessa ákvörðun þar sem markmiðið með henni er að sannreyna jafngildi lagalega bindandi krafna sem gilda um markaði þriðja lands að því er varðar afleiðusamninga sem viðskipti eru með á þeim mörkuðum.

7) Niðurstaðan er því að hinar lagalega bindandi kröfur til samþykktra kauphalla í Singapúr hafi jafngild áhrif og þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB.

8) Samþykktar kauphallir í Singapúr falla undir eftirlit Peningamálastofnunar Singapúr, opinbert yfirvald sem komið var á skv. 3. þætti laganna um Peningamálastofnun Singapúr. Peningamálastofnun Singapúr er helsti eftirlitsaðilinn með starfsemi á fjármagnsmörkuðum í Singapúr. Peningamálastofnun Singapúr er með 46. þætti laganna um verðbréf og framtíðarsamninga veitt vald til að gefa út leiðbeiningar til samþykktra kauphalla um tiltekin málefni eins og tilgreint er í lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga til að tryggja vernd fjárfesta, starfsemi sanngjarnra, skipulegra og gagnsærra markaða, heilleika og stöðugleika fjármagnsmarkaða og hlítni við öll skilyrði eða takmarkanir sem Peningamálastofnun Singapúr setur. Peningamálastofnun Singapúr hefur lögskipað vald til að gefa út lagalega bindandi tilkynningar, viðmiðunarreglur, reglur, stefnumarkandi yfirlýsingar og skrifleg fyrirmæli. Peningamálastofnun Singapúr getur lagt á sektir og veitt áminningar vegna brota gegn ákvæðum laganna um verðbréf og framtíðarsamninga eða afleiddri löggjöf, þ.m.t. tilkynningum og leiðbeiningum. Peningamálastofnun Singapúr getur einnig vikið lykilstarfsfólki úr starfi ef hún telur að slík ráðstöfun sé almenningi í hag. Að lokum hefur Peningamálastofnun Singapúr eftirlit með áhættustýringarstarfsemi og -tækjum hinnar samþykktu kauphallar með vettvangsskoðunum og athugunum utan vettvangs.

9) Niðurstaðan er því að samþykktar kauphallir falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í Singapúr á viðvarandi grunni.

10) Skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. gr. a. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti því að teljast vera fullnægt að því er varðar samþykktar kauphallir í Singapúr.

11) Þessi ákvörðun er á grundvelli lagalega bindandi krafna að því er varðar samþykktar kauphallir í Singapúr þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti að halda áfram að vakta reglulega þróunina í laga- og eftirlitsfyrirkomulagi fyrir samþykktar kauphallir og uppfyllingu skilyrðanna sem þessi ákvörðun byggist á. Einkum ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða þessa ákvörðun í ljósi framkvæmdar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([1]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([2]).

12) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits sem gildir um samþykktar kauphallir í Singapúr hefur ekki áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt var með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 teljast samþykktar kauphallir í Singapúr, sem tilgreindar eru í viðaukanum, jafngilda skipulegum mörkuðum eins og þeir eru skilgreindir í 14. lið 1. mgr.4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Samþykktar kauphallir í Singapúr sem um getur í 1. gr.

a) Singapore Exchange Derivatives Trading Limited

b) Singapore Exchange Securities Trading Limited

c) ICE Futures Singapore.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2271 **2023/EES/26/03**

frá 15. desember 2016

um jafngildi kauphalla fyrir fjármálagerninga og kauphalla fyrir hrávöru í Japan í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er mælt fyrir um kröfur um stöðustofnun og tvíhliða áhættustýringu að því er varðar OTC-afleiðusamninga, sem og upplýsingaskyldu um slíka samninga. OTC-afleiður eru í 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skilgreindar sem afleiðusamningar sem ekki eru viðskipti með á skipulegum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins ([2]) 2004/39/EB eða á markaði þriðja lands sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því eru afleiðusamningar sem viðskipti eru með á markaði í þriðja landi sem telst ekki jafngildur skipulegum markaði skilgreindir sem OTC-afleiðusamningar að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2) Í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 telst markaður þriðja lands jafngildur skipulegum markaði ef hann uppfyllir lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og fellur undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í þriðja landi á áframhaldandi grundvelli.

3) Til að markaður þriðja lands geti talist jafngildur skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB ættu gildandi lagalega bindandi kröfur og fyrirkomulag eftirlits og framfylgdar í megindráttum að hafa svipuð áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávöru í Japan séu jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og að þessir markaðir falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli. Markaðir sem hafa starfsleyfi sem kauphallir fyrir fjármálagerninga eða kauphallir fyrir hrávöru á þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt ættu því að vera tilgreindir sem markaðir sem teljast jafngildir skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB.

4) Lagarammi Japans um kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávöru samanstendur af lögunum um fjármálagerninga og kauphallir frá 2006 (Financial Instruments and Exchange Act (FIEA)), sem koma á fót regluramma um kauphallir fyrir fjármálagerninga, og lögunum um hrávöruafleiður frá 2009 (Commodity Derivatives Act (CDA)) sem kveða á um reglu- og eftirlitsramma um kauphallir fyrir hrávörur. Afleiðusamningar um undirliggjandi hrávöru eru skráðir í kauphöll fyrir hrávörur og afleiður á grundvelli fjármálagerninga eru skráðar í kauphallir fyrir fjármálagerninga. Reglur um kauphallir fyrir fjármálagerninga eru þróaðar frekar í fullnustufyrirmælum laganna um fjármálagerninga og kauphallir og reglugerð stjórnarskrifstofu um kauphallir fyrir fjármálagerninga, en reglur um kauphallir fyrir hrávörur eru settar nánar fram í fullnustufyrirmælum laganna um kauphallir fyrir hrávörur og reglugerð um framfylgd laganna um hrávöruafleiður. Þar að auki njóta bæði kauphallir fyrir hrávörur og kauphallir fyrir fjármálagerninga tiltölulega mikils sjálfseftirlitsvalds að því er varðar tilteknar kröfur. Sjálfseftirlitsvald kauphalla fyrir fjármálagerninga felur einkum í sér viðskiptareglur í tengslum við skráningu og afskráningu fjármálagerninga,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 99, 12.12.2019, bls. 10.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

viðskiptafyrirkomulag og aðildarkröfur. Leggja skal starfsreglurnar fyrir forsætisráðherra Japans til samþykktar (81. gr. laganna um fjármálagerninga og kauphallir). Sjálfseftirlitsvald kauphallarinnar fyrir hrávörur er framkvæmt af sjálfseftirlitsnefnd hennar eða sjálfseftirlitsdeild. Í markaðsreglum kauphalla fyrir hrávörur eru settar fram viðskiptareglur og aðildarkröfur sem leggja skal fyrir ráðuneyti landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs (MAFF) og ráðuneyti efnahags, viðskipta og iðnaðar (METI) til samþykktar. Sjálfseftirlitsreglurnar eru lagalega bindandi fyrir kauphallir.

5) Hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um samþykktar kauphallir í Japan hafa jafngild áhrif og þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB á eftirfarandi sviðum: leyfisveitingaferli, kröfur um skilgreiningu, aðgangur að kauphöllinni, skipulagskröfur, kröfur til framkvæmdastjórnar, taka fjármálagerninga til viðskipta, tímabundin stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og taka þeirra úr viðskiptum, eftirlit með að farið sé að reglum og aðgangur að stöðustofnunar- og uppgjörsfyrirkomulagi.

6) Samkvæmt tilskipun 2004/39/EB gilda kröfur um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti aðeins um hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum mörkuðum. Þrátt fyrir að unnt sé að taka hlutabréf til viðskipta í kauphöllum fyrir fjármálagerninga telur framkvæmdastjórnin að matið á þeim kröfum skipti ekki máli að því er varðar þessa ákvörðun þar sem markmiðið með henni er að sannreyna jafngildi lagalega bindandi krafna sem gilda um markaði þriðja lands að því er varðar afleiðusamninga sem viðskipti eru með á þessum mörkuðum.

7) Niðurstaðan er því að hinar lagalega bindandi kröfur til kauphalla fyrir fjármálagerninga og kauphalla fyrir hrávörur í Japan hafi jafngild áhrif og þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB.

8) Kauphallirnar fyrir hrávörur starfa undir eftirliti ráðuneytis efnahags, viðskipta og iðnaðar og ráðuneytis landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs. Með lögunum um hrávöruafleiður er settur rammi um eftirlitsheimildir ráðuneytis efnahags, viðskipta og iðnaðar og ráðuneytis landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs. Einkum samþykkir ráðuneyti efnahags, viðskipta og iðnaðar og ráðuneyti landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs markaðsreglur kauphallar fyrir hrávörur, reglur hennar um miðlunarsamninga, lausn deilumála eða reglur um nefnd um eftirlit með markaðsviðskiptum og allar breytingar á þeim. Til að tryggja góða viðskiptahætti og fjárfestavernd getur ráðuneyti efnahags, viðskipta og iðnaðar og ráðuneyti landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs enn fremur krafist þess að kauphöll fyrir hrávörur breyti félagssamningum, öðrum reglum eða viðskiptaaðferðum eða geri aðrar ráðstafanir til að bæta viðskiptastarfsemi sína. Ef kauphöll fyrir hrávörur beitir ekki sjálfseftirlitsvaldi sínu rétt og gerir ekki viðeigandi ráðstafanir til að tryggja góða viðskiptahætti og vernd fjárfesta er ráðuneyti efnahags, viðskipta og iðnaðar og ráðuneyti landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs heimilt að afturkalla starfsleyfi hennar eða stöðva tímabundið alla eða hluta af starfsemi kauphallarinnar. Kauphallir fyrir fjármálagerninga falla undir eftirlit forsætisráðherra Japans en valdheimildir hans eru framseldar til framkvæmdastjóra fjármálaeftirlits Japans (the Japan Financial Services Agency (JFSA)). Í 5. þætti V. kafla laganna um fjármálagerninga og kauphallir er mælt fyrir um eftirlitsráðstafanir sem Fjármálaeftirlit Japans getur beitt. Einkum getur Fjármálaeftirlit Japans, ef kauphöll fyrir fjármálagerninga brýtur gegn lögum og reglugerðum, afturkallað starfsleyfi eða gefið út fyrirmæli um tímabundna stöðvun allrar eða hluta af starfsemi kauphallar fyrir fjármálagerninga. Enn fremur getur Fjármálaeftirlit Japans krafist þess að kauphöll fyrir fjármálagerninga breyti félagssamningum sínum, starfsreglum, reglum um miðlunarsamninga eða öðrum reglum eða viðskiptaháttum eða geri aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits. Félagssamningar kauphallar fyrir fjármálagerninga skulu innihalda viðurlög vegna brota aðila hennar á viðskiptareglum kauphallarinnar. Ef kauphöll fyrir fjármálagerninga framkvæmir ekki markaðseftirlit með skilvirkum hætti getur fjármálaeftirlit Japans gripið til framfylgdaraðgerða, þ.m.t. til afturköllunar starfsleyfis eða tímabundinnar stöðvunar á viðskiptum.

9) Niðurstaðan er því að kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávörur falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í Japan á viðvarandi grunni.

10) Skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. gr. a. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti því að teljast vera fullnægt að því er varðar samþykktar kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávörur í Japan.

11) Þessi ákvörðun er á grundvelli lagalega bindandi krafna að því er varðar kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávörur í Japan sem eru í gildi þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti að halda áfram að vakta reglulega þróunina í laga- og eftirlitsfyrirkomulaginu fyrir þessa markaði og uppfyllingu skilyrðanna sem þessi ákvörðun byggist á. Einkum ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða þessa ákvörðun í ljósi framkvæmdar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([1]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([2]).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

12) Regluleg endurskoðun á fyrirkomulagi laga og eftirlits sem gildir um kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávörur í Japan ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt var með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 teljast samþykktar kauphallir fyrir fjármálagerninga og samþykktar kauphallir fyrir hrávörur í Japan, sem settar eru fram í viðaukanum, jafngilda skipulegum mörkuðum eins og þeir eru skilgreindir í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kauphallir fyrir fjármálagerninga og kauphallir fyrir hrávörur í Japan sem um getur í 1. gr.:

a) Tokyo Stock Exchange, Inc.,

b) Osaka Exchange, Inc.,

c) Nagoya Stock Exchange, Inc.,

d) Fukuoka Stock Exchange,

e) Sapporo Securities Exchange,

f) Tokyo Financial Exchange Inc.,

g) Osaka Dojima Commodity Exchange,

h) Tokyo Commodity Exchange, Inc.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2272 **2023/EES/26/04**

frá 15. desember 2016

um jafngildi fjármálamarkaða í Ástralíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. mgr. 2. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er mælt fyrir um kröfur um stöðustofnun og tvíhliða áhættustýringu að því er varðar OTC-afleiðusamninga, sem og upplýsingaskyldu um slíka samninga. OTC-afleiður eru í 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skilgreindar sem afleiðusamningar sem ekki eru viðskipti með á skipulegum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins ([2]) 2004/39/EB eða á markaði þriðja lands sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því eru afleiðusamningar sem viðskipti eru með á markaði í þriðja landi sem telst ekki jafngildur skipulegum markaði skilgreindir sem OTC-afleiðusamningar að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2) Í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 telst markaður þriðja lands jafngildur skipulegum markaði ef hann uppfyllir lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og fellur undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í þriðja landi á áframhaldandi grundvelli.

3) Til að markaður þriðja lands geti talist jafngildur skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB ættu gildandi lagalega bindandi kröfur og fyrirkomulag eftirlits og framfylgdar í megindráttum að hafa svipuð áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um fjármálamarkaði í Ástralíu séu jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og að þessir markaðir falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli. Markaðir sem hafa starfsleyfi sem fjármálamarkaðir í Ástralíu á þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt ættu því að vera tilgreindir sem markaðir sem teljast jafngildir skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB.

4) Lög um fyrirtæki frá 2001 (Corporations Act) er almenn löggjöf sem kemur á framfylgjanlegum reglum um fjármálamarkaði samkvæmt fyrirkomulaginu um ástralskt markaðsskírteini (Australian market licencing (AML)) og reglum um heildarvirkni markaðar (MIR). Rekstur fjármálamarkaðar í Ástralíu krefst starfsleyfis. Með lögunum um fyrirtæki er komið á reglusetningarfyrirkomulagi sem gerir verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu (ASIC) kleift að innleiða reglur um heildarvirkni markaðar sem gilda um rekstraraðila markaðar, markaðsaðila, aðra aðila sem mælt er fyrir um og fjármálaafurðir sem viðskipti eru með á fjármálamörkuðum. Frekari kröfur eru tilgreindar í afleiddum eða framseldum gerningum sem samþykktir eru samkvæmt félagaréttinum, þ.m.t. reglugerðirnar um fyrirtæki frá 2001 (Corporations Regulations). Að endingu gefur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu út leiðbeiningar um reglur, sem skýra nánar hvernig leyfishafar geta farið að viðeigandi ákvæðum laga um fyrirtæki, þ.m.t. skyldu handhafa ástralskra markaðsskírteina til að viðhalda fullnægjandi fyrirkomulagi til að reka markaðina, tryggja sanngjarna, skipulega og gagnsæja markaði og aðrar kröfur sem falla undir þá flokka sem leggja skal mat á. Ef ekki er farið að leiðbeiningunum um reglurnar hefur það í för með sér framfylgdaraðgerð verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 99, 12.12.2019, bls. 10.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

5) Hinar lagalega bindandi kröfur sem settar eru fram í löggjöf, reglum um heildarvirkni markaðar og leiðbeiningar um reglur sem gilda um fjármálamarkaði sem hafa starfsleyfi í Ástralíu hafi jafngild áhrif og þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB á eftirfarandi sviðum: leyfisveitingaferli, kröfur um skilgreiningu, aðgangur að hinni viðurkenndu kauphöll, skipulagskröfur, kröfur til framkvæmdastjórnar, taka fjármálagerninga til viðskipta, tímabundin stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og taka þeirra úr viðskiptum, eftirlit með að farið sé að reglum fjármálamarkaðarins og aðgangur að stöðustofnunar- og uppgjörsfyrirkomulagi.

6) Samkvæmt tilskipun 2004/39/EB gilda kröfur um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti aðeins um hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum mörkuðum. Þrátt fyrir að unnt sé að taka hlutabréf til viðskipta á fjármálamörkuðum í Ástralíu telur framkvæmdastjórnin að matið á þessum kröfum skipti ekki máli að því er varðar þessa ákvörðun þar sem markmiðið með henni er að sannreyna jafngildi lagalega bindandi krafna sem gilda um markaði þriðja lands að því er varðar afleiðusamninga sem viðskipti eru með á þessum mörkuðum.

7) Niðurstaðan er því að hinar lagalega bindandi kröfur til fjármálamarkaða í Ástralíu hafi í megindráttum jafngild áhrif og þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB.

8) Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu er opinbert yfirvald samkvæmt lögum um verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu 2001 (ASIC Act) og ber ábyrgð á beitingu og framfylgd laganna að því er varðar ástralska fjármálamarkaði. Reglusetningar- og framkvæmdarheimildir verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu taka til rannsókna á grunsemdum um brot á lögunum, útgáfu tilkynninga um brot, viðurlaga samkvæmt einkarétti hjá dómstólum og hafningar saksóknar. Enn fremur hefur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu heimild til að skoða fjármálamarkaði án fyrirvara. Þetta tekur til heimilda til að skoða skrár, færslur og skjöl. Enn fremur getur ráðherra fjármálaþjónustu gefið rekstraraðila fjármálamarkaðar skrifleg fyrirmæli um að grípa til tiltekinna aðgerða til að tryggja að hann fari að skuldbindingum sínum sem leyfishafi fjármálamarkaðar, ef ráðherra telur að þessar skuldbindingar séu ekki uppfylltar (þáttur 794A í lögum um fyrirtæki). Ef fjármálamarkaðurinn fer ekki að þessum fyrirmælum getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu óskað eftir dómsúrskurði þar sem krafist er að þeim verði hlítt (þáttur 794A í lögum um fyrirtæki). Verðbréfa- og fjárfestingarnefndin hefur einnig heimild til að gefa aðilum fyrirmæli (þ.m.t. rekstraraðilum markaðar og þátttakendum á mörkuðum með leyfi) ef hún telur nauðsynlegt, eða í þágu almannahagsmuna að veita þeim vernd sem stunda viðskipti með fjármálaafurð eða flokka fjármálaafurða (þáttur 798J í lögum um fyrirtæki). Að auki getur verðbréfa- og fjárfestingarnefndin óskað eftir dómsúrskurðum og skotið málum til dómstóla til að framfylgja stjórnvalds- og rannsóknarráðstöfunum sínum. Verðbréfa- og fjárfestingarnefndin getur óskað eftir dómsúrskurði þar sem krafist er hlítni við ráðstafanir nefndarinnar sem gerðar eru á grundvelli stjórnvalds- og rannsóknarheimilda (þáttur 70 í lögum um verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu). Ef aðili fer ekki að fyrirmælum sem gefin eru út í samræmi við lög um fyrirtæki getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu enn fremur óskað eftir dómsúrskurði þar sem krafist er að þessum fyrirmælum verði hlítt. Loks hefur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu sett samskiptareglur um samstarf og upplýsingaskipti við alla viðeigandi rekstraraðila markaða til að auðvelda eftirlit með markaðnum og aðilum samkvæmt reglunum um heildarvirkni markaðar (MIR).

9) Niðurstaðan er því að fjármálamarkaðir falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í Ástralíu á viðvarandi grunni.

10) Skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. gr. a. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti því að teljast vera fullnægt að því er varðar fjármálamarkaði sem hafa starfsleyfi í Ástralíu.

11) Þessi ákvörðun er á grundvelli lagalega bindandi krafna að því er varðar fjármálamarkaði í Ástralíu þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti að halda áfram að vakta reglulega þróunina í laga- og eftirlitsfyrirkomulagi fyrir fjármálamarkaði og uppfyllingu skilyrðanna sem þessi ákvörðun byggist á. Einkum ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða þessa ákvörðun í ljósi framkvæmdar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([1]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([2]).

12) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits sem gildir um fjármálamarkaði í Ástralíu hefur ekki áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt var með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 teljast fjármálamarkaðir sem hafa starfsleyfi í Ástralíu og tilgreindir eru í viðaukanum jafngilda skipulegum mörkuðum eins og þeir eru skilgreindir í 14. lið 1. mgr.4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Fjármálamarkaðir í Ástralíu sem um getur í 1. gr.

a) ASX

b) ASX24

c) Chi-X

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2273 **2023/EES/26/05**

frá 15. desember 2016

um jafngildi viðurkenndra kauphalla í Kanada í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. mgr. 2. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er mælt fyrir um kröfur um stöðustofnun og tvíhliða áhættustýringu að því er varðar OTC-afleiðusamninga, sem og upplýsingaskyldu um slíka samninga. OTC-afleiður eru í 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skilgreindar sem afleiðusamningar sem ekki eru viðskipti með á skipulegum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins ([2]) 2004/39/EB eða á markaði þriðja lands sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því eru afleiðusamningar, sem viðskipti eru með á markaði í þriðja landi sem telst ekki jafngildur skipulegum markaði, skilgreindir sem OTC-afleiðusamningar að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2) Í samræmi við 2. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 telst markaður þriðja lands jafngildur skipulegum markaði ef hann uppfyllir lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og fellur undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í þriðja landi á áframhaldandi grundvelli.

3) Til að markaður þriðja lands geti talist jafngildur skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB ættu gildandi lagalega bindandi kröfur og fyrirkomulag eftirlits og framfylgdar í megindráttum að hafa svipuð áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um viðurkenndar kauphallir í Kanada séu jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og að þessir markaðir falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli. Markaðir sem hafa starfsleyfi sem viðurkenndar kauphallir á þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt ættu því að vera tilgreindir sem markaðir sem teljast jafngildir skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB.

4) Hinar lagalega bindandi kröfur til viðurkenndra kauphalla sem hafa starfsleyfi í Kanada eru í þremur þrepum. Fyrsta þrepið samanstendur af fylkis- og svæðisbundinni löggjöf sem kveður á um almennar kröfur sem rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu fara að ef þeir vilja halda áfram starfsemi í fylki eða á svæði. Mælt er fyrir um sértækari og ítarlegri kröfur sem gilda um viðurkenndar kauphallir í landsbundnum gerningum sem mynda annað þrepið. Verðbréfaeftirlitsaðilar (Securities Regulatory Authorities (SRAs)) hvers fylkis eða svæðis samþykkja landsbundnu gerningana sem ná yfir þætti á borð við sanngjarnan aðgang og gagnsæi, stöðustofnun og uppgjör og skýrslugjafar- og birtingarskyldu. Þriðja þrepið er fyrirmæli um viðurkenningu. Þau eru gefin út af viðkomandi verðbréfaeftirlitsaðila fyrir hverja viðurkennda kauphöll og í þeim koma fram þeir rekstrarskilmálar og -skilyrði sem sett eru fyrir hverja viðurkennda kauphöll. Fyrirmæli um viðurkenningu gefin út af verðbréfaeftirlitsaðila hafa gildi laga og brot gegn skilmálum og skilyrðum sem þar eru sett fram er brot á lögum um verðbréf eða lögum um framtíðarsamninga um hrávöru.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 99, 12.12.2019, bls. 10.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

5) Hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um viðurkenndar kauphallir í Kanada hafa í megindráttum svipuð áhrif og þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB á eftirfarandi sviðum: leyfisveitingaferli, kröfur um skilgreiningu, aðgangur að hinni viðurkenndu kauphöll, skipulagskröfur, kröfur til framkvæmdastjórnar, taka fjármálagerninga til viðskipta, tímabundin stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og taka þeirra úr viðskiptum, eftirlit með að farið sé að reglum hinnar viðurkenndu kauphallar og aðgangur að stöðustofnunar- og uppgjörsfyrirkomulagi.

6) Samkvæmt tilskipun 2004/39/EB gilda kröfur um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti aðeins um hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum mörkuðum. Enda þótt unnt sé að taka hlutabréf til viðskipta í viðurkenndri kauphöll í Kanada telur framkvæmdastjórnin að mat á þessum kröfum skipti þó ekki máli að því er varðar þessa ákvörðun þar sem markmiðið með henni er að sannreyna jafngildi lagalega bindandi krafna sem gilda um markaði þriðja lands að því er varðar afleiðusamninga sem viðskipti eru með á þessum mörkuðum.

7) Niðurstaðan er því að hinar lagalega bindandi kröfur til viðurkenndra kauphalla sem hafa starfsleyfi í Kanada hafi jafngild áhrif og þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB.

8) Verðbréfaeftirlitsaðilar bera ábyrgð á reglusetningu og eftirliti með viðurkenndum kauphöllum sem hafa starfsleyfi innan lögsögu þeirra. Eftirlitsheimildir þeirra fela m.a. í sér vald til að taka ákvörðun að því er varðar viðskipti og með hvaða hætti hinar viðurkenndu kauphallir stunda starfsemi sína. Þar að auki skulu viðurkenndar kauphallir, samkvæmt skilmálum fyrirmælanna um viðurkenningu þeirra, skýra verðbréfaeftirlitsaðilum frá grunsemdum um brot þátttakenda sinna og viðskiptavina á lögum um verðbréf og skulu einnig reglulega gefa skýrslu um stöðu rannsókna sinna og viðurlaga til verðbréfaeftirlitsaðilanna. Til að framkvæma eftirlitsskyldur sínar hafa viðurkenndar kauphallir sérstakt rannsóknar- og framfylgdarstarfsfólk sem sinnir eftirliti á viðvarandi grunni og framkvæmir vettvangsathuganir á viðskiptum þátttakenda. Verðbréfaeftirlitsaðilarnir hafa einnig vald til að beita viðurkenndar kauphallir viðurlögum vegna brota á lögum um verðbréf (lagagerðum, landsbundnum gerningum, reglum og fyrirmælum um viðurkenningu). Viðurlögin eru m.a. sektir, áminningar, afturköllun fyrirmæla um viðurkenningu eða tímabundin niðurfelling skráningar, eða viðbótarskilmálar og - skilyrði sem viðurkenndar kauphallir skulu uppfylla til að fara að lögum um verðbréf.

9) Niðurstaðan er því að þessir fjármálamarkaðir teljist falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í Kanada á viðvarandi grunni.

10) Skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. gr. a. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti því að teljast vera fullnægt að því er varðar viðurkenndar kauphallir í Kanada.

11) Þessi ákvörðun er á grundvelli lagalega bindandi krafna að því er varðar viðurkenndar kauphallir sem gilda í Kanada þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti að halda áfram að vakta reglulega þróunina í laga- og eftirlitsfyrirkomulaginu fyrir viðurkenndar kauphallir og uppfyllingu skilyrðanna sem þessi ákvörðun byggist á. Einkum ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða þessa ákvörðun í ljósi framkvæmdar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([1]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([2]).

12) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits sem gildir um viðurkenndar kauphallir í Kanada ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt er með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 teljast viðurkenndar kauphallir í Kanada, sem settar eru fram í viðaukanum, jafngilda skipulegum mörkuðum eins og þeir eru skilgreindir í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðurkenndar kauphallir í Kanada sem um getur í 1. gr.:

a) Bourse de Montréal Inc.,

b) Canadian Securities Exchange,

c) ICE Futures Canada, Inc.,

d) NGX Inc.,

e) TSX Inc.,

f) TSX Venture Inc.,

g) Alpha Exchange Inc.,

h) Aequitas Neo Exchange Inc.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2269 **2023/EES/26/06**

frá 15. desember 2016

um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila á Indlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ferlið við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum með staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaraðilum eða viðskiptavettvangi, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvarðanir um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.

2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti gildandi fyrirkomulag laga og eftirlits í megindráttum að hafa sömu áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits á Indlandi tryggi að miðlægir mótaðilar með staðfestu og starfsleyfi þar valdi ekki stöðustofnunaraðilum og viðskiptavettvöngum með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila með staðfestu í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.

3) Hinn 1. september 2013 fékk framkvæmdastjórnin tækniráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi á Indlandi. Í tækniráðgjöfinni er komist að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulag laga og eftirlits, á vettvangi dómsvalds, tryggi að miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi á Indlandi og sem hafa samþykkt innri stefnur og verklagsreglur, að því er varðar nokkur svið sem fela í sér lagalega bindandi kröfur, uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

4) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu verða miðlægir mótaðilar með starfsleyfi í þriðja landi að fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

6) Lagalega bindandi kröfur Indlands um miðlæga mótaðila, sem þar hafa starfsleyfi og stöðustofna fyrirtækjaverðbréf og fjármálaafleiður og sem lúta eftirliti og umsjón verðbréfa- og kauphingsráðs Indlands (Securities and Exchange Board of India, SEBI) (SEBI-reglurnar), samanstanda af lögum frá 1956 um verðbréfasamninga (Securities Contracts (Regulation) Act (SCRA)) og reglugerðum frá 2012 um verðbréfasamninga (kauphallir og stöðustofnunarfyrirtæki) (reglugerðir) (Securities Contract (Regulation) (Stock Exchange and Clearing Corporations)) sem verðbréfa- og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

kaupþingsráðið samþykkti í júní 2012 með valdheimild sem lögin um verðbréfasamninga og lögin um verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands (SEBI-lögin) veittu því. Verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands gaf út umburðarbréf 4. september 2013 (umburðarbréfið) en með því samþykkti það meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða (Principles for Financial Markets Infrastructures, PFMIs)) sem greiðslu- og uppgjörsnefndin ([1]) og alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði gáfu út í apríl 2012 og kröfðust þess að innviðir fjármálamarkaða, þ.m.t. stöðustofnunarfyrirtæki, færu að þeim.

7) Í lögunum um verðbréfasamninga og reglugerðunum er sett fram fyrirkomulag leyfisveitinga ríkisstjórnarinnar og verðbréfa- og kaupþingsráðs Indlands til að stöðustofnunarstöðvar geti orðið viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki (RCC). Stöðustofnunarstöð sem sækir um verður að fara að tilteknum kröfum sem miða að því að tryggja sanngjarna starfsemi stöðustofnunarstöðvarinnar og vernd fjárfesta. Ríkisstjórnin eða verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands geta einnig sett skilyrði fyrir viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki. Viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki verða að samþykkja innri reglur og verklagsreglur sem ríkisstjórnin og verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands meta áður en stöðustofnunarfyrirtæki er veitt starfsleyfi, og sem verða að vera í samræmi við skilyrðin sem eru sett á viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki. Innri reglum og verklagsreglum viðurkenndra stöðustofnunarfyrirtækja má ekki breyta án fyrirframsamþykkis verðbréfa- og kaupþingsráðs Indlands. Að auki getur verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands samþykkt innri reglur viðurkenndra stöðustofnunarfyrirtækja um tiltekin atriði eða breytt gildandi innri reglum viðurkenndra stöðustofnunarfyrirtækja, ef nauðsyn krefur eða telst ráðlegt. Að auki getur verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands beitt sektum fyrir brot á innri reglum og verklagsreglum viðurkenndra stöðustofnunarfyrirtækja eða tilmælum sem verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands gefur út.

8) Lagalega bindandi kröfur sem gilda um miðlæga mótaðila með starfsleyfi á Indlandi sem stöðustofna ríkisverðbréf, peningamarkaðsgerninga og gjaldeyrisgerninga og sem falla undir eftirlit Seðlabanka Indlands (Reserve Bank of India, RBI) (Seðlabankareglurnar), samanstanda af lögum frá 2007 um greiðsluuppgjörskerfi (PSSA) og reglugerðum frá 2008 um greiðsluuppgjörskerfi (PSS-reglugerðirnar). Seðlabanki Indlands veitir aðilum starfsleyfi til að reka stöðustofnunarstöð, svo framarlega sem þeir uppfylla skilyrðin sem krafist er (stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi). Seðlabanki Indlands getur enn fremur sett tiltekin skilyrði fyrir starfsleyfisveitingu og er leyfið þá í gildi svo lengi sem hin tilteknu skilyrði eru uppfyllt. Samkvæmt lögunum um greiðsluuppgjörskerfi skulu stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi samþykkja innri reglur og verklagsreglur og ber þeim skylda til að reka stöðustofnunarstöðina í samræmi við þær.

9) Að auki gefa lögin um greiðsluuppgjörskerfi Seðlabanka Indlands valdheimild til að gefa út almennar leiðbeiningar eða leiðbeiningar sem beint er að tilteknum stöðustofnunarstöðvum með starfsleyfi. Stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi verða að fara að báðum gerðum leiðbeininga. Seðlabanki Indlands gaf 26. júlí 2013 út „Stefnu um reglur og eftirlit með innviðum fjármálamarkaða“ (e. *Policy Document for Regulation and Supervision of Financial Market Infrastructures*) en þar er farið fram á að allar stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi fari að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða.

10) Þessi ákvörðun á aðeins við um jafngildi laga- og eftirlitsfyrirkomulags fyrir viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi en ekki laga- og eftirlitsfyrirkomulags fyrir miðlæga mótaðila sem veita stöðustofnunarþjónustu á hrávörumarkaði og falla undir reglur og eftirlit nefndar um framvirka markaði (Forward Markets Commission).

11) Hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um miðlæga mótaðila með starfsleyfi á Indlandi eru því tvískiptar. Grundvallarreglurnar sem viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi verða að fara að til að fá starfsleyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu á Indlandi („meginreglurnar“) eru eftirfarandi: a) samkvæmt SEBI-reglunum, grundvallarreglurnar fyrir viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki sem settar eru fram í lögunum um verðbréfasamninga og reglugerðunum og bætt er við með umburðarbréfinu frá 4. september 2013 en í því er farið fram á að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða sé hlítt, og b) samkvæmt Seðlabankareglunum, lögin um greiðsluuppgjörskerfi og reglugerðirnar um greiðsluuppgjörskerfi sem og stefna um reglur og eftirlit með innviðum fjármálamarkaða, en samkvæmt þeim ber að fara að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða. Þessar meginreglur eru fyrra þrepið í lagalega bindandi kröfum á Indlandi. Til að sýna fram á að farið sé að meginreglunum verða viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki að leggja innri reglur og verklagsreglur sínar fyrir verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands til samþykkis. Samkvæmt Seðlabankareglunum verða stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi að fara að innri reglum og verklagsreglum sínum við rekstur stöðustofnunarstöðva með starfsleyfi. Þessar innri reglur og verklagsreglur eru annað þrep hinna lagalega bindandi krafna á Indlandi sem skulu veita ítarlegar upplýsingar um með hvaða hætti viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi uppfylla þessa staðla. Enn fremur innihalda innri reglur og verklagsreglur viðurkenndra stöðustofnunarfyrirtækja og stöðustofnunarstöðva með starfsleyfi, viðbótarákvæði sem styðja við meginreglurnar á vissum sviðum. Innri reglur og verklagsreglur viðurkenndra stöðustofnunarfyrirtækja og stöðustofnunarstöðva með starfsleyfi, sem framkvæma meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða, eru lagalega bindandi fyrir viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi.

12) Við mat á jafngildi laga- og eftirlitsfyrirkomulags sem gildir um viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi og staðfestu á Indlandi ætti einnig að taka tillit til niðurstöðu áhættumildunar sem

([1]) Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin (Committee on Payment and Market Infrastructures).

þær tryggja hvað varðar það áhættustig sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangar með staðfestu í Sambandinu standa frammi fyrir þegar þeir taka þátt í þessum aðilum. Niðurstaða áhættumildunar ákvarðast bæði af því umfangi áhættu sem felst í stöðustofnunarstarfseminni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, en hún er háð stærð fjármálamarkaðarins þar sem hann starfar, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar eru nauðsynlegar strangari kröfur um áhættumildun fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.

13) Fjármálamarkaðurinn þar sem viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi á Indlandi stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu stunda starfsemi sína. Á undanförnum þremur árum hefur heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð hafa verið á Indlandi verið minna en 1% af heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð hafa verið í Sambandinu. Af þessum sökum hefur þátttaka í viðurkenndum stöðustofnunarfyrirtækjum og stöðustofnunarstöðvum með starfsleyfi og staðfestu á Indlandi í för með sér marktækt minni áhættu fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvanga með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.

14) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi með staðfestu á Indlandi getur því talist vera jafngilt ef það er fullnægjandi til að milda þessa minni áhættu. Meginreglurnar sem gilda um viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi með staðfestu á Indlandi, sem stutt er við með þeim innri reglum og verklagsreglum sem útheimta að farið sé að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda hina minni áhættu sem er fyrir hendi á Indlandi og ná fram áhrifum áhættumildunar sem eru jafngild þeim sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

15) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits á Indlandi tryggi að viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi, sem hafa starfsleyfi þar, uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

16) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits á Indlandi, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, að kveða á um skilvirkt eftirlit með þeim sem og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

17) Verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands annast eftirlit með viðurkenndum stöðustofnunarfyrirtækjum. Verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands getur samþykkt innri reglur viðurkenndra stöðustofnunarfyrirtækja hvað varðar sérstök atriði eða breytt gildandi innri reglum þeirra, með sömu áhrifum og viðkomandi viðurkennt stöðustofnunarfyrirtæki hefði samþykkt þær eða breytt þeim. Enn fremur getur verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands gefið út tilmæli til viðurkenndra stöðustofnunarfyrirtækja með hagsmuni almennings, viðskipta, fjárfesta eða verðbréfamarkaðar að leiðarljósi. Viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki falla undir úttektir, rannsóknir og endurskoðanir verðbréfa- og kaupþingsráðs Indlands og verða að veita verðbréfa- og kaupþingsráði Indlands upplýsingar um starfsemi sína. Í lögunum um verðbréfasamninga er kveðið á um viðurlög fyrir brot á innri reglum og verklagsreglum viðurkenndra stöðustofnunarfyrirtækja eða hvers konar tilmælum sem verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands gefur út. Loks getur ríkisstjórn eða verðbréfa- og kaupþingsráð Indlands afturkallað starfsleyfi viðurkenndra stöðustofnunarfyrirtækja með hagsmuni almennings eða viðskiptahagsmuni að leiðarljósi.

18) Seðlabanki Indlands fer með eftirlit með stöðustofnunarstöðvum með starfsleyfi. Seðlabanki Indlands getur farið fram á upplýsingar frá stöðustofnunarstöðvum með starfsleyfi og hefur vald til að framkvæma skoðun í húsnæði þeirra og gera úttektir. Enn fremur getur Seðlabanki Indlands sett fram tilmæli til stöðustofnunarstöðva með starfsleyfi, við tilteknar aðstæður, um að láta af athæfi sínu og gera það sem telst nauðsynlegt til að ráða bót á ástandinu. Enn fremur skal kveða á um viðurlög ef ekki er farið að ákvæðum í lögum um greiðsluuppgjörskerfi og reglugerðunum, fyrirmælum eða tilmælum sem Seðlabanki Indlands hefur gefið út. Loks getur Seðlabanki Indlands afturkallað starfsleyfi til að reka stöðustofnunarstöð með starfsleyfi ef viðkomandi stöðustofnunarstöð brýtur gegn ákvæðum laga um greiðsluuppgjörskerfi, reglugerðum um greiðsluuppgjörskerfi, fyrirmælum eða tilmælum sem Seðlabanki Indlands hefur gefið út, eða ef skilyrðin sem gilda um starfsleyfið eru ekki uppfyllt.

19) Niðurstaðan er því að viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi, með starfsleyfi á Indlandi, falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á viðvarandi grunni.

20) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits á Indlandi að fela í sér skilvirkt, jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).

21) Miðlægir mótaðilar þriðja lands geta sótt um starfsleyfi sem „stöðustofnunarstöð með starfsleyfi“ samkvæmt Seðlabankareglunum en það heimilar miðlægum mótaðilum í þriðja landi að veita sömu stöðustofnunarþjónustu og miðlægir mótaðilar með staðfestu á Indlandi. Heimilt er að undanþiggja miðlæga mótaðila þriðja lands frá tilteknum kröfum sem gilda um viðurkennd stöðustofnunafyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi á Indlandi, að því tilskildu að þeir fari að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða og að gengið sé frá fyrirkomulagi samvinnu milli Seðlabanka Indlands og eftirlitsaðila þriðja lands. Mat á umsókn um starfsleyfi má byggjast á upplýsingunum sem eftirlitsaðili þriðja lands veitir.

22) Því ætti að líta svo á að fyrirkomulag laga og eftirlits Indlands kveði á um skilvirkt, jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.

23) Þessi ákvörðun er gerð á grundvelli lagalega bindandi krafna að því er varðar viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi sem gilda á Indlandi þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, að hafa áfram reglulegt eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma fyrir viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki og stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi, og því hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggist á, hafi verið uppfyllt.

24) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits á Indlandi vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem var samþykkt með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Að því er varðar 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits á Indlandi, sem samanstendur af lögum frá 1956 um verðbréfasamninga, reglugerðum frá 2012 um verðbréfasamninga (kauphallir og stöðustofnunarfyrirtæki) og umburðarbréfinu frá 4. september 2013, og gildir um viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki sem hafa starfsleyfi þar, vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. Að því er varðar 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits á Indlandi, sem samanstendur af lögum frá 2007 um greiðsluuppgjörskerfi og reglugerðum frá 2008 um greiðsluuppgjörskerfi, eins og bætt er við þau með stefnu um reglur og eftirlit með innviðum fjármálamarkaða, og gildir um stöðustofnunarstöðvar með starfsleyfi þar, vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2274 **2023/EES/26/07**

frá 15. desember 2016

um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila á Nýja-Sjálandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

(1) Ferlið við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum með staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaraðilum eða viðskiptavettvöngum, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvarðanir um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.

(2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti gildandi fyrirkomulag laga og eftirlits í megindráttum að hafa sömu áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits á Nýja-Sjálandi tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaraðilum og viðskiptavettvangi með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.

(3) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

(4) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu verður miðlægur mótaðili með starfsleyfi í þriðja landi að fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

(5) Lagalega bindandi kröfur Nýja-Sjálands, að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar, samanstanda af hluta 5C í lögum um seðlabanka Nýja-Sjálands (Reserve Bank of New Zealand Act) frá 1989 („meginreglunum“) og fyrirmælum um að veita miðlægum mótaðilum starfsleyfi sem tilgreind uppgjörskerfi („tilgreiningarfyrirmæli“). Í meginreglunum og tilnefningarfyrirmælunum eru settar fram kröfur sem miðlægir mótaðilar verða að uppfylla á áframhaldandi grundvelli til að geta veitt stöðustofnunarþjónustu á Nýja-Sjálandi. Miðlægir mótaðilar með staðfestu á Nýja-Sjálandi geta fengið starfsleyfi hjá landstjóranum (e. *Governor-General*) sem tilgreint uppgjörskerfi, að fengnum meðmælum fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra og í samræmi við sameiginleg tilmæli Banka Nýja-Sjálands (Bank of New Zealand) og yfirvalds fjármálamarkaða (Financial Markets Authority) (saman „sameiginlegir eftirlitsaðilar“). Setja má skilyrði fyrir að veita miðlægum mótaðila starfsleyfi sem tilgreint uppgjörskerfi. Tilgreiningarfyrirmælin samþykkja hinar sérstöku innri reglur og verklagsreglur hins tilgreinda uppgjörskerfis sem hafa að geyma kröfur sem tilgreind uppgjörskerfi verða að uppfylla, og sem eru í samræmi við meginstefnu hinna sameiginlegu eftirlitsaðila sem þeir hafa birt. Samkvæmt lögunum frá 1989 um Seðlabanka Nýja-Sjálands verða tilgreind uppgjörskerfi að uppfylla viðeigandi alþjóðlega staðla um greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfi, þ.m.t. meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða (e. *Principles for Financial Markets Infrastructures (PFMIs)*) sem Greiðslu- og uppgjörsnefndin og Alþjóðasamtök

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði ([1]) (IOSCO) gáfu út í apríl 2012. Hinir sameiginlegu eftirlitsaðilar gáfu út stefnumarkandi yfirlýsingu, „tilnefning og eftirlit með tilnefndum uppgjörskerfum“, sem gerir kröfu um að tilnefnd uppgjörskerfi fari að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða.

(6) Hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um miðlæga mótaðila með starfsleyfi á Nýja-Sjálandi eru því tvískiptar. Í grundvallarreglunum sem settar eru fram í meginreglunum er mælt fyrir um meginstaðla sem tilgreind uppgjörskerfi verða að uppfylla til að fá starfsleyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu á Nýja-Sjálandi. Þessar meginreglur eru fyrsta þrepið í hinum lagalega bindandi kröfum á Nýja-Sjálandi. Til að sýna fram á að farið sé að meginreglunum skulu tilgreind uppgjörskerfi leggja fram innri reglur sínar og verklagsreglur til samþykktar hjá sameiginlegu eftirlitsaðilunum. Þessar innri reglur og verklagsreglur, ásamt tilgreiningarfyrirmælunum sem þær eru samþykktar með, eru seinna þrepið í hinum lagalega bindandi kröfum á Nýja-Sjálandi, en í þeim verður að setja fram ítarlega forskrift að því er varðar með hvaða hætti tilgreind uppgjörskerfi uppfylla þessa staðla og meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða. Hinir sameiginlegu eftirlitsaðilar meta hvort tilgreind uppgjörskerfi uppfylli þessa staðla og meginreglur um innviði fjármálamarkaða. Þegar kerfið hefur fengið starfsleyfi sem tilgreint uppgjörskerfi verða innri reglur og verklagsreglur lagalega bindandi fyrir það og verður ekki breytt ef hinir sameiginlegu eftirlitsaðilar eru mótfallnir fyrirhuguðum breytingum.

(7) Við mat á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits sem gildir um tilgreind uppgjörskerfi með staðfestu á Nýja-Sjálandi ætti einnig að taka tillit til niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangar með staðfestu í Sambandinu standa frammi fyrir þegar þeir taka þátt í þessum aðilum. Niðurstaða áhættumildunar ákvarðast bæði af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfseminni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, sem er háð stærð fjármálamarkaðarins þar sem hann starfar, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar er nauðsynlegt að gera strangari kröfur um áhættumildun til miðlægra mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.

(8) Fjármálamarkaðurinn þar sem tilgreind uppgjörskerfi sem hafa starfsleyfi á Nýja-Sjálandi stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu stunda starfsemi sína. Á undanförnum þremur árum hefur heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð hafa verið á Nýja-Sjálandi verið minna en 1% af heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð hafa verið í Sambandinu. Af þessum sökum hefur þátttaka í tilgreindum uppgjörskerfum með staðfestu á Nýja-Sjálandi í för með sér marktækt minni áhættu fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvanga með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.

(9) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um tilgreind uppgjörskerfi með staðfestu á Nýja-Sjálandi gæti því talist vera jafngilt ef það er fullnægjandi til að milda þessa minni áhættu. Meginreglurnar sem gilda um tilgreind uppgjörskerfi með staðfestu á Nýja-Sjálandi, sem bætt er við með innri reglum og verklagsreglum, sem hrinda í framkvæmd meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda hina minni áhættu sem er fyrir hendi á Nýja-Sjálandi og ná fram niðurstöðu áhættumildunar sem er jafngild þeirri sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

(10) Því ætti að álykta að fyrirkomulag laga og eftirlits Nýja-Sjálands tryggi að tilgreind uppgjörskerfi sem hafa starfsleyfi þar uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

(11) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits á Nýja-Sjálandi, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, að kveða á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

(12) Hinir sameiginlegu eftirlitsaðilar sjá um eftirlit með hinum tilgreindu uppgjörskerfum með starfsleyfi á Nýja-Sjálandi. Hinir sameiginlegu eftirlitsaðilar geta farið fram á upplýsingar frá hinum tilgreindu uppgjörskerfum og þátttakendum þeirra og geta beitt sektum ef viðkomandi neita að svara. Hinir sameiginlegu eftirlitsaðilar geta afturkallað starfsleyfi tilgreinds uppgjörskerfis. Hinir sameiginlegu eftirlitsaðilar fylgjast með því hvort tilgreind uppgjörskerfi uppfylli skilyrðin sem gilda um starfsleyfi tilgreinds uppgjörskerfis. Þessi skilyrði geta innihaldið kröfur um að tilkynna sameiginlegum eftirlitsaðilum um mikilvæga atburði (t.d. að áhættustýringarramma kerfisins eða fjármagnstefnu sé ekki fylgt eða breytt), reglubundna skýrslugjöf til hinna sameiginlegu eftirlitsaðila og að birta upplýsingar, þ.m.t. sjálfsmat er

([1]) Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin (e. *Committee on Payment and Market Infrastructures*).

varðar viðkomandi alþjóðlega staðla (meginreglur um innviði fjármálamarkaða). Sameiginlegir eftirlitsaðilar hitta framkvæmdastjórn hinna tilgreindu uppgjörskerfa reglulega og geta endurskoðað starfsleyfið og látið frekari skilyrði gilda um starfsleyfið eða afturkallað það ef ekki er farið að kröfunum sem um það gilda.

(13) Því má draga þá ályktun að tilgreind uppgjörskerfi með starfsleyfi á Nýja-Sjálandi falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á viðvarandi grunni.

(14) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits á Nýja-Sjálandi að fela í sér skilvirkt, jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila með starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).

(15) Miðlægir mótaðilar þriðja lands geta starfað á Nýja-Sjálandi, að því tilskildu að það fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um þá og þátttakendur þeirra sé traust. Þar að auki skulu miðlægir mótaðilar þriðja lands falla undir skilvirkt eftirlit sem tryggir að farið sé að gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits. Ganga má frá viljayfirlýsingu milli banka Nýja-Sjálands og lögbærs eftirlitsyfirvalds þriðja lands hins miðlæga mótaðila.

(16) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits Nýja-Sjálands kveði á um skilvirkt, jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.

(17) Þessi ákvörðun er gerð á grundvelli lagalega bindandi krafna að því er varðar tilgreind uppgjörskerfi sem gilda á Nýja-Sjálandi þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, að hafa áfram reglulegt eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma um tilgreind uppgjörskerfi á Nýja-Sjálandi og því hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggist á, hafi verið uppfyllt.

(18) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits á Nýja-Sjálandi vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að gera sérstaka endurskoðun hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem var samþykkt með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

(19) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits á Nýja-Sjálandi sem samanstendur af hluta 5C í lögunum um seðlabanka Nýja-Sjálands frá 1989, eins og aukið er við þau með hinni stefnumarkandi yfirlýsingu; „tilnefning og eftirlit með tilgreindum uppgjörskerfum,“ sem gerir kröfu um að tilgreind uppgjörskerfi fari að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, sem gildir um tilgreind uppgjörskerfi, teljast jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2275 **2023/EES/26/08**

frá 15. desember 2016

um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Japan í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

(1) Ferlið við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum með staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaraðilum eða viðskiptavettvöngum, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvörðun um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.

(2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti gildandi fyrirkomulag laga og eftirlits í megindráttum að hafa sömu áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Japan tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaraðilum og viðskiptavettvangi með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa staðfestu í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.

(3) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

(4) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu verður miðlægur mótaðili með starfsleyfi í þriðja landi að fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

(5) Hinar lagalega bindandi kröfur Japans að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar, samanstanda af lögunum um fjármálagerninga og kauphallir frá 2006 (the Financial Instruments and Exchange Act (FIEA)) sem koma á fót eftirlitsramma fyrir stofnanir sem stöðustofna verðbréf og fjármálaafleiður, og lögunum frá 2009 um hrávöruafleiður (the Commodity Derivatives Act (CDA)) sem kveða á um eftirlitsramma fyrir stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur. Núverandi ákvörðun tekur aðeins til fyrirkomulagsins sem sett er fram í lögunum um hrávöruafleiður fyrir stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur (CTCO). Í lögunum um hrávöruafleiður eru settar fram kröfur sem stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur verða að uppfylla á áframhaldandi grundvelli til að geta veitt stöðustofnunarþjónustu í Japan. Stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur verða að fá starfsleyfi hjá lögbærum ráðherra. Lögbær ráðherra getur sett skilyrði fyrir leyfisveitingu til handa stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur. Landbúnaðar-, skógræktar og sjávarútvegsráðherra (MAFF) er lögbær ráðherra stofnana sem eingöngu stöðustofna viðskipti með hrávörur á hrávörumörkuðum sem falla undir valdsvið hans. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra (METI) er lögbær ráðherra stofnana sem eingöngu stöðustofna viðskipti með hrávörur á hrávörumörkuðum sem falla undir valdsvið hans. Hvað varðar aðrar stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur eru bæði landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra og efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra hinir lögbæru ráðherrar.

(6) Þá birtu landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra og efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra, í nóvember 2014, „Grundvallarreglur um eftirlit með stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur“ (Basic Guidelines on

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

Supervision of Commodity Clearing Organisations) („viðmiðunarreglurnar“) þar sem nánar er greint frá eftirlitsrammanum um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur með tilliti til meginreglnanna um innviði fjármálamarkaða (Principles for Financial Markets Infrastructures (PFMI)) sem greiðslu- og uppgjörsnefndin birti í apríl 2012 ([1]) ásamt Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, einkum hvernig stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur verða að fara að lögum um hrávöruafleiður. Viðmiðunarreglunum er hrundið í framkvæmd í innri reglum og verklagsreglum stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur.

(7) Samkvæmt grunnreglunum verða stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur að taka upp eigin reglur um góða viðskiptahætti - innri reglur og verklagsreglur stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur - sem uppfylla gildandi lög og reglur og gera það mögulegt að viðskipti með afleiður eigi sér stað á tilhlýðilegan og traustan hátt. Eigin reglur um góða viðskiptahætti tryggja líka að fjárhagsstaða stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur dugi til að stöðustofna hrávörur, að væntar tekjur og útgjöld hvað varðar viðskipti stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur séu hagstæðar, að starfsfólk stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur búi yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að stjórna stöðustofnun hrávara á viðeigandi hátt og af öryggi, og að uppbygging og kerfi stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur séu nægilega þróuð til að uppgjör geti gengið fyrir sig á fullnægjandi hátt. Lögbær ráðherra þarf að samþykkja þessar innri reglur og verklagsreglur, og þeim má ekki breyta ef hann er þeim mótfallinn.

(8) Hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur með starfsleyfi í Japan eru því tvískiptar. Í grundvallarreglum fyrir stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, sem settar eru fram í meginreglunum, er mælt fyrir um meginstaðla sem stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur verða að uppfylla til að fá starfsleyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu í Japan (kallast saman „meginreglurnar“). Þessar meginreglur eru fyrra þrep lagalega bindandi krafna í Japan sem gilda um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur. Til að sýna fram á að farið sé að meginreglunum skulu stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur leggja innri reglur og verklagsreglur sínar fyrir lögbæran ráðherra til samþykkis. Þessar innri reglur og verklagsreglur eru annað þrep hinna lagalega bindandi krafna í Japan sem gilda um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, sem skulu veita ítarlega forskrift að því er varðar með hvaða hætti umsóknarstofnunin um að stöðustofna viðskipti með hrávörur uppfyllir þessa staðla í samræmi við viðmiðunarreglurnar. Enn fremur innihalda innri reglur og verklagsreglur stofnananna sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, viðbótarákvæði sem bæta við meginreglurnar. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra meta hvort stofnun sem stöðustofnar viðskipti með hrávörur uppfyllir þessa staðla, sem og meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða. Þegar lögbær ráðherra hefur samþykkt innri reglurnar og verklagsreglurnar verða þær lagalega bindandi fyrir stofnunina sem stöðustofnar viðskipti með hrávörur.

(9) Við mat á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur sem komið er á fót í Japan, ætti einnig að taka tillit til niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangar með staðfestu í Sambandinu standa frammi þegar þeir taka þátt í þessum aðilum. Niðurstaða áhættumildunar ákvarðast bæði af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfseminni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir og er háð stærð fjármálamarkaðar sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar er nauðsynlegt að gera strangari kröfur um áhættumildun til miðlægra mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.

(10) Fjármálamarkaðurinn þar sem stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur og eru með starfsleyfi í Japan stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu stunda starfsemi sína. Á undanförnum þremur árum hefur heildarverðmæti afleiðuviðskipta, sem stöðustofnuð hafa verið í Japan, verið minna en 2% af heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð hafa verið í Sambandinu. Því hefur þátttaka í stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur í Japan í för með sér marktækt minni áhættu fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvanga með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.

(11) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur með staðfestu í Japan getur því talist vera jafngilt ef það er fullnægjandi til að milda þessa minni áhættu. Meginreglurnar sem gilda um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur með staðfestu í Japan, sem studdar eru af innri reglum og verklagsreglum þeirra sem hrinda í framkvæmd meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda hina minni áhættu sem er fyrir hendi í Japan og ná fram niðurstöðu áhættumildunar sem er jafngild þeirri sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

(12) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Japan tryggi að stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, sem hafa starfsleyfi þar, uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

([1]) Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin.

(13) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í Japan, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, að kveða á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

(14) Eftirlit með stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur og eru með starfsleyfi í Japan annast efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra, innan viðkomandi valdsviða sinna, innan valdsviðs hvors ráðuneytis. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra geta gefið stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur og stöðustofnunaraðilum þeirra fyrirmæli um að leggja fram skýrslur eða efni um eignir þeirra eða viðskipti. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra geta einnig gert eftirlitsúttektir á stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur og stöðustofnunaraðilum þeirra, þ.m.t. á bókhaldi og skjölum eða hverjum öðrum þætti sem tengist viðskiptum þeirra. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra geta gefið stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur fyrirmæli, ef þeir telja það nauðsynlegt og viðeigandi, um rétta og áreiðanlega framkvæmd stöðustofnunarþjónustu, um að breyta félagssamningum sínum, reglum um góða viðskiptahætti og öðrum reglum, breyta viðskiptaaðferðum sínum eða grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að bæta viðskiptaþjónustu eða ástand eigna sinna. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra geta einnig beitt stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, viðurlögum og sektum ef þær fara ekki að gildandi ákvæðum.

(15) Niðurstaðan er því að stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur með starfsleyfi í Japan falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á viðvarandi grunni.

(16) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í Japan að fela í sér skilvirkt, jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).

(17) Miðlægir mótaðilar þriðja lands geta sótt um starfsleyfi sem stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, er gerir þeim kleift að veita sömu þjónustu í Japan og þeir hafa leyfi til að veita í þriðja landinu. Fjármálaeftirlit Japans (The Japan Financial Services Agency (JFSA)) hefur valdheimild til að tilgreina hrávörur, í samráði við ráðherrann sem hefur lögsögu yfir hrávörumarkaði, sem hægt er að hafa viðskipti með á markaði með fjármálagerninga (FIM) samkvæmt japönskum lögum um fjármálagerninga og kauphallir. Þegar miðlægir mótaðilar þriðja lands stöðustofna slíka tilnefnda samninga sem viðskipti eru með á markaði fyrir fjármálagerninga getur miðlægi mótaðilinn sótt um leyfi fyrir „erlenda miðlæga mótaðila“ til fjármálaeftirlits Japans sem gerir þeim kleift að veita sömu þjónustu í Japan og þeir hafa leyfi til að veita í þriðja landinu. Viðmiðanirnar sem beitt er á miðlægan mótaðila þriðja lands sem sækir um leyfi eru líkar viðmiðununum sem beitt er gagnvart stöðustofnunarfyrirtækjum í Japan, en miðlægir mótaðilar þriðja lands eru undanþegnir vissum kröfum sem gilda um innlenda miðlæga mótaðila með starfsleyfi í Japan ef þeim hefur verið veitt jafngilt leyfi frá yfirvaldi viðkomandi þriðja lands sem fjármálaeftirlit Japans hefur gert samstarfssamkomulag við. Miðlægir mótaðilar í þriðja landi sem stöðustofna samninga sem ekki eru tilnefndir til viðskipta á markaði fyrir fjármálagerninga, þurfa að sækja um leyfi hjá landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra og efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra samkvæmt japönsku lögunum um hrávöruafleiður. Þegar landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra og efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra meta umsókn um leyfi taka þeir tillit til leyfisstöðu hins miðlæga mótaðila í þriðja landinu.

(18) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits Japans kveði á um skilvirkt, jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.

(19) Þessi ákvörðun gerð er á grundvelli lagalega bindandi krafna, að því er varðar stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, sem gilda í Japan þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti áfram að hafa eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma Japans að því er varðar stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur og athuga hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggist á, hafi verið uppfyllt.

(20) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits í Japan vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar ætti ekki að hafa áhrif á þann möguleika framkvæmdastjórnarinnar, í samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem var samþykkt með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

(21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í Japan, sem samanstendur af lögunum um hrávöruafleiður frá 2009 eins og bætt er við þau með grundvallarreglunum um eftirlit með stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, og gilda um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur sem hafa starfsleyfi þar, vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2276 **2023/EES/26/09**

frá 15. desember 2016

um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Brasilíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]) einkum 6. mgr. 25.gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

(1) Ferlið við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum með staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaraðilum eða viðskiptavettvöngum, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvarðanir um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðla því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.

(2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti gildandi fyrirkomulag laga og eftirlits í megindráttum að hafa sömu áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Brasilíu tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaraðilum og viðskiptavettvöngum með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa staðfestu í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.

(3) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

(4) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu verða miðlægir mótaðilar með starfsleyfi í þriðja landi að fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

(5) Lagalega bindandi kröfur Brasilíu, hvað varðar miðlæga mótaðila sem þar hafa starfsleyfi, samanstanda af lögum 10214 frá 27. mars 2001, ályktunum sem innlenda peningaráðið (National Monetary Council (CMN)) gaf út, umburðarbréfum sem Seðlabanki Brasilíu (Central Bank of Brazil (BCB)) gaf út og leiðbeiningum sem verðbréfa- og kaupþingsnefnd Brasilíu (Brazilian Securities and Exchange Commission (CVM)) gaf út, sem samþykktar hafa verið samkvæmt lögunum. Einkum er í ályktun 2882, eins og henni var breytt með ályktun 3081, fjallað um starfsemi stöðustofnunar-stöðva og veitenda stöðustofnunarþjónustu, settar fram meginreglur sem gilda um starfsemi stöðustofnunarstöðva og veitendur stöðustofnunarþjónustu og veita Seðlabanka Brasilíu heimild til að setja reglur um stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu, veita þeim starfsleyfi og hafa eftirlit með þeim.

(6) Stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu með staðfestu í Brasilíu verða að fá starfsleyfi hjá Seðlabanka Brasilíu til að veita stöðustofnunarþjónustu. Þegar Seðlabanki Brasilíu metur hvort veita eigi starfsleyfi sem stöðustofnunarstöð eða veitandi stöðustofnunarþjónustu verður hann að taka tillit til áreiðanleika, eðlilegrar starfsemi og framfara í greiðslukerfi Brasilíu. Seðlabanki Brasilíu getur einnig tilgreint „þau skilyrði sem hann telur við hæfi“ áður

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 61. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

en hann veitir slíkt starfsleyfi eða seinna, á grundvelli stöðugleika fjármálakerfis, áhættu og skilvirkni stöðustofnunarstöðva og veitenda stöðustofnunarþjónustu. Stöðustofnunarstöðvar sem starfrækja kerfislega mikilvægt kerfi sem skapa áhættu fyrir styrk og snurðulausa starfsemi fjármálakerfis Brasilíu, sem Seðlabanki Brasilíu ákvarðar í samræmi við umfang og gerð stöðustofnunarstöðvanna, geta heyrt undir aðrar reglur en aðrar stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu.

(7) Seðlabanki Brasilíu hefur samþykkt ýmsar aðgerðir til að framkvæma ályktun 2882 og til að tryggja að stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu fari að þeim gildum, meginreglum og reglum sem gilda um greiðslukerfið. Umburðarbréf 3057 inniheldur einkum ítarlegar reglur um starfsemi stöðustofnunarstöðva og veitenda stöðustofnunarþjónustu og eru þar settar fram ýmsar kröfur sem þau verða að fara að, þ.m.t. eiginfjárkröfur, staðlar um gagnsæi, áhættustýringarráðstafanir og rekstrarlegar kröfur. Seðlabanki Brasilíu hefur gefið út stefnumarkandi yfirlýsingu nr. 25097 um samþykkt meginreglnanna um innviði fjármálamarkaða (Principles for Financial Markets Infrastructures (PFMI)) sem greiðslu- og uppgjörsnefndin ([1]) (CPSS) og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) gáfu út í apríl 2012, sem felur í sér að Seðlabanki Brasilíu beitir meginreglunum um innviði fjármálamarkaða í eftirliti sínu og tilsjón með stöðustofnunarstöðvum og veitendum stöðustofnunarþjónustu.

(8) Samkvæmt umburðarbréfi 3057 skulu stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu taka upp innri reglur og verklagsreglur sem tryggja að öllum viðeigandi kröfum sé hlítt og sem taka til allra viðeigandi þátta sem tengjast starfsemi þeirra, þ.m.t. verndarráðstöfunum til að stýra útlána-, lausafjár- og rekstraráhættu. Þessar innri reglur og verklagsreglur eru lagðar fyrir Seðlabanka Brasilíu sem fyrstur metur þær, í málsmeðferð við starfsleyfisveitingu. Þá þarf Seðlabanki Brasilíu líka að samþykkja verulegar breytingar á innri reglum og verklagsreglum. Allar aðrar óverulegar breytingar á innri reglum og verklagsreglum verður að tilkynna Seðlabanka Brasilíu innan 30 daga frá því að breytingarnar voru gerðar, og hefur Seðlabanki Brasilíu andmælarétt.

(9) Hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um miðlæga mótaðila með starfsleyfi í Brasilíu eru því tvískiptar. Í grundvallarreglunum í lögum 10214 og ályktunum, umburðarbréfum og fyrirmælum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þeim, eru settir fram meginstaðlar sem stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu verða að uppfylla til að fá starfsleyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu í Brasilíu (kallast saman „meginreglurnar“). Þessar meginreglur eru fyrra þrepið í lagalega bindandi kröfum í Brasilíu. Því til sönnunar að farið sé að meginreglunum verða stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu að leggja innri reglur sínar og verklagsreglur fyrir Seðlabanka Brasilíu, til samþykktar eða þegjandi samþykkis. Þessar innri reglur og verklagsreglur eru annað þrep hinna lagalega bindandi krafna í Brasilíu, sem skulu veita ítarlega forskrift að því er það varðar með hvaða hætti stöðustofnunarstöðvarnar og veitendur stöðustofnunarþjónustu uppfylla þessa staðla. Seðlabanki Brasilíu metur hvort stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu fari að þessum stöðlum, sem og meginreglunum um innviði fjármálamarkaða. Þegar Seðlabanki Brasilíu hefur samþykkt innri reglurnar og verklagsreglurnar verða þær lagalega bindandi fyrir stöðustofnunarstöðvarnar og veitendur stöðustofnunarþjónustu.

(10) Við mat á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu í Brasilíu ætti einnig að taka tillit til niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangar með staðfestu í Sambandinu standa frammi fyrir þegar þeir taka þátt í þessum aðilum. Niðurstaða áhættumildunar ákvarðast bæði af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfseminni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, sem er háð stærð fjármálamarkaðar sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar er nauðsynlegt að gera strangari kröfur um áhættumildun til miðlægra mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.

(11) Fjármálamarkaðurinn þar sem stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu með staðfestu í Brasilíu stunda stöðustofnunarstarfsemi sína, er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu stunda starfsemi sína. Á undanförnum þremur árum hefur heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð hafa verið í Brasilíu verið minna en 3% af heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð hafa verið í Sambandinu. Því hefur þátttaka í stöðustofnunarstöðvum og veitendum stöðustofnunarþjónustu marktækt minni áhættu í för með sér fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvang með staðfestu í Sambandinu en þátttaka þeirra í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.

(12) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu með staðfestu í Brasilíu getur því talist vera jafngilt ef það er fullnægjandi til að milda þessa minni áhættu. Meginreglurnar sem gilda

([1]) Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin.

um stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu, sem studdar eru af innri reglum og verklagsreglum þeirra sem útheimta að farið sé að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda hina minni áhættu sem er fyrir hendi í Brasilíu og ná fram niðurstöðu áhættumildunar sem er jafngild þeirri sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

(13) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Brasilíu tryggi að stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu, sem hafa starfsleyfi þar, uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

(14) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í Brasilíu, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, að kveða á um skilvirkt eftirlit með þeim, sem og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

(15) Seðlabanki Brasilíu hefur stöðugt eftirlit með því að stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu fari að þeim lagalega bindandi kröfum sem gilda um þær. Að auki hefur Seðlabanki Brasilíu ýmsar leiðir til að tryggja að farið sé að þessum ákvæðum. Seðlabanki Brasilíu hefur einkum valdheimild til að krefja stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu um upplýsingar, gefa út viðvaranir og krefjast þess að þær geri vissar breytingar á reglum sínum, eftir því sem nauðsynlegt er talið. Að auki getur Seðlabanki Brasilíu beitt sektum vegna hvers konar brota stöðustofnunarstöðva eða veitenda stöðustofnunarþjónustu á lagalega bindandi kröfum sem gilda um þær, og hefur bankinn jafnvel valdheimild til að afturkalla starfsleyfi þeirra.

(16) Niðurstaðan er því að stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu með starfsleyfi í Brasilíu falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á viðvarandi grunni.

(17) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í Brasilíu að fela í sér skilvirkt, jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).

(18) Miðlægir mótaðilar með starfsleyfi í þriðja landi þar sem fyrirkomulag laga og eftirlits tryggir svipaða niðurstöðu og þá sem er tryggð með því fyrirkomulagi laga og eftirlits sem gildir í Brasilíu og sem fer að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða og eru með jafngildar reglur um baráttu gegn peningaþvætti og þar sem miðlægir mótaðilar falla undir skilvirkt eftirlit geta veitt þjónustu í Brasilíu. Einnig er þess krafist að gert sé samkomulag milli Seðlabanka Brasilíu og lögbærs yfirvalds miðlægs mótaðila þriðja lands sem sækir um til að unnt sé að veita viðurkenningu.

(19) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits Brasilíu kveði á um skilvirkt, jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.

(20) Þessi ákvörðun er gerð á grundvelli lagalega bindandi krafna að því er varðar stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu í Brasilíu þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti áfram að hafa reglulegt eftirlit með þróun laga- og eftirlitsrammans vegna stöðustofnunarstöðva og veitenda stöðustofnunarþjónustu og með því hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggist á, hafi verið uppfyllt.

(21) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits í Brasilíu vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem var samþykkt með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

(22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Brasilíu, sem samanstendur af lögum 10214 og ályktunum, umburðarbréfum og fyrirmælum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þeim, eins og stutt er við þau með stefnumarkandi yfirlýsingu nr. 25097 um samþykkt meginreglnanna um innviði fjármálamarkaða hvað varðar eftirlit með starfsemi miðlægra mótaðila sem eru aðilar að greiðslukerfi Brasilíu og gilda um stöðustofnunarstöðvar og veitendur stöðustofnunarþjónustu, teljast jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2277 **2023/EES/26/10**

frá 15. desember 2016

um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

(1) Ferlið við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum með staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaraðilum eða viðskiptavettvöngum, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvörðun um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðla því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.

(2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti gildandi fyrirkomulag laga og eftirlits í megindráttum að hafa sömu áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí (Dubai International Financial Centre (DIFC)) tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaraðilum og viðskiptavettvöngum með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila, sem hafa starfsleyfi í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.

(3) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

(4) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu verður miðlægur mótaðili með starfsleyfi í þriðja landi að fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

(5) Hinar lagalega bindandi kröfur alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí hvað varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar samanstanda af stjórnsýslulögum (Regulatory Law) frá 2004 og markaðslögum frá 2012 (DIFC-reglugerðirnar). Bætt er við þær með reglubók fjármálaeftirlitsins í Dúbaí (Dubai Financial Services Authority (DFSA)) sem hefur að geyma viðhengi um markaðsstofnanir með starfsleyfi (AMI).

(6) Miðlægir mótaðilar með staðfestu í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí verða að hafa starfsleyfi frá fjármálaeftirlitinu í Dúbaí sem markaðsstofnun með starfsleyfi. Ákvörðun þessi á aðeins við um reglukerfið sem gildir um markaðsstofnanir með starfsleyfi til að framkvæma þá fjármálaþjónustu að starfrækja stöðustofnunarstöð í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí. Til að fá starfsleyfi til stöðustofnunar þurfa markaðsstofnanir með starfsleyfi að uppfylla sértækar kröfur fjármálaeftirlitsins í Dúbaí sem settar eru fram í reglubók fjármálaeftirlitsins í Dúbaí. Markaðsstofnanir með starfsleyfi verða að reka stöðustofnunarstöðvar á öruggan og skilvirkan hátt og stýra af varfærni áhættunni í tengslum við viðskipti sín og rekstur. Þær verða einnig að hafa fullnægjandi fjármagn, mannauð og kerfi.

(7) DIFC-reglugerðirnar framfylgja að fullu þeim alþjóðlegu stöðlum sem settir eru fram í meginreglunum um innviði fjármálamarkaða sem greiðslu- og uppgjörsnefndin ([2]) (CPSS) og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) gáfu út í apríl 2012.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin.

(8) DIFC-reglugerðirnar skylda jafnframt markaðsstofnanir með starfsleyfi til að taka upp innri reglur og verklagsreglur sem tryggja að farið sé að öllum viðeigandi kröfum sem nauðsynlegar eru fyrir eðlilega reglusetningu um stöðustofnunar- og uppgjörsþjónustu hennar. Regla 5.6 um markaðsstofnanir með starfsleyfi útheimtir að innri reglur og verkferlar markaðsstofnana með starfsleyfi innihaldi sértæk ákvæði, þ.m.t. reglur um vanskil. Þessar innri reglur og verklagsreglur, sem og allar breytingarnar á þeim, skulu lagðar fyrir fjármálaeftirlitið í Dúbaí áður en þeim er hrundið í framkvæmd. Fjármálaeftirlitið í Dúbaí getur hafnað fyrirhuguðum reglum eða lagt til breytingar á þeim. Samkvæmt DIFC-reglugerðunum eru innri reglur markaðsstofnunar með starfsleyfi lagalega bindandi og framfylgjanlegar gagnvart meðlimum og öðrum þátttakendum.

(9) Hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um markaðsstofnanir með starfsleyfi í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí eru því tvískiptar. Í grundvallarreglunum í reglubók fjármálaeftirlitsins í Dúbaí og DIFC-reglugerðunum eru settir fram meginstaðlar sem markaðsstofnanir með starfsleyfi verða að uppfylla til að fá starfsleyfi til að veita stöðustofnunar-þjónustu í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí (kallast saman „meginreglurnar“). Þessar meginreglur eru fyrra þrepið í hinum lagalega bindandi kröfum í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí. Til að sanna að farið sé að meginreglunum útheimtir regla 5.6 um markaðsstofnanir með starfsleyfi um „viðskiptahætti“ að markaðsstofnanir með starfsleyfi komi á fót innri reglum og verklagsreglum og leggi fyrir fjármálaeftirlitið í Dúbaí til samþykktar áður en þær koma til framkvæmda, og getur fjármálaeftirlitið í Dúbaí komið í veg fyrir þær eða hafnað þeim. Þessar innri reglur og verklagsreglur eru seinna þrep krafna í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí.

(10) Við mat á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um markaðsstofnanir með starfsleyfi í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí ætti einnig að taka tillit til niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangar með staðfestu í Sambandinu standa frammi fyrir þegar þeir taka þátt í þessum aðilum. Niðurstaða áhættumildunar ákvarðast bæði af því umfangi áhættu sem felst í stöðustofnunarstarfseminni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, sem er háð stærð fjármálamarkaðarins sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar er nauðsynlegt að gera strangari kröfur um áhættumildun til miðlægra mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.

(11) Fjármálamarkaðurinn þar sem markaðsstofnanir með starfsleyfi í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu stunda starfsemi sína. Frá 2011 hafa viðskipti eða stöðustofnun með afleiður verið í lágmarki. Af þessum sökum hefur þátttaka í miðlægum mótaðilum í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí í för með sér marktækt minni áhættu fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvanga með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.

(12) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um miðlæga mótaðila, sem hafa starfsleyfi í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí, gæti því talist vera jafngilt ef það getur mildað þessa minni áhættu. Meginreglurnar sem gilda um þessa miðlægu mótaðila, sem studdar eru af innri reglum og verklagsreglur þeirra sem útheimta að farið sé að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda minni áhættu sem er fyrir hendi í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí og ná fram niðurstöðu áhættumildunar sem jafngild þeirri sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

(13) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí tryggi að markaðsstofnanir með starfsleyfi, sem hafa starfsleyfi þar, uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

(14) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, að kveða á um skilvirkt eftirlit með þeim, sem og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

(15) Fjármálaeftirlitið í Dúbaí hefur eftirlit með markaðsstofnunum með starfsleyfi í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí, sem eftirlitsaðili markaðsstofnana með starfsleyfi, til að tryggja að farið sé að gildandi reglum. Fjármálaeftirlitið í Dúbaí hefur víðtækt vald til að veita þeim starfsleyfi og beita viðurlögum, þ.m.t. meðal annars til að fella starfsleyfi fjármálastofnana úr gildi og beita þau viðurlögum. Fjármálaeftirlitið í Dúbaí annast daglegt eftirlit. Fjármálaeftirlitið í Dúbaí samþykkir samfellt áhættustýringarferli sem samanstendur af sanngreiningu, mati, forgangsröðun og mildun áhættu. Stjórnsýslulögin frá 2004 veita fjármálaeftirlitinu í Dúbaí mikið vald til að framfylgja lögum sínum og reglum. Fjármálaeftirlitið í Dúbaí hefur valdheimild til að framkvæma rannsóknir ef grunur leikur á broti á reglum og einnig vald til að framkvæma eftirlit, leggja hald á bókhald og skrár eða fara fram á að einstaklingar sinni kalli í eiðsvarin

viðtöl eða yfirlýsingar. Fjármálaeftirlitið í Dúbaí getur meðal annars beitt fésektum, birt opinberar vítur og bannað einstaklingum að stunda starfsemi í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí.

(16) Niðurstaðan er því að markaðsstofnun með starfsleyfi í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á viðvarandi grunni.

(17) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí að fela í sér skilvirkt, jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila með starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).

(18) Miðlægir mótaðilar þriðja lands sem vilja stöðustofna afleiður í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí skulu sækja um viðurkenningu til fjármálaeftirlitsins í Dúbaí. Í einingunni fyrir viðurkenningu eru sett fram viðmið og verklagsreglur um viðurkenningu.

(19) Til að fá viðurkenningu skal lögsagan þar sem miðlægur mótaðili hefur staðfestu hafa nægilega traust reglukerfi sem svipar til fyrirkomulags laga og eftirlits sem gildir í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí. Þá er krafist samstarfssamnings milli alþjóðlegu fjármálamiðstöðvarinnar í Dúbaí og lögbærra yfirvalda þriðju landa áður en umsókn miðlægs mótaðila þriðja lands er samþykkt.

(20) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí kveði á um skilvirkt, jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.

(21) Þessi ákvörðun er gerð á grundvelli lagalega bindandi krafna, að því er varðar markaðsstofnanir með starfsleyfi, sem gilda í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, að hafa áfram reglulegt eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma fyrir markaðsstofnanir með starfsleyfi, og því hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggist á, hafi verið uppfyllt.

(22) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem var samþykkt með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

(23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí, sem samanstendur af DIFC-reglugerðunum og reglubók fjármálaeftirlitsins í Dúbaí, sem gilda um markaðsstofnanir með starfsleyfi þar, vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2278 **2023/EES/26/11**

frá 15. desember 2016

um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Sameinuðu arabísku furstadæmunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

(1) Ferlið við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum með staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaraðilum eða viðskiptavettvöngum, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvarðanir um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðla því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.

(2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti gildandi fyrirkomulag laga og eftirlits í megindráttum að hafa sömu áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Sameinuðu arabísku furstadæmunum (UAE) tryggi að miðlægir mótaðilar með staðfestu og starfsleyfi þar valdi ekki stöðustofnunaraðilum og viðskiptavettvangi með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila með staðfestu í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.

(3) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

(4) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu verður miðlægur mótaðili með starfsleyfi í þriðja landi að fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

(5) Lagalega bindandi kröfur Sameinuðu arabísku furstadæmanna um miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar samanstanda af reglugerðunum sem yfirvald verðbréfa og hrávara (Securities and Commodities Authority (SCA)) í Sameinuðu arabísku furstadæmunum hefur gefið út (hér eftir „reglugerðirnar“). Í reglugerðunum eru settar fram kröfur sem miðlægir mótaðilar verða að uppfylla á áframhaldandi grundvelli til að geta veitt stöðustofnunarþjónustu í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Þær samanstanda af ákvörðun nr. 157/R frá 2005, þar sem stöðustofnunarstofnun er skilgreind, og ákvörðun stjórnar yfirvalds verðbréfa og hrávara nr. 11 frá 2015 þar sem settar eru fram kröfur til miðlægra mótaðila. Miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sameinuðu arabísku furstadæmunum verða að hafa starfsleyfi frá yfirvaldi verðbréfa og hrávara.

(6) Yfirvald verðbréfa og hrávara hefur gefið út reglugerð (ákvörðun stjórnar yfirvalds verðbréfa og hrávara nr. 11 frá 2015) þar sem þess er krafist að miðlægir mótaðilar með starfsleyfi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum fari að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða (PFMIs) sem gefnar voru út af greiðslu- og uppgjörsnefndinni ([2]) og Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði í apríl 2012.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 68. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin (e. *Committee on Payment and Market Infrastructures*).

(7) Samkvæmt reglugerðunum skulu miðlægir mótaðilar samþykkja innri reglur og verklagsreglur til að tryggja að farið sé að öllum viðeigandi kröfum sem taka til allra viðeigandi þátta sem tengjast starfsemi þeirra, þ.m.t. verndarráðstöfunum til að stýra útlána-, lausafjár- og rekstraráhættu. Yfirvald verðbréfa og hrávara þarf að samþykkja þessar innri reglur og verklagsreglur. Þar að auki má ekki breyta innri reglum og verklagsreglum ef yfirvald verðbréfa og hrávara andmælir fyrirhuguðum breytingum. Þar að auki er aðferðafræðin við útreikning á fjármagni og sviðsmyndum álagsprófa, sem miðlægur mótaðili beitir, með fyrirvara um samþykki yfirvalds verðbréfa og hrávara.

(8) Hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um miðlæga mótaðila með starfsleyfi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum eru því tvískiptar. Í grundvallarreglunum í reglugerðunum, einkum ákvörðun stjórnar yfirvalds verðbréfa og hrávara nr. 11 frá 2015, eru settir fram meginstaðlar sem miðlægir mótaðilar verða að uppfylla til að fá leyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Þessar reglugerðir eru fyrra þrepið í hinum lagalega bindandi kröfum í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Innri reglur og verklagsreglur miðlægra mótaðila eru seinna þrepið í hinum lagalega bindandi kröfum í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Yfirvald verðbréfa og hrávara metur að hve miklu leyti hinir miðlægu mótaðilar fara að reglugerðunum og meginreglunum um innviði fjármálamarkaða. Þegar yfirvald verðbréfa og hrávara hefur samþykkt innri reglurnar og verklagsreglurnar verða þær lagalega bindandi fyrir hina miðlægu mótaðila.

(9) Við mat á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila með staðfestu í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, ætti einnig að taka tillit til niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangar með staðfestu í Sambandinu standa frammi þegar þeir taka þátt í þessum aðilum. Niðurstaða áhættumildunar ákvarðast bæði af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfseminni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, sem er háð stærð fjármálamarkaðar sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar er nauðsynlegt að gera strangari kröfur um áhættumildun til miðlægra mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.

8) Samkvæmt meginreglunum skulu stofnanir sem stöðustofna afleiður samþykkja innri reglur og verklagsreglur sem nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru þarf að samþykkja. Að því er varðar tiltekna staðla sem settir eru fram samkvæmt meginreglunum skulu innri reglur og verklagsreglur stofnana sem stöðustofna afleiður veita ítarlegar forskriftir um það með hvaða hætti stofnanir sem stöðustofna afleiður munu uppfylla þessa staðla. Þar að auki innihalda þessar innri reglur og verklagsreglur kröfur sem koma til fyllingar þeim sem mælt er fyrir um í meginreglunum. Þegar nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru hefur samþykkt innri reglur og verklagsreglur verða þær lagalega bindandi fyrir stofnanir sem stöðustofna afleiður og verða óaðskiljanlegur hluti þess laga- og eftirlitsfyrirkomulags sem þessar stofnanir sem stöðustofna afleiður skulu fara að. Ef ekki er farið að ákvæðum meginreglnanna eða innri reglna og verklagsreglna stofnana sem stöðustofna afleiður hefur nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru vald til að beita stofnanir sem stöðustofna afleiður viðurlögum, þ.m.t. að beita sektum og tímabundinni sviptingu eða afturköllun starfsleyfis.

9) Hinar lagalega bindandi kröfur í Bandaríkjunum að því er varðar afleiðusamninga sem stöðustofnaðir eru af stofnunum sem stöðustofna afleiður eru því tvískiptar. Meginreglurnar um kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar eru fyrsta þrep hinna lagalega bindandi krafna. Innri reglurnar og málsmeðferðarreglurnar um kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar eru annað þrep hinna lagalega bindandi krafna. Við ákvörðun á jafngildi í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal því taka tillit til eðlis og smáatriða lagaskilyrðanna, sem felast í innri reglum og málsmeðferðarreglum kerfislega mikilvægra stofnana sem stöðustofna afleiður og stofnana sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar, samhliða meginreglunum til að tryggja að hinar lagalega bindandi kröfur, sem framfylgt er með þessum sameinuðu þáttum laga- og eftirlitsfyrirkomulags, geti talist jafngilda kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

10) Meginreglurnar sem gilda um kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar að viðbættum innri reglum og verklagsreglum hafa í megindráttum jafngild áhrif og reglurnar í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Meginreglurnar innihalda kröfur um stjórnunarhætti (þ.m.t. skipulagskröfur, kröfur varðandi framkvæmdastjórn, áhættunefndir, skráahald, virkan eignarhlut, upplýsingar sem sendar eru lögbæru yfirvaldi), hagsmunaárekstra, útvistun, viðskiptahætti, rekstrarsamfellu og aðskilnað, sem og lausafjáráhættu, kröfur um veðtryggingar, fjárfestingarstefnu og uppgjörsáhættu.

11) Þrátt fyrir að þess sé ekki krafist í meginreglunum, að því er tekur til lausafjáráhættu, að kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar viðhaldi hæfri lausafjárstöðu til að uppfylla „meginregluna um lágmarkstryggingu“, þ.e. lausafjárstöðu sem getur staðið undir vanskilum a.m.k. þeirra tveggja stöðustofnunaraðila sem þær bera stærstu áhættuskuldbindingarnar gagnvart, er þess krafist að þessar stofnanir sem stöðustofna afleiður komi á fyrirkomulagi sem getur staðið undir öllum óvörðum

lausafjárskorti og tryggir að tileinkað fjármagn sé tiltækt ef tap er umfram vanskil stöðustofnunaraðilans sem þær bera stærstu áhættuskuldbindingarnar gagnvart. Þrátt fyrir að þetta sé önnur nálgun en „meginreglan um lágmarkstryggingu“, sem er að finna í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, veitir hún efnislega niðurstöðu sem er jafngild áhrifum reglnanna sem er að finna í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

12) Að því er varðar þátttöku, stjórnun áhættuskuldbindinga, kröfur um tryggingarþekju, vanskilasjóði, annað fjármagn, forgangsröðun við greiðslu vanskila og vanskilaferli fylgja meginreglurnar svipaðri nálgun og reglurnar í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 en eru frábrugðnar að einhverju leyti. Að því er varðar upphafstrygginguna sem beitt er á eignastöður stöðustofnunaraðila kveða meginreglurnar á um eins dags lágmarksinnlausnartímabil fyrir afleiðusamninga sem eru ekki OTC-afleiðusamningar, þ.m.t. framtíðarsamninga, valrétti, skiptasamninga um orkuvörur til landbúnaðar og málma, og fimm daga fyrir allar aðrar afleiður, og tryggingarfé innheimt á hreinum grunni. Í reglum Sambandsins eru hins vegar sett fram lágmarksinnlausnartímabil sem eru tveir dagar fyrir afleiðusamninga sem eru ekki OTC-afleiðusamningar og fimm dagar fyrir OTC-afleiðusamninga, og tryggingarfé er yfirleitt innheimt á hreinum grunni. Að því er varðar eignastöður stöðustofnunaraðila hefur lengra, tveggja daga, innlausnartímabilið í Sambandinu fyrir afleiðusamninga sem eru ekki OTC-afleiðusamningar því í för með sér að miðlægir mótaðilar með starfsleyfi í Sambandinu innheimta meira tryggingarfé að því er varðar þessar stöður. Ef um er að ræða upphafstryggingar sem innheimtar eru að því er varðar stöður viðskiptavina stöðustofnunaraðila þarf á hinn bóginn, samkvæmt meginreglunum, að innheimta tryggingarfé á vergum grunni fyrir alla flokka afleiðusamninga en engar slíkar kröfur eru í lögum Sambandsins. Þessi munur á innheimtu tryggingarfjár á hreinum og vergum grunni hefur í för með sér jafngilda niðurstöðu að því er varðar fjárhæð tryggingarfjár sem stofnanir sem stöðustofna afleiður halda með tilliti til staðna viðskiptavinanna, sem bætir upp fyrir muninn á innlausnartímanum. Því má líta á meginreglurnar um kröfur um tryggingarþekju sem jafngildar lögum Sambandsins að svo miklu leyti sem þær varða stöður viðskiptavina stöðustofnunaraðila. Þar að auki er beitingar einnar af þremur ráðstöfunum gegn sveifluaukningu krafist í lögum Sambandsins til að tryggja að upphafstryggingar verði ekki of lágar í stöðugu efnahagsástandi og hækki ekki skarpt við erfiðar aðstæður, þar sem meginreglurnar innihalda ekki neinar slíkar sértækar kröfur. Þegar það er gert veita slíkar ráðstafanir stöðuga og varfærna tryggingarþekju. Þar að auki er þess krafist í meginreglunum að kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar beiti „meginreglunni um lágmarkstryggingu“ ef þessar stofnanir hafa verið tilgreindar sem kerfislega mikilvægar í mörgum lögsagnarumdæmum eða ef þær taka þátt í starfsemi með flóknara áhættusnið. Reglur Sambandsins krefjast þess hins vegar að allir miðlægir mótaðilar hlíti „meginreglunni um lágmarkstryggingu“.

13) Laga- og eftirlitsfyrirkomulag Bandaríkjanna sem gildir um stofnanir sem stöðustofna afleiður ætti því að teljast jafngilt, að því tilskildu að það tryggi, samkvæmt innri reglum og verklagsreglum stofnana sem stöðustofna afleiður og hafa hlotið starfsleyfi sem kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar, að stofnanir sem stöðustofna afleiður uppfylli eftirfarandi kröfur. Þessar kröfur eru: 1) að því er varðar samninga sem eru ekki OTC-afleiðusamningar sem gerðir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, tveggja daga innlausnartímabil að því er tekur til upphafstryggingar sem beitt er á eignastöður stöðustofnunaraðila, 2) að því er varðar alla afleiðusamninga, ráðstafanir til að takmarka sveifluaukningu sem hafa í för með sér stöðuga og varfærna tryggingarþekju, og eru jafngildar a.m.k. einum valkostanna sem settir eru fram í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og 3) nægilegt forfjármagnað aðgengilegt fjármagn til að gera stofnun sem stöðustofnar afleiður kleift að standa a.m.k. straum af vanskilum þeirra tveggja stöðustofnunaraðila sem hann ber stærstu áhættuskuldbindingarnar vegna, við óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður, að teknu tilliti til viðbótaráhættu sem þessar stofnanir sem stöðustofna afleiður standa frammi fyrir vegna samtímis greiðslufalls aðila innan samstæðu stöðustofnunaraðilans sem lendir í vanskilum.

14) Framkvæmdastjórnin veitir því athygli að sérkenni tiltekinna skráðra landbúnaðarafleiðusamninga, sem gerðir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum í Bandaríkjunum og stöðustofnaðir eru af stofnunum sem stöðustofna afleiður, varða markaði sem að mestu leyti þjónusta innlenda ófjárhagslega mótaðila í Bandaríkjunum sem stýra viðskiptaáhættu sinni með þessum samningum og hafa litla kerfislega samtengingu við aðra hluta fjármálakerfisins. Áhættan sem fylgir því að stöðustofna þessa samninga er óveruleg að því er varðar stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvanga sem hafa staðfestu í Evrópusambandinu. Því verður matið á jafngildi ekki fyrir verulegum áhrifum af reglusetningu sem gildir um þessa landbúnaðarafleiðusamninga.

15) Niðurstaðan er því að laga- og eftirlitsfyrirkomulag nefndarinnar um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru sem samanstendur af meginreglunum og innri reglum og verklagsreglum kerfislega mikilvægra stofnana sem stöðustofna afleiður og stofnana sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar, sem uppfylla staðlana sem settir eru fram í þessari ákvörðun að því er tekur til áhættustýringar, teljist lagalega bindandi kröfur sem jafngilda kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Aðeins kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar sem uppfylla þessar lagalega bindandi kröfur (þ.e. meginreglurnar eins og þær eru studdar með innri reglum og verklagsreglum sem nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru hefur samþykkt og uppfylla staðlana sem settir eru fram í þessari gerð) kunna að vera tækar til viðurkenningar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem ætti að sannreyna, í

samræmi við b-lið 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, að þessir staðlar séu hluti af innri reglum og verklagsreglum þeirra miðlægu mótaðila sem falla undir það regluverk og sækja um viðurkenningu í Sambandinu. Að sama skapi fylgist Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í samræmi við 5. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, með því að farið sé að jafngildu regluverki, eins og það er skilgreint í þessari ákvörðun, þ.m.t. skilyrðunum sem felast í því, og getur afturkallað viðurkenninguna ef svo er ekki. Einkum mun Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skoða hvort miðlægi mótaðilinn beiti tveggja daga innlausnartímabili að því er varðar eignastöður stöðustofnunaraðila í afleiðusamningum sem eru ekki OTC-afleiðusamningar og hvort miðlægi mótaðilinn beiti ráðstöfunum, sem ætlað er að takmarka sveifluaukningu, sem hafa í för með sér stöðuga og varfærna tryggingarþekju sem jafngildir einhverri af þeim þremur ráðstöfunum sem settar eru fram samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, og hvort miðlægi mótaðilinn viðhaldi nægilegu forfjármögnuðu aðgengilegu fjármagni til að standa a.m.k. straum af vanskilum þeirra tveggja stöðustofnunaraðila sem hann gengst undir stærstu áhættuskuldbindingarnar fyrir við óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður, að teknu tilliti til viðbótaráhættu sem þessir miðlægu mótaðilar standa frammi fyrir vegna samtímis greiðslufalls aðila innan samstæðu stöðustofnunaraðilans sem lendir í vanskilum.

16) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits, að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi í Bandaríkjunum, að kveða á um skilvirkt eftirlit með miðlægum mótaðilum í þeirri lögsögu og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

17) Nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru hefur stöðugt eftirlit með því að stofnanir sem stöðustofna afleiður uppfylli kröfur um áhættustýringu með því að beita eftirliti og áhættutengdri rannsóknarmeðferð, þ.m.t. prófun á varfærniskröfum. Nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru framkvæmir rannsóknir með rannsóknarteymum. Eftir að rannsókn er lokið semur nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru skýrslu þar sem teknar eru saman niðurstöður rannsóknarinnar, þ.m.t. öll áhyggjuefni. Í skýrslunni skal draga fram alla annmarka sem finnast og ýmsar ráðstafanir eru tiltækar nefndinni um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru til að tryggja að stofnanir sem stöðustofna afleiður taki með viðeigandi hætti á öllum atriðum sem tilgreind eru, þ.m.t. með því að beita viðurlögum og tímabundinni niðurfellingu eða afturköllun starfsleyfis ef ekki er bætt úr annmörkunum. Þessari skýrslu, eða upplýsingum sem felast í henni, sem og öllum ráðstöfunum sem samþykktar eru á grundvelli hennar, má deila með eftirlitsaðilum þriðja lands samkvæmt samstarfssamningum.

18) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits, að því er varðar stofnanir sem stöðustofna afleiður, kveði á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

19) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í Bandaríkjunum að fela í sér skilvirkt, jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila með starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).

20) Miðlægir mótaðilar þriðja lands geta sótt um starfsleyfi sem stofnun sem stöðustofnar afleiður til nefndarinnar um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru. Samkvæmt lögboðinni heimild sinni í bandarískum lögum 7 U.S.C. § 2(i) getur nefndin um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru kveðið á um heimild á grundvelli hlítni við landsbundnar reglur (e. *substituted compliance*) að því er varðar miðlæga mótaðila þriðja lands, að því marki sem hún hefur ákvarðað að kröfur sínar til stofnana sem stöðustofna afleiður séu sambærilegar kröfum samkvæmt reglukerfi þriðja landsins. Ef kveðið er á um slíka heimild getur miðlægur mótaðili þriðja lands, sem hefur fengið starfsleyfi sem stofnun sem stöðustofnar afleiður, uppfyllt kröfur nefndarinnar um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru með því að fara að sambærilegum kröfum í eigin (þriðja lands) lögsögu. Einnig er þess krafist að gert sé samkomulag milli nefndarinnar um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru og lögbærs eftirlitsyfirvalds miðlægs mótaðila þriðja lands sem sækir um til að unnt sé að veita viðurkenningu.

21) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits hjá nefndinni um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru kveði á um skilvirkt, jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.

22) Þessi ákvörðun er gerð á grundvelli lagalega bindandi krafna að því er varðar kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar, sem gilda í Bandaríkjunum þegar þessa ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, að halda áfram að hafa eftirlit með þróun laga- og eftirlitsráðstafana um kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar og með því hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggist á, hafi verið uppfyllt.

23) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits, að því er varðar kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar, sem gildir í Bandaríkjunum, hefur ekki áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að framkvæma sértæka endurskoðun hvenær sem er, ef viðeigandi þróun og einkum sannprófun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða upplýsingar sem aðgengilegar eru henni vegna eftirlitssamstarfs við nefndina um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru, í samræmi við verklagið og kerfið sem um getur í 7. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem þessi ákvörðun veitir. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Að því er varðar 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í Bandaríkjum Ameríku um stofnanir sem stöðustofna afleiður sem samanstendur af 5. þætti b í lögunum um hrávöruviðskipti (Commodity Exchange Act) og undirþáttum A, B og C í 39. hluta CFTC-reglugerðanna, að undanskildum reglugerðum 39.35 og 39.39, jafngilda kröfunum í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ef innri reglur og verklagsreglur stofnana sem stöðustofna afleiður, sem yfirvöld í Bandaríkjunum hafa tilgreint sem kerfislega mikilvægar („kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður“), og stofnana sem stöðustofna afleiður, og hafa kosið að falla undir reglurnar í undirhluta C í 39. hluta CFTC-reglugerðanna og hafa starfsleyfi og lúta eftirliti nefndar um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru („stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar“), innihalda þættina sem um getur í 2. og 3. mgr.

2. Sértæku reglurnar sem er að finna í innri reglum og verklagsreglum kerfislega mikilvægra stofnana sem stöðustofna afleiður og stofnana sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar, sem um getur í 1. mgr. skulu, að því er varðar meginregluna sem sett er fram í CFTC-reglugerð 39.13, innihalda sértækar ráðstafanir til áhættustýringar sem tryggja að upphafstryggingar séu reiknaðar og innheimtar á grundvelli eftirfarandi þátta:

a) ef um er að ræða eignastöður stöðustofnunaraðila í afleiðusamningum, sem gerðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði eða tilnefndum samningsmörkuðum skv. 5. þætti laganna um hrávöruviðskipti 7 USC 7, tveggja daga innlausnartímabils reiknað á hreinum grunni,

b) að því er varðar alla afleiðusamninga, ráðstafana sem gerðar eru til að takmarka sveifluaukningu, sem jafngilda a.m.k. einu af eftirfarandi:

   i. ráðstöfunum sem fela í sér beitingu tryggingarauka sem nemur a.m.k. 25% af reiknuðum tryggingum og miðlægi mótaðilinn heimilar nýtingu á tímabundið ef útreiknaðar kröfur um tryggingar hækka verulega,

   ii. ráðstöfunum sem fela í sér að athugunum við álagsaðstæður á afturskyggna tímabilinu er gefið a.m.k. 25% vægi,

   iii. ráðstafanir sem tryggja að kröfur um tryggingarþekju séu ekki minni en þær sem yrðu reiknaðar út á grundvelli flökts sem er metið yfir tíu ára sögulegt, afturskyggnt tímabil.

3. Sértæku reglurnar sem er að finna í innri reglum og verklagsreglum kerfislega mikilvægra stofnana sem stöðustofna afleiður og stofnana sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu, að því er varðar meginregluna sem sett er fram í CFTC-reglugerðum 39.11 og 39.33, innihalda sértækar ráðstafanir um fjármagn sem tryggir að kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður, og hafa kosið að falla undir reglurnar, viðhaldi nægilegu forfjármögnuðu aðgengilegu fjármagni til að stofnanir sem stöðustofna afleiður geti staðið a.m.k. straum af vanskilum þeirra tveggja stöðustofnunaraðila sem þeir hafa stærstu áhættuskuldbindingarnar gagnvart, við óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður, að teknu tilliti til viðbótaráhættu sem þessar stofnanir sem stöðustofna afleiður standa frammi fyrir vegna samtímis greiðslufalls aðila innan samstæðu stöðustofnunaraðilans sem lendir í vanskilum.

2. gr.

1. Afleiðusamningar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. skulu ekki innihalda landbúnaðarhrávöruafleiður sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) þær byggjast á undirliggjandi landbúnaðarafurð og vísa í gæði, verð, vigt, mæliþætti eða breytistuðla fyrir landbúnaðarhrávörur og afurðir þeirra, eins og landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna birtir þær og viðskipti eru með á samningsmarkaði sem Bandaríkin tilnefna skv. 5. þætti laganna um hrávöruviðskipti 7 USC 7, eða eru á grundvelli undirliggjandi landbúnaðarafurðar úr sykri, sojaolíu, sojabaunamjöli, kakó, kaffi eða timbri og sem viðskipti eru með á samningsmarkaði sem Bandaríkin tilnefna skv. 5. þætti laganna um hrávöruviðskipti 7 USC 7,

b) þær byggjast á undirliggjandi landbúnaðarafurð sem er grundvöllur landbúnaðarhrávöruafleiðusamnings sem boðinn er til stöðustofnunar gegnum stofnun sem stöðustofnar afleiður og hefur staðfestu í Bandaríkjunum,

c) ef tilgreindur er einn eða fleiri framleiðslustaðir undirliggjandi landbúnaðarafurðar, enginn þessara framleiðslustaða er innan Evrópusambandsins,

d) þær uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:

i. þær eru gerðar upp hlutrænt og, séu þær ekki á grundvelli undirliggjandi landbúnaðarafurðar úr kaffi, allir afhendingarstaðirnir eru utan Evrópusambandsins,

ii. þær eru gerðar upp í reiðufé og, séu þær ekki á grundvelli undirliggjandi landbúnaðarafurðar úr kaffi, uppgjörsfjárhæðin er ekki á grundvelli verðs á undirliggjandi landbúnaðarafurð sem hefur a.m.k. einn afhendingarstað innan Evrópusambandsins.

Skilyrðið sem mælt er fyrir um í b-lið fyrstu undirgreinar telst ekki vera uppfyllt að því er varðar tiltekinn landbúnaðarhrávöruafleiðusamning ef meirihluti slíkra samninga, sem eru stöðustofnaðir af stofnun sem stöðustofnar afleiður og hefur staðfestu í Bandaríkjunum, eru stöðustofnaðir fyrir mótaðila sem hafa staðfestu í Evrópusambandinu og einnig er unnt að láta miðlægan mótaðila, sem hefur staðfestu í Sambandinu, stöðustofna þessa samninga.

2. Ákvæði 3. mgr. 1. gr. gilda ekki um kerfislega mikilvægar stofnanir sem stöðustofna afleiður og stofnanir sem stöðustofna afleiður og hafa kosið að falla undir reglurnar sem aðeins stöðustofna afleiðusamningana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 15. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2028 **2023/EES/26/16**

frá 29. nóvember 2019

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáhættu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja samsvarar lánshæfisþrepunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 136. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 ([2]) er tilgreind samsvörunin milli viðkomandi lánshæfismats, sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki (ECAI) gefur út, og þeirra lánshæfisþrepa sem fram koma í 2. þætti, 2. kafla, II. bálks í þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 („vörpun“).

2) Frá síðustu breytingum framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/634 ([3]) á III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 hafa megindlegu og eigindlegu þættirnir sem liggja til grundvallar lánshæfismötunum í nokkrum vörpunum í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 breyst. Að auki hafa nokkur utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki víkkað út lánshæfismöt sín yfir á ný markaðssvið, sem hefur leitt til nýrra matskvarða og nýrra tegunda lánshæfismata. Þess vegna er nauðsynlegt að uppfæra vörpunina á hlutaðeigandi utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum.

3) Frá því framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/634 var samþykkt hefur annað lánshæfismatsfyrirtæki verið skráð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 ([4]). Þar sem skv. 1. mgr. 136. gr. Reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er krafist nákvæmrar lýsingar á vörpunum fyrir öll utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki er nauðsynlegt að veita hinu nýskráða utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki vörpun. Lánshæfismötin sem nýskráða utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækið beitir byggjast á sömu aðferðafræði og þau sem móðurfélag þess notar, utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi sem vörpun hefur þegar verið ákvörðuð fyrir í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799. Því er rétt í þessu tilviki að vörpunin fyrir nýskráða utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækið endurspegli vörpunina sem ákvörðuð var fyrir þetta utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi.

4) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (Evrópsku eftirlitsstofnanirnar) hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 313, 4.12.2019, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 frá 7. október 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar vörpun lánshæfismata utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á útlánaáhættu í samræmi við 1. og 3. mgr. 136. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 3).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/634 frá 24. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáhættu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja samsvarar lánshæfisþrepunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. ESB L 105, 25.4.2018, bls. 14).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

5) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([5]), áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([6]) og áliti hagsmunahópsins í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([7]).

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799

Í stað III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2016/1799 komi textinn sem settur er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

Vörpunartöflur að því er varðar 16. gr.

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
ACRA Europe, a.s (áður European Rating Agency, a.s.)						
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Alhliða matskvarði til skamms tíma	S1		S2	S3, S4, NS		
AM Best Europe Rating Services						
Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	aaa, aa+, aa, aa-	a+, a, a-	bbb+, bbb, bbb-	bb+, bb, bb-	b+, b, b-	ccc+, ccc, ccc-, cc, c, d, e, f, s
Matskvarði útgáfu til langs tíma	aaa, aa+, aa, aa-	a+, a, a-	bbb+, bbb, bbb-	bb+, bb, bb-	b+, b, b-	ccc+, ccc, ccc-, cc, c, d, s
Matskvarði fjárhagslegs styrks	A++, A+	A, A-	B++, B+	B, B-	C++, C+	C, C-, D, E, F, S
Matskvarði útgefanda til skamms tíma	AMB-1+	AMB-1	AMB-2, AMB-3	AMB- 4, d, e, f, s		
Matskvarði útgáfu til skamms tíma	AMB-1+	AMB-1	AMB-2, AMB-3	AMB- 4, d, s		
ARC Ratings S.A.						
Matskvarði útgefanda til meðallangs og langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði útgáfu til meðallangs og langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði útgefanda til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Matskvarði útgáfu til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
ASSEKURATA Assekuranz Rating-Agentur GmbH						
Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC/C, D
Matskvarði fyrirtækja til skamms tíma	A++	A		B, C, D		
Axesor Risk Management SL						
Alhliða matskvarði	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D, E

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Banque de France						
Alhliða lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	3++	3+, 3	4+	4, 5+	5, 6	7, 8, 9, P
BCRA — Credit Rating Agency AD						
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Alhliða matskvarði til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Matskvarði lífeyristryggingafélags til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði lífeyristryggingafélags til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Matskvarði lífeyrissjóðs til langs tíma	AAA pf, AA pf	A pf	BBB pf	BB pf	B pf	C pf
Matskvarði ábyrgðarsjóðs til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	C, D
Matskvarði ábyrgðarsjóðs til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Capital Intelligence Ltd						
Alþjóðlegur matskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	C, RS, SD, D
Alþjóðlegur matskvarði fyrir útgáfur til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Alþjóðlegur matskvarði fjárhagslegs styrks vátryggjanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	C, RS, SD, D
Alþjóðlegur matskvarði útgefanda til skamms tíma	A1+	A1	A2, A3	B, C, RS, SD, D		
Alþjóðlegur matskvarði fyrir útgáfur til skamms tíma	A1+	A1	A2, A3	B, C, D		
Alþjóðlegur matskvarði fjárhagslegs styrks vátryggjanda til skamms tíma	A1+	A1	A2, A3	B, C, RS, SD, D		
Cerved Rating Agency S.p.A.						
Matskvarði fyrirtækja til langs tíma	A1.1, A1.2, A1.3	A2.1, A2.2, A3.1	B1.1, B1.2	B2.1, B2.2	C1.1	C1.2, C2.1
Creditreform Rating AG						
Matskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A		BBB	BB	B, C, SD, D
Matskvarði útgáfu til langs tíma	AAA, AA	A		BBB	BB	B, C, D
Matskvarði til skamms tíma	L1	L2		L3, NEL, D		

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
CRIF Ratings S.r.l.						
Matskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D1S, D
Matskvarði útgáfu til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, DS
Matskvarði útgefanda til skamms tíma	IG-1		IG-2	SIG-1, SIG-2, SIG-3, SIG-4		
Matskvarði útgáfu til skamms tíma	IG-1		IG-2	SIG-1, SIG-2, SIG-3, SIG-4		
Dagong Europe Credit Rating Srl						
Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Lánshæfismatskvarði til skamms tíma	A-1		A-2, A-3	B, C, D		
DBRS Ratings						
Matskvarði skuldbindinga til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði viðskiptabréfa og skammtímaskulda	R-1 H, R-1 M	R-1 L	R-2, R-3	R-4, R-5, D		
Matskvarði fjárhagslegs styrks	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, R
Egan-Jones Ratings Co.						
Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Lánshæfismatskvarði til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2	A-3, B, C, D		
Euler Hermes Rating GmbH						
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, SD, D
EuroRating Sp. z o.o.						
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Fitch Ratings						
Vanskilamatskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, RD, D
Fjármögnunarskuldbindingar fyrirtækja — matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C
Alþjóðlegur matskvarði fjárhagslegs styrks vátryggjanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Matskvarði afleiðumótaðila	AAA dcr, AA dcr	A dcr	BBB dcr	BB dcr	B dcr	CCC dcr, CC dcr, C dcr
Matskvarði til skamms tíma	F1+	F1	F2, F3	B, C, RD, D		
IFS matskvarði til skamms tíma	F1+	F1	F2, F3	B, C		
GBB-Rating Gesellschaft für Bonitätsbeurteilung GmbH						
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA, AA		A, BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
HR Ratings de México, S.A. de C.V.						
Alhliða matskvarði til langs tíma	HR AAA(G)/HR AA(G)	HR A(G)	HR BBB(G)	HR BB(G)	HR B(G)	HR C(G)/HR D(G)
Alhliða matskvarði til skamms tíma	HR+1(G)/HR1(G)	HR2(G)	HR3(G)	HR4(G), HR5(G), HR D(G)		
ICAP Group S.A						
Alhliða matskvarði til langs tíma		AA, A	BB, B	C, D	E, F	G, H
INC Rating Sp. z o.o.						
Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Japan Credit Rating Agency Ltd						
Matskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, LD, D
Matskvarði útgáfu til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði útgefanda til skamms tíma	J-1+	J-1	J-2	J-3, NJ, LD, D		
Lánshæfismatskvarði útgáfu til skamms tíma	J-1+	J-1	J-2	J-3, NJ, D		
Kroll Bond Rating Agency						
Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Lánshæfismatskvarði til skamms tíma	K1+	K1	K2, K3	B, C, D		
Kroll Bond Rating Agency Europe						
Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Lánshæfismatskvarði til skamms tíma	K1+	K1	K2, K3	B, C, D		

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
modeFinance S.r.l.						
Alhliða matskvarði til langs tíma	A1, A2	A3	B1	B2	B3	C1, C2, C3, D
Moody's Investors Service						
Alhliða matskvarði til langs tíma	Aaa, Aa	A	Baa	Ba	B	Caa, Ca, C
Alhliða matskvarði til skamms tíma	P-1	P-2	P-3	NP		
QIVALIO SAS (áður Spread Research)						
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Alhliða matskvarði til skamms tíma	SR0		SR1, SR2	SR3, SR4, SR5, SRD		
Rating-Agentur Expert RA GmbH						
Alþjóðlegur lánshæfismatskvarði	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D, E
Alþjóðlegur áreiðanleikamatskvarði	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D, E
Scope Ratings GmbH						
Matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði til skamms tíma	S-1+	S-1	S-2	S-3, S-4		
S&P Global Ratings Europe Limited						
Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, R, SD/D
Lánshæfismatskvarði útgáfu til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði fjárhagslegs styrks vátryggjanda	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, SD/D, R
Matskvarði fyrir möt á meðalstórum fyrirtækjum		MM1	MM2	MM3, MM4	MM5, MM6	MM7, MM8, MMD
Lánshæfismatskvarði útgefanda til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, R, SD/D		
Lánshæfismatskvarði útgáfu til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
The Economist Intelligence Unit Ltd						
Matskvarði ríkja	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2091 **2023/EES/26/17**

frá 28. nóvember 2019

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 3. mgr. 354. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja að gjaldmiðlapörin sem um getur í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 ([2]) haldi áfram að endurspegla raunverulega fylgni milli viðkomandi gjaldmiðla er nauðsynlegt að uppfæra skrána yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni.

2) Í skránni er dagsetningin 31. mars 2018 notuð sem lokadagsetning í þeim tilgangi að reikna út þriggja og fimm ára gagnaraðirnar sem þarf til að meta gjaldmiðlapörin í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

3) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

4) Í ljósi þess að nauðsynlegar breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 fela ekki í sér umtalsverðar breytingar á innihaldi, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]), hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ekki haft opið samráð við almenning, þar sem það væri ekki í réttu hlutfalli við umfang og áhrif þessara draga að tæknilegum framkvæmdarstöðlum.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 frá 27. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. L 313, 28.11.2015, bls. 30).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 kemur eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Skrá yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni

1. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við evru (EUR)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK).

2. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við arabískt dírham (AED)

Kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

3. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við albanskt lek (ALL)

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírham (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

4. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bosnískt og hersegovínskt mark (BAM)

Albanskt lek (ALL), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), evra (EUR).

5. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við búlgarskt lef (BGN)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), evra (EUR).

6. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við svissneskan franka (CHF)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírham (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

7. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við kínverskt júan (CNY)

Arabískt dírham (AED), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

8. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við tékkneska krónu (CZK)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

9. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við danska krónu (DKK)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK).

10. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis við Hong Kong dal (HKD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

11. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við króatíska kúnu (HRK)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

12. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við ungverska fórintu (HUF)

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírham (MAD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

13. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við ísraelskan nýsikil (ILS)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD).

14. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við indverska rúpíu (INR)

Arabískt dírham (AED), Hong Kong dalur (HKD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), taílenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD).

15. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við suður-kóreskt von (KRW)

Singapúrskur dalur (SGD).

16. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við líbanskt pund (LBP)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

17. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við marokkóskt dírham (MAD)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

18. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við norður-makedónskan denar (MKD)

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírham (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

19. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við makaóskt pataka (MOP)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

20. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við filippseyskan pesa (PHP)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

21. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við pólskt slot (PLN)

Bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), ungversk fórinta (HUF), evra (EUR).

22. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við rúmenskt lei (RON)

Albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

23. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við serbneskan denara (RSD)

Albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

24. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við sænska krónu (SEK)

Bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN) dönsk króna (DKK), evra (EUR).

25. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við singapúrskan dal (SGD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), suður-kóreskt won (KRW), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

26. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taílenskt bat (SGD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

27. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taívanskan dal (SGD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD).

28. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bandaríkjadal (USD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD).“

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/866 2023/EES/26/18

frá 28. maí 2020

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/101 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir varfærið mat skv. 14. mgr. 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2012 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 14. mgr. 105. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 9. gr. (5. mgr.), 10. gr. (6. mgr.) og 11. gr. (3. mgr.) framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/101 ([2]) kveða á um, að því er varðar stofnanir sem reikna út viðbótarvirðisleiðréttingar samkvæmt grunnaðferðinni sem sett er fram í þeirri reglugerð, að einstaka viðbótarvirðisleiðréttingar sem tengjast óvissu um markaðsverð, uppgjörsverð og líkansáhættu eigi að ákvarða með vísan til 90% vissu á grundvelli markaðsaðstæðna þegar útreikningurinn fer fram. Reglugerðin kveður einnig á um uppsöfnunarnálgun við útreikning á heildar flokkunarstigum viðbótarvirðisleiðréttinga á grundvelli þessara einstöku viðbótarvirðisleiðréttinga sem tekur tillit til skörunar einstakra viðbótarvirðisleiðréttinga sem á sér stað við uppsöfnun þeirra flokka virðisleiðréttinga.

2) Útbreiðsla COVID-19-heimsfaraldursins hefur orsakað gríðarlegar sveiflur á fjármálamörkuðum um allan heim sem hafa haft áhrif á fjölda eignaflokka. Þetta hefur leitt til óvenjulegrar aukningar á eignaverðsdreifingu og verðbili kaup- og sölutilboða. Því er búist við því að einstaka viðbótarvirðisleiðréttingar reiknaðar á grundvelli matsáhættu muni aukast verulega í samanburði við umfang þeirra á venjulegum tímum.

3) Aðlögun einstakra viðbótarvirðisleiðréttinga að nýjum markaðsaðstæðum er hefðbundið ferli. Hins vegar er búist er við því að vegna COVID-19-heimsfaraldursins og ákvarðana opinberra yfirvalda um að stöðva atvinnustarfsemi á mörgum sviðum muni uppsöfnun verulega aukinna viðbótarvirðisleiðréttinga hafa mismunandi áhrif á heildarfjárhæð viðbótarleiðréttinga. Því ætti að endurskoða reglurnar um varfærið mat til þess að, til viðbótar við að kveða á um uppsöfnunarþátt sem skal nota undir venjulegum markaðsaðstæðum, sé einnig kveðið á um að stofnanir ættu að beita hærri uppsöfnunarþætti á þetta tiltekna tímabil gríðarlegra sveiflna á markaðsverði og kerfisáfalls vegna COVID-19-heimsfaraldursins.

4) Þess er að vænta að hinar gríðarlegu sveiflur af völdum COVID-19 heimsfaraldursins muni dragast saman þegar faraldrinum linnir eins og búist er við á næstu mánuðum. Hærri uppsöfnunarþáttur ætti því aðeins að gilda þann tíma sem vænta má að gríðarlegar markaðssveiflur og kerfisáfall standi yfir sem nú er talið að verði til 31. desember 2020.

5) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2016/101 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 25.6.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/101 frá 26. október 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir varfærið mat skv. 14. mgr. 105. gr. (Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2016. bls. 54).

6) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina. Vegna þess hve brýnt málið er sökum COVID-19-heimsfaraldursins hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin talið að samráð við almenning og kostnaðar- og ábatagreining myndu vera of tímafrek. Hins vegar hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin upplýst hagsmunahópinn um bankastarfsemi sem komið var á í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]).

7) Til að bregðast skjótt við afleiðingum COVID-19-heimsfaraldursins ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2016/101 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

VIÐAUKI

Formúlur sem nota skal í þeim tilgangi að safna saman viðbótarvirðisleiðréttingum skv. 9. gr. (6. mgr.), 10. gr. (7. mgr.) og 11. gr. (7. mgr.)

Formúla fyrir aðferð 1

$$APVA = (FV - PV) - \alpha \cdot (FV - PV) = (1 - \alpha) \cdot (FV - PV)$$

$$AVA = \Sigma APVA$$

Formúla fyrir aðferð 2

$$APVA = \max\{0, (FV - PV) - \alpha \cdot (EV - PV)\} = \max\{0, FV - \alpha \cdot EV - (1 - \alpha) \cdot PV\}$$

$$AVA = \Sigma APVA$$

Þar sem:

FV = Mat á gangvirði matsáhættu eftir hverja leiðréttingu á bókhaldi sem er beitt á gangvirði stofnunar og hægt er að auðkenna þannig að það taki á sömu upptökum matsóvissu og viðkomandi viðbótarvirðisleiðréttingar,

PV = Mat á varfærnu virði matsáhættu sem ákvarðað er í samræmi við þessa reglugerð,

EV = Vænt virði á stigi matsáhættu sem tekið er út frá nokkrum mögulegum gildum,

α = Uppsöfnunarþátturinn,

APVA = Stig matsáhættu viðbótarvirðisleiðréttinga eftir að leiðrétt hefur verið fyrir uppsöfnun,

AVA = Heildarflokksstig viðbótarvirðisleiðréttinga eftir að leiðrétt hefur verið fyrir uppsöfnun.

Stofnanir skulu hafa uppsöfnunarþátt „α“ 66% til 31. desember 2020 og eftir það hafa uppsöfnunarþáttinn 50%.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/249 **2023/EES/26/19**

frá 17. febrúar 2021

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 3. mgr. 354. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja að gjaldmiðlapörin sem um getur í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 ([2]) haldi áfram að endurspegla raunverulega fylgni milli viðkomandi gjaldmiðla er nauðsynlegt að uppfæra skrána yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni.

2) Í skránni er dagsetningin 31. mars 2019 notuð sem lokadagsetning í þeim tilgangi að reikna út þriggja og fimm ára gagnaraðirnar sem þarf til að meta gjaldmiðlapörin í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

3) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

4) Nauðsynlegu breytingarnar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 fela ekki í sér verulegar efnislegar breytingar heldur aðeins beitingu á uppfærðar gagnaraðir aðferðafræðinnar sem þegar er komið á með þeirri reglugerð. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur því ekki haft opið samráð við almenning, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]), þar sem það væri ekki í réttu hlutfalli við umfang og áhrif þessara draga að tæknilegum framkvæmdarstöðlum. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leitaði eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 57, 18.2.2021, bls. 86. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 frá 27. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. L 313, 28.11.2015, bls. 30).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Skrá yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni

1. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við evru (EUR)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínskt mark (BAM), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), tékknesk króna (CZK), Hong Kong dalur (HKD), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), norsk króna (NOK), perúskt sól (PEN), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

2. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við arabískt dírham (AED)

Bosníska og hersegovínskt mark (BAM), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), perúskt sól (PEN), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

3. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við albanskt lek (ALL)

Bosníska og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), evra (EUR).

4. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við ástralskan dal (USD)

kanadadalur (CAD), dönsk króna (DKK), singapúrskur dalur (SGD).

5. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bosníska og hersegovínskt mark (BAM)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), norsk króna (NOK), perúskt sól (PEN), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

6. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við búlgarskt lef (BGN)

Albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínskt mark (BAM), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), tékknesk króna (CZK), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), norsk króna (NOK), perúskt sól (PEN), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD).

7. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við kanadadal (CAD)

Ástralskur dalur (AUD), ísraelskur nýsikill (ILS), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB).

8. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við svissneskan franka (CHF)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), kínverskt júan (CNY), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), líbanskt pund (LBP), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), norsk króna (NOK), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

9. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við kínverskt júan (CNY)

Arabískt dírham (AED), bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), perúskt sól (PEN), filippseyskur pesi (PHP), rúmenskt lei (RON), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

10. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við tékkneska krónu (CZK)

Albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), norsk króna (NOK), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), evra (EUR).

11. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við danska krónu (DKK)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), ástralskur dalur (AUD), bosníska og hersegovínska mark (BAM), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), tékknesk króna (CZK), Hong Kong dalur (HKD), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), norsk króna (NOK), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

12. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis við Hong Kong dal (HKD)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínska mark (BAM), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), perúskt sól (PEN), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

13. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við króatíska kúnu (HRK)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínska mark (BAM), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), tékknesk króna (CZK), Hong Kong dalur (HKD), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), norsk króna (NOK), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

14. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við ungverska fórintu (HUF)

Albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), norsk króna (NOK), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), evra (EUR).

15. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við indónesíska rúpíu (IDR)

Ísraelskur nýsikill (ILS), marokkóskt dírham (MAD), malasískt ringit (MYR), filippseyjskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB).

16. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við ísraelskan nýsikil (ILS)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), kanadadalur (CAD), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), indónesísk rúpía (IDR), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), perúskt sól (PEN), filippseyskur pesi (PHP), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

17. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við indverska rúpíu (INR)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dirham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

18. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við suður-kóreskt vonn (KRW)

Singapúrskur dalur (SGD).

19. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við líbanskt pund (LBP)

Arabískt dírham (AED), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), perúskt sól (PEN), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

20. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við marokkóskt dírham (MAD)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), indónesísk rúpía (IDR), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), malasískt ringit (MYR), norsk króna (NOK), perúskt sól (PEN), filippseyskur pesi (PHP), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

21. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við norður-makedónskan denar (MKD)

Arabískt dírham (AED), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), perúskt sól (PEN), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

22. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við makaóskt pataka (MOP)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), perúskt sól (PEN), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

23. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við malasískt ringit (MYR)

Indónesísk rúpía (IDR), marokkóskt dírham (MAD), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD).

24. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við norska krónu (NOK)

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), evra (EUR).

25. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við perúskt sól (PEN)

Arabískt dírham (AED), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

26. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við filippseyskan pesa (PHP)

Arabískt dírham (AED), kanadadalur (CAD), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), indónesísk rúpía (IDR), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), perúskt sól (PEN), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

27. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við pólskt slot (PLN)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), norsk króna (NOK), rúmenskt lei (RON), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), evra (EUR).

28. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við rúmenskt lei (RON)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), norsk króna (NOK), pólskt slot (PLN), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), singapúrskur dalur (SGD), evra (EUR).

29. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við serbneskan denara (RSD)

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), rúmenskt lei (RON), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), evra (EUR).

30. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við sænska krónu (SEK)

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), norsk króna (NOK), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

31. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við singapúrskan dal (SGD)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), ástralskur dalur (AUD), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), kanadadalur (CAD), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), indónesísk rúpía (IDR), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), suðurkóreskt vonn (KRW), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), malasískt ringit (MYR), norsk króna (NOK), perúskt sól (PEN), filippseyskur pesi (PHP), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

32. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taílenskt bat (SGD)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), kanadadalur (CAD), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), indónesísk rúpía (IDR), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), perúskt sól (PEN), filippseyskur pesi (PHP), serbneskur denari (RSD), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

33. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taívanskan dal (SGD)

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), indónesísk rúpía (IDR), ísraelskur nýsikill (ILS), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), malasískt ringit (MYR), perúskt sól (PEN), filippseyskur pesi (PHP), serbneskur denari (RSD), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

34. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bandaríkjadal (USD)

Arabískt dírham (AED), bosníska og hersegovínskt mark (BAM), svissneskur franki (CHF), kínverskt júan (CNY), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), perúskt sól (PEN), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), evra (EUR).

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/879 **2023/EES/26/20**

frá 20. maí 2019

um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar tapþol og endurfjármögnunargetu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og tilskipun 98/26/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðgjafarnefnd um fjármálastöðugleika birti 9. nóvember 2015 skilmálaskjal varðandi heildartapþol („TLAC-staðallinn“) sem G-20 hópurinn samþykkti í nóvember 2015. Markmið TLAC-staðalsins er að tryggja að kerfislega mikilvægir bankar á alþjóðavísu, sem í ramma Sambandsins er vísað til sem kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu, hafi það tapþol og þá endurfjármögnunargetu sem nauðsynleg er til að hjálpa til við að tryggja að við skilameðferð og strax í kjölfar hennar geti þessar stofnanir haldið áfram að framkvæma nauðsynlega starfsþætti án þess að framlögum frá skattgreiðendum, þ.e. opinberu fjármagni, eða fjármálastöðugleika sé teflt í tvísýnu. Í orðsendingu sinni frá 24. nóvember 2015 undir heitinu „Að koma bankasambandinu endanlega á“ skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að leggja fram, fyrir lok ársins 2016, tillögu að nýrri löggjöf sem myndi gera kleift að taka TLAC-staðalinn upp í löggjöf Sambandsins fyrir lok frestsins árið 2019 sem samþykktur var á alþjóðavettvangi.

2) Við upptöku TLAC-staðalsins í lög Sambandsins verður að taka tillit til fyrirliggjandi lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gildir fyrir allar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (stofnanir) með staðfestu í Sambandinu, sem og alla aðra aðila eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ([4]) (aðilar). Þar sem TLAC-staðallinn og lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stefna að sama markmiði, þ.e. að tryggja að stofnanir og aðilar með staðfestu í Sambandinu hafi nægilegt tapþol og endur-fjármögnunargetu, ættu þessar tvær kröfur að vera hvor annarri til fyllingar innan sameiginlegs ramma.

   Í reynd ætti að taka samræmt lágmarksstig TLAC-staðalsins fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu („TLAC-lágmarkskröfur“) upp í löggjöf Sambandsins með breytingum á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ([5]) en jafnframt ætti að fjalla um viðbót fyrir hverja kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu fyrir sig og kröfurnar fyrir hverja stofnun fyrir sig sem er ekki kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu, sem vísað er til sem lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, með markvissum breytingum á tilskipun 2014/59/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 ([6]). Beita ætti ákvæðum tilskipunar 2014/59/ESB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, um

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 296. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 22.9.2022, bls. 100.

([1]) Stjtíð. ESB C 34, 31.1.2018, bls. 17.

([2]) Stjtíð. ESB C 209, 30.6.2017, bls. 36.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2019.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtíð. ESB. L 225, 30.7.2014, bls. 1).

tapþol og endurfjármögnunargetu stofnana og aðila á þann hátt að samrýmist ákvæðum í reglugerðum (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 806/2014 og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([7]).

3) Skortur á samræmdum reglum fyrir Sambandið að því er varðar framkvæmd TLAC-staðalsins í Sambandinu hefur í för með sér aukakostnað og réttaróvissu og torveldar beitingu eftirgjafarúrræðisins fyrir stofnanir og aðila sem starfa yfir landamæri. Skortur á samræmdum reglum fyrir Sambandið veldur einnig röskun á samkeppni á innri markaðnum þar sem kostnaður stofnana og aðila við að uppfylla fyrirliggjandi kröfur og TLAC-staðalinn gæti verið verulega mismunandi innan Sambandsins. Því er nauðsynlegt að ryðja þessum hindrunum á starfsemi innri markaðarins úr vegi og forðast röskun á samkeppni sem kemur til af skorti á samræmdum reglum í Sambandinu að því er varðar framkvæmd TLAC-staðalsins. Af þessum sökum er 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins viðeigandi lagagrundvöllur þessarar tilskipunar.

4) Í samræmi við TLAC-staðalinn ætti tilskipun 2014/59/ESB að viðurkenna áfram bæði skilastefnuna á samstæðustigi og skilastefnuna á einingastigi. Samkvæmt skilastefnunni á samstæðustigi er aðeins einn aðili samstæðu, yfirleitt móðurfélagið, tekinn til skilameðferðar, þar sem aðrir aðilar samstæðunnar, alla jafna dótturfélög í rekstri, eru ekki teknir til skilameðferðar en flytja tap sitt og endurfjármögnunarþörf til aðilans sem verður tekinn til skilameðferðar. Samkvæmt skilastefnunni á einingastigi kann fleiri en einn aðili innan samstæðu að verða tekinn til skilameðferðar. Skýr tilgreining á aðilum sem taka skal til skilameðferðar („aðilar í skilameðferð“), þ.e. aðilarnir sem gætu sætt skilaaðgerðum, ásamt þeim dótturfélögum sem tilheyra þeim („skilasamstæður“) er mikilvæg til að hægt sé að beita fyrirhugaðri skilastefnu á árangursríkan hátt. Sú tilgreining skiptir einnig máli við að ákvarða mörkin fyrir beitingu reglnanna um tapþol og endurfjármögnunargetu sem stofnanir og aðilar ættu að beita. Því er nauðsynlegt að innleiða hugtökin „aðili í skilameðferð“ og „skilasamstæða“ og breyta tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar gerð áætlana um skilameðferð samstæðu til að krefjast þess með skýrum hætti að skilastjórnvöld tilgreini aðila í skilameðferð og skilasamstæður innan samstæðu og íhugi með viðeigandi hætti afleiðingar allra áformaðra aðgerða innan samstæðunnar til að tryggja skilvirka skilameðferð samstæðu.

5) Aðildarríkin ættu að tryggja að stofnanir og aðilar búi yfir nægilegu tapþoli og endurfjármögnunargetu til að tryggja að tapi sé mætt og endurfjármögnun fari fram á snurðulausan og skjótan hátt með lágmarksáhrifum á skattgreiðendur og fjármálastöðugleika. Til að ná þessu fram ættu stofnanir að uppfylla lágmarkskröfur fyrir hverja stofnun fyrir sig um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eins og sett er fram í tilskipun 2014/59/ESB.

6) Til að samstilla nefnara sem mæla tapþol og endurfjármögnunargetu stofnana og aðila við þá sem kveðið er á um í TLAC-staðlinum ætti að setja fram lágmarkskröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af fjárhæð heildaráhættugrunns og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar viðkomandi stofnunar eða aðila og stofnanir eða aðilar ættu samtímis að uppfylla þau mörk sem leiða af mælingunum tveimur.

7) Til að auðvelda langtímaskipulagningu á útgáfu gerninga og tryggja vissu að því er varðar nauðsynlega eiginfjárauka þurfa markaðir að geta glöggvað sig tímanlega á hæfisviðmiðunum sem krafist er til að unnt sé að viðurkenna gerninga sem skuldbindingar sem falla undir heildartapþolsstuðull eða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.

8) Til að tryggja jöfn skilyrði fyrir stofnanir og aðila með staðfestu í Sambandinu, þ.m.t. á alþjóðavettvangi, ættu hæfisviðmið fyrir eftirgefanlegar skuldbindingar fyrir lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að vera vel samræmdar við þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lágmarkskröfur um heildartapþol, þó með fyrirvara um viðbótarleiðréttingar og -kröfur sem eru settar fram í þessari tilskipun. Einkum ættu tilteknir skuldagerningar með innbyggðan afleiðuþátt, svo sem tilteknar samsettar skuldaviðurkenningar, að vera hæfir, með fyrirvara um tiltekin skilyrði, til að uppfylla lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að því marki sem þær hafa fast eða vaxandi innlausnarvirði höfuðstóls sem er þekkt fyrirfram á sama tíma og einungis viðbótarhagnaður er tengdur þeim afleiðuþætti og er háður frammistöðu viðmiðunareignar. Í ljósi þessara skilyrða er þess vænst að þessir skuldagerningar hafi mikið tapþol og eftirgjöf ætti að vera auðveld við skilameðferð. Ef stofnanir eða aðilar hafa eiginfjárgrunn sem er hærri en kröfur um eiginfjárgrunn ætti það í sjálfu sér ekki að hafa áhrif á

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

ákvarðanir sem varða ákvörðun á lágmarkskröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Enn fremur ættu stofnanir og aðilar að geta uppfyllt hvaða hluta sem er af lágmarkskröfum sínum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með eiginfjárgrunni.

9) Meginreglan er að allar skuldbindingar sem stafa af kröfum venjulegra ótryggðra lánardrottna (ekki víkjandi skuldbindingar) eru notaðar til að uppfylla lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar nema þær fullnægi ekki hæfisviðmiðunum sem eru sett fram í þessari tilskipun. Til að bæta skilabærni stofnana og aðila með skilvirkri notkun eftirgjafarúrræðisins ættu skilastjórnvöld að geta gert kröfu um að lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar séu uppfylltar með eiginfjárgrunni og öðrum víkjandi skuldbindingum, einkum ef skýrar vísbendingar eru um að lánardrottnar sem hafa fengið eftirgjöf séu líklegir til að bera tap í skilameðferð sem væri hærra en tapið sem þeir myndu verða fyrir við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð. Skilastjórnvöld ættu að meta þörfina á því að krefja stofnanir og aðila um að uppfylla lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með eiginfjárgrunni og öðrum víkjandi skuldbindingum ef fjárhæð þeirra skulda sem eru undanskildar beitingu eftirgjafarúrræðisins nær tilteknum viðmiðunarmörkum í flokki skulda sem fela í sér skuldbindingar sem eru hæfar að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Stofnanir og aðilar ættu að uppfylla lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með eiginfjárgrunni og öðrum víkjandi skuldbindingum að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir að lánardrottnar verði fyrir tapi sem er meira en það sem lánardrottnar myndu annars verða fyrir við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð.

10) Allar kröfur skilastjórnvalda um undirskipan skuldagerninga að því er varðar lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ættu að vera með fyrirvara um þann möguleika að uppfylla að hluta lágmarkskröfur um heildartapþol með jafngildum skuldagerningum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eins og TLAC-staðallinn leyfir. Að því er varðar aðila í skilameðferð sem heyra til kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu, aðila í skilameðferð í skilasamstæðum með eignir sem eru meiri en 100 milljarðar evra (bankar í fremstu röð) og að því er varðar aðila í skilameðferð í tilteknum minni skilasamstæðum sem taldar eru líklegar til að valda kerfisáhættu ef þær verða greiðsluþrota, að teknu tilliti til hlutar innlána og skorts á skuldagerningum í fjármögnunarlíkaninu, takmarkaðs aðgengis að fjármagnsmörkuðum fyrir hæfar skuldbindingar og að treyst sé á almennt eigið fé þáttar 1 til að uppfylla lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, ættu skilastjórnvöld að geta gert kröfu um að hluta lágmarkskrafna um heildartapþol og hæfar skuldbindingar sem er jafnhár tapþolinu og endurfjármögnuninni sem um getur í 10. mgr. 37. gr. og 5. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, sé mætt með eiginfjárgrunni og öðrum víkjandi skuldbindingum, m.a. eiginfjárgrunni sem er notaður til að uppfylla samanlagða kröfu um eiginfjárauka sem er sett fram í tilskipun 2013/36/ESB.

11) Að beiðni aðila í skilameðferð ættu skilastjórnvöld að geta lækkað þann hluta lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem uppfylla skal með eiginfjárgrunni og öðrum víkjandi skuldum upp að því marki sem svarar til þess hluta mögulegrar lækkunar skv. 3. mgr. 72. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 í tengslum við lágmarkskröfur um heildartapþol sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Skilastjórnvöld ættu að geta gert þá kröfu, í samræmi við meginregluna um meðalhóf, að lágmarkskröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sé mætt með eiginfjárgrunni og öðrum víkjandi skuldum að því marki sem heildarmörk vegna undirskipanar sem krafa er um í formi liða eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga vegna skyldu stofnana og aðila til að uppfylla lágmarkskröfur um heildartapþol, lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og, eftir atvikum, samanlagða kröfu um eiginfjárauka samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB, fari ekki yfir það sem hærra er: mörk tapþols og endurfjármögnunar, sem um getur í 10. mgr. 37. gr. og 5. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eins og henni er breytt með þessari tilskipun, eða útkomu formúlunnar sem er sett fram í þessari tilskipun og byggist á varfærniskröfum samkvæmt stoð 1 og stoð 2 og samanlagðri kröfu um eiginfjárauka.

12) Að því er varðar tiltekna banka í fremstu röð ættu skilastjórnvöld, með fyrirvara um skilyrði sem skilastjórnvaldið mun leggja mat á, að takmarka kröfu um lágmarksundirskipan við tiltekin mörk, einnig að teknu tilliti til hugsanlegrar hættu á að hafa óhófleg áhrif á viðskiptalíkan þessara stofnana. Þessi takmörkun ætti ekki að hafa áhrif á að hugsanlega verði gerð krafa um undirskipan sem er hærri en þessi mörk vegna kröfu um undirskipan samkvæmt stoð 2, einnig með fyrirvara um skilyrðin sem gilda um stoð 2, á grundvelli annarra viðmiðana, þ.e.a.s. annmarka á skilabærni eða hagkvæmni og trúverðugleika skilastefnunnar eða áhættusniðs stofnunarinnar.

13) Lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ættu að gera stofnunum og aðilum kleift að bera tap sem búast má við í skilameðferð eða á þeim tímapunkti þegar þær eru ekki rekstrarhæfar, eins og við á, og vera endurfjármagnaðar eftir að aðgerðum sem kveðið er á um í skilaáætluninni hefur verið hrundið í framkvæmd eða eftir skilameðferð skilasamstæðunnar. Skilastjórnvöld ættu, á grundvelli skilastefnunnar sem þau hafa valið, að rökstyðja á tilhlýðilegan hátt álagða fjárhæð lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og ættu að endurskoða þá fjárhæð, án ótilhlýðilegrar tafar, til að endurspegla allar breytingar á fjárhæð kröfunnar sem um getur í 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB. Álögð fjárhæð lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ætti þannig að vera samtala fjárhæðar þess taps sem vænst er í slitameðferðinni sem samsvarar eiginfjárkröfum stofnunarinnar eða aðilans og endurfjármögnunarfjárhæð sem gerir stofnuninni eða aðilanum kleift, eftir slitameðferð eða eftir að hafa beitt niðurfærslu- eða umbreytingarheimildunum, að uppfylla þær kröfur um eiginfjárgrunn sem eru nauðsynlegar til að fá

leyfi til að halda áfram starfsemi sinni samkvæmt þeirri skilastefnu sem hefur verið valin. Skilastjórnvaldið ætti að leiðrétta fjárhæð endurfjármögnunar til lækkunar eða hækkunar vegna allra breytinga sem stafa af þeim aðgerðum sem eru settar fram í skilaáætluninni.

14) Skilastjórnvaldið ætti að geta hækkað fjárhæð endurfjármögnunarinnar til að tryggja nægilegt traust markaðarins á stofnuninni eða aðilanum eftir að aðgerðunum í skilaáætluninni hefur verið hrundið í framkvæmd. Umbeðinn eiginfjárauki vegna trausts markaðarins ætti að gera stofnuninni eða aðilanum kleift að uppfylla áfram skilyrði fyrir starfsleyfi í viðeigandi tíma, m.a. með því að gera stofnuninni eða aðilanum kleift að standa straum af kostnaðinum sem tengist endurskipulagningu starfsemi hennar í kjölfar skilameðferðar og að viðhalda nægilegu trausti markaðarins. Ákvarða ætti eiginfjárauka vegna trausts markaðarins með vísan í hluta samanlagðrar kröfu vegna eiginfjárauka samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB. Skilastjórnvöld ættu að lækka fjárhæð eiginfjárauka vegna trausts markaðarins ef lægri fjárhæð er nægileg til að tryggja fullnægjandi traust markaðarins eða hækka fjárhæðina þegar hærri fjárhæð er nauðsynleg til að tryggja, í kjölfar aðgerða í skilaáætluninni, að aðilinn uppfylli áfram skilyrðin fyrir starfsleyfi sínu í viðeigandi tíma og til að viðhalda nægilegu trausti markaðarins.

15) Skilastjórnvöld ættu, í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075 ([8]), að rannsaka fjárfestagrunn gerninga einstakrar stofnunar eða aðila sem varða lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Ef verulegur hluti gerninga stofnunar eða aðila sem varða lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar er í eigu almennra fjárfesta sem hugsanlega hafa ekki fengið viðeigandi upplýsingar um áhættu sem skiptir máli, gæti það í sjálfu sér talist vera annmarki á skilabærni. Ef stór hluti gerninga einstakrar stofnunar eða aðila sem varða lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar er auk þess í eigu annarra stofnana eða aðila gætu kerfistengd áhrif niðurfærslu eða umbreytingar einnig talist vera annmarki á skilabærni. Ef skilastjórnvald kemst að raun um að annmarki sé á skilabærni sem er til kominn vegna stærðar og eðlis tiltekins fjárfestagrunns ætti það að geta lagt til við stofnun eða aðilann að hann bregðist við þeim annmarka.

16) Til að tryggja að almennir fjárfestar fjárfesti ekki úr hófi fram í tilteknum skuldagerningum sem eru hæfir fyrir lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ættu aðildarríki að tryggja að lágmarksnafnverð þess háttar gerninga sé tiltölulega hátt eða að fjárfesting í þess háttar gerningum sé ekki óhóflega stór hluti af eignasafni fjárfestisins. Krafa þessi ætti aðeins að gilda um gerninga sem eru gefnir út eftir dagsetningu lögleiðingar þessarar tilskipunar. Ekki er fjallað nægilega um þessa kröfu í tilskipun 2014/65/ESB og ætti hún því að vera framfylgjanleg samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB og ætti ekki að hafa áhrif á reglur um vernd fjárfesta sem kveðið er á um í tilskipun 2014/65/ESB. Ef skilastjórnvöld finna við skyldustörf sín sannanir sem varða hugsanleg brot á ákvæðum tilskipunar 2014/65/ESB ættu þau að geta skipst á trúnaðarupplýsingum við þau yfirvöld sem hafa eftirlit með háttsemi á markaði í því skyni að framfylgja þeirri tilskipun. Þá ættu aðildarríki einnig að geta takmarkað frekar markaðssetningu og sölu tiltekinna annarra gerninga til tiltekinna fjárfesta.

17) Til að auka skilabærni kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu ættu skilastjórnvöld að geta lagt á hverja stofnun fyrir sig lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar til viðbótar við lágmarkskröfur um heildartapþol sem eru settar fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Leggja ætti á þessar lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir hverja stofnun fyrir sig ef lágmarkskröfur um heildartapþol duga ekki til að standa straum af tapi og til að endurfjármagna kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu samkvæmt þeirri skilastefnu sem hefur verið valin.

18) Þegar skilastjórnvöld ákvarða fjárhæð lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ættu þau að huga að því hve kerfislega mikilvæg stofnunin eða aðilinn er og að hugsanlegum neikvæðum áhrifum sem gjaldþrot þeirra hefði á fjármálastöðugleika. Skilastjórnvöld ættu að taka tillit til nauðsynjar þess að skapa jöfn skilyrði milli kerfislega

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075 frá 23. mars 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina efni endurbótaáætlana, skilaáætlana og skilaáætlana samstæðu, lágmarksviðmiðin sem lögbært yfirvald á að meta að því er varðar endurbótaáætlanir og endurbótaáætlanir samstæðu, skilyrði fyrir fjárstuðningi við samstæðu, kröfur um óháða matsaðila, samningsbundna viðurkenningu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum, málsmeðferðir við og inntak tilkynningarskyldu og tilkynningar um frestun og rekstrarlega starfsemi skilaráðanna (Stjtíð. ESB L 184, 8.7.2016, bls. 1).

mikilvægra stofnana á alþjóðavísu og annarra sambærilegra stofnana eða aðila sem eru kerfislega mikilvægir innan Sambandsins. Lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stofnana og aðila sem eru ekki kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu en sem hafa kerfislegt mikilvægi í Sambandinu sem er sambærilegt kerfislægu mikilvægi kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu ættu því ekki víkja óhóflega frá fjárhæð og samsetningu lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem eru settar almennt fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu.

19) Stofnanir eða aðilar sem eru tilgreindir sem aðilar í skilameðferð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ættu aðeins að falla undir lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðustigi skilasamstæðu. Það þýðir að til að uppfylla lágmarkskröfur sínar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ættu aðilar í skilameðferð að vera skyldugir til að gefa út hæfa gerninga og liði til utanaðkomandi þriðju lánardrottna sem fengju eftirgjöf ef svo færi að aðilinn færi í skilameðferð.

20) Stofnanir eða aðilar sem eru ekki aðilar í skilameðferð ættu að hlíta lágmarkskröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á einingargrunni. Að jafnaði ættu aðilar í skilameðferð að mæta tapþols- og endurfjármögnunarþörfum stofnana eða aðila sinna með beinum eða óbeinum kaupum á eiginfjárgrunnsgerningum og gerningum hæfra skuldbindinga sem þessar stofnanir eða aðilar gefa út og með niðurfærslu þeirra eða umbreytingu í eignarhaldsgerninga á þeim tímapunkti þegar þessar stofnanir eða aðilar eru ekki lengur lífvænlegir. Þannig ætti að beita lágmarkskröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sem gilda um stofnanir eða aðila sem eru ekki aðilar í skilameðferð, saman og í samræmi við kröfurnar sem gilda um aðila í skilameðferð. Það ætti að gera skilastjórnvöldum kleift að taka skilasamstæðu til skilameðferðar án þess að taka tiltekin dótturfélög hennar til skilameðferðar og koma þannig í veg fyrir hugsanlega skaðleg áhrif á markaðinn. Beiting lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar gagnvart stofnunum eða aðilum sem eru ekki aðilar í skilameðferð ætti að fylgja þeirri skilastefnu sem hefur verið valin og ætti sér í lagi ekki að breyta eigendatengslum milli stofnana eða aðila og skilasamstæðu þeirra eftir að þessar stofnanir eða aðilar hafa verið endurfjármagnaðir.

21) Ef bæði aðilinn í skilameðferð, eða móðurfélagið, og dótturfélög þess hafa staðfestu í sama aðildarríki og eru hluti af sömu skilasamstæðu ætti skilastjórnvaldið að geta veitt undanþágu frá því að beita lágmarkskröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gilda um þau dótturfélög sem eru ekki aðilar í skilameðferð eða leyft þeim að uppfylla lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með veðtryggðum tryggingum milli móðurfélagsins og dótturfélaga þess sem hægt er að virkja innan tímamarka sem eru eins og þau sem gilda um niðurfærslu eða umbreytingu hæfra skuldbindinga. Veðið að baki tryggingunni ætti að vera mjög seljanlegt og markaðs- og útlánaáhætta þess ætti að vera í lágmarki.

22) Í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er kveðið á um að lögbær yfirvöld geti veitt undanþágu frá beitingu tiltekinna gjaldþols- og lausafjárkrafna fyrir lánastofnanir sem tengjast varanlega miðlægri stofnun („samstarfsnet“) ef tiltekin sértæk skilyrði eru uppfyllt. Skilastjórnvöld ættu, til að taka tillit til sérstakra eiginleika slíkra samstarfsneta, einnig að geta veitt undanþágu frá beitingu lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gilda um þess háttar lánastofnanir og miðlægu stofnunina við sambærileg skilyrði og þau sem eru sett fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ef lánastofnanir og miðlæga stofnunin hafa staðfestu í sama aðildarríki. Skilastjórnvöld ættu einnig að geta meðhöndlað lánastofnanir og miðlægu stofnunina sem eina heild þegar skilyrði fyrir skilameðferð eru metin með hliðsjón af séreinkennum kerfisins um samstöðu. Skilastjórnvöld ættu að geta tryggt að skilasamstæðan í heild hlíti utanaðkomandi lágmarkskröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á mismunandi hátt, allt eftir séreinkennum kerfisins um samstöðu hjá hverri samstæðu, með því að taka tillit til hæfra skuldbindinga aðila sem skilastjórnvöld, í samræmi við skilaáætlunina, gera kröfu um að gefi út gerninga sem eru hæfir fyrir lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar utan skilasamstæðunnar.

23) Til að tryggja viðeigandi stig lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að því er varðar skil ættu þau yfirvöld sem bera ábyrgð á að ákvarða stig lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að vera skilastjórnvald aðila í skilameðferð, skilastjórnvald á samstæðustigi, þ.e.a.s. skilastjórnvald endanlegs móðurfélags, og skilastjórnvöld annarra aðila skilasamstæðunnar. Allar deilur milli yfirvalda ættu að falla undir heimildir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([9]), með fyrirvara um skilyrðin og takmarkanirnar sem eru settar fram í þessari tilskipun.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

24) Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld ættu með viðeigandi hætti að fjalla um og ráða bót á öllum brotum á lágmarkskröfu um heildartapþol og á lágmarkskröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Þar eð brot á þessum kröfum gæti haft í för með sér annmarka á skilabærni stofnunar eða samstæðu ætti að stytta fyrirliggjandi málsmeðferð til að uppræta annmarka á skilabærni svo hægt sé að bregðast skjótt við hvers kyns brotum á kröfunum. Skilastjórnvöld ættu einnig að geta krafið stofnanir eða aðila um að breyta binditímastigi hæfra gerninga og liða og að undirbúa og framkvæma áform um að endurheimta stig þessara krafna. Skilastjórnvöld ættu einnig að geta bannað tilteknar útgreiðslur ef þau telja að stofnun eða aðili geti ekki uppfyllt samanlagða kröfu um eiginfjárauka samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB þegar hún er skoðuð í viðbót við lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.

25) Til að tryggja gagnsæja beitingu lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ættu stofnanir og aðilar að gefa lögbærum yfirvöldum sínum og skilastjórnvöldum skýrslu og ættu reglulega að birta opinberlega lágmarkskröfur sínar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, stig hæfra skuldbindinga og eftirgefanlegra skuldbindinga og samsetningu þessara skuldbindinga, m.a. binditímastig þeirra og forgangsröðun við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð. Að því er varðar stofnanir eða aðila sem fellur undir lágmarkskröfu um heildartapþol ætti að vera samræmi í tíðni skýrslugjafar til eftirlitsyfirvalda og birtingar um lágmarkskröfur fyrir hverja stofnun fyrir sig um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eins og kveðið er á um í þessari tilskipun og þær sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 575/2013 að því er varðar lágmarkskröfu um heildartapþol. Þótt heimila ætti fulla undanþágu eða undanþágu að hluta frá kvöðum um skýrslugjöf og birtingu fyrir tilgreindar stofnanir eða aðila í ákveðnum tilvikum sem eru tilgreind í tilskipun þessari, ættu slíkar undanþágur ekki að takmarka valdheimildir skilastjórnvalda til að óska eftir upplýsingum til að geta sinnt skyldustörfum sínum samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

26) Krafan um að samningsbundin viðurkenning á áhrifum eftirgjafarúrræðis skuli vera í samningum eða gerningum til grundvallar skuldbindingum sem falla undir lög þriðju landa ætti að auðvelda eða bæta ferli eftirgjafar þessara skuldbindinga ef til skilameðferðar kemur. Samningsbundið fyrirkomulag getur, þegar það er samið á réttan hátt og almennt notað, boðið nothæfa lausn í tilvikum um skilameðferð yfir landamæri þar til lögboðin nálgun samkvæmt lögum Sambandsins hefur verið mótuð eða hvatar til að velja lög aðildarríkis fyrir samninga hafa verið þróaðir eða lögboðnir viðurkenningarrammar til að auðvelda skilameðferð yfir landamæri hafa verið samþykktir í öllum lögsögum þriðju landa. Jafnvel þótt lögboðnir viðurkenningarrammar séu til staðar ætti fyrirkomulag um samningsbundna viðurkenningu að efla skilning lánardrottna samkvæmt samningsbundnu fyrirkomulagi, sem falla ekki undir lög aðildarríkis, á hugsanlegum skilaaðgerðum að því er varðar stofnanir eða aðila sem falla undir gildissvið laga Sambandsins. Þau tilvik gætu þó komið upp þar sem ógerlegt er fyrir stofnanir eða aðila að fella þessi samningsskilyrði inn í samninga eða gerninga til grundvallar tilteknum skuldbindingum, einkum skuldbindingum sem eru ekki undanskildar eftirgjafarúrræðinu samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB, tryggðum innstæðum eða eiginfjárgrunns-gerningum.

Til dæmis gæti, við tilteknar aðstæður, verið ógerlegt að fella ákvæði um samningsbundna viðurkenningu inn í skuldasamninga í tilvikum þar sem ólöglegt er samkvæmt lögum þriðja lands að stofnun eða aðili felli slík ákvæði inn í samninga eða gerninga til grundvallar skuldbindingum sem heyra undir lög þess þriðja lands ef stofnunin eða aðilinn hefur ekki heimild á einingarstigi til að breyta samningsskilmálunum þar sem þeir eru til komnir vegna alþjóðlegra bókana eða grundvallast á stöðluðum skilmálum sem hafa verið samþykktir á alþjóðavísu, eða ef skuldbindingin, sem myndi falla undir kröfuna um samningsbundna viðurkenningu, er háð samningsbroti eða leiðir af tryggingum, gagntryggingum eða öðrum gerningum sem eru notaðir í tengslum við viðskiptafjármögnun. Ef mótaðili neitar hins vegar að fallast á að vera bundinn af samningsbundnu viðurkenningarákvæði um eftirgjöf ætti ekki í sjálfu sér að líta á það sem ástæðu óframkvæmanleika. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 til að skilgreina nánar tilvik óframkvæmanleika. Þegar skilastjórnvaldið beitir þessum tæknilegu eftirlitsstöðlum og að teknu tilliti til sérstakra eiginleika hlutaðeigandi markaðar ætti það að tilgreina, ef það telur nauðsynlegt, flokka skuldbindinga þar sem ástæður fyrir óframkvæmanleika kunna að vera til staðar. Innan þess ramma ætti það að heyra undir stofnun eða aðila að ákvarða hvort það að fella viðurkenningarákvæði fyrir eftirgjöf inn í samning eða flokk samninga sé óframkvæmanlegt. Stofnanir og aðilar ættu að afhenda skilastjórnvöldum reglulegar uppfærslur til að þau geti fylgst með hvernig miði við framkvæmd samningsbundinna viðurkenningarskilmála.

Í þessu sambandi ættu stofnanir og aðilar að tilgreina samninga eða flokka samninga þar sem óframkvæmanlegt er að fella inn viðurkenningarákvæði fyrir eftirgjöf og tilgreina ástæðu fyrir þessu mati. Skilastjórnvöld ættu, innan hæfilegs tímaramma, að meta ákvörðun stofnunar eða aðila um að óframkvæmanlegt sé að fella samningsbundin viðurkenningarákvæði inn í skuldasamninga og að grípa til aðgerða til að ráða bót á röngu mati og annmörkum á skilabærni vegna þess að samningsbundin viðurkenningarákvæði hafi ekki verið tekin með. Stofnanir og aðilar ættu að vera undir það búin að rökstyðja ákvörðun sína óski skilastjórnvaldið þess. Til að tryggja að skilabærni stofnana og aðila verði ekki fyrir áhrifum ættu skuldbindingar, sem fela ekki í sér viðeigandi samningsbundin ákvæði, ekki að vera hæfar fyrir lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.

27) Gagnlegt og nauðsynlegt er að aðlaga valdheimildir skilastjórnvalda til að fresta tímabundið tilteknum samningsbundnum skyldum stofnana og aðila. Skilastjórnvald ætti einkum að geta beitt þeim valdheimildum áður en stofnun eða aðili er settur í skilameðferð, frá þeim tíma þegar ákvörðun er tekin um að stofnunin eða aðilinn sé á fallanda fæti, ef ráðstöfun í einkageiranum sem, að áliti skilastjórnvaldsins, myndi innan hæfilegs tímaramma koma í veg fyrir gjaldþrot stofnunarinnar eða aðilans, er ekki aðgengileg fyrirvaralaust og ef beiting þeirrar valdheimildar er talin nauðsynleg til komast hjá frekari hnignun fjárhagsstöðu stofnunarinnar eða aðilans. Í því samhengi ættu skilastjórnvöld að geta beitt þeim valdheimildum ef þau eru ekki sátt við fyrirhugaða ráðstöfun í einkageiranum sem er aðgengileg þegar í stað. Valdheimild til að fresta tilteknum samningsbundnum skyldum myndi einnig gera skilavöldum kleift að staðfesta hvort skilaaðgerð sé í almannaþágu, að velja viðeigandi skilaúrræði eða að tryggja skilvirka beitingu eins eða fleiri skilaúrræða. Gildistími frestunarinnar ætti að takmarkast tvo virka daga að hámarki. Frestunin gæti, upp að því hámarki, gilt áfram eftir að ákvörðun um skilameðferð hefur verið tekin.

28) Til að valdheimild til að fresta tilteknum samningsbundnum skyldum verði notuð með hóflegum hætti ættu skilastjórnvöld að eiga þess kost að taka tillit til kringumstæðna í hverju einstöku tilviki og ákvarða umfang frestunarinnar í samræmi við það. Enn fremur ættu þau að geta heimilað tilteknar greiðslur – einkum, en sem takmarkast þó ekki við, stjórnunarkostnað hlutaðeigandi stofnunar eða aðila – í hverju tilviki fyrir sig. Einnig ætti að vera hægt að beita frestunarheimildinni gagnvart tryggingarhæfum innstæðum. Skilastjórnvöld ættu þó að meta gaumgæfilega hvort viðeigandi sé að beita þeirri valdheimild gagnvart tilteknum tryggingarhæfum innstæðum, einkum tryggðum innstæðum í eigu einstaklinga, örfyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja og ættu að meta hættuna á því að frestunin, að því er varðar slíkar innstæður, myndi valda verulegri röskun á starfsemi fjármálamarkaða. Ef valdheimildinni til að fresta tilteknum samningsbundnum skuldbindingum er beitt að því er varðar tryggðar innstæður ætti ekki að líta svo á að þessar innstæður séu ótiltækar að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB ([10]). Til að tryggja að innstæðueigendur lendi ekki í fjárhagslegum erfiðleikum á frestunartímabilinu ættu aðildarríki að geta séð til þess að þeir fái leyfi til að taka út tiltekna fjárhæð á hverjum degi.

29) Á frestunartímabilinu ættu skilastjórnvöld einnig að íhuga þann möguleika, m.a. á grundvelli skilaáætlunarinnar fyrir stofnunina eða aðilann, að stofnunin eða aðilinn verði, þegar allt kemur til alls, ekki tekinn til skilameðferðar heldur til gjaldþrotaskipta samkvæmt innlendum lögum. Í tilvikum sem þeim ættu skilastjórnvöld að koma á því fyrirkomulagi sem þau telja við hæfi til að ná fram fullnægjandi samræmingu við viðkomandi landsyfirvöld og til að tryggja að frestunin skaði ekki skilvirkni slitameðferðarinnar.

30) Valdheimild til að fresta greiðslu- eða afhendingarskyldum ætti ekki að taka til skyldna gagnvart kerfum eða rekstraraðilum kerfa sem tilnefnd eru í samræmi við tilskipun 98/26/EB, seðlabönkum, miðlægum mótaðilum með starfsleyfi eða miðlægum mótaðilum þriðja lands sem evrópsk eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) hefur viðurkennt. Tilskipun 98/26/EB dregur úr áhættu tengdri þátttöku í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf, einkum með því að draga úr truflun ef til ógjaldfærni kemur hjá þátttakanda í þess háttar kerfi. Til að tryggja að þessar verndarráðstafanir virki á viðunandi hátt í krísuástandi og að um leið sé viðhaldið viðunandi öryggi fyrir rekstraraðila greiðslu- og uppgjörskerfa og aðra markaðsaðila, ætti að breyta tilskipun

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).

2014/59/ESB þannig að hún kveði á um að fyrirbyggjandi aðgerð, frestun skuldbindingar skv. 33. gr. a eða neyðaraðgerð skuli í sjálfu sér ekki teljast ógjaldfærnimeðferð í skilningi tilskipunar 98/26/EB að því tilskildu að efnislegar skuldbindingar samkvæmt samningnum séu áfram uppfylltar. Hins vegar hefur tilskipun 2014/59/ESB á engan hátt áhrif á rekstur kerfis sem tilnefnt er samkvæmt tilskipun 98/26/EB eða rétt á veðtryggingu sem tryggð er með þeirri tilskipun.

31) Lykilþáttur skilvirkrar skilameðferðar er að tryggja að þegar stofnanir eða aðilar, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eru teknir til skilameðferðar geti mótaðilar þeirra í fjármagnssamningum ekki sagt upp stöðum sínum aðeins vegna þess að stofnanir þessar eða aðilar eru teknir til skilameðferðar. Þá ættu skilastjórnvöld að hafa heimild til að fresta greiðslu- eða afhendingarskyldum sem eru á gjalddaga samkvæmt samningi við stofnun í skilameðferð og ættu hafa heimild til að takmarka, í takmarkaðan tíma, réttindi mótaðila til að ljúka fjárhagslegum samningum, flýta þeim eða rifta á annan hátt. Þær kröfur gilda ekki beint um samninga samkvæmt lögum þriðja lands. Ef ekki liggur fyrir lagarammi um viðurkenningu yfir landamæri ættu aðildarríki að krefjast þess að stofnanir og aðilar sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB setji samningsskilmála í viðeigandi fjárhagslega samninga sem viðurkenna að samningurinn kunni að falla undir beitingu valdheimilda sem skilastjórnvöld hafa til að fresta tilteknum greiðslu- og afhendingarskyldum, að takmarka framfylgd trygginga eða til að fresta uppsagnarréttindum og vera bundnar kröfunum í 68. gr. eins og ef fjárhagslegi samningurinn félli undir lög viðkomandi aðildarríkis. Kveða ætti á um slíka skyldu að því marki sem samningurinn fellur undir gildissvið þessara ákvæða. Þess vegna myndast ekki skylda til að fella inn samningsákvæðið að því er varðar 33. gr. a, 69., 70. og 71. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, t.d. í samninga við miðlæga mótaðila eða rekstraraðila kerfa sem eru tilnefnd að því er varðar tilskipun 98/26/EB, þar eð skilastjórnvöld hafa ekki valdheimildirnar samkvæmt þessum greinum að því er varðar þessa samninga jafnvel þótt þeir falli undir lög viðkomandi aðildarríkis.

32) Undanþága sérstakra skuldbindinga stofnana eða aðila frá beitingu eftirgjafarúrræðisins eða frá valdheimildinni til að fresta tilteknum greiðslu- og afhendingarskyldum, takmarka framfylgd trygginga eða fresta uppsagnarákvæðum tímabundið, eins og kveðið er á um í tilskipun 2014/59/ESB, ætti einnig að taka til skuldbindinga í tengslum við miðlæga mótaðila með staðfestu í Sambandinu og miðlæga mótaðila þriðja lands sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur viðurkennt.

33) Til að tryggja sameiginlegan skilning á hugtökum sem eru notuð í ýmsum lagagerningum er viðeigandi að fella inn í tilskipun 98/26/EB skilgreiningar og hugtök sem voru innleidd í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([11]) að því er varðar „miðlægan mótaðila“ og „þátttakanda“.

34) Tilskipun 98/26/EB dregur úr áhættu tengdri þátttöku stofnana og annarra aðila í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf, einkum með því að draga úr truflun ef til ógjaldfærni kemur hjá þátttakanda í þess háttar kerfi. Í 7. forsendu þeirrar tilskipunar er gert ljóst að aðildarríki hafi þann valkost að beita ákvæðum þeirrar tilskipunar gagnvart innlendum stofnunum sínum sem taka beinan þátt í kerfum sem heyra undir lög þriðja lands og gagnvart veðtryggingu sem er veitt í tengslum við þátttöku í þess háttar kerfum. Í ljósi hnattrænnar stærðar sumra kerfa og starfsemi innan þeirra sem falla undir lög þriðja lands og aukinnar þátttöku aðila með staðfestu í Sambandinu í þess háttar kerfum ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða hvernig aðildarríkin beita valkostinum sem fjallað er um í 7. forsendu þeirrar tilskipunar og meta þörfina á frekari breytingum á þeirri tilskipun að því er varðar þess háttar kerfi.

35) Til að auðvelda skilvirka beitingu valdheimilda til að minnka, færa niður eða umreikna liði í eiginfjárgrunni án þess að rjúfa varnir lánardrottna samkvæmt þessari tilskipun, ættu aðildarríki að tryggja að kröfur sem leiða af liðum eiginfjárgrunns séu lægri í forgangsröðinni en allar aðrar víkjandi kröfur við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð. Gerninga sem eru aðeins að hluta viðurkenndir sem eiginfjárgrunnur ætti þó að fara með sem kröfur sem leiða af eiginfjárgrunni

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

fyrir alla fjárhæð þeirra. Ástæða þess að gerningar eru viðurkenndir að hluta gæti t.d. verið beiting ákvæða sem kveða á um að eldri reglur gildi sem afskrá gerning að hluta eða beiting afskriftadagatalsins sem mælt er fyrir um að því er varðar gerninga þáttar 2 í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

36) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að mæla fyrir um samræmdar reglur um ramma fyrir endurheimt og skilameðferð stofnana og aðila, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

37) Til að aðildarríki geti fengið viðeigandi tíma til að leiða tilskipun þessa í landslög og beita henni ættu þau að fá átján mánuði frá þeim degi er hún öðlast gildi til að gera það. Hins vegar ætti að beita ákvæðum þessarar tilskipunar sem varða opinbera birtingu frá 1. janúar 2024 til að tryggja að stofnanir og aðilar í öllu Sambandinu fái viðeigandi frest til að ná þeim lágmarkskröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sem krafist er, á skipulegan hátt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2014/59/ESB

Tilskipun 2014/59/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5) „dótturfélag“: dótturfélag eins og það er skilgreint í 16. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og við beitingu 7., 12., 17., 18., 45. til 45. gr. m, 59. til 62. gr., 91. og 92. gr. í þessari tilskipun gagnvart skilasamstæðum, sem um getur í b-lið 83. liðar b í þessari málsgrein, tekur til, eftir því sem við á, lánastofnana, sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun, miðlægu stofnunarinnar sjálfrar og dótturfélaga þeirra, að teknu tilliti til þess hvernig þess háttar skilasamstæður fara að 3. mgr. 45. gr. e í þessari tilskipun,

5a) „mikilvægt dótturfélag“: mikilvægt dótturfélag, eins og það er skilgreint í 135. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,“.

b) Eftirfarandi liður bætist við:

„68a) „almennt eigið fé þáttar 1“: almennt eigið fé þáttar 1 eins og það er reiknað út í samræmi við 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,“.

c) Í 70. lið koma orðin „eftirgefanlegar skuldbindingar“ í stað orðanna „hæfar skuldbindingar“.

d) Í stað 71. liðar kemur eftirfarandi:

„71) „eftirgefanlegar skuldbindingar“: skuldbindingar og fjármagnsgerningar, sem uppfylla ekki skilyrði sem almennt eigið fé þáttar 1, viðbótareigiðfé þáttar 1 eða gerningar undir þætti 2 hjá stofnun eða aðila sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. og ekki eru undanskilin gildissviði eftirgjafarúrræðisins skv. 2. mgr. 44. gr.,

71a) „hæfar skuldbindingar“: eftirgefanlegar skuldbindingar sem uppfylla, eftir því sem við á, skilyrðin í 45. gr. b eða a-lið 2. mgr. 45. gr. f í þessari tilskipun og gerningar undir þætti 2 sem uppfylla skilyrðin í b-lið 1. mgr. 72. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

71b) „víkjandi hæfir gerningar“: gerningar sem uppfylla öll skilyrðin sem um getur í 72. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, þó ekki í 3. til 5. mgr. 72. gr. b í þeirri reglugerð,“.

e) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„83a) „aðili í skilameðferð“:

a) lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem, í samræmi við 12. gr., er auðkenndur af hálfu skilastjórnvaldsins sem aðili sem skilaaðgerðin í skilaáætluninni tekur til eða

b) stofnun sem er ekki hluti af samstæðu, sem fellur undir samstæðueftirlit skv. 111. og 112. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, og sem skilaáætlunin, sem var samin skv. 10. gr. þessarar tilskipunar, kveður á um skilaaðgerð í tengslum við,

83b) „skilasamstæða“:

a) aðili í skilameðferð og dótturfélög hans sem eru ekki:

i. sjálfir aðilar í skilameðferð,

ii. dótturfélög annarra aðila í skilameðferð eða

iii. aðilar með staðfestu í þriðja landi sem í samræmi við skilaáætlun eru ekki í skilasamstæðunni og dótturfélög þeirra eða

b) lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun og miðlæga stofnunin sjálf, þegar a.m.k. ein þessara lánastofnana eða miðlæga stofnunin er aðili í skilameðferð, og dótturfélög hvers um sig,

83c) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu“: kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu, eins og hún er skilgreind í 133. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,“.

f) Eftirfarandi liður bætist við:

„109) „samanlögð krafa um eiginfjárauka“: samanlögð krafa um eiginfjárauka eins og hún er skilgreind í 6. lið 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.“

2) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 6. mgr.:

„Endurskoðunin sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal fara fram eftir að skilaaðgerðum hefur verið hrundið í framkvæmd eða valdheimildum sem um getur í 59. gr. hefur verið beitt.

Þegar skilastjórnvaldið ákveður lokafrestinn, sem um getur í o- og p-lið 7. mgr. þessarar greinar við þær aðstæður sem um getur í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar skal það taka tillit til lokafrestsins til að fara að kröfunni sem um getur í 104. gr. b í tilskipun 2013/36/ESB.“

b) Í stað o- og p-liðar 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„o) kröfurnar sem um getur í 45. gr. e og 45. gr. f og lokafrestur til að ná því marki í samræmi við 45. gr. m,

p) ef skilastjórnvald beitir 4., 5. eða 7. mgr. 45. gr. b, tímalína fyrir hlítni aðila í skilameðferð í samræmi við 45. gr. m,“.

3) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu tryggja að skilastjórnvöld á samstæðustigi, ásamt skilastjórnvöldum dótturfélaga og að höfðu samráði við skilastjórnvöld mikilvægra útibúa að því marki sem slíkt skiptir máli fyrir mikilvæga útibúið, semji skilaáætlanir fyrir samstæðuna. Í skilaáætlun fyrir samstæðuna skulu tilgreindar ráðstafanir að því er varðar:

a) móðurfélag í Sambandinu,

b) dótturfélög sem eru hluti samstæðunnar og eru með staðfestu í Sambandinu,

c) aðilarnir sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. og

d) með fyrirvara um VI. bálk, dótturfélögin sem eru hluti af samstæðunni og eru með staðfestu utan Sambandsins.

Í samræmi við ráðstafanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skal skilaáætlunin fyrir hverja samstæðu tilgreina aðila í skilameðferð og skilasamstæður.“

b) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) setja fram til hvaða skilaaðgerða eigi að grípa vegna aðila í skilameðferð í sviðsmyndunum sem um getur í 3. mgr. 10. gr. og áhrifin af þessum skilaaðgerðum að því er varðar aðra aðila samstæðu sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr., móðurfélagið og dótturstofnanir,

aa) þegar samstæða samanstendur af fleiri en einum aðila í skilameðferð tilgreina til hvaða skilaaðgerða eigi að grípa fyrir aðila í skilameðferð í hverri skilasamstæðu og áhrifin af þessum aðgerðum á hvort tveggja af eftirfarandi:

i. aðra samstæðuaðila sem tilheyra sömu skilasamstæðu,

ii. aðrar skilasamstæður,

b) skoða að hvaða marki hægt er að beita skilaúrræði og nýta heimildir skilastjórnvalds á samræmdan hátt gagnvart aðilum í skilameðferð með staðfestu í Sambandinu, m.a. ráðstöfunum til að auðvelda kaup þriðja aðila á samstæðunni í heild eða aðgreindum viðskiptasviðum eða starfsemi sem nokkrir aðilar samstæðunnar hafa með höndum, sérstakir aðilar samstæðunnar eða aðilar í skilameðferð og greina hvers konar mögulega á annmörkum á samræmdri skilameðferð,“.

ii. Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) tilgreina hvers konar viðbótaraðgerðir, sem ekki er getið um í þessari tilskipun, sem viðkomandi skilastjórnvöld hyggjast grípa til í tengslum við aðilana í hverri skilasamstæðu,“.

4) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein í 4. mgr.:

„Ef samstæða samanstendur af fleiri en einni skilasamstæðu skal skipulagning skilaaðgerðanna sem um getur í aa-lið í 3. mgr. 12. gr. vera með sameiginlegri ákvörðun eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„Liggi sameiginleg ákvörðun skilastjórnvaldanna ekki fyrir innan fjögurra mánaða skal sérhvert skilastjórnvald sem ber ábyrgð á dótturfélagi og er ósammála skilaáætlun fyrir samstæðu taka eigin ákvörðun og, eftir því sem við á, tilgreina aðilann í skilameðferð og semja drög að og viðhalda skilaáætlun fyrir skilasamstæðuna sem samanstendur af aðilum sem falla undir lögsögu þess. Sérhver einstök ákvörðun skilastjórnvalda þar sem ekki er hreyft andmælum skal vera rökstudd að fullu, tilgreina ástæður fyrir ágreiningi um fyrirhugaða tillögu að skilaáætlun fyrir samstæðu og í henni skal tekið tillit til sjónarmiða og fyrirvara annarra skilastjórnvalda og lögbærra yfirvalda. Sérhvert skilastjórnvald skal tilkynna hinum aðilum skilaráðsins um ákvörðun sína.“

5) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars undirliðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Meta skal samstæðu skilabæra ef gerlegt og raunhæft er fyrir skilastjórnvöld annaðhvort að slíta samstæðueiningum samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð eða setja þá samstæðu í skilameðferð með því að beita skilaúrræðum og heimildum skilavalds gagnvart aðilum í skilameðferð í þeirri samstæðu og forðast um leið, að svo miklu leyti sem mögulegt er, að fjármálakerfi aðildarríkjanna, þar sem samstæðueiningarnar eða útibú eru staðsett, eða annarra aðildarríkja eða Sambandsins verði fyrir verulegum skaðlegum afleiðingum, þ.m.t. víðtækum fjármálaóstöðugleika eða kerfislægum atburðum, með það í huga að tryggja áframhald nauðsynlegra starfsþátta sem þessir samstæðuaðilar reka, þegar auðvelt er að aðskilja þá tímanlega, eða eftir öðrum leiðum.

Skilastjórnvöld á samstæðustigi skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni tímanlega þegar samstæða telst ekki vera skilabær.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4. Aðildarríki skulu tryggja að, ef samstæða samanstendur af fleiri en einni skilasamstæðu, meti yfirvöldin sem um getur í 1. mgr. skilabærni sérhverrar skilasamstæðu í samræmi við þessa grein.

Matið sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal framkvæmt til viðbótar við mat á skilabærni allrar samstæðunnar og skal það gert innan ákvarðanatökuferlisins sem mælt er fyrir um í 13. gr.“

6) Eftirfarandi grein bætist við:

„16. gr. a

Heimild til að banna tilteknar úthlutanir

1. Ef aðili er í þeirri stöðu að hann uppfyllir samanlögðu kröfuna um eiginfjárgrunn þegar hún er skoðuð til viðbótar við sérhverja kröfu sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 141. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB en uppfyllir ekki samanlögðu kröfuna um eiginfjárgrunn þegar hún er skoðuð til viðbótar við kröfurnar sem um getur í 45. gr. c og 45. gr. d í þessari tilskipun þegar þær eru reiknaðar út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. þessarar tilskipunar, skal skilastjórnvald þess aðila hafa heimild, í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar, til að banna aðila að úthluta meira en hámarksfjárhæð úthlutunar sem tengist lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, reiknaðri út í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, með einhverri eftirfarandi aðgerða:

a) framkvæma útgreiðslu í tengslum við almennt eigið fé þáttar 1,

b) skapa skyldu til að greiða breytileg starfskjör eða valkvæðan lífeyri eða greiða breytileg starfskjör ef skyldan til að greiða skapaðist þegar aðilinn uppfyllti ekki samanlögðu kröfuna um eiginfjárauka eða

c) inna af hendi greiðslur í tengslum við viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1.

Ef aðilinn er í þeirri stöðu sem um getur í fyrstu undirgrein skal hann þegar í stað tilkynna það skilastjórnvaldinu.

2. Skilastjórnvald aðilans skal, við þær aðstæður sem um getur í 1. mgr., að höfðu samráði við lögbært yfirvald og án óþarfa tafar, meta hvort það eigi að beita þeirri heimild sem um getur í 1. mgr., að teknu tilliti til allra eftirfarandi þátta:

a) ástæðu fyrir vanefndunum, tímalengdar hennar og umfangs og áhrifa hennar á skilabærni,

b) þróunar fjárhagsstöðu aðilans og hversu líklegt er að hann uppfylli, í fyrirsjáanlegri framtíð, skilyrðið sem um getur í a-lið 1. mgr. 32. gr.,

c) horfanna á að aðilinn geti tryggt að hann hlíti kröfunum sem um getur í 1. mgr. innan skynsamlegra tímamarka,

d) ef aðilinn getur ekki skipt út skuldbindingum sem uppfylla ekki lengur viðmiðin um hæfi eða binditíma sem mælt er fyrir um í 72. gr. b og 72. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða í 45. gr. b eða 2. mgr. 45. gr. f í þessari tilskipun, hvort þessi vangeta sé til komin vegna sérstakra aðstæðna eða vegna röskunar á markaðnum í heild,

e) hvort beiting valdheimildarinnar sem um getur í 1. mgr. sé hentugasta og hóflegasta leiðin til að takast á við stöðu aðilans, að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa hans á bæði skilyrði til fjármögnunar og skilabærni hlutaðeigandi aðila.

Skilastjórnvaldið skal endurtaka mat sitt á því hvort beita eigi valdheimildinni sem um getur í 1. mgr. a.m.k. í hverjum mánuði svo lengi sem aðilinn er áfram í þeirri stöðu sem um getur í 1. mgr.

3. Komist skilastjórnvaldið að því að aðilinn sé enn í þeirri stöðu sem um getur í 1. mgr. níu mánuðum eftir að aðilinn hefur tilkynnt slíka stöðu, skal skilastjórnvaldið, að höfðu samráði við lögbæra yfirvaldið, beita valdheimildinni sem um getur í 1. mgr., nema ef skilastjórnvaldið kemst að þeirri niðurstöðu, í kjölfar mats, að hið minnsta tvö af eftirfarandi skilyrðum séu uppfyllt:

a) vanskilin eru til kominn vegna alvarlegar röskunar á starfsemi fjármálamarkaða sem leiðir til víðtæks álags á marga hluta fjármálamarkaða,

b) röskunin sem um getur í a-lið veldur ekki aðeins auknu verðflökti á eiginfjárgrunnsgerningum og gerningum hæfra skuldbindinga aðilans eða auknum kostnaði fyrir aðilann, heldur leiðir hún einnig til algerrar lokunar markaða eða lokunar að hluta sem kemur í veg fyrir að aðilinn gefi út eiginfjárgerninga og gerninga hæfra skuldbindinga á þeim mörkuðum,

c) lokun markaða sem um getur í b-lið varðar ekki aðeins hlutaðeigandi aðila heldur einnig fjölda annarra aðila,

d) röskunin sem um getur í a-lið kemur í veg fyrir að hlutaðeigandi aðili geti gefið út eiginfjárgrunnsgerninga og gerninga hæfra skuldbindinga sem duga til að ráða bót á vanskilunum, eða

e) beiting valdheimildarinnar sem um getur í 1. mgr. leiðir til neikvæðra smitáhrifa á hluta bankageirans og grefur þar með hugsanlega undan fjármálastöðugleika.

Ef undantekningin sem um getur í fyrstu undirgrein á við skal skilastjórnvaldið tilkynna lögbæru yfirvaldi ákvörðun sína og skal útskýra mat sitt skriflega.

Skilastjórnvaldið skal í hverjum mánuði endurtaka mat sitt á því hvort undanþágan sem um getur í fyrstu undirgrein á við.

4. Hámarksfjárhæð til úthlutunar skal reiknuð með því að margfalda samtöluna sem er reiknuð út í samræmi við 5. mgr. með stuðlinum sem er ákvarðaður í samræmi við 6. mgr. Hámarksfjárhæð til úthlutunar skal lækkuð um hverja þá fjárhæð sem leiðir af þeim aðgerðum sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr.

5. Samtalan sem á að margfalda í samræmi við 4. mgr. skal samanstanda af:

a) öllum ársh lutahagnaði sem er ekki talinn með í almennu eigin fé þáttar 1 skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að frádregnum öllum úthlutuðum hagnaði eða öllum greiðslum sem eru til komnar vegna aðgerða sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. þessarar greinar,

auk

b) alls heilsárshagnaðar sem er ekki talinn með í almennu eigin fé þáttar 1 skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að frádregnum öllum úthlutuðum hagnaði eða öllum greiðslum sem eru til komnar vegna aðgerða sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. þessarar greinar,

að frádregnum

c) fjárhæðum sem myndu vera greiddar í skatta ef liðunum, sem eru tilgreindir í a- og b-lið þessarar málsgreinar, væri haldið eftir.

6. Stuðullinn sem um getur í 4. mgr. skal ákvarðaður sem hér segir:

a) ef almennt eigið fé þáttar 1, sem aðilinn viðheldur og er ekki notað til að uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í 92. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og í 45. gr. c og 45. gr. d í þessari tilskipun, gefið upp sem hlutfall af heildarfjárhæð áhættugrunns sem er reiknaður út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, er innan fyrsta (þ.e. lægsta) tekjufjórðungs samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar, skal stuðullinn vera 0,

b) ef almennt eigið fé þáttar 1, sem aðilinn viðheldur og er ekki notað til að uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í 92. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og í 45. gr. c og 45. gr. d í þessari tilskipun, gefið upp sem hlutfall af heildarfjárhæð áhættugrunns sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, er innan annars tekjufjórðungs samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar, skal stuðullinn vera 0,2,

c) ef almennt eigið fé þáttar 1, sem aðilinn viðheldur og er ekki notað til að uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í 92. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og í 45. gr. c og 45. gr. d í þessari tilskipun, gefið upp sem hlutfall af heildarfjárhæð áhættugrunns sem er reiknaður út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, er innan þriðja tekjufjórðungs samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar, skal stuðullinn vera 0,4,

d) ef almennt eigið fé þáttar 1, sem aðilinn viðheldur og er ekki notað til að uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í 92. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og í 45. gr. c og 45. gr. d í þessari tilskipun, gefið upp sem hlutfall af heildarfjárhæð áhættugrunns sem er reiknaður út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, er innan fjórða (þ.e. hæsta) tekjufjórðungs samanlagðrar kröfu um eiginfjárauka, skal stuðullinn vera 0,6,

Reikna skal út neðri og efri mörk samanlögðu kröfunnar um eiginfjárauka fyrir hvern tekjufjórðung eins og hér segir:

$$\text{Neðri mörk tekjufjórðungs} = \frac{\text{Samanlögð krafa um eiginfjárauka}}{4} \times (\mathrm{Q_n} - 1)$$

$$\text{Efri mörk tekjufjórðungs} = \frac{\text{Samanlögð krafa um eiginfjárauka}}{4} \times \mathrm{Q_n}$$

þar sem „Q_n“ = raðnúmer hlutaðeigandi tekjufjórðungs.“

7) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar skilastjórnvald hefur haft samráð við lögbært yfirvald, samkvæmt mati á skilabærni sem framkvæmt er fyrir aðila í samræmi við 15. og 16. gr., og kemst að þeirri niðurstöðu að verulegir annmarkar séu á skilabærni umrædds aðila, skuli skilastjórnvaldið tilkynna hlutaðeigandi aðila, lögbæru yfirvaldi og skilavöldum í þeirri lögsögu þar sem mikilvæg útibú eru staðsett, skriflega um niðurstöðu sína.“

b) Í stað 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðilinn skal, innan fjögurra mánaða frá viðtökudegi tilkynningarinnar og í samræmi við 1. mgr., leggja fram tillögur við skilastjórnvaldið um mögulegar ráðstafanir til að takast á við eða fjarlægja verulegar annmarka sem tilgreindir eru í tilkynningunni.

Aðilinn skal, innan tveggja vikna frá viðtökudegi tilkynningar í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, leggja fram tillögur við skilastjórnvaldið um mögulegar ráðstafanir og tímalínu fyrir framkvæmd þeirra til að tryggja að aðilinn fari að ákvæðum 45. gr. e eða 45. gr. f í þessari tilskipun og samanlagðri kröfu um eiginfjárauka, ef verulegur annmarki á skilabærni er vegna annarra hvorra eftirfarandi aðstæðna:

a) aðilinn uppfyllir samanlagða kröfu um eiginfjárauka þegar hún er skoðuð til viðbótar við sérhverja þær kröfur sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 141. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB, en hún uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárauka þegar hún er skoðuð til viðbótar við kröfurnar sem um getur í 45. gr. c og 45. gr. d í þessari tilskipun þegar þær eru reiknaðar í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. þessarar tilskipunar, eða

b) aðilinn uppfyllir ekki kröfurnar sem um getur í 92. gr. a og 494. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða kröfurnar sem um getur í 45. gr. c og 45. gr. d í þessari tilskipun.

Tímalínan fyrir framkvæmd ráðstafana sem lagðar voru til samkvæmt annarri undirgrein skal taka mið af ástæðunum verulegra annmarka.

Skilastjórnvaldið skal, að höfðu samráði við lögbært yfirvald, meta hvort ráðstafanirnar sem lagðar voru til samkvæmt fyrstu og annarri undirgrein séu nægilega skilvirkar til að takast á við eða fjarlægja þennan verulegan annmarka.

4. Ef skilastjórnvald kemst að raun um að ráðstafanirnar, sem aðili leggur til í samræmi við 3. mgr., dragi ekki úr umræddum annmörkum eða ryðji þeim úr vegi með árangursríkum hætti skulu þau krefjast þess að aðilinn, ýmist beint eða óbeint fyrir milligöngu lögbærs yfirvalds, geri aðrar ráðstafanir í staðinn sem geta náð þessu markmiði og tilkynna aðilanum skriflega um þessar ráðstafanir sem skal koma með tillögu um áætlun til að hlíta þeim innan eins mánaðar.

Þegar skilastjórnvaldið tilgreinir aðrar ráðstafanir í staðinn skal það sýna fram á hvernig ráðstafanirnar, sem aðilinn lagði til hefðu ekki getað rutt annmörkum á skilabærni úr vegi og hvernig hinar ráðstafanirnar, sem lagðar eru til í staðinn, væru við hæfi til að ryðja þeim úr vegi. Skilastjórnvaldið skal taka tillit til þeirrar ógnar sem þessar annmarkar á skilabærni eru við fjármálastöðugleika og til þess hvaða áhrif þessar ráðstafanir hafa á rekstur aðilans, stöðugleika hans og getu til að leggja sitt af mörkum til efnahagslífsins.“

c) Ákvæðum 5. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í a-, b-, d-, e-, g- og h-lið kemur orðið „aðili“ í stað orðsins „stofnun“.

ii. Eftirfarandi liður bætist við:

„ha) krefjast þess að stofnun eða aðili, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar, leggi fram áætlun um að uppfylla aftur kröfurnar í 45. gr. e eða 45. gr. f í þessari tilskipun, sett fram sem hlutfall af heildarfjárhæð áhættugrunns sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og, eftir atvikum, samanlagða kröfu um eiginfjárauka og kröfurnar sem um getur í 45. gr. e eða 45. gr. f í þessari tilskipun, sett fram sem hlutfall heildarmælistærðar áhættuskuldbindingar sem um getur í 429. gr. og 429. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,“.

iii. Í stað i-, j- og k-liðar kemur eftirfarandi:

„i) krefjast þess að stofnun eða aðili, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr., gefi út hæfar skuldbindingar til að uppfylla kröfurnar í 45. gr. e eða 45. gr. f,

j) krefjast þess að stofnun eða aðili, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr., geri aðrar ráðstafanir til að fara að lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. e eða 45. gr. f, þ.m.t. einkum að hann reyni að semja aftur um sérhverja hæfa skuldbindingu, viðbótareiginfjárgerning þáttar 1 eða gerning undir þætti 2 sem hann hefur gefið út, í því skyni að tryggja að sérhver ákvörðun skilastjórnvaldsins um að færa niður eða umreikna þessa skuldbindingu eða gerning yrði tekin í samræmi við gildandi lög í þeirri lögsögu sem þessi skuldbinding eða gerningur fellur undir,

ja) í því skyni að tryggja að áfram sé farið að 45. gr. e eða 45. gr. f, krefjast þess að stofnun eða aðili sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. breyti binditímastigi:

i. eiginfjárgrunnsgerninga, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds, og

ii. hæfra skuldbindinga sem um getur í 45. gr. b og í a-lið 2. mgr. 45. gr. f,

k) krefjast þess, þegar aðili er dótturfélag blandaðs eignarhaldsfélags, að blandaða eignarhaldsfélagið komi á, ef nauðsyn krefur, aðskildu eignarhaldsfélagi á fjármálasviði til að stjórna aðilanum í því skyni að greiða fyrir skilameðferð aðilans og til að komast hjá því að skilaúrræði og valdheimildir sem um getur í IV. bálki hafi skaðleg áhrif á þann hluta samstæðunnar sem ekki tengist fjármálum.“

d) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Skilastjórnvaldið skal, að höfðu samráði við lögbært yfirvald og tilnefnt þjóðhagsvarúðarlandsyfirvald og, ef við á, áður en nokkur ráðstöfun sem um getur í 4. mgr. er tilgreind, taka tilhlýðilegt tillit til hugsanlegra áhrifa þessara ráðstafana á þennan tiltekna aðila, á innri markaðinn fyrir fjármálaþjónustu og á fjármálastöðugleika í öðrum aðildarríkjum og í Sambandinu í heild.“

8) Í stað 1.–7. mgr. 18. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Skilastjórnvald á samstæðustigi og skilastjórnvöld dótturfélaga skulu, að höfðu samráði við samstarfshóp eftirlitsaðila og skilastjórnvöld í lögsögunni þar sem mikilvæg útibú eru staðsett, að því marki sem slíkt skiptir mikilvæga útibúið máli, skoða í sameiningu matið, sem gerð er krafa um skv. 16. gr., innan skilaráðsins og grípa til réttmætra aðgerða til að komast að sameiginlegri ákvörðun um beitingu ráðstafananna sem tilgreindar eru í samræmi við 4. mgr. 17. gr. í tengslum við alla aðila í skilameðferð og dótturfélög þeirra sem eru aðilar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og eru hluti samstæðunnar.

2. Skilastjórnvald á samstæðustigi skal, í samstarfi við eftirlitsaðila á samstæðugrunni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og í samræmi við 1. mgr. 25. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, semja og leggja skýrslu fyrir móðurfélagið í Sambandinu, skilastjórnvöld dótturfélaga sem skulu leggja hana fyrir dótturfélög sem falla undir valdsvið þeirra og skilastjórnvöld með lögsögu þar sem mikilvæg útibú eru staðsett. Vinna skal skýrsluna að höfðu samráði við lögbær yfirvöld og þar skal sett fram greining á verulegum annmörkum fyrir árangursríkri beitingu skilaúrræða og beitingu skilaheimilda í tengslum við samstæðuna og einnig í tengslum við skilasamstæður ef samstæða samanstendur af fleiri en einni skilasamstæðu. Í skýrslunni skal taka til athugunar áhrifin á viðskiptalíkan samstæðunnar og leggja til hvers konar hóflegar og markvissar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar eða viðeigandi, að mati skilastjórnvaldsins á samstæðustigi, til að ryðja þessum annmörkum úr vegi.

Ef annmarki á skilabærni samstæðunnar er til kominn vegna aðstæðna aðila innan samstæðu sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 17. gr., skal skilastjórnvaldið á samstæðustigi tilkynna mat sitt á þeirri hindrun til móðurfélagsins í Sambandinu, að höfðu samráði við skilastjórnvald aðilans í skilameðferð og skilastjórnvöld dótturstofnana hans.

3. Móðurfélaginu í Sambandinu er heimilt, innan fjögurra mánaða frá viðtökudegi skýrslunnar, að leggja fram athugasemdir og leggja til við skilastjórnvaldið á samstæðustigi að aðrar ráðstafanir verði gerðar til að ryðja úr vegi þeim annmörkum sem tilgreindir eru í skýrslunni.

Ef þeir annmarkar sem eru tilgreindir í skýrslunni eru vegna stöðu aðila í samstæðu sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 17. gr. þessarar tilskipunar skal móðurfélag í Sambandinu, innan tveggja vikna frá viðtökudegi tilkynningarinnar í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. þessarar greinar, leggja fram tillögu við skilastjórnvaldið á samstæðustigi um mögulegar ráðstafanir og tímalínu fyrir framkvæmd þeirra til að tryggja að aðili í samstæðu hlíti kröfunum sem um getur í 45. gr. e eða 45. gr. f í þessari tilskipun, settar fram sem hlutfall af heildarfjárhæð áhættugrunns sem er reiknuð út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og, eftir því sem við á, samanlagða kröfu um eiginfjárauka og kröfurnar sem um getur í 45. gr. e og 45. gr. f í þessari tilskipun, settar fram sem hlutfall heildarmælistærðar áhættuskuldbindingar sem um getur í 429. gr. og 429. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

Tímalínan fyrir framkvæmd ráðstafana sem lagðar voru til samkvæmt annarri undirgrein skal taka mið af ástæðum verulega annmarkans. Skilastjórnvaldið skal að höfðu samráði við lögbært yfirvald meta hvort þessar ráðstafanir séu nægilega skilvirkar til að bregðast við þessum verulega annmarka eða ryðja honum úr vegi.

4. Skilastjórnvald á samstæðustigi skal tilkynna eftirlitsaðila á samstæðugrunni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, skilastjórnvöldum dótturfélaga og skilastjórnvöldum í lögsögum þar sem mikilvæg útibú eru staðsett, að því marki sem slíkt skiptir mikilvæga útibúið máli, um sérhverja ráðstöfun sem móðurfélag í Sambandinu leggur til. Skilastjórnvöld á samstæðustigi og skilastjórnvöld dótturfélaganna skulu að höfðu samráði við lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld í þeirri lögsögu þar sem mikilvæg útibú eru staðsett gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að sameiginlegri ákvörðun innan skilaráðsins um að greina verulegar hindranir og, þegar nauðsyn krefur, mat á ráðstöfunum sem móðurfélagið í Sambandinu leggur til og ráðstöfunum sem yfirvöld gera kröfu um til að fást við annmarka eða fjarlægja þá og skal taka tillit til áhrifanna sem ráðstafanirnar kunna að hafa í öllum aðildarríkjum þar sem samstæðan starfar.

5. Taka skal sameiginlegu ákvörðunina innan fjögurra mánaða frá því að móðurfélagið í Sambandinu leggur fram athugasemdir. Hafi móðurfélagið í Sambandinu ekki lagt fram athugasemdir skal taka sameiginlegu ákvörðunina innan eins mánaðar frá lokum fjögurra mánaða tímabilsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr.

Taka skal sameiginlegu ákvörðunina um annmarka á skilabærni vegna stöðu sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 17. gr. innan tveggja vikna frá því að móðurfélagið í Sambandinu leggur fram athugasemdir í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

Sameiginlega ákvörðunin skal vera rökstudd og sett fram í skjali sem skilastjórnvald á samstæðugrunni lætur móðurfélaginu í Sambandinu í té.

Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt, að beiðni skilastjórnvalds, að aðstoða skilastjórnvöld við að komast að sameiginlegri ákvörðun í samræmi við c-lið annarrar málsgreinar 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Þegar sameiginleg ákvörðun liggur ekki fyrir innan viðeigandi tímabils sem um getur í 5. mgr. skal skilastjórnvaldið á samstæðustigi taka ákvörðun um viðeigandi ráðstafanir sem gera skal í samræmi við 4. mgr. 17. gr. á samstæðustigi.

Styðja skal ákvörðunina fullum rökum og í henni skal tekið mið af sjónarmiðum og fyrirvörum annarra skilastjórnvalda. Skilastjórnvald á samstæðustigi skal senda ákvörðunina til móðurfélags í Sambandinu.

Hafi skilastjórnvald, við lok viðeigandi tímabils sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, vísað málinu sem um getur í 9. mgr. þessarar greinar til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, skal skilastjórnvaldið á samstæðustigi fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kann að taka í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar og taka ákvörðun sína í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Viðeigandi tímabilið sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar skal teljast vera sáttatímabilið í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að loknu viðeigandi tímabilinu sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar eða eftir að sameiginlega ákvörðunin hefur verið tekin. Ákvörðun skilastjórnvaldsins á samstæðustigi gildir þegar ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar liggur ekki fyrir.

6a. Skilastjórnvald viðeigandi aðila í skilameðferð skal, þegar sameiginleg ákvörðun liggur ekki fyrir innan viðeigandi tímabilsins sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, taka eigin ákvörðun um viðeigandi ráðstafanir sem gera skal í samræmi við 4. mgr. 17. gr. á stigi skilasamstæðu.

Ákvörðunin sem um getur í fyrstu undirgrein skal vera að fullu rökstudd og skal taka tillit til sjónarmiða og fyrirvara skilastjórnvalda annarra aðila í sömu skilasamstæðu og skilastjórnvalds á samstæðustigi. Viðkomandi skilastjórnvald skal senda ákvörðunina til aðilans í skilameðferð.

Skilastjórnvald aðila í skilameðferð skal fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kann að taka, í samræmi við 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, og taka ákvörðun sína í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar ef eitthvert skilastjórnvald hefur vísað málinu, sem um getur í 9. mgr. þessarar greinar, til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 við lok viðeigandi tímabils sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar. Viðeigandi tímabilið sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar telst vera sáttatímabilið í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að loknu viðeigandi tímabilinu sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar eða eftir að sameiginlega ákvörðunin hefur verið tekin. Ákvörðun skilastjórnvalds aðila í skilameðferð gildir þegar ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar liggur ekki fyrir.

7. Þegar sameiginleg ákvörðun liggur ekki fyrir skulu skilastjórnvöld dótturfélaga sem eru ekki aðilar í skilameðferð taka ákvarðanir um viðeigandi ráðstafanir, sem dótturfélög skulu taka á einingargrunni í samræmi við 4. mgr. 17. gr.

Ákvörðunin skal að fullu rökstudd og í henni skal tekið tillit til sjónarmiða og fyrirvara annarra skilastjórnvalda. Senda skal ákvörðunina til hlutaðeigandi dótturfélags og til aðilans í skilameðferð í sömu skilasamstæðu, til skilastjórnvalds þess aðila í skilameðferð og, þegar annað skilastjórnvald á í hlut, til skilastjórnvalds á samstæðustigi.

Skilastjórnvald dótturfélagsins skal fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kann að taka, í samræmi við 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, og taka ákvörðun sína í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar ef eitthvert skilastjórnvald hefur vísað málinu, sem um getur í 9. mgr. þessarar greinar, til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, við lok viðkomandi tímabils sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar. Viðeigandi tímabilið sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar telst vera sáttatímabilið í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að loknu viðeigandi tímabilinu sem um getur í 5. gr. þessarar greinar eða eftir að sameiginlega ákvörðunin hefur verið tekin. Ákvörðun skilastjórnvalds dótturfélagsins gildir ef ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar liggur ekki fyrir.“

9) Í stað b-liðar í 1. mgr. 32. gr. kemur eftirfarandi:

„b) þegar tekið er mið af tímasetningu og öðrum aðstæðum sem skipta máli eru engar raunhæfar væntingar um að neinar aðrar ráðstafanir í einkageiranum, þ.m.t. ráðstafanir af hálfu stofnanaverndarkerfis eða eftirlitsaðgerðir, þ.m.t. snemmbærar inngripsráðstafanir, niðurfærsla eða umbreyting á viðkomandi fjármagnsgerningum og hæfum skuldbindingum í samræmi við 2. mgr. 59. gr., sem gerðar væru vegna stofnunar myndu koma í veg fyrir vanskil stofnunarinnar innan hæfilegs tímaramma,“.

10) Eftirfarandi greinar bætast við:

„32. gr. a

Skilyrði fyrir skilameðferð að því er varðar miðlæga stofnun og lánastofnanir sem varanlega tengjast miðlægri stofnun

Aðildarríki skulu tryggja að skilastjórnvöld geti gripið til skilaaðgerðar í tengslum við miðlæga stofnun og allar lánastofnanir sem tengjast henni varanlega og eru hluti af sömu skilasamstæðu þegar sú skilasamstæða hlítir í heild sinni skilyrðunum sem kveðið er á um í 1. mgr. 32. gr.

32. gr. b

Ógjaldfærnimeðferð að því er varðar stofnanir og aðila sem falla ekki undir skilaaðgerð

Aðildarríki skulu tryggja að stofnun eða aðili sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1.gr. og sem skilastjórnvaldið telur að uppfylli skilyrðin í a- og b-lið 1. mgr. 32. gr. en að skilaaðgerð væri ekki í þágu almannahagsmuna í samræmi við c-lið 1. mgr. 32. gr. skuli tekin til slitameðferðar með skipulegum hætti í samræmi við gildandi landslög.“

11) Í stað 2., 3., og 4. mgr. 33. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu tryggja að skilastjórnvöld grípi til skilaaðgerða í tengslum við aðila sem um getur í c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. þegar sá aðili uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 32. gr.

3. Ef dótturstofnanir blandaðs eignarhaldsfélags eru beint eða óbeint í eigu eignarhaldsfélags á fjármálasviði sem er milliliður skal í skilaáætluninni kveðið á um að eignarhaldsfélagið á fjármálasviði sem er milliliður sé tilgreint sem aðili í skilameðferð og aðildarríkin skulu tryggja að gripið sé til skilaaðgerða vegna skilasamstæðu í tengslum við eignarhalds-félag á fjármálasviði sem er milliliður. Aðildarríki skulu tryggja að skilastjórnvöld grípi ekki til skilaaðgerða vegna samstæðu í skilameðferð í tengslum við blandaða eignarhaldsfélagið.

4. Með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar og þrátt fyrir þá staðreynd að aðili sem um getur í c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 32. gr. er skilastjórnvöldum heimilt að grípa til skilaaðgerðar varðandi aðila sem um getur í c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) aðilinn er aðili í skilameðferð,

b) eitt eða fleiri dótturfélög aðilans sem eru stofnanir en ekki aðilar í skilameðferð hlíta skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 32. gr.,

c) eignir og skuldir dótturfélaganna sem um getur í b-lið eru slíkar að greiðsluþrot þessara dótturfélaga ógna skilasamstæðunni í heild og skilaaðgerð að því er varðar aðilann er nauðsynleg annaðhvort fyrir skilameðferð slíkra dótturfélaga sem eru stofnanir eða fyrir skilameðferð viðkomandi skilasamstæðu í heild.“

12) Eftirfarandi grein bætist við:

„33. gr. a

Heimild til að fresta tilteknum skyldum

1. Aðildarríki skulu tryggja að skilastjórnvöld, að höfðu samráði við lögbær yfirvöld, sem skulu svara tímanlega, hafi heimild til að fresta greiðslu- eða afhendingarskyldum samkvæmt samningi, sem stofnun eða aðili sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. er aðili að, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) staðfest hefur verið að stofnunin eða aðilinn stefni í greiðsluþrot eða líklegt sé að hann verði gjaldþrota skv. a-lið 1. mgr. 32. gr.,

b) ekki eru tafarlaust tiltækar neinar ráðstafanir í einkageiranum sem um getur í b-lið 1. mgr. 32. gr. sem myndu koma í veg fyrir greiðsluþrot stofnunarinnar eða aðilans,

c) beiting á heimild til frestunar er talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir að fjárhagsleg skilyrði stofnunarinnar eða aðilans versni frekar og

d) beiting heimildarinnar til frestunar er annaðhvort:

i. nauðsynleg til að komast að niðurstöðunni sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 32. gr. eða

ii. nauðsynleg til að velja viðeigandi skilaaðgerð eða til að tryggja skilvirka beitingu eins skilaúrræðis eða fleiri.

2. Heimildin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal ekki gilda um greiðslu- eða afhendingarskyldur vegna eftirfarandi:

a) kerfa og rekstraraðila kerfa sem eru tilnefndir í samræmi við tilskipun 98/26/EB,

b) miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi í Sambandinu skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og miðlægra mótaðila þriðja lands sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur viðurkennt skv. 25. gr. þeirrar reglugerðar,

c) seðlabanka.

Skilastjórnvöld skulu ákvarða gildissvið valdheimildarinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Skilastjórnvöld skulu einkum meta gaumgæfilega hvort viðeigandi sé að færa út frestunina svo að hún nái yfir tryggingarhæfar innstæður samkvæmt skilgreiningunni í 4. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/49/ESB, sérstaklega tryggðar innstæður í eigu einstaklinga og örfyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um, ef heimildinni til að fresta greiðslu- og afhendingarskyldum er beitt að því er varðar tryggingarhæfar innstæður, að skilastjórnvöld tryggi að innstæðueigendur hafi aðgang að viðeigandi fjárhæð úr þessum innstæðum á degi hverjum.

4. Frestunartímabilið skv. 1. mgr. skal vera eins stutt og kostur er og skal ekki vera lengra en það lágmarkstímabil sem skilastjórnvaldið telur nauðsynlegt fyrir það sem tilgreint er í c- og d-lið 1. mgr. og skal, hvað sem öðru líður, ekki vara lengur en frá birtingu tilkynningarinnar um frestun skv. 8. mgr. til miðnættis í aðildarríki skilastjórnvalds stofnunarinnar eða aðilans við lok viðskipta daginn eftir birtinguna.

Þegar frestunartímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein rennur út skal frestunin falla úr gildi.

5. Þegar valdheimildinni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar er beitt skulu skilastjórnvöld taka tillit til áhrifanna sem beiting þeirrar valdheimildar kynni að hafa á skipulega starfsemi fjármálamarkaða og taka tillit til gildandi landsreglna, svo og valdheimilda eftirlitsaðila og dómsyfirvalda, til að tryggja réttindi lánardrottna og jafna meðferð lánardrottna við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð. Skilastjórnvöld skulu einkum taka tillit til hugsanlegrar beitingar landsbundinnar ógjaldfærnimeðferðar gagnvart stofnun eða aðila vegna ákvörðunarinnar í c-lið 1. mgr. 32. gr. og skulu gera þær ráðstafanir sem þau telja viðeigandi til að tryggja nægilega samræmingu við innlend stjórnvöld eða dómsyfirvöld.

6. Ef greiðslu- eða afhendingarskyldum samkvæmt samningi er frestað skv. 1. mgr. skal fresta greiðslu- eða afhendingarskyldum mótaðila samningsins í jafnlangan tíma.

7. Greiðslu- eða afhendingarskylda sem hefði fallið í gjalddaga á frestunartímabilinu skal falla í gjalddaga um leið og frestunartímabilinu lýkur.

8. Aðildarríki skulu tryggja að skilastjórnvöld tilkynni stofnuninni eða aðilanum sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. og yfirvöldunum sem um getur í a- til -h-lið 2. mgr. 83. gr. án tafar þegar þau beita valdheimildinni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eftir að staðfest hefur verið að stofnunin stefni í greiðsluþrot eða líklegt sé að hún verði gjaldþrota skv. a-lið 1. mgr. 32. gr. og áður en ákvörðun um skilameðferð er tekin.

Skilastjórnvaldið skal birta eða tryggja birtingu á fyrirmælum eða gerningnum, sem veita heimild til að fresta skuldbindingum samkvæmt þessari grein, svo og á skilmálum og lengd frestunarinnar með þeim aðgerðum sem um getur í 4. mgr. 83. gr.

9. Þessi grein hefur ekki áhrif á ákvæði í lögum aðildarríkja sem veita valdheimildir til að fresta greiðslu- eða afhendingarskyldum stofnana og aðila sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar áður en ákvörðun er tekin um að þessar stofnanir eða aðilar séu á leið í greiðsluþrot eða líklegt sé að þeir verði gjaldþrota skv. a-lið 1. mgr. 32. gr. eða að fresta greiðslu- eða afhendingarskyldum stofnana eða aðila sem verður slitið samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð, og sem fara út fyrir gildissviðið og tímalengdina sem kveðið er á um í þessari grein. Slíkum valdheimildum skal beitt í samræmi við gildissviðið, tímalengdina og skilyrðin sem kveðið er á um í viðkomandi landslögum. Skilyrðin sem kveðið er á um í þessari grein hafa ekki áhrif á skilyrðin sem tengjast slíkri valdheimild til að fresta greiðslu- eða afhendingarskyldum.

10. Aðildarríki skulu tryggja að þegar skilastjórnvald beitir valdheimild til að fresta greiðslu- eða afhendingarskyldum að því er varðar stofnun eða aðila sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. skv. 1. mgr. þessarar greinar, geti skilastjórnvaldið einnig, á meðan frestunin er í gildi, beitt valdheimild til að:

a) takmarka að tryggðir lánardrottnar þeirrar stofnunar eða aðila framfylgi tryggingarréttindum í eignum þeirrar stofnunar eða aðila í jafnlangan tíma en í því tilviki skulu 2., 3. og 4. mgr. 70. gr. gilda og

b) fresta uppsagnarréttindum aðila að samningi við þá stofnun eða þann aðila í jafnlangan tíma en í því tilviki skulu 2. til 8. mgr. 71. gr. gilda.

11. Hafi skilastjórnvaldið, eftir að hafa tekið ákvörðun um að stofnun eða aðili sé á leið í greiðsluþrot eða líklegt sé að hann fari í greiðsluþrot skv. a-lið 1. mgr. 32. gr., beitt heimild til að fresta greiðslu- og afhendingarskyldum við þær aðstæður sem eru settar fram í 1. til 10. mgr. þessarar greinar og ef gripið er til skilaaðgerðar í kjölfarið að því er varðar þá stofnun eða aðila skal skilastjórnvaldið ekki beita heimildum sínum skv. 69. gr. (1. mgr.), 70. gr. (1. mgr.) eða 71. gr. (1. mgr.) að því er varðar þá stofnun eða aðila.“

13) Ákvæðum 36. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað orðsins „fjármagnsgerningar“ í 1. mgr. koma orðin „fjármagnsgerningar og hæfar skuldbindingar í samræmi við 59. gr.“

b) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað orðsins „fjármagnsgerningar“ koma orðin „fjármagnsgerningar og hæfar skuldbindingar í samræmi við 59. gr.“

ii. Í stað orðanna „hæfar skuldbindingar“ í d-lið koma orðin „eftirgefanlegar skuldbindingar“.

c) Í stað orðsins „fjármagnsgerningar“ í 5., 12. og 13. mgr. koma orðin „fjármagnsgerningar og hæfar skuldbindingar í samræmi við 59. gr.“

14) Ákvæðum 37. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað orðsins „fjármagnsgerningar“ í 2. mgr. koma orðin „fjármagnsgerningar og hæfar skuldbindingar“.

b) Í stað orðanna „hæfar skuldbindingar“ í a-lið 10. mgr. koma orðin „eftirgefanlegar skuldbindingar“.

15) Ákvæðum 44. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) skuldbindingar með sjö daga eftirstöðvatíma og eru skuld við kerfi eða rekstraraðila kerfa sem eru tilnefnd í samræmi við tilskipun 98/26/EB eða þátttakendur þeirra og leiða af þátttöku í slíku kerfi, eða miðlæga mótaðila með starfsleyfi í Sambandinu skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og miðlæga mótaðila þriðja lands sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur viðurkennt skv. 25. gr. þeirrar reglugerðar,“.

ii. Eftirfarandi liður bætist við:

„h) skuldbindingar gagnvart stofnunum eða aðilum sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. sem eru hluti af sömu skilasamstæðu án þess að vera sjálfir aðilar í skilameðferð, án tillits til binditíma þeirra, nema ef þessar skuldbindingar eru aftar í forgangsröðinni en venjulegar ótryggðar skuldbindingar samkvæmt viðkomandi landslögum sem gilda um hefðbundna ógjaldfærnimeðferð á dagsetningu lögleiðingar þessarar tilskipunar; í tilvikum þar sem sú undantekning gildir skal skilastjórnvald viðkomandi dótturfélags sem er ekki aðila í skilameðferð meta hvort fjárhæð liða sem fara að 2. mgr. 45. gr. f sé nægilega há til að styðja framkvæmd ákjósanlegu skilastefnunnar.“

iii. Í stað orðanna „hæfar skuldbindingar fyrir eftirgjafarúrræði“ í fimmtu undirgrein koma orðin „eftirgefanlegar skuldbindingar“.

b) Í stað annars undirliðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Skilastjórnvöld skulu meta vandlega hvort skuldbindingar gagnvart stofnunum eða aðilum sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr., sem eru hluti af sömu skilasamstæðu án þess að vera sjálfir aðilar í skilameðferð og sem eru ekki undanskildar beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda skv. h-lið 2. mgr. þessarar greinar, ættu að vera undanskildar eða undanskildir að hluta skv. a- til d-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar til að tryggja skilvirka framkvæmd skilastefnunnar.

Auka má umfang niðurfærslu eða umbreytingar, sem beitt er á aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar ef skilastjórnvald ákveður að undanskilja að öllu leyti eða að hluta eftirgefanlegar skuldbindingar eða flokk eftirgefanlegra skuldbindinga samkvæmt þessari málsgrein þannig að tekið sé tillit til slíkra undanþága, að því tilskildu að umfang niðurfærslu eða umbreytingar sem beitt er gagnvart öðrum eftirgefanlegum skuldbindingum uppfylli meginregluna sem mælt er fyrir um í g-lið 1. mgr. 34. gr.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Ef skilastjórnvald ákveður að undanskilja að öllu leyti eða að hluta eftirgefanlega skuldbindingu eða flokk eftirgefanlegra skuldbindinga samkvæmt þessari grein og tapið, sem skuldbinding þessi hefði átt að jafna út, hefur ekki verið flutt að fullu yfir til annarra lánardrottna, er heimilt að veita stofnun í skilameðferð framlag úr fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar til að gera annað eða hvorttveggja af eftirfarandi:

a) að mæta tapi sem eftirgefanlegar skuldbindingar hafa ekki borið og koma verðmæti hreinnar eignar stofnunarinnar í skilameðferð aftur á núllið í samræmi við a-lið 1. mgr. 46. gr.,

b) að kaupa hlutabréf eða aðra eignarhaldsgerninga eða fjármagnsgerninga í stofnun í skilameðferð til að endurfjármagna stofnunina í samræmi við b-lið 1. mgr. 46. gr.“

d) Í stað orðanna „hæfar skuldbindingar“ í a-lið 5. mgr. koma orðin „eftirgefanlegar skuldbindingar“.

16) Eftirfarandi grein bætist við:

„44. gr. a

Sala á víkjandi hæfum skuldbindingum til almennra fjárfesta

1. Aðildarríki skulu tryggja að seljandi hæfra skuldbindinga, sem uppfylla öll skilyrðin sem um getur í 72. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að undanskildum b-lið 1. mgr. 72. gr. a og 3. til 5. mgr. 72. gr. b í sömu reglugerð, selji almennum fjárfesti, eins og hann er skilgreindur í 11. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, aðeins slíkar skuldbindingar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) seljandi hefur gert hæfismat í samræmi við 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

b) seljandi hefur fullvissað sig um, á grundvelli matsins sem um getur í a-lið, að slíkar hæfar skuldbindingar henti þeim almenna fjárfesti,

c) seljandi skjalfestir að þær séu við hæfi í samræmi við 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar geta aðildarríki kveðið á um að skilyrðin sem mælt er fyrir um í a- til c-lið þeirrar undirgreinar skuli gilda gagnvart seljendum annarra gerninga sem uppfylla skilyrði þess að vera eiginfjárgrunnur eða eftirgefanlegar skuldbindingar.

2. Séu skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. uppfyllt og safn fjármálagerninga í eigu þess almenna fjárfestis fer ekki yfir 500 000 evrur þegar kaupin fara fram skal seljandinn tryggja, á grundvelli upplýsinga sem almenni fjárfestirinn veitir í samræmi við 3. mgr., að hvort tveggja eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt þegar kaupin fara fram:

a) heildarfjárhæðin sem almenni fjárfestirinn fjárfestir fer ekki yfir 10% af eignasafni fjármálagerninga þess viðskiptavinar í skuldbindingum sem um getur í 1. mgr.,

b) að upphafleg fjárhæð fjárfestingar í einum eða fleiri skuldbindingagerningum sem um getur í 1. mgr. sé a.m.k. 10 000 evrur.

3. Almenni fjárfestirinn skal veita seljandanum nákvæmar upplýsingar um eignasafn sitt af fjármálagerningum, þ.m.t. allar fjárfestingar í skuldbindingum sem um getur í 1. mgr.

4. Að því er 2. og 3. mgr. varðar skal eignasafn almenna fjárfestisins í fjármálagerningum taka til geymslufjár og fjármálagerninga en ekki til fjármálagerninga sem hafa verið veðsettir.

5. Aðildarríki geta, með fyrirvara um 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og þrátt fyrir kröfurnar sem eru settar fram í 1. til 4. mgr. þessarar greinar, ákveðið lágmarksnafnverð sem er a.m.k. 50 000 evrur fyrir skuldbindingar sem um getur í 1. mgr., að teknu tilliti til markaðsskilyrða og -venja í því aðildarríki svo og gildandi ráðstafana á sviði neytendaverndar innan lögsögu þess aðildarríkis.

6. Fari virði heildareigna aðila, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., sem hafa staðfestu í aðildarríki og falla undir kröfuna sem um getur í 45. gr. e, ekki yfir 50 milljarða evra getur það aðildarríki, þrátt fyrir kröfurnar sem eru settar fram í 1. til 5. mgr. þessarar greinar, aðeins beitt kröfunni sem er sett fram í b-lið 2. mgr. þessarar greinar.

7. Ekki skal krefjast þess að aðildarríki beiti þessari grein gagnvart skuldbindingum sem um getur í 1. mgr. og eru gefnar út fyrir 28. desember 2020.“

17) Eftirfarandi greinar koma í stað 45. gr.:

„45. gr.

Beiting og útreikningur á lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Aðildarríki skulu tryggja að stofnanir og aðilar sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. uppfylli ávallt kröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ef þess er krafist í og í samræmi við þessa grein og 45. gr. a til 45. gr. i.

2. Reikna skal kröfuna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við 3., 5. eða 7. mgr. 45. gr. c, eftir því sem við á, sem fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga og sem er gefin upp sem hundraðshluti af:

a) heildarfjárhæð áhættugrunns viðkomandi aðila sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og

b) heildarmælistærð áhættuskuldbindingar viðkomandi aðila sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, reiknaðri út í samræmi við 429. gr. og 429. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

45. gr. a

Undanþága frá lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Skilastjórnvöld skulu, þrátt fyrir 45. gr., undanskilja veðlánastofnanir sem eru fjármagnaðar með sértryggðum skuldabréfum og hafa ekki heimild samkvæmt landslögum til að taka við innlánum, frá kröfunni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 45. gr., að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þessar stofnanir verði teknar til slitameðferðar samkvæmt innlendri meðferð vegna ógjaldfærni eða annars konar meðferð sem mælt er fyrir um fyrir þær stofnanir og sem hrundið er í framkvæmd í samræmi við 38., 40. eða 42. gr. og

b) meðferðirnar sem um getur í a-lið tryggi að lánveitendur þessara stofnana, þ.m.t. handhafar sértryggðra skuldabréfa ef við á, muni bera tapið með þeim hætti sem uppfyllir markmið skilameðferðarinnar.

2. Stofnanir sem eru undanþegnar kröfunni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 45. gr. skulu ekki vera hluti samstæðunnar sem um getur í 1. mgr. 45. gr. e.

45. gr. b

Hæfar skuldbindingar fyrir aðila í skilameðferð

1. Skuldbindingar skulu aðeins teknar með í fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga aðila í skilameðferð ef þeir uppfylla skilyrðin sem um getur í eftirfarandi greinum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:

a) 72. gr. a,

b) 72. gr. b, að undanskildum d-lið 2. mgr., og

c) 72. gr. c.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, ef tilskipun þessi vísar í kröfurnar í 92. gr. a eða 92. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, að því er varðar þær greinar, skulu hæfar skuldbindingar samanstanda af hæfum skuldbindingum eins og þær eru skilgreindar í 72. gr. k í þeirri reglugerð og ákvarðaðar í samræmi við kafla 5a í I. bálki annars hluta þeirrar reglugerðar.

2. Skuldbindingar sem stafa af skuldagerningum með innbyggðum afleiðum, svo sem samsettum skuldaviðurkenningum, sem uppfylla skilyrðin í 1. mgr., að undanskildum l-lið 2. mgr. 72. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, skulu aðeins teknar með í fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga ef eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) höfuðstóll skuldbindingarinnar sem stafar af skuldagerningnum sé þekktur á útgáfudegi, sé fastur eða fari hækkandi og verði ekki fyrir áhrifum af innbyggðum afleiðuþætti og heildarfjárhæð skuldbindingarinnar sem stafar af skuldagerningnum, að meðtalinni innbyggðu afleiðunni, geti verið metinn daglega með tilvísun í virkan kaup- og sölumarkað fyrir sambærilegan gerning án útlánaáhættu, í samræmi við 104. og 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða

b) skuldagerningurinn feli í sér samningsskilmála þar sem tilgreint er að virði kröfunnar, við ógjaldfærni útgefandans og skilameðferð útgefandans, sé fast eða fari hækkandi og fari ekki yfir upphaflega, inngreidda fjárhæð skuldbindingarinnar.

Skuldagerningar sem um getur í fyrstu undirgrein, að meðtöldum innbyggðum afleiðum þeirra, skulu ekki falla undir skuldajöfnunarsamning og mat á slíkum gerningum ekki falla undir 3. mgr. 49. gr.

Skuldbindingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu aðeins teknar með í fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga að því er varðar þann hluta skuldbindingarinnar sem svarar til höfuðstóls sem um getur í a-lið þeirrar undirgreinar eða til hinnar föstu eða hækkandi fjárhæðar sem um getur í b-lið þeirrar undirgreinar.

3. Ef dótturfélag með staðfestu í Sambandinu gefur út skuldbindingar til núverandi hluthafa sem er ekki hluti af sömu skilasamstæðu, og það dótturfélag er hluti af sömu skilasamstæðu og aðilinn í skilameðferð, skulu þær skuldbindingar taldar með í fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga þess aðila í skilameðferð, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þær séu gefnar út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. f,

b) beiting heimildar til niðurfærslu eða umbreytingar í tengslum við þær skuldbindingar í samræmi við 50. eða 62. gr. hafi ekki áhrif á yfirráð aðilans í skilameðferð yfir dótturfélaginu,

c) þessar skuldbindingar fari ekki yfir fjárhæð sem er ákvörðuð með því að draga frá:

   i. summu útgefinna skuldbindinga, sem eru gefnar út til og keyptar af aðilanum í skilameðferð annaðhvort beint eða óbeint fyrir milligöngu annarra aðila í sömu skilasamstæðu og þá fjárhæð eiginfjárgrunns sem er gefinn út í samræmi við b-lið 2. mgr. 45. gr. f frá

   ii. fjárhæðinni sem krafist er í samræmi við 1. mgr. 45. gr. f.

4. Með fyrirvara um lágmarkskröfuna í 5. mgr. 45. gr. c eða a-lið 1. mgr. 45. gr. d, skulu skilastjórnvöld tryggja að hluti af kröfunni sem um getur í 45. gr. e, sem svarar til 8% af heildarskuldbindingunum, að meðtöldum eiginfjárgrunni, sé uppfylltur af hálfu aðila í skilameðferð sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða aðila í skilameðferð sem falla undir 5. eða 6. mgr. 45. gr. c með því að nota eiginfjárgrunn, víkjandi hæfa gerninga eða skuldbindingar eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar. Skilastjórnvaldið getur heimilað að minna en 8% heildarskuldbindinga, að meðtöldum eiginfjárgrunni, en þó meira en fjárhæðin sem leiðir af beitingu formúlunnar (1-(X1/X2)) × 8% af heildarskuldbindingum, að meðtöldum eiginfjárgrunni, sé uppfyllt af hálfu aðila í skilameðferð sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða aðila í skilameðferð sem falla undir 5. eða 6. mgr. 45. gr. c með því að nota eiginfjárgrunn, víkjandi hæfa gerninga eða skuldbindingar eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að öll skilyrðin sem eru sett fram í 3. mgr. 72. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 séu uppfyllt, þar sem, í ljósi lækkunarinnar sem er möguleg skv. 3. mgr. 72. gr. b í þeirri reglugerð:

X1 = 3,5% af heildarfjárhæð áhættugrunns, reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og

X2 = summa 18% af heildarfjárhæð áhættugrunns, reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og fjárhæð samanlagðrar kröfu um eiginfjárauka.

Ef beiting fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, að því er varðar aðila í skilameðferð sem falla undir 5. mgr. 45. gr. c, leiðir til kröfu sem er hærri en 27% af heildarfjárhæð áhættugrunns skal skilastjórnvaldið, að því er varðar hlutaðeigandi aðila í skilameðferð, takmarka þann hluta kröfunnar sem um getur í 45. gr. e, sem á að uppfylla með því að nota eiginfjárgrunn, víkjandi hæfa gerninga eða skuldbindingar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, við fjárhæð sem nemur 27% af heildarfjárhæð áhættugrunns, ef skilastjórnvaldið hefur metið að:

a) aðgangur að fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar teljist ekki vera valkostur við slit þess aðila í skilameðferð í skilaáætluninni og

b) ef a-liður á ekki við, geri krafan sem um getur í 45. gr. e aðila í skilameðferðinni kleift að uppfylla kröfurnar sem um getur í 5. mgr. 44. gr. eða 8. mgr. 44. gr., eftir atvikum.

Skilastjórnvaldið skal, við gerð matsins sem um getur í annarri undirgrein, einnig taka tillit til hættu á óhóflegum áhrifum á viðskiptalíkan hlutaðeigandi aðila í skilameðferð.

Önnur undirgrein þessarar málsgreinar gildir ekki að því er varðar aðila í skilameðferð sem falla undir 6. mgr. 45. gr. c.

5. Að því er varðar aðila í skilameðferð sem eru hvorki kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu né aðilar í skilameðferð sem falla undir 5. eða 6. mgr. 45. gr. c, getur skilastjórnvaldið ákveðið að hluta kröfunnar sem um getur í 45. gr. e, allt að 8% af heildarskuldbindingum aðilans, að meðtöldum eiginfjárgrunni, eða útkomu formúlunnar sem um getur í 7. mgr., eftir því hvort er hærra, sé mætt með eiginfjárgrunni, víkjandi hæfum gerningum eða skuldbindingum eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) skuldbindingar sem eru ekki víkjandi og um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar hafi sömu stöðu í forgangsröð í landsbundinni kröfuröð vegna ógjaldfærni og tilteknar skuldbindingar sem eru undanskildar beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda í samræmi við 2. mgr. 44. gr. eða 3. mgr. 44. gr.,

b) hætta sé á, vegna niðurstöðu áformaðrar beitingar niðurfærslu- og umbreytingarheimilda gagnvart skuldbindingum sem eru ekki víkjandi og sem eru ekki undanskildar beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda í samræmi við 2. mgr. 44. gr. og 3. mgr. 44. gr., að lánardrottnar með kröfur sem stafa af þessum skuldbindingum myndu verða fyrir meira tapi en þegar um er að ræða slit samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð,

c) fjárhæð eiginfjárgrunns og annarra víkjandi skuldbindinga fari ekki yfir þá fjárhæð sem er nauðsynleg til að tryggja að lánardrottnar sem um getur í b-lið verði ekki fyrir tapi sem er meira en það tap sem þeir myndu annars verða fyrir við slit samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð.

Þegar skilastjórnvaldið ákvarðar að innan flokks skuldbindinga sem felur í sér hæfar skuldbindingar sé fjárhæð skuldbindinganna sem eru undanskildar eða ástæða er til að ætla að verði undanskildar frá beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda, í samræmi við 2. mgr. 44. gr. eða 3. mgr. 44. gr., meiri en 10% af þeim flokki, skal skilastjórnvaldið meta áhættuna sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar.

6. Að því er varðar 4. 5. og 7. mgr. skulu afleiðuskuldbindingar reiknast með í heildarskuldbindingum á grundvelli þess að tekið er fullt tillit til greiðslujöfnunarréttar mótaðilans.

Eignfjárgrunnur aðila í skilameðferð sem er notaður til að fara að samanlagðri kröfu um eiginfjárauka skal vera hæfur til að fara að kröfunum sem um getur í 4., 5. og 7. mgr.

7. Þrátt fyrir 4. mgr. þessarar greinar getur skilastjórnvaldið ákveðið að krafan sem um getur í 45. gr. e í þessari tilskipun skuli uppfyllt af hálfu aðila í skilameðferð sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða aðila í skilameðferð sem falla undir 5. eða 6. mgr. 45. gr. c í þessari tilskipun með því að nota eiginfjárgrunn, víkjandi hæfa gerninga eða skuldbindingar eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar, að því marki sem summa þessa eiginfjárgrunns, gerninga og skuldbindinga, vegna skyldunnar til að hlíta samanlagðri kröfu um eiginfjárauka og kröfunum sem um getur í 92. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 5. mgr. 45. gr. c og 45. gr. þessarar tilskipunar, sé ekki hærri en það sem er hæst af:

a) 8% af heildarskuldbindingum aðilans, að meðtöldum eiginfjárgrunni, eða

b) fjárhæðinni sem kemur út úr beitingu formúlunnar Ax2+Bx2+C, ef A, B og C eru eftirfarandi fjárhæðir:

A = fjárhæðin sem stafar kröfunni sem um getur í c-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

B = fjárhæðin sem stafar af kröfunni sem um getur í 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB,

C = fjárhæðin sem stafar af samanlagðri kröfu um eiginfjárauka.

8. Skilastjórnvöld mega beita heimildinni sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar, að því er varðar aðila í skilameðferð sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða sem falla undir 5. eða 6. mgr. 45. gr. c og sem uppfylla eitt skilyrðanna sem eru sett fram í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, að hámarki á 30% af heildarfjölda allra aðila í skilameðferð sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða sem falla undir 5. eða 6. mgr. 45. gr. c og skilastjórnvaldið ákvarðar kröfuna sem um getur í 45. gr. e fyrir.

Skilastjórnvöld skulu taka skilyrðin til athugunar sem hér segir:

a) verulegir annmarkar á skilabærni hafa greinst í fyrra mati á skilabærni og annaðhvort:

i. hefur ekki verið gripið til neinna aðgerða til úrbóta eftir að ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 17. gr. í tímalínunni sem skilastjórnvaldið gerir kröfu um, voru gerðar, eða

ii. ekki er unnt að taka á tilgreindum, verulegum annmörkum með því að gera þær ráðstafanir sem um getur í 5. mgr. 17. gr. og beiting heimildarinnar sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar myndi að hluta eða að öllu leyti vega upp á móti neikvæðum áhrifum verulegra hindrana á skilabærni,

b) skilastjórnvaldið telur að hagkvæmni og trúverðugleiki ákjósanlegrar skilastefnu aðilans í skilameðferð sé takmarkaður, að teknu tilliti til stærðar aðilans, innri tengsla hans, eðlis, umfangs, áhættu og flækjustigs starfsemi hans, félagsforms og hluthafafyrirkomulags hans, eða

c) krafan sem um getur í 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB endurspeglar þá staðreynd að aðilinn í skilameðferð sem er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða sem fellur undir 5. eða 6. mgr. 45. gr. c í þessari tilskipun er, að því er áhættu varðar, í hópi efstu 20% stofnana sem skilastjórnvaldið ákvarðar kröfuna sem um getur í 1. mgr. 45. gr. þessarar tilskipunar fyrir.

Að því er varðar hlutfallið sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein skal skilastjórnvaldið námunda töluna sem kemur út úr útreikningnum upp að næstu heilu tölu.

Aðildarríki geta, með tilliti til sérkenna landsbundinna bankageira sinna, einkum fjölda aðila í skilameðferð sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða sem falla undir 5. eða 6. mgr. 45. gr. c, sem landsbundið skilastjórnvald ákvarðar kröfuna sem um getur í 45. gr. e fyrir, ákveðið að hlutfallið sem um getur í fyrstu undirgrein verði hærra en 30%.

9. Skilastjórnvaldið skal aðeins taka ákvarðanirnar sem um getur í 5. eða 7. mgr. eftir að hafa ráðfært sig við lögbært yfirvald.

Þegar skilastjórnvaldið tekur þær ákvarðanir skal það einnig taka tillit til:

a) dýptar markaðarins fyrir eiginfjárgrunnsgerninga og víkjandi hæfa gerninga aðilans í skilameðferð, verðlagningar slíkra gerninga, ef þeir eru fyrir hendi, og þess tíma sem þarf til að framkvæma nauðsynleg viðskipti til að hlíta ákvörðuninni,

b) fjárhæðar gerninga hæfra skuldbindinga sem uppfylla öll skilyrði sem um getur í 72. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með eftirstöðvatíma sem er skemmri en eitt ár frá dagsetningu ákvörðunarinnar, með það í huga að gera megindlegar leiðréttingar á kröfunum sem um getur 5. og 7. mgr. þessarar greinar,

c) aðgengis að og fjárhæðar gerninga sem uppfylla öll skilyrði sem um getur í 72. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, önnur en í d-lið í 2. mgr. 72. gr. b í þeirri reglugerð,

d) þess hvort fjárhæð skuldbindinga sem eru undanskildar beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda í samræmi við 2. eða 3. mgr. 44. gr. og sem, í hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð, eru á sama stað eða aftar en fremstu hæfu skuldbindingarnar í forgangsröðinni, sé veruleg í samanburði við eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar aðilans í skilameðferð. Fari fjárhæð undanskilinna skuldbindinga ekki yfir 5% af fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga aðilans í skilameðferð skal líta svo á að undanskilda fjárhæðin sé ekki veruleg. Ef farið er yfir þau viðmiðunarmörk skulu skilastjórnvöld meta mikilvægi undanskilinna skuldbindinga,

e) viðskiptalíkans aðilans í skilameðferð, fjármögnunarlíkans hans og áhættusniðs, ásamt stöðugleika og getu til að leggja sitt af mörkum til efnahagslífsins, og

f) áhrifanna af hugsanlegum kostnaði við endurskipulagningu á endurfjármögnun aðilans í skilameðferð.

45. gr. c

Ákvörðun lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Skilastjórnvaldið skal ákvarða kröfuna sem um getur í 1. mgr. 45. gr., að höfðu samráði við lögbæra yfirvaldið, á grundvelli eftirfarandi viðmiðana:

a) þarfarinnar á að tryggja að ljúka megi skilum á skilasamstæðunni með beitingu skilaúrræða gagnvart aðilanum í skilameðferð, þ.m.t. og eftir því sem við á eftirgjafarúrræðisins, með þeim hætti að samræmist markmiðum skilameðferðar,

b) þarfarinnar á að tryggja, eftir því sem við á, að aðilinn í skilameðferð og dótturfélög hans, sem eru stofnanir eða aðilar sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. en eru ekki aðilar í skilameðferð, hafi nægan eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar til að tryggja að, ef eftirgjafarúrræðinu eða niðurfærslu- og umbreytingarheimildum, eftir því sem við á, yrði beitt gagnvart þeim, væri hægt að bera tapið og að mögulegt sé að koma heildareiginfjárhlutfalli og, eftir atvikum, vogunarhlutfalli, viðkomandi aðila aftur á það stig sem nauðsynlegt er til að þeir geti áfram uppfyllt skilyrðin fyrir starfsleyfi og annast áfram þá starfsemi sem þeir hafa starfsleyfi fyrir samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB eða tilskipun 2014/65/ESB,

c) þarfarinnar á að tryggja að, ef gert er ráð fyrir þeim möguleika í skilaáætlun að tilteknir flokkar hæfra skuldbindinga verði undanskildir eftirgjöf, skv. 3. mgr. 44. gr. þessarar tilskipunar, eða verið fluttir að fullu til móttakanda samkvæmt hlutaframsali, sé aðilinn í skilameðferð með nægilegan eiginfjárgrunn og aðrar hæfar skuldbindingar til að bera tap og til að koma heildareiginfjárhlutfalli sínu og, eftir atvikum, vogunarhlutfalli sínu, aftur á það stig sem nauðsynlegt er til að hann geti áfram uppfyllt skilyrðin fyrir starfsleyfi og annast þá starfsemi sem hann hefur starfsleyfi fyrir samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB eða tilskipun 2014/65/ESB,

d) stærðar, viðskiptalíkans, fjármögnunarlíkans og áhættusniðs aðilans,

e) þess að hvaða marki vanskil aðilans myndu hafa skaðleg áhrif á fjármálastöðugleika, þ.m.t. vegna smitáhrifa til annarra stofnana eða aðila sem stafa af samtengingu aðilans við aðrar stofnanir eða aðila eða við aðra hluta fjármálakerfisins.

2. Ef skilaáætlun kveður á um að grípa verði til skilaaðgerðar eða að beita skuli heimild til að færa niður og umbreyta viðkomandi fjármagnsgerningum og hæfum skuldbindingum, í samræmi við 59. gr. í samræmi við þá sviðsmynd sem um getur í 3. mgr. 10. gr., skal krafan sem um getur í 1. mgr. 45. gr. vera jafnhá fjárhæð sem nægir til að tryggja að:

a) aðilinn taki að fullu á sig tapið sem vænst er að hann stofni til („tapþol“),

b) aðila í skilameðferð og dótturfélög hans, sem eru stofnanir eða aðilar sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. en eru ekki aðilar í skilameðferð, séu endurfjármagnaðir að því marki sem nauðsynlegt er til að gera þeim kleift að uppfylla áfram skilyrðin fyrir starfsleyfi og að halda áfram þeirri starfsemi sem þeir hafa starfsleyfi fyrir samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB, tilskipun 2014/65/ESB, eða jafngildri lagagerð, í viðeigandi tíma sem er ekki lengri en eitt ár („endurfjármögnun“).

Ef skilaáætlunin kveður á um að aðilanum verði slitið samkvæmt hefðbundinni málsmeðferð vegna ógjaldfærni eða annarri jafngildri málsmeðferð skal skilastjórnvaldið meta hvort réttlætanlegt sé að takmarka kröfuna sem um getur í 1. mgr. 45. gr. fyrir þann aðila þannig að hann fari ekki yfir fjárhæð sem nægir til að bera tap í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar.

Skilastjórnvaldið skal í mati sínu einkum meta takmörkunina sem um getur í annarri undirgrein að því er varðar hugsanleg áhrif á fjármálastöðugleika og hættuna á smitáhrifum í fjármálakerfinu.

3. Að því er varðar aðila í skilameðferð skal fjárhæðin sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. vera eftirfarandi:

a) að því er varðar útreikning á kröfunni sem um getur í 1. mgr. 45. gr., í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr., summa:

   i. fjárhæðar þess taps sem verður borið við skilameðferð og samsvarar kröfunum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB, fyrir aðila í skilameðferð á samstæðustigi skilasamstæðu, og

   ii. endurfjármögnunarfjárhæðar sem gerir skilasamstæðu, vegna skilameðferðarinnar, kleift að uppfylla aftur kröfuna um heildareiginfjárhlutfall sem um getur í c-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og kröfu hennar sem um getur í 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB á samstæðustigi skilasamstæðu eftir að ákjósanlegu skilastefnunni hefur verið hrundið í framkvæmd, og

b) að því er varðar útreikning á kröfunni sem um getur í 1. mgr. 45. gr., í samræmi við b-lið 2. mgr. 45. gr., summu:

   i. fjárhæðar þess taps sem verður borið í skilameðferð og samsvarar kröfunni um vogunarhlutfall aðilans í skilameðferð sem um getur í d-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á samstæðustigi skilasamstæðu og

   ii. endurfjármögnunarfjárhæðar sem gerir skilasamstæðu, vegna skilameðferðarinnar, kleift að uppfylla aftur kröfuna um vogunarhlutfall sem um getur í d-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á samstæðustigi skilasamstæðu eftir að ákjósanlegu skilastefnunni hefur verið hrint í framkvæmd.

Krafan sem um getur í 1. mgr. 45 gr. skal, að því er varðar a-lið 2. mgr. 45. gr., gefin upp sem hundraðshluti sem sú fjárhæð sem er reiknuð út í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, deilt með heildarfjárhæð áhættugrunns.

Krafan sem um getur í 1. mgr. 45. gr. skal, að því er varðar b-lið 2. mgr. 45. gr., gefin upp sem hundraðshluti sem sú fjárhæð sem er reiknuð út í samræmi við b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, deilt með heildarmælistærð áhættuskuldbindingar.

Skilastjórnvaldið skal, þegar það ákvarðar einstakar kröfur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, taka tillit til krafnanna sem um getur í 37. gr. (10. mgr.), 44. gr. (5. mgr.) og 44. gr. (8. mgr.).

Skilastjórnvaldið skal, þegar það ákvarðar fjárhæðir endurfjármögnunar sem um getur í fyrri undirgreinum:

a) nota nýjasta tilgreinda virði viðkomandi heildarfjárhæðar áhættugrunns eða heildarmælistærðar áhættuskuldbindingar, leiðrétt vegna breytinga sem stafa af skilaaðgerðum sem eru settar fram í skilaáætluninni, og

b) að höfðu samráði við lögbæra yfirvaldið, leiðrétta fjárhæðina sem samsvarar núgildandi kröfu sem um getur í 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB til lækkunar eða hækkunar til að ákvarða kröfuna sem á að gilda gagnvart aðilanum í skilameðferð eftir að ákjósanlegu skilastefnunni hefur verið hrundið í framkvæmd.

Skilastjórnvaldinu skal vera kleift að hækka kröfuna í ii. lið a-liðar fyrstu undirgreinar með viðeigandi fjárhæð sem er nauðsynleg til að tryggja að aðilinn geti, að skilameðferð lokinni, viðhaldið fullnægjandi tiltrú markaðarins í tilskilinn tíma, sem skal ekki vara lengur en eitt ár.

Ef sjötta undirgrein þessarar málsgreinar á við, skal fjárhæðin sem um getur í þeirri undirgrein vera jafnhá samanlagðri kröfu um eiginfjárauka sem á að gilda eftir að skilaúrræðunum hefur verið beitt, að frádreginni fjárhæðinni sem um getur í a-lið 6. liðar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Fjárhæðin sem um getur í sjöttu undirgrein þessarar málsgreinar skal leiðrétt til lækkunar ef skilastjórnvaldið, að höfðu samráði við lögbært yfirvald, ákvarðar að það væri gerlegt og trúverðugt að lægri fjárhæð væri nægileg til að viðhalda tiltrú markaðarins og til að tryggja bæði samfellu í mikilvægustu efnahagslegu starfsemi stofnunarinnar eða aðilans sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. og aðgang hans að fjármagni án þess að fá sérstakan opinberan fjárstuðning annan en framlög úr fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar, í samræmi við 5. og 8. mgr. 44. gr. og 2. mgr. 101 gr., eftir að skilastefnunni hefur verið hrundið í framkvæmd. Sú fjárhæð skal leiðrétt til hækkunar ef skilastjórnvaldið ákvarðar, að höfðu samráði við lögbæra yfirvaldið, að hærri fjárhæð sé nauðsynleg til að viðhalda fullnægjandi tiltrú markaðarins og til að tryggja bæði samfellu í mikilvægustu efnahagslegu starfsemi stofnunarinnar eða aðilans sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. og aðgang hans að fjármagni án þess að fá sérstakan opinberan fjárstuðning annan en framlög úr fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar, í samræmi við 5. og 8. mgr. 44. gr. og 2. mgr. 101. gr., í viðeigandi tíma sem skal ekki vara lengur en eitt ár.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreind er aðferðin sem skilastjórnvöld munu nota til að meta kröfuna sem um getur í 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB og samanlagða kröfu um eiginfjárauka fyrir aðila í skilameðferð á samstæðustigi skilasamstæðu ef skilasamstæðan fellur ekki undir þær kröfur samkvæmt þeirri tilskipun.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Að því er varðar aðila í skilameðferð sem falla ekki undir 92. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og sem eru hluti af skilasamstæðu með heildareignir yfir 100 milljarða evra, skal umfang kröfunnar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar a.m.k. vera jafnt og:

a) 13,5% þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr., og

b) 5% þegar hún er reiknuð út í samræmi við b-lið 2. mgr. 45. gr.

Þrátt fyrir 45. gr. b skulu aðilar í skilameðferð, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, uppfylla kröfuna sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar sem er jöfn 13,5% þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. og 5% þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. með því að nota eiginfjárgrunn, víkjandi hæfa gerninga eða skuldbindingar eins og um getur í 3. mgr. 45. gr. b í þessari tilskipun.

6. Skilastjórnvald getur, að höfðu samráði við lögbæra yfirvaldið, ákveðið að beita kröfunum sem mælt er fyrir um í 5. mgr. þessarar greinar gagnvart aðila í skilameðferð sem fellur ekki undir 92. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og sem er hluti af skilasamstæðu með heildareignir sem eru lægri en 100 milljarðar evra og sem skilastjórnvaldið hefur metið sem fremur líklega til að valda kerfisáhættu ef til greiðsluþrots hans kemur.

Þegar skilastjórnvald tekur ákvörðun, eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skal það taka tillit til:

a) hlutar innlána og skorts á skuldagerningum í fjármögnunarlíkaninu,

b) að hvaða marki aðgangur að fjármagnsmörkuðum fyrir hæfar skuldbindingar er takmarkaður,

c) að hvaða marki aðilinn í skilameðferð reiðir sig á almennt eigið fé þáttar 1 til að uppfylla kröfuna sem um getur í 45. gr. e.

Það að ekki liggi fyrir ákvörðun samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar greinar hefur ekki áhrif á ákvarðanir skv. 5. mgr. 45. gr. b.

7. Að því er varðar aðila sem sjálfar eru ekki aðilar í skilameðferð skal fjárhæðin sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. vera eftirfarandi:

a) að því er varðar útreikning á kröfunni sem um getur í 1. mgr. 45. gr., í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr., summa:

   i. fjárhæðar þess taps sem verður borið og sem samsvarar kröfum aðilans sem um getur í c-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB, og

   ii. endurfjármögnunarfjárhæðar sem gerir aðilanum kleift að uppfylla aftur kröfuna um heildareiginfjárhlutfall sem um getur í c-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og kröfuna sem um getur í 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB eftir beitingu heimildar til að færa niður eða umbreyta viðkomandi fjármagnsgerningum og hæfum skuldbindingum í samræmi við 59. gr. þessarar tilskipunar eða eftir skilameðferð skilasamstæðunnar, og

b) að því er varðar útreikning á kröfunni sem um getur í 1. mgr. 45. gr., í samræmi við b-lið 2. mgr. 45. gr., summu:

   i. fjárhæðar þess taps sem verður borið og sem samsvarar kröfunni um vogunarhlutfall aðilans sem um getur í d-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og

   ii. endurfjármögnunarfjárhæðar sem gerir aðilanum kleift að uppfylla aftur kröfuna um vogunarhlutfall sem um getur í d-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eftir beitingu heimildar til að færa niður eða umbreyta viðkomandi fjármagnsgerningum og hæfum skuldbindingum í samræmi við 59. gr. þessarar tilskipunar eða eftir skilameðferð skilasamstæðunnar.

Krafan sem um getur í 1. mgr. 45 gr. skal, að því er varðar a-lið 2. mgr. 45. gr., sett fram sem hundraðshluti sem sú fjárhæð sem er reiknuð út í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, deilt með fjárhæð heildaráhættugrunns.

Krafan sem um getur í 1. mgr. 45. gr. skal, að því er varðar b-lið 2. mgr. 45. gr., gefin upp sem hundraðshluti sem sú fjárhæð sem er reiknuð út í samræmi við b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, deilt með heildarmælistærð áhættuskuldbindingar.

Skilastjórnvaldið skal, þegar það ákvarðar einstakar kröfur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, taka tillit til krafnanna sem um getur í 37. gr. (10. mgr.), 44. gr. (5. mgr.) og 44. gr. (8. mgr.).

Skilastjórnvaldið skal, þegar það ákvarðar fjárhæðir endurfjármögnunar sem um getur í fyrri undirgreinum:

a) nota nýjasta tilgreinda virði viðkomandi heildarfjárhæðar áhættugrunns eða heildarmælistærðar áhættuskuldbindingar, leiðrétt vegna breytinga sem stafa af skilaaðgerðum sem eru settar fram í skilaáætluninni, og

b) leiðrétta, að höfðu samráði við lögbæra yfirvaldið, fjárhæðina sem samsvarar gildandi kröfu sem um getur í 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB til lækkunar eða hækkunar til að ákvarða kröfuna sem á að gilda um viðkomandi aðila eftir beitingu heimildar til að færa niður eða umbreyta viðkomandi fjármagnsgerningum og hæfum skuldbindingum í samræmi við 59. gr. þessarar tilskipunar eða eftir skilameðferð skilasamstæðunnar.

Skilastjórnvaldinu skal vera kleift að hækka kröfuna í ii. lið a-liðar fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar um viðeigandi fjárhæð sem er nauðsynleg til að tryggja að aðilinn geti, eftir beitingu heimildar til að færa niður eða umbreyta viðkomandi fjármagnsgerningum og hæfum skuldbindingum í samræmi við 59. gr., viðhaldið fullnægjandi tiltrú markaðarins í viðeigandi tíma, sem skal ekki vara lengur en eitt ár.

Ef sjötta undirgrein þessarar málsgreinar gildir skal fjárhæðin sem um getur í þeirri undirgrein vera jafnhá samanlagðri kröfu um eiginfjárauka sem á að gilda eftir beitingu heimildarinnar sem um getur í 59. gr. þessarar tilskipunar eða eftir skilameðferð skilasamstæðu, að frádreginni fjárhæðinni sem um getur í a-lið 6. liðar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Fjárhæðin sem um getur í sjöttu undirgrein þessarar málsgreinar skal leiðrétt til lækkunar ef skilastjórnvaldið ákvarðar, að höfðu samráði við lögbært yfirvald, að gerlegt og raunhæft væri að lægri fjárhæð væri nægileg til að viðhalda tiltrú markaðarins og til að tryggja bæði samfellu í mikilvægustu efnahagslegu starfsemi stofnunarinnar eða aðilans sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. og aðgang hans að fjármagni án þess að fá sérstakan opinberan fjárstuðning annan en framlög úr fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar, í samræmi við 5. og 8. mgr. 44. gr. og 2. mgr. 101. gr., eftir beitingu heimildarinnar sem um getur í 59. gr. eða eftir skilameðferð skilasamstæðunnar. Sú fjárhæð skal leiðrétt til hækkunar ef skilastjórnvaldið ákvarðar, að höfðu samráði við lögbæra yfirvaldið, að hærri fjárhæð sé nauðsynleg til að viðhalda fullnægjandi tiltrú markaðarins og til að tryggja bæði samfellu í mikilvægustu efnahagslegu starfsemi stofnunarinnar eða aðilans sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. og aðgang hans að fjármagni án þess að fá sérstakan opinberan fjárstuðning annan en framlög frá fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar, í samræmi við 5. og 8. mgr. 44. gr. og 2. mgr. 101. gr., í viðeigandi tíma sem skal ekki vara lengur en eitt ár.

8. Ef skilastjórnvaldið væntir þess að tilteknir flokkar hæfra skuldbindinga séu líklegir til að vera að fullu, eða að hluta, undanskildir eftirgjöf skv. 3. mgr. 44. gr. eða kynnu að vera færðir til viðtakanda að fullu samkvæmt yfirfærslu að hluta, skal kröfunni sem um getur í 1. mgr. 45. gr. mætt með notkun eiginfjárgrunns eða annarra hæfra skuldbindinga sem nægja til að:

a) ná yfir fjárhæð undanskilinna skuldbindinga sem hafa verið auðkenndar í samræmi við 3. mgr. 44. gr.,

b) tryggja að skilyrðin, sem um getur í 2. mgr., séu uppfyllt.

9. Allar ákvarðanir skilastjórnvaldsins um að setja lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar samkvæmt þessari grein skulu tilgreina ástæðurnar fyrir þeirri ákvörðun, þ.m.t. fullt mat á þáttunum sem um getur í 2. til 8. mgr. þessarar greinar, og skilastjórnvaldið skal endurskoða þær án ótilhlýðilegrar tafar til að þær endurspegli allar breytingar á umfangi kröfunnar sem um getur í 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB.

10. Að því er 3. og 7. mgr. þessarar greinar varðar skal túlka eiginfjárkröfur í samræmi við beitingu lögbærs yfirvalds á umbreytingarákvæðum sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 4. kafla I. bálks tíunda, hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í þeim ákvæðum í landslöggjöf þar sem nýttir eru möguleikarnir sem sú reglugerð veitir lögbærum yfirvöldum.

45. gr. d

Ákvörðun lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir aðila í skilameðferð sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og mikilvæg dótturfélög í Sambandinu þar sem móðurfélögin eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu í þriðju löndum

1. Krafan sem um getur í 1. mgr. 45. gr., að því er varðar aðila í skilameðferð sem er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða hluti af kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu, skal samanstanda af eftirfarandi:

a) kröfunum sem um getur í 92. gr. a og 494. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, og

b) öllum viðbótarkröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem skilastjórnvaldið hefur ákvarðað sérstaklega í tengslum við þann aðila í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

2. Krafan sem um getur í 1. mgr. 45. gr. að því er varðar mikilvægt dótturfélag í Sambandinu þar sem móðurfélagið er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu í þriðja landi skal samanstanda af eftirfarandi:

a) kröfunum sem um getur í 92. gr. b og 494. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og

b) öllum viðbótarkröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem skilastjórnvaldið hefur ákvarðað sérstaklega í tengslum við það mikilvæga dótturfélag í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, sem verður að ná með því að nota eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin í 45. gr. f og 2. mgr. 89. gr.

3. Skilastjórnvaldið skal aðeins gera frekari kröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem um getur í b-lið 1. mgr. og b-lið 2. mgr.:

a) ef krafan sem um getur í a-lið 1. mgr. eða a-lið 2. mgr. þessarar greinar dugir ekki til að uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í 45. gr. c, og

b) að því marki sem skilyrðin, sem eru sett fram í 45. gr. c, eru uppfyllt.

4. Ef fleiri en einn aðili sem tilheyrir sömu kerfislega mikilvægu stofnun á alþjóðavísu eru aðilar í skilameðferð skulu viðkomandi skilastjórnvöld, að því er varðar 2. mgr. 45. gr. h, reikna út fjárhæðina sem um getur í 3. mgr.:

a) fyrir hvern aðila í skilameðferð,

b) fyrir móðurfélagið í Sambandinu eins og hún væri eini aðilinn í skilameðferð í kerfislega mikilvægu stofnuninni á alþjóðavísu.

5. Sérhver ákvörðun skilastjórnvaldsins um að gera frekari kröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. b-lið 1. mgr. þessarar greinar eða b-lið 2. mgr. þessarar greinar skal hafa að geyma ástæðurnar fyrir þeirri ákvörðun, þ.m.t. fullt mat á þeim þáttum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, og skal skilastjórnvaldið endurskoða hana án ótilhlýðilegrar tafar til að endurspegla allar breytingar á umfangi þeirrar kröfu sem um getur í 104. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB sem gildir um skilasamstæðu eða mikilvægt dótturfélag í Sambandinu þar sem móðurfélagið er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu í þriðja landi.

45. gr. e

Beiting lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar gagnvart aðilum í skilameðferð

1. Aðila í skilameðferð skulu fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í 45. gr. b til 45. gr. d á samstæðugrunni skilasamstæðu.

2. Skilastjórnvaldið skal ákvarða kröfuna sem um getur í 1. mgr. 45. gr. að því er varðar aðila í skilameðferð á samstæðustigi skilasamstæðu í samræmi við 45. gr. h, á grundvelli krafnanna sem mælt er fyrir um í 45. gr. b til 45. gr. d og á grundvelli þess hvort dótturfélög samstæðunnar í þriðju löndum verði tekin til skilameðferðar hvert fyrir sig samkvæmt skilaáætluninni.

3. Að því er varðar skilasamstæður í samræmi við b-lið 83. liðar b í 1. mgr. 2. gr. skal viðkomandi skilastjórnvald ákveða, með hliðsjón af eiginleikum kerfisins um samstöðu og ákjósanlegu skilastefnunnar, hvaða aðilum í skilasamstæðunni verði gert að hlíta 3. og 5. mgr. 45. gr. c og 1. mgr. 45. gr. d, til að tryggja að skilasamstæðan í heild sinni fari að 1. og 2. mgr. þessarar greinar og hvernig slíkir aðilar eigi að gera það í samræmi við skilastefnuna.

45. gr. f

Beiting lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar gagnvart aðilum sem eru ekki sjálfir aðilar í skilameðferð

1. Stofnanir sem eru dótturfélög aðila í skilameðferð eða aðilar í þriðja landi en eru sjálfir ekki aðilar í skilameðferð skulu hlíta kröfunum sem mælt er fyrir um í 45. gr. c á einingargrunni.

Skilastjórnvaldi er heimilt, að höfðu samráði við lögbært yfirvald, að ákveða að beita kröfunni sem mælt er fyrir um í þessari grein gagnvart aðila sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. sem er dótturfélag aðila í skilameðferð en er sjálf ekki aðili í skilameðferð.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu móðurfélög í sambandinu, sem eru sjálf ekki aðilar í skilameðferð en eru dótturfélög aðila í skilameðferð í þriðja landi, hlíta kröfunum sem mælt er fyrir um í 45. gr. c og 45. gr. d á samstæðugrunni.

Að því er varðar skilasamstæður sem eru tilgreindar í samræmi við b-lið 83. liðar b í 1. mgr. 2. gr., skulu þær lánastofnanir sem tengjast varanlega miðlægri stofnun en eru sjálfar ekki aðilar í skilameðferð, miðlæg stofnun sem er sjálf ekki aðili í skilameðferð og allir aðilar í skilameðferð sem falla ekki undir kröfu skv. 3. mgr. 45. gr. e, hlíta 7. mgr. 45. gr. c á einingargrunni.

Ákvarða skal kröfuna sem um getur í 1. mgr. 45. gr., að því er varðar aðila sem um getur í þessari málsgrein, í samræmi við 45. gr. h og 89. gr., eftir atvikum, og á grundvelli krafnanna sem mælt er fyrir um í 45. gr. c.

2. Kröfunni sem um getur í 1. mgr. 45. gr. að því er varðar aðila sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal mætt með einu eða fleiru af eftirfarandi:

a) skuldbindingum:

i. sem gefnar eru út til og keyptar af aðilanum í skilameðferð annaðhvort beint eða óbeint fyrir milligöngu annarra aðila í sömu skilasamstæðu sem keyptu skuldbindingarnar af aðilanum sem fellur undir þessa grein, eða sem gefnar eru út til og keyptar af fyrirliggjandi hluthafa sem er ekki hluti af sömu skilasamstæðu svo fremi sem beiting niðurfærslu- eða umbreytingarheimilda í samræmi við 59. til 62. gr. hafi ekki áhrif á yfirráð aðilans í skilameðferð yfir dótturfélaginu,

ii. sem uppfylla hæfisviðmiðunina sem um getur í 72. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, að frátöldum b-, c-, k-, l- og m-lið 2. mgr. 72. gr. b og 3.–5. mgr. 72. gr. b í þeirri reglugerð,

iii. sem eru aftar í forgangsröðinni, í hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð, en skuldbindingar sem uppfylla ekki skilyrðin sem um getur í i-lið og sem eru ekki hæfar vegna krafna um eiginfjárgrunn,

iv. sem falla undir niðurfærslu- og umbreytingarheimildir í samræmi við 59. til 62. gr. á þann hátt sem er í samræmi við skilastefnu skilasamstæðunnar, einkum með því að hafa ekki áhrif á yfirráð aðilans í skilameðferð í dótturfélaginu,

v. sem aðilinn, sem fellur undir þessa grein, fjármagnaði ekki eignarhaldið á beint eða óbeint,

vi. sem stjórnast af ákvæðum sem gefa ekki til kynna með beinum eða óbeinum hætti að aðilinn, sem fellur undir þessa grein, mundi kaupa, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa fyrir gjalddaga, eftir atvikum, í öðrum tilvikum en við ógjaldfærni eða skiptameðferð þess aðila og sá aðili tilgreinir það ekki á annan hátt,

vii. sem stjórnast af ákvæðum sem veita eigandanum ekki rétt til að flýta áformaðri greiðslu vaxta eða höfuðstóls í framtíðinni nema í tilvikum þar sem um er að ræða ógjaldfærni eða skiptameðferð aðilans sem fellur undir þessa grein,

viii. þar sem umfangi vaxta- eða arðgreiðslna, eftir atvikum, sem eru á gjalddaga er ekki breytt á grundvelli lánshæfis aðilans sem fellur undir þessa grein eða móðurfélags hans,

b) eiginfjárgrunni, sem hér segir:

i. almennu eigin fé þáttar 1, og

ii. öðrum eiginfjárgrunni sem:

— er gefinn út til og keyptur af aðilum sem eru í sömu skilasamstæðu eða

— er gefinn út til og keyptur af aðilum sem eru ekki í sömu skilasamstæðu svo fremi sem beiting niðurfærslu- eða umbreytingarheimilda í samræmi við 59. til 62. gr. hafi ekki áhrif á yfirráð aðilans í skilameðferð yfir dótturfélaginu.

3. Skilastjórnvaldi dótturfélags sem er ekki aðili í skilameðferð er heimilt að falla frá því að beita þessari grein gagnvart dótturfélagi þegar:

a) bæði dótturfélagið og aðilinn í skilameðferð hafa staðfestu í sama aðildarríki og eru hluti af sömu skilasamstæðu,

b) aðila í skilameðferð hlítir kröfunni sem um getur í 45. gr. e,

c) engar núverandi eða fyrirsjáanlegar mikilvægar rekstrarlegar eða lagalegar hindranir eru á skjótri yfirfærslu á eiginfjárgrunni eða endurgreiðslu skuldbindinga frá aðilanum í skilameðferð til dótturfélagsins sem ákvörðun hefur verið tekin um í samræmi við 3. mgr. 59. gr., einkum ef gripið er til skilaaðgerðar að því er varðar aðilann í skilameðferð,

d) aðilinn í skilameðferð uppfyllir skilyrði lögbærs yfirvalds um varfærna stjórnun dótturfélagsins og hefur gefið yfirlýsingu, með samþykki lögbæra yfirvaldsins, um að hann ábyrgist skuldbindingar dótturfélagsins, eða áhætta dótturfélagsins telst óveruleg,

e) aðferðir aðilans í skilameðferð við að meta, mæla og hafa eftirlit með áhættu ná til dótturfélagsins,

f) aðilinn í skilameðferð ræður yfir meira en 50% atkvæðisréttar sem fylgir hlutum í hlutafé dótturfélagsins eða hefur rétt til að tilnefna eða leysa frá störfum meirihluta aðila í stjórn dótturfélagsins.

4. Skilastjórnvaldi dótturfélags, sem er ekki aðili í skilameðferð, er einnig heimilt að falla frá því að beita ákvæðum þessarar greinar gagnvart umræddu dótturfélagi þegar:

a) bæði dótturfélagið og móðurfélag þess hafa staðfestu í sama aðildarríki og eru hluti af sömu skilasamstæðu,

b) móðurfélagið fer, á samstæðugrunni, að kröfunni sem um getur í 1. mgr. 45. gr. í því aðildarríki,

c) engar núverandi eða fyrirsjáanlegar rekstrarlegar eða lagalegar hindranir eru á skjótri yfirfærslu á eiginfjárgrunni eða endurgreiðslu skuldbindinga frá móðurfélagi til dótturfélags sem ákvörðun hefur verið tekin um í samræmi við 3. mgr. 59. gr., einkum ef gripið er til skilaaðgerðar eða heimilda sem um getur í 1. mgr. 59. gr. að því er varðar móðurfélagið,

d) móðurfélagið uppfyllir skilyrði lögbærs yfirvalds um varfærna stjórnun dótturfélagsins og hefur gefið yfirlýsingu, með samþykki lögbæra yfirvaldsins, um að það ábyrgist skuldbindingar dótturfélagsins, eða áhætta dótturfélagsins telst óveruleg,

e) aðferðir móðurfélagsins við að meta, mæla og hafa eftirlit með áhættu ná til dótturfélagsins,

f) móðurfélagið ræður yfir meira en 50% atkvæðisréttar sem fylgir hlutum í hlutafé dótturfélagsins eða hefur rétt til að tilnefna eða leysa frá störfum meirihluta aðila í stjórn dótturfélagsins.

5. Skilastjórnvald dótturfélags getur, ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 3. mgr. eru uppfyllt, heimilað að kröfunni sem um getur í 1. mgr. 45. gr. sé mætt að fullu eða að hluta með tryggingu af hálfu aðilans í skilameðferð, sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) tryggingin er veitt fyrir fjárhæð sem er a.m.k. jafnhá fjárhæð kröfunnar sem hún kemur í staðinn fyrir,

b) tryggingin er virkjuð þegar dótturfélagið getur ekki greitt skuldir sínar eða aðrar skuldbindingar þegar þær falla í gjalddaga, eða tekin hefur verið ákvörðun í samræmi við 3. mgr. 59. gr. að því er varðar dótturfélagið, hvort sem kemur á undan,

c) tryggingin er veðtryggð fyrir milligöngu fjárhagslegra tryggingarráðstafana eins og þær eru skilgreindar í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/47/EB fyrir a.m.k. 50% af fjárhæð tryggingarinnar,

d) veðið að baki tryggingunni uppfyllir kröfurnar í 197. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem, í kjölfar viðeigandi varfærins frádrags, er nóg til að standa undir veðtryggðu fjárhæðinni eins og um getur í c-lið,

e) veðið að baki tryggingunni er kvaðalaust og sér í lagi er það ekki notað sem veð til að tryggja aðrar ábyrgðir,

f) veðið hefur eiginlegan gjalddaga sem uppfyllir sömu skilyrði um gjalddaga og þau sem um getur í 1. mgr. 72. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, og

g) ekki eru neinar hindranir í lögum og reglugerðum eða rekstrarlegar hindranir á yfirfærslu veðsins frá aðilanum í skilameðferð til hlutaðeigandi dótturfélags, þ.m.t. ef gripið er til skilaaðgerðar að því er varðar aðilann í skilameðferð.

Aðilinn í skilameðferð skal, að því er varðar g-lið fyrstu undirgreinar og að beiðni skilastjórnvaldsins, afhenda óháð, skriflegt og rökstutt lagalegt álit eða á annan hátt sýna á fullnægjandi hátt fram á að ekki séu neinar hindranir í lögum og reglugerðum eða rekstrarlegar hindranir á yfirfærslu veðsins frá aðilanum í skilameðferð til viðkomandi dótturfélags.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar aðferðir til að koma í veg fyrir að gerningar sem hafa verið viðurkenndir að því er þessa grein varðar, sem aðilinn í skilameðferð skráði sig fyrir, að hluta eða að fullu, hindri hnökralausa framkvæmd skilastefnunnar. Slíkum aðferðum er einkum ætlað að tryggja viðeigandi yfirfærslu á tapi til aðilans í skilameðferð og viðeigandi yfirfærslu fjármagns frá honum til aðila, sem eru hluti af skilasamstæðunni en eru sjálfir ekki aðilar í skilameðferð, og koma á fyrirkomulagi til að koma í veg fyrir tvítalningu hæfra gerninga sem eru viðurkenndir að því er varðar þessa grein. Þessar aðferðir skulu samanstanda af frádráttarfyrirkomulagi eða jafn traustri nálgun og þær skulu ábyrgjast það við aðilana sem eru sjálfir ekki aðilar í skilameðferð að niðurstaðan verði jafngild fullri, beinni áskrift aðilans í skilameðferð að hæfum gerningum sem eru viðurkenndir að því er varðar þessa grein.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

45. gr. g

Undanþága fyrir miðlæga stofnun og lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun

Skilastjórnvaldinu er heimilt að veita undanþágu að öllu leyti eða að hluta frá beitingu 45. gr. f að því er varðar miðlæga stofnun eða lánastofnun sem tengist varanlega miðlægri stofnun, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) lánastofnunin og miðlæga stofnunin falli undir eftirlit af hálfu sama lögbæra yfirvalds, hafi staðfestu í sama aðildarríki og séu hluti af sömu skilasamstæðu,

b) skuldbindingar miðlægu stofnunarinnar og lánastofnana sem tengjast henni varanlega séu með óskiptri bótaábyrgð eða skuldbindingar lánastofnana sem tengjast henni varanlega séu alfarið á ábyrgð miðlægu stofnunarinnar,

c) lágmarkskrafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og gjaldþol og lausafjárstaða miðlægu stofnunarinnar og allra lánastofnana sem tengjast henni varanlega séu undir eftirliti í heild á grundvelli samstæðureikningsskila þessara stofnana,

d) ef um er að ræða undanþágu fyrir lánastofnun sem tengist miðlægri stofnun varanlega hafi framkvæmdastjórn miðlægu stofnunarinnar vald til að gefa út fyrirmæli til framkvæmdastjórna varanlegra tengda stofnana,

e) viðkomandi skilasamstæða hlíti kröfunni sem um getur í 3. mgr. 45. gr. e og

f) að ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar mikilvægar rekstrarlegar eða lagalegar hindranir á skjótri yfirfærslu á eiginfjárgrunni eða endurgreiðslu skuldbindinga milli miðlægu stofnunarinnar og lánastofnananna sem tengjast henni varanlega, komi til skilameðferðar.

45. gr. h

Málsmeðferð til að ákvarða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Skilastjórnvald aðilans í skilameðferð, skilastjórnvaldið á samstæðustigi, ef það er annað en hið fyrrnefnda, og skilastjórnvöldin sem bera ábyrgð á dótturfélögum skilasamstæðu, sem falla undir kröfuna sem um getur í 45. gr. f á einingargrunni, skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að sameiginlegri ákvörðun um:

a) fjárhæð kröfunnar sem er beitt á samstæðustigi skilasamstæðu fyrir hvern aðila í skilameðferð og

b) fjárhæð kröfunnar sem er beitt á einingargrunni gagnvart hverjum aðila í skilasamstæðu sem er ekki aðili í skilameðferð.

Sameiginlega ákvörðunin skal tryggja að farið sé að 45. gr. e og 45. gr. f og hún skal ítarlega rökstudd og send til:

a) aðilans í skilameðferð frá skilastjórnvaldi hans,

b) aðilanna í skilasamstæðu sem eru ekki aðilar í skilameðferð frá skilastjórnvöldum þeirra aðila,

c) móðurfélags samstæðunnar í Sambandinu frá skilastjórnvaldi aðilans í skilameðferð ef það móðurfélag í Sambandinu er sjálft ekki aðili í skilameðferð úr sömu skilasamstæðu.

Sameiginlega ákvörðunin sem er tekin í samræmi við þessa grein getur kveðið á um, ef það samræmist skilastefnunni og aðilinn í skilameðferð hefur ekki keypt, beint eða óbeint, nægilegan fjölda gerninga sem hlíta 2. mgr. 45. gr. f, að kröfurnar sem um getur í 7. mgr. 45. gr. c séu uppfylltar að hluta af hálfu dótturfélagsins í samræmi við 2. mgr. 45. gr. f með gerningum sem eru gefnir út til og keyptir af aðilum sem tilheyra ekki skilasamstæðunni.

2. Ef fleiri en einn aðili sem tilheyrir sömu kerfislega mikilvægu stofnun á alþjóðavísu eru aðilar í skilameðferð skulu skilastjórnvöldin sem um getur í 1. mgr. ræða og, eftir því sem við á og í samræmi við skilastefnu kerfislega mikilvægu stofnunarinnar á alþjóðavísu, koma sér saman um beitingu 72. gr. e í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og allar leiðréttingar til að lágmarka eða eyða þeim mun sem er á summu fjárhæðanna sem um getur í a-lið 4. mgr. 45. gr. d og 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar einstaka aðila í skilameðferð og summu fjárhæðanna sem um getur í b-lið 4. mgr. 45. gr. d og 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Beita má slíkri leiðréttingu með fyrirvara um eftirfarandi:

a) beita má leiðréttingunni í tengslum við mismun á útreikningi heildarfjárhæða áhættugrunns milli viðkomandi aðildarríkja með því að aðlaga kröfuna,

b) ekki skal beita leiðréttingunni til að eyða þeim mismun sem leiðir af áhættuskuldbindingum milli skilasamstæðna.

Summa fjárhæðanna sem um getur í a-lið 4. mgr. 45. gr. d í þessari tilskipun og 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar einstaka aðila í skilameðferð skal ekki vera lægri en summa fjárhæðanna sem um getur í b-lið 4. mgr. 45. gr. d í þessari tilskipun og 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Þegar slík ákvörðun liggur ekki fyrir innan fjögurra mánaða skal taka ákvörðunina í samræmi við 4. til 6. mgr.

4. Ef sameiginleg ákvörðun er ekki tekin innan fjögurra mánaða vegna ágreinings sem varðar kröfu skilasamstæðu sem um getur í 45. gr. e skal skilastjórnvald aðilans í skilameðferð taka ákvörðun um þá kröfu, að teknu tilhlýðilegu tilliti til eftirfarandi:

a) mats á aðilum skilasamstæðunnar sem eru ekki aðilar í skilameðferð sem viðkomandi skilastjórnvöld framkvæma,

b) álits skilastjórnvaldsins á samstæðustigi ef það er annað en skilastjórnvald aðilans í skilameðferð.

Ef eitthvert viðkomandi skilastjórnvalda hefur vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 við lok fjögurra mánaða tímabilsins, skal skilastjórnvald aðilans í skilameðferð fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kann að taka í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar og taka ákvörðun sína í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

Í ákvörðun sinni skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til a- og b-liðar fyrstu undirgreinar.

Fjögurra mánaða tímabilið telst vera sáttatímabil í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar.

Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að loknu fjögurra mánaða tímabilinu eða eftir að sameiginlega ákvörðunin hefur verið tekin.

Ákvörðun skilastjórnvalds aðilans í skilameðferð gildir þegar ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar liggur ekki fyrir innan eins mánaðar frá því að málið var lagt fyrir.

5. Ef sameiginleg ákvörðun er ekki tekin innan fjögurra mánaða vegna ágreinings sem varðar umfang þeirrar kröfu sem um getur í 45. gr. f sem beitt verður á alla aðila skilasamstæðu á einingargrunni skal skilastjórnvald þess aðila taka ákvörðunina ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) tekið hafi verið tilhlýðilegt tillit til sjónarmiða og fyrirvara sem skilastjórnvald aðilans í skilameðferð hefur sett fram skriflega og

b) tekið hafi verið tilhlýðilegt tillit til sjónarmiða og fyrirvara sem skilastjórnvaldið á samstæðustigi hefur sett fram skriflega, ef skilastjórnvaldið á samstæðustigi er annað en skilastjórnvald aðilans í skilameðferð.

Skilastjórnvöld sem bera ábyrgð á dótturfélögum á einingargrunni skulu fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kann að taka í samræmi við 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og taka ákvörðun sína í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, ef skilastjórnvald aðilans í skilameðferð eða skilastjórnvald á samstæðustigi hefur vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 19. gr. þeirrar reglugerðar, við lok fjögurra mánaða tímabilsins. Í ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar skal tekið tillit til a- og b-liðar fyrstu undirgreinar.

Fjögurra mánaða tímabilið telst vera sáttatímabil í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar.

Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að loknu fjögurra mánaða tímabilinu eða eftir að sameiginleg ákvörðun hefur verið tekin.

Skilastjórnvald aðilans í skilameðferð eða skilastjórnvald á samstæðustigi skal ekki vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til bindandi málamiðlunar ef umfangið sem skilastjórnvald dótturfélagsins ákveður:

a) er innan við 2% af heildarfjárhæð áhættugrunns sem er reiknuð út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 með vísan til kröfunnar í 45. gr. e, og

b) er í samræmi við 7. mgr. 45. gr. c.

Ákvarðanir skilastjórnvalda dótturfélaganna gilda þegar ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar liggur ekki fyrir innan eins mánaðar.

Endurskoða skal sameiginlegu ákvörðunina og allar ákvarðanir sem teknar eru þegar sameiginleg ákvörðun liggur ekki fyrir og uppfæra þær reglulega ef við á.

6. Ef sameiginleg ákvörðun er ekki tekin innan fjögurra mánaða vegna ágreinings sem varðar umfang kröfu skilasamstæðu og umfang kröfunnar sem verður beitt gagnvart aðilum skilasamstæðu á einingargrunni skal eftirfarandi gilda:

a) taka skal ákvörðun um umfang kröfunnar sem verður beitt gagnvart dótturfélögum skilasamstæðunnar á einingargrunni í samræmi við 5. mgr.,

b) taka skal ákvörðun um kröfu skilasamstæðu á samstæðugrunni í samræmi við 4. mgr.

7. Sameiginleg ákvörðun sem um getur í 1. mgr. og allar ákvarðanir sem skilastjórnvöldin sem um getur í 4., 5. og 6. mgr. taka skulu vera bindandi fyrir hlutaðeigandi skilastjórnvöld þegar sameiginleg ákvörðun liggur ekki fyrir.

Endurskoða skal sameiginlegu ákvörðunina og allar ákvarðanir sem teknar eru þegar sameiginleg ákvörðun liggur ekki fyrir og uppfæra þær reglulega ef við á.

8. Skilastjórnvöld skulu, í samráði við lögbær yfirvöld, gera kröfu um og sannreyna að aðilar uppfylli kröfuna sem um getur í 1. mgr. 45. gr., og skulu allar ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt þessari grein taka mið af þróun skilaáætlana og viðhaldi þeirra.

45. gr. i

Skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda og opinber birting kröfunnar

1. Aðilar sem um getur í 1.mgr. 1. gr. og falla undir kröfuna sem um getur í 1. mgr. 45. gr. skulu gefa lögbærum yfirvöldum sínum og skilastjórnvöldum skýrslu um eftirfarandi:

a) fjárhæðir eiginfjárgrunns sem, eftir atvikum, uppfylla skilyrðin í b-lið 2. mgr. 45. gr. f í þessari tilskipun og fjárhæðir hæfra skuldbindinga og framsetning þessara fjárhæða í samræmi við 2. mgr. 45. gr. í þessari tilskipun eftir allan viðeigandi frádrátt í samræmi við 72. gr. e til 72. gr. j í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

b) fjárhæðir annarra eftirgefanlegra skuldbindinga,

c) að því er varðar liðina sem um getur í a- og b-lið:

   i. samsetningu þeirra, þ.m.t. binditíma þeirra,

   ii. forgangsröðun þeirra í hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð, og

   iii. hvort þær lúti lögum þriðja lands og, ef svo er, hvaða þriðja lands og hvort þær feli í sér samningsbundnu ákvæðin sem um getur í 1. mgr. 55. gr. þessarar tilskipunar, p- og q-lið 1. mgr. 52. gr. og n- og o-lið 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Skylda til að gefa skýrslu um fjárhæðir annarra eftirgefanlegra skuldbindinga sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal ekki gilda um aðila sem, á þeim degi þegar þessar upplýsingar eru tilkynntar, hafa fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga sem eru a.m.k. 150% af kröfunni sem um getur í 1. mgr. 45. gr. sem er reiknuð út í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar.

2. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. skulu tilkynna:

a) upplýsingarnar sem um getur í a-lið 1. mgr. á a.m.k. hálfs árs fresti, og

b) upplýsingarnar sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. á a.m.k. eins árs fresti.

Aðilarnir sem um getur í 1.mgr. skulu þó, að beiðni lögbæra yfirvaldsins eða skilastjórnvaldsins, veita oftar þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr.

3. Aðilar sem um getur í 1. mgr. skulu gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar a.m.k. árlega:

a) fjárhæðir eiginfjárgrunns sem, ef við á, uppfylla skilyrðin í b-lið 2. mgr. 45. gr. f og hæfra skuldbindinga,

b) samsetningu liðanna sem um getur í a-lið, þ.m.t. binditíma þeirra og forgangsröðun í hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð,

c) gildandi kröfu sem um getur í 45. gr. e eða 45. gr. f, sett fram í samræmi við 2. mgr. 45. gr.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ekki gilda gagnvart aðilum með skilaáætlun sem kveður á um að aðilanum verði slitið samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina samræmd skýrslusniðmát, fyrirmæli og aðferðafræði um hvernig eigi að nota sniðmátin, tíðni og dagsetningar skýrslugjafar, skilgreiningar og upplýsingatæknilausnir fyrir skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda sem um getur í 1. og 2. mgr.

Í þessum drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum skal tilgreina staðlaða aðferð við að veita upplýsingar um forgangsröðun liða sem um getur í c-lið 1. mgr. sem gilda í innlendri ógjaldfærnimeðferð í hverju aðildarríki.

Þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum skulu, eftir því sem við á, að því er varðar stofnanir eða aðila sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar sem falla undir 92. gr. a og 92. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, vera samræmd við tæknilega framkvæmdarstaðla sem eru samþykktir í samræmi við 430. gr. þeirrar reglugerðar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessa tæknilegu framkvæmdarstaðla fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina samræmd sniðmát fyrir birtingu, tíðni og tengd fyrirmæli um hvernig standa eigi að birtingum, sem krafist er skv. 3. mgr.

Þessi samræmdu sniðmát fyrir birtingu skulu hafa að geyma nægilega yfirgripsmiklar og samanburðarhæfar upplýsingar til að meta áhættusnið aðilar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og að hve miklu leyti þeir hlíta gildandi kröfu sem um getur í 45. gr. e og 45. gr. f. Sniðmát fyrir birtingu skulu, eftir því sem við á, vera á töfluformi.

Drög að slíkum tæknilegum framkvæmdarstöðlum skulu, eftir því sem við á, að því er varðar stofnanir eða aðila sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar sem falla undir 92. gr. a og 92. gr. b í reglugerð (ESB) nr, 575/2013, vera í samræmi við tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem voru samþykktir í samræmi við 434. gr. a í þeirri reglugerð.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessa tæknilegu framkvæmdarstaðla fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Ef skilaaðgerðum hefur verið hrundið í framkvæmd eða ef niðurfærslu- og umbreytingarheimild sem um getur í 59. gr. hefur verið beitt, skulu kröfur um opinbera birtingu, sem um getur í 3. mgr., gilda frá dagsetningu lokafrestsins til að fara að kröfunum í 45. gr. e eða 45. gr. f sem um getur í 45. gr. m.

45. gr. j

Skýrslugjöf til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar

1. Skilastjórnvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem hefur verið ákvörðuð, í samræmi við 45. gr. e eða 45. gr. f, að því er varðar hvern aðila sem heyrir undir lögsögu hennar.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina samræmd skýrslusniðmát, fyrirmæli og aðferðafræði um hvernig eigi að nota þessi sniðmát, tíðni og dagsetningar skýrslugjafar, skilgreiningar og upplýsingatæknilausnir vegna auðkenningar og sendingar upplýsinga af hálfu skilastjórnvalda, í samráði við lögbær yfirvöld, til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, að því er varðar 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt heimild til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

45. gr. k

Brot á lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Viðkomandi yfirvöld skulu taka á öllum brotum á lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sem um getur í 45. gr. e eða 45. gr. f, á grundvelli a.m.k. eins af eftirfarandi:

a) heimilda til að taka á eða fjarlægja annmarka á skilabærni í samræmi við 17. og 18. gr.,

b) heimilda sem um getur í 16. gr. a,

c) ráðstafana sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

d) snemmbærra inngripsaðgerða í samræmi við 27. gr.,

e) stjórnsýsluviðurlaga og annarra stjórnsýsluráðstafana í samræmi við 110. og 111. gr.

Viðkomandi yfirvöld geta einnig metið hvort stofnunin eða aðilinn sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. sé á leið í greiðsluþrot eða líklegt sé að hann fari í greiðsluþrot, í samræmi við 32. gr., 32. gr. a eða 33. gr., eftir því sem við á.

2. Skilastjórnvöld og lögbær yfirvöld skulu ráðfæra sig hvert við annað þegar þau beita heimildum sínum sem um getur í 1. mgr.

45. gr. l

Skýrslur

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samvinnu við lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld, árlega leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina þar sem mat er a.m.k. lagt á eftirfarandi:

a) hvernig krafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem hefur verið ákveðin í samræmi við 45. gr. e eða 45. gr. f hafi verið innleidd á landsvísu, einkum að hve miklu leyti mismunandi aðildarríki hafi ákveðið mismunandi þrep fyrir sambærilega aðila í aðildarríkjunum,

b) hvernig heimildinni sem um getur í 4., 5. og 7. mgr. 45. gr. b hafi verið beitt af hálfu skilastjórnvalda og hvort misræmis hafi gætt meðal aðildarríkjanna við beitingu þeirrar heimildar,

c) Samanlagt stig og samsetningu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga stofnana og aðila, fjárhæðir gerninga sem hafa verið gefnir út á tímabilinu og viðbótarfjárhæðir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla gildandi kröfur.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, til viðbótar við ársskýrsluna sem kveðið er á um í 1. mgr., leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina á þriggja ára fresti þar sem mat er lagt á eftirfarandi:

a) áhrif lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og öll samræmd þrep þeirrar lágmarkskröfu, sem gerð er tillaga um, á eftirfarandi:

   i. fjármálamarkaði almennt, einkum markaði fyrir ótryggðar skuldir og afleiður,

   ii. viðskiptalíkön og ýmiss konar uppbyggingu efnahagsreiknings hjá stofnunum, einkum fjármögnunarsnið og fjármögnunaraðferð stofnana og lagalega og rekstrarlega uppbyggingu samstæðna,

   iii. arðsemi stofnana, einkum fjármögnunarkostnað þeirra,

   iv. flæði áhættuskuldbindinga til aðila sem falla ekki undir varfærniseftirlit,

   v. nýsköpun á fjármálasviði,

   vi. hlut eiginfjárgrunnsgerninga og víkjandi hæfra gerninga og eðli þeirra og markaðshæfi,

   vii. áhættusækni stofnana eða aðila sem um getur b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr.,

   viii. umfang kvaða á eignum stofnana eða aðila sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr.,

   ix. aðgerðir stofnana eða aðila sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. til að hlíta lágmarkskröfunni, einkum að hvaða marki farið hefur verið að lágmarkskröfunni með því að færa niður eignir, með langtímaskuldabréfaútgáfu og öflun eigin fjár, og

   x. magn lánveitinga af hálfu lánastofnana, einkum með tilliti til lána sem veitt eru örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum, staðaryfirvöldum, héraðsstjórnum og opinberum aðilum og til viðskiptafjármögnunar, þ.m.t. lán sem veitt eru samkvæmt opinberum greiðsluvátryggingarkerfum vegna útflutnings,

b) samspili lágmarkskrafna við kröfur vegna eiginfjárgrunns, vogunarhlutfalls og lausafjárkrafna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og í tilskipun 2013/36/ESB,

c) getu stofnana eða aðila sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. til að afla á sjálfstæðan hátt eigin fjár og fjármagns frá mörkuðum til að uppfylla sérhverjar samræmdar lágmarkskröfur sem lagðar eru til.

3. Leggja skal skýrsluna sem um getur í 1. mgr. fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. september á því almanaksári sem kemur á eftir síðasta árinu sem skýrslan nær yfir. Afhenda skal framkvæmdastjórninni fyrstu skýrsluna eigi síðar en 30. september árið eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

Skýrslan sem um getur í 2. mgr. skal ná yfir þrjú almanaksár og skal afhenda hana framkvæmdastjórninni eigi síðar en 31. desember á því almanaksári sem kemur á eftir síðasta árinu sem skýrslan nær yfir. Fyrsta skýrslan skal send framkvæmdastjórninni eigi síðar en 31. desember 2022.

45. gr. m

Ráðstafanir hvað varðar umbreytingar og ráðstafanir eftir skilameðferð

1. Skilastjórnvöld skulu, þrátt fyrir 1. mgr. 45. gr., ákvarða viðeigandi umbreytingartímabil fyrir stofnanir eða aðila sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. til að hlíta kröfunum í 45. gr. e eða 45. gr. f eða kröfunum sem leiða af beitingu 4., 5. eða 7. mgr. 45. gr. b, eftir því sem við á. Stofnanir og aðilar fá frest til 1. janúar 2024 til að hlíta kröfunum í 45. gr. e eða 45. gr. f eða kröfunum sem leiða af beitingu 4., 5. eða 7. mgr. 45. gr. b.

Skilastjórnvaldið skal ákvarða áfangaviðmiðunarmörk fyrir kröfurnar í 45. gr. e eða 45. gr. f eða fyrir kröfurnar sem leiða af beitingu 4., 5. eða 7. mgr. 45. gr. b, eftir því sem við á, sem stofnanir eða aðilar sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. skulu hlíta 1. janúar 2022. Áfangaviðmiðunarmörkin skulu almennt tryggja línulega uppbyggingu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga til að uppfylla kröfuna.

Skilastjórnvaldið getur ákveðið umbreytingartímabil sem lýkur 1. janúar 2024 sé það tilhlýðilega rökstutt og viðeigandi á grundvelli viðmiðana sem um getur 7. mgr., að teknu tilliti til:

a) þróunar fjárhagsstöðu aðilans,

b) væntinganna um að aðilinn muni geta tryggt að kröfunum í 45. gr. e eða 45. gr. f verði hlítt innan hæfilegs tímaramma eða kröfunni sem leiðir af beitingu 4., 5. eða 7. mgr. 45. gr. b, og

c) hvort aðilinn geti skipt út skuldbindingum sem uppfylla ekki lengur hæfis- eða binditímaviðmiðanir sem mælt er fyrir um í 72. gr. b og 72. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og 45. gr. b eða 2. mgr. 45. gr. f í þessari tilskipun, og ef svo er ekki, hvort sú vangeta sé afmörkuð og einstök eða til komin vegna röskunar sem nær til markaðarins í heild.

2. Fresturinn sem aðilar í skilameðferð fá til að hlíta lágmarkskröfunum sem um getur í 5. eða 6. mgr. 45. gr. c skal vera til 1. janúar 2022.

3. Lágmarkskröfunnar sem um getur í 5. og 6. mgr. 45. gr. c skulu ekki gilda á tveggja ára tímabili eftir daginn sem:

a) skilastjórnvaldið hefur beitt eftirgjafarúrræðinu eða

b) aðilinn í skilameðferð hefur komið á öðrum ráðstöfunum í einkageiranum eins og um getur í b-lið 1. mgr. 32. gr. þar sem fjármagnsgerningar og aðrar skuldbindingar hafa verið færðar niður eða breytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 eða þegar niðurfærslu- eða umbreytingarheimildum, í samræmi við 59. gr., hefur verið beitt að því er varðar þann aðila í skilameðferð, til að endurfjármagna aðilann í skilameðferð án þess að beita skilaúrræðum.

4. Kröfurnar sem um getur í 4. og 7. mgr. 45. gr. b, svo og 5. og 6. mgr. 45. gr. c, eftir því sem við á, skulu ekki gilda á þriggja ára tímabilinu eftir daginn sem aðilinn í skilameðferð eða samstæðan sem hann er hluti af hefur verið auðkennd sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða aðilinn í skilameðferð er í fyrsta sinn í þeirri stöðu sem um getur í 5. eða 6. mgr. 45. gr. c.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. 45. gr. skulu skilastjórnvöld ákvarða viðeigandi umbreytingartímabil til að hlíta kröfunum í 45. gr. e eða 45. gr. f eða kröfunni sem leiðir af beitingu 4., 5. eða 7. mgr. 45. gr. b, eftir því sem við á, að því er varðar stofnanir eða aðila sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. sem skilaúrræði eða niðurfærslu- og umbreytingarheimildum sem um getur í 59 gr. hefur verið beitt gagnvart.

6. Að því er varðar 1. til 5. mgr. skulu skilastjórnvöld tilkynna stofnuninni eða aðilanum sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. áformaða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir hvert tólf mánaða tímabil á umbreytingartímabilinu til að auðvelda stigvaxandi uppbyggingu getu hennar til að bera tap og til endurfjármögnunar. Við lok umbreytingartímabilsins skal lágmarkskrafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar vera jafnhá fjárhæðinni sem er ákvörðuð skv. 45. gr. b (4., 5. eða 7. mgr.), 45. gr. c (5. eða. 6. mgr.), 45. gr. e eða 45. gr. f, eftir því sem við á.

7. Þegar skilastjórnvöld ákvarða umbreytingartímabil skulu þau taka tillit til:

a) hlutar innlána og skorts á skuldagerningum í fjármögnunarlíkaninu,

b) aðgengis að fjármagnsmörkuðum fyrir hæfar skuldbindingar,

c) að hvaða marki aðilinn í skilameðferð reiðir sig á almennt eigið fé þáttar 1 til að uppfylla kröfuna sem um getur í 45. gr. e.

8. Með fyrirvara um 1. mgr. skal ekki koma í veg fyrir að skilastjórnvöld endurskoði síðar annaðhvort umbreytingartímabilið eða allar áformaðar lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem er miðlað skv. 6. mgr.“

18) Í 46. gr. koma orðin „eftirgefanlegar skuldbindingar“ í stað orðanna „hæfar skuldbindingar“.

19) Í ii. lið b-liðar 1. mgr. 47. gr. koma orðin „eftirgefanlegar skuldbindingar“ í stað orðanna „hæfar skuldbindingar“.

20) Ákvæðum 48. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað e-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„e) yfirvöld lækka, að því marki sem nauðsynlegt er, höfuðstól eða útistandandi fjárhæðir sem eru til greiðslu af þeim eftirgefanlegu skuldbindingum sem eftir eru, þ.m.t. skuldagerningum sem um getur í 3. mgr. 108. gr., í samræmi við stigveldi krafna í hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð, þ.m.t. forgangsröðun innstæðna, sem kveðið er á um í 108. gr., skv. 44. gr., ásamt niðurfærslunni skv. a-, til d-lið þessarar málsgreinar til að fá samtölu fjárhæðanna sem um getur í b- og c-lið 3. mgr. 47. gr., ef, og aðeins ef, heildarlækkun hlutabréfa eða annarra eignarhaldsgerninga, viðeigandi fjármagnsgerninga og eftirgefanlegra skuldbindinga skv. a- til d-lið þessarar málsgreinar er minni en samtala fjárhæðanna sem um getur í b- og c-lið 3. mgr. 47. gr.“

b) Í 2. mgr. koma orðin „eftirgefanlegar skuldbindingar“ í stað orðanna „hæfar skuldbindingar“.

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Aðildarríkin skulu tryggja, að því er varðar aðila sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr., að allar kröfur sem leiða af gjaldþolsliðum séu, í landslögum um venjulega ógjaldfærnimeðferð, aftar í forgangsröðinni en allar kröfur sem ekki leiða af gjaldþolslið.

Að því er varðar fyrstu undirgrein, skal, að því marki sem gerningur er aðeins viðurkenndur að hluta sem gjaldþolsliður, farið með allan gerninginn sem kröfu sem leiðir af gjaldþolslið og skal vera aftar í forgangsröðinni en allar kröfur sem leiða ekki af gjaldþolslið.“

21) Í stað 55. gr. kemur eftirfarandi:

„55. gr.

Samningsbundin viðurkenning á eftirgjöf

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir og aðilar, sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr., setji samningsskilmála þess efnis að lánardrottinn eða aðili að samkomulagi eða gerningi, sem er til grundvallar skuldbindingunni, viðurkenni að skuldbindingin gæti fallið undir niðurfærslu- og umbreytingarheimild og samþykki að vera bundinn af hvers konar lækkun á höfuðstól eða útistandandi fjárhæð, umbreytingu eða afturköllun sem beiting skilastjórnvalds á þessum heimildum hefur í för með sér, að því tilskildu að sú skuldbinding fullnægi öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) skuldbindingin sé ekki undanskilin skv. 2. mgr. 44. gr.,

b) skuldbindingin sé ekki innstæða eins og um getur a-lið 108. gr.,

c) skuldbindingin heyri undir lög þriðja lands.

d) skuldbindingin sé gefin út eða gengist sé undir hana eftir dagsetninguna sem aðildarríki beitir ákvæðunum sem samþykkt eru til að lögleiða þennan þátt.

Skilastjórnvöld geta ákveðið að skyldan í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skuli ekki gilda um stofnanir eða aðila þar sem krafan skv. 1. mgr. 45. gr. er jöfn fjárhæð borins taps eins og hún er skilgreind skv. a-lið 2. mgr. 45. gr. c, að því tilskildu að skuldbindingar, sem uppfylla skilyrðin sem um getur í fyrstu undirgrein og sem fela ekki í sér samningsskilmálana sem um getur í þeirri undirgrein, séu ekki taldar með við útreikning þeirrar kröfu.

Fyrsta undirgrein gildir ekki þegar skilastjórnvald aðildarríkis ákvarðar að skuldbindingarnar eða gerningarnir, sem um getur í fyrstu undirgrein, geti fallið undir niðurfærslu- og umbreytingarheimild skilastjórnvalds aðildarríkis samkvæmt lögum þriðja lands eða bindandi samningi sem gerður er við þriðja landið.

2. Aðildarríki skulu tryggja að ef stofnun eða aðili sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. kemst að þeirri niðurstöðu að lagalega eða á annan hátt sé óhagkvæmt að hafa skilmála sem krafist er skv. 1. mgr. í samningsákvæðunum sem gilda um viðkomandi skuldbindingu, skuli slík stofnun eða aðili tilkynna skilastjórnvaldinu ákvörðun sína, þ.m.t. tilgreina flokk skuldbindingarinnar og rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun. Stofnunin eða aðilinn skal láta skilastjórnvaldinu í té allar upplýsingar sem skilastjórnvaldið óskar eftir, innan hæfilegs frests eftir viðtöku tilkynningarinnar, til að skilastjórnvaldið geti metið áhrif slíkar tilkynningar á skilabærni þeirrar stofnunar eða aðila.

Aðildarríki skulu tryggja að ef um er að ræða tilkynningu samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar sé skyldunni til að hafa í samningsákvæðunum skilmála sem gerð er krafa um í samræmi við 1. mgr. sjálfkrafa frestað frá þeim tíma þegar skilastjórnvaldið tekur við tilkynningunni.

Fari svo að skilastjórnvaldið komist að þeirri niðurstöðu að lagalega eða á annan hátt sé ekki óhagkvæmt að hafa skilmála sem krafist er skv. 1. mgr. í samningsákvæðunum, að teknu tilliti til þarfarinnar að tryggja skilabærni stofnunarinnar eða aðilans, skal það, innan hæfilegs frests eftir tilkynninguna samkvæmt fyrstu undirgrein, gera kröfu um að slíkir samningsskilmálar séu til staðar. Skilastjórnvaldið getur að auki krafist þess að stofnunin eða aðilinn bæti starfsvenjur sínar varðandi beitingu undanþágunnar frá samningsbundinni viðurkenningu á eftirgjöf.

Skuldbindingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu ekki hafa að geyma viðbótareigin-fjárgerninga þáttar 1, gerninga þáttar 2 og skuldagerninga sem um getur í ii. lið 48. liðar 1. mgr. 2. gr., ef þessir gerningar eru ótryggðar skuldbindingar. Skuldbindingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu enn fremur vera ofar í forgangsröðinni en skuldbindingarnar sem um getur a-, b- og c-lið 2. mgr. 108. gr. og í 3. mgr. 108. gr.

Ef skilastjórnvaldið, í tengslum við mat á skilabærni stofnunar eða aðila sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr., í samræmi við 15. og 16. gr., eða á öðrum tíma, ákvarðar að innan flokks skuldbindinga sem hefur að geyma hæfar skuldbindingar, nemi fjárhæð þeirra skuldbindinga sem, í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, hafa ekki samningsskilmálann sem um getur í 1. mgr., ásamt skuldbindingum sem eru undanskildar beitingu eftirgjafarúrræðisins í samræmi við 2. mgr. 44. gr. eða sem líklegt er að verði undanskildar í samræmi við 3. mgr. 44. gr., meira en 10% af þeim flokki, skal það þegar í stað meta áhrif þeirrar staðreyndar á skilabærni þeirrar stofnunar eða aðila, þ.m.t. áhrif á skilabærni vegna hættu á að verndarráðstafanir lánveitandans sem kveðið er á um í 73. gr. séu ekki virtar þegar niðurfærslu- og umbreytingarheimildum er beitt gagnvart hæfum skuldbindingum.

Ef skilastjórnvaldið kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli matsins sem um getur í fimmtu undirgrein þessarar málsgreinar, að skuldbindingarnar, sem í samræmi við fyrstu undirgrein fela ekki í sér samningsskilmála þá sem um getur í 1. mgr., skapi verulega hindrun á skilabærni, skal það beita heimildunum sem kveðið er á um í 17. gr., eftir því sem við á, til að ryðja þeim annmarka á skilabærni úr vegi.

Skuldbindingar samkvæmt samningum sem stofnunin eða aðilinn, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr., hefur ekki fellt skilmálana, sem krafist er skv. 1. mgr. þessarar greinar, inn í eða sem sú krafa gildir ekki um í samræmi við þessa málsgrein, skulu undanskildar við útreikning á lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að skilastjórnvöld geti krafist þess að stofnanir og aðilar, sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr., veiti yfirvöldum lagalegt álit að því er varðar lagalega framfylgd og skilvirkni samningsskilmálanna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

4. Þó stofnun eða aðili sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. hafi ekki sett þá samningsskilmála sem krafist er í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar inn í samningsákvæðin sem gilda um viðkomandi skuldbindingu kemur það ekki í veg fyrir að skilastjórnvaldið beiti niðurfærslu- og umbreytingarheimildunum í tengslum við þá skuldbindingu.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða nánar listann yfir skuldbindingar sem undanþágan í 1. mgr. gildir um og efni samningsskilmálanna sem krafist er í þeirri málsgrein, með tilliti til mismunandi viðskiptalíkana stofnana.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina frekar:

a) skilyrðin sem myndu gera það lagalega eða á annan hátt óframkvæmanlegt fyrir stofnun eða aðila sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. að hafa samningsskilmálana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í tilteknum flokkum skuldbindinga,

b) skilyrðin fyrir því að skilastjórnvaldið geti krafist þess að samningsskilmálarnir skv. þriðju undirgrein 2. mgr. séu settir inn,

c) hæfilegan frest fyrir skilastjórnvaldið til að krefjast þess að samningsskilmálar skv. þriðju undirgrein 2. mgr. séu settir inn.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Skilastjórnvaldið skal tilgreina, ef það telur það nauðsynlegt, þá flokka skuldbindinga þar sem stofnun eða aðili sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. getur komist að þeirri niðurstöðu að það sé lagalega eða á annan hátt óframkvæmanlegt að setja inn þá samningsskilmála, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, á grundvelli þeirra skilyrða sem eru tilgreind frekar vegna beitingar 6. mgr.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina samræmd snið og sniðmát fyrir tilkynninguna til skilastjórnvalda að því er varðar 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

22) Í stað fyrirsagnar V. kafla í IV. bálki kemur eftirfarandi:

„Niðurfærsla eða umbreyting fjármagnsgerninga og hæfra skuldbindinga“.

23) Ákvæðum 59. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Krafa um að niðurfæra eða umbreyta viðeigandi fjármagnsgerningum og hæfum skuldbindingum“

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæma má heimildina til að niðurfæra eða umbreyta viðeigandi fjármagnsgerningum og hæfum skuldbindingum annaðhvort:

a) óháð skilaaðgerð eða

b) í tengslum við skilaaðgerð, ef skilyrðin fyrir skilameðferð sem tilgreind eru í 32. gr., 32. gr. a eða 33. gr. eru uppfyllt.

Ef aðili í skilameðferð hefur óbeint keypt viðeigandi fjármagnsgerninga og hæfar skuldbindingar fyrir milligöngu annarra aðila í sömu skilasamstæðu skal beita heimildinni til að færa niður eða umbreyta þessum viðeigandi fjármagnsgerningum og hæfum skuldbindingum samhliða beitingu sömu heimildar á stigi móðurfélags hlutaðeigandi aðila eða á stigi annarra móðurfélaga sem eru ekki aðilar í skilameðferð til að tapið flytjist í raun yfir til aðilans í skilameðferð og að hann endurfjármagni hlutaðeigandi aðila.

Eftir að heimildinni til að færa niður eða umbreyta viðeigandi fjármagnsgerningum og hæfum skuldbindingum hefur verið beitt óháð skilaaðgerð skal framkvæma matið sem kveðið er á um í 74. gr., og 75. gr. og skal gilda.“

c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„1a. Aðeins má beita heimildinni til að færa niður eða umbreyta hæfum skuldbindingum, óháð skilaaðgerð, í tengslum við hæfar skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem um getur í a-lið 2. mgr. 45. gr. f í þessari tilskipun, að undanskildu skilyrðinu sem tengist eftirstöðvatíma skuldbindinganna eins og sett er fram í 1. mgr. 72. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

Aðildarríkin skulu tryggja, þegar þeirri heimild er beitt, að niðurfærslan eða umbreytingin sé gerð í samræmi við meginregluna sem um getur í g-lið 1. mgr. 34. gr.

1b. Ef gripið er til skilaaðgerðar í tengslum við aðila í skilameðferð, eða ef í undantekningartilvikum vikið er frá skilaáætluninni, skal fjárhæðin sem er lækkuð, færð niður eða umbreytt, í samræmi við 1. mgr. 60. gr. á stigi slíks aðila, reiknast sem hluti viðmiðunarmarkanna sem mælt er fyrir um í 37. gr. (10. mgr.) og 44. gr. (a-lið 5. mgr.) eða 44. gr. (a-lið 8. mgr.) sem gilda um hlutaðeigandi aðila.“

d) Í stað orðsins „fjármagnsgerningar“ í 2. mgr. koma orðin „fjármagnsgerningar og hæfar skuldbindingar, eins og um getur í 1. mgr. a,“.

e) Í stað inngangsorða og a- og b-liðar í 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðildarríki skulu krefjast þess að skilastjórnvöld beiti niðurfærslu- eða umbreytingarheimild, í samræmi við 60. gr. og án tafar, í tengslum við viðeigandi fjármagnsgerninga og hæfar skuldbindingar eins og um getur í 1. mgr. a, sem gefnir eru út af stofnun eða aðila sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr., þegar ein eða fleiri eftirfarandi aðstæðna er fyrir hendi:

a) þegar ákvörðun hefur verið tekin um að skilyrðin fyrir skilameðferð, sem tilgreind eru í 32. gr., 32. gr. a eða 33. gr., hafi verið uppfyllt, áður en gripið er til skilaaðgerðar, eða

b) hlutaðeigandi yfirvöld ákvarða að stofnunin eða aðilinn, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr., sé ekki lengur rekstrarhæfur nema viðkomandi heimild sé beitt í tengslum við viðeigandi fjármagnsgerninga og hæfar skuldbindingar eins og um getur í 1. mgr. a,“.

f) Í stað orðsins „fjármagnsgerningar“ í 4. og 10. mgr. koma orðin „fjármagnsgerningar eða hæfar skuldbindingar, eins og um getur í 1. mgr. a“.

24) Ákvæðum 60. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Ákvæði um niðurfærslu eða umbreytingu viðeigandi fjármagnsgerninga og hæfra skuldbindinga“

b) Eftirfarandi d-liður bætist við 1. mgr.:

„d) höfuðstóll hæfra skuldbindinga sem um getur í 1. mgr. a í 59. gr. er færður niður eða honum umbreytt í almennan eiginfjárgrunnsgerning þáttar 1, eða hvort tveggja, að því marki sem þarf til að ná markmiðum skilameðferðar sem sett eru fram í 31. gr. eða að því marki sem unnt er, miðað við umfang viðkomandi hæfra skuldbindinga, hvort sem er lægra.“

c) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef höfuðstóll viðkomandi fjármagnsgernings eða hæfrar skuldbindingar eins og um getur í 1. mgr. a í 59. gr. er færður niður:

a) skal lækkun á þeim höfuðstól vera varanleg, með fyrirvara um uppfærslu í samræmi við endurgreiðslufyrirkomulagið í 3. mgr. 46. gr.,

b) er hvorki til staðar áframhaldandi skuldbinding gagnvart handhafa viðkomandi fjármagnsgernings eða hæfrar skuldbindingar eins og um getur í 1. mgr. a í 59. gr. né í tengslum við þá fjárhæð gerningsins sem hefur verið færð niður nema að því er varðar skuldbindingu sem þegar hefur verið stofnað til, allar skuldbindingar vegna skaða sem gæti leitt af kæru vegna vefengingar á lögmæti framkvæmdar á niðurfærsluheimild,

c) eru engar bætur greiddar eigendum viðkomandi fjármagnsgerninga eða hæfra skuldbindinga eins og um getur í 1. mgr. a í 59. gr., aðrar en þær sem greiddar eru í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.“

d) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangshlutans kemur eftirfarandi:

„Skilastjórnvöldum er heimilt, til að hrinda í framkvæmd umbreytingu á viðeigandi fjármagnsgerningum og hæfum skuldbindingum eins og um getur í 1. mgr. a í 59. gr., skv. b-, c- og d-lið 1. mgr. þessarar greinar, að krefjast þess að stofnanir og aðilar sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. gefi út almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 til eigenda viðkomandi fjármagnsgerninga og slíkra hæfra skuldbindinga. Aðeins er heimilt að umbreyta viðkomandi fjármagnsgerningum og slíkum skuldbindingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:“

ii. Í d-lið koma orðin „hvern viðeigandi fjármagnsgerning eða hverja hæfa skuldbindingu eins og um getur í 1. mgr. a í 59. gr.“ koma í stað orðanna „hvern viðeigandi fjármagnsgerning“.

25) Eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr. 61. gr.:

„Ef viðkomandi fjármagnsgerningar eða hæfar skuldbindingar eru viðurkenndar til að uppfylla kröfuna eins og um getur í 1. mgr. 45. gr. f í þessari tilskipun skal yfirvaldið sem ber ábyrgð á ákvarðanatökunni eins og um getur í 3. mgr. 59. gr. þessarar tilskipunar vera viðkomandi yfirvald aðildarríkisins þar sem stofnunin eða aðilinn, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar, hefur fengið starfsleyfi í samræmi við III. bálk tilskipunar 2013/36/ESB.“

26) Ákvæðum 62. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Áður en ákvörðun sem um getur í b-, c-, d- eða e-lið 3. mgr. 59. gr. er tekin í tengslum við dótturfélag sem gefur út viðeigandi fjármagnsgerninga eða hæfar skuldbindingar eins og um getur í 1. mgr. a í 59. gr. til að uppfylla kröfuna sem um getur í 45. gr. f á einingargrunni eða viðeigandi fjármagnsgerninga sem eru viðurkenndir í þeim tilgangi að uppfylla kröfur vegna eiginfjárgrunns á einingar- eða samstæðugrunni, skulu aðildarríki sjá til þess að hlutaðeigandi yfirvald uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þegar það skoðar hvort taka eigi ákvörðun sem um getur í b-, c-, d- eða e-lið 3. mgr. 59. gr., að höfðu samráði við skilastjórnvald viðeigandi aðila í skilameðferð, tilkynni það, innan 24 klukkustunda frá því að það hafði samráð við það skilastjórnvald:

i. eftirlitsaðilanum á samstæðugrunni og, ef ekki það sama, hlutaðeigandi yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni er staðsettur,

ii. skilastjórnvöldum annarra aðila innan sömu skilasamstæðu sem beint eða óbeint keyptu skuldbindingar sem um getur í 2. mgr. 45. gr. f af aðila sem fellur undir 1. mgr. 45. gr. f,

b) þegar það skoðar hvort taka skuli ákvörðun sem um getur í c-lið 3. mgr. 59. gr., tilkynni það án tafar hlutaðeigandi yfirvaldi, sem ber ábyrgð á sérhverri stofnun eða aðila sem um getur í b-, c-, eða d-lið 1. mgr. 1. gr. og hefur gefið út viðkomandi fjármagnsgerninga sem beita skal niðurfærslu- eða umbreytingarheimildum ef sú ákvörðun er tekin og, þegar annar aðili á í hlut, hlutaðeigandi yfirvöldum í aðildarríkjunum þar sem þessi lögbæru yfirvöld og eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni eru staðsett.“

b) Í stað inngangshlutans í 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þegar tilkynning hefur verið send skv. 1. mgr. og að höfðu samráði við yfirvöldin sem tilkynnt er til í samræmi við i. lið a-liðar eða b-lið þeirrar málsgreinar, skal hlutaðeigandi yfirvald meta eftirfarandi málefni:“

27) Í e-, f- og j-lið 1. mgr. 63 gr. koma orðin „eftirgefanlegar skuldbindingar“ í stað orðanna „hæfar skuldbindingar“.

28) Í 4. mgr. 66. gr. koma orðin „eftirgefanlegar skuldbindingar“ í stað orðanna „hæfar skuldbindingar“.

29) Ákvæðum 68. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangshlutans í 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að því tilskildu að mikilvægum skyldum samkvæmt samningnum, þ.m.t. greiðslu- og afhendingarskyldu og framlagningu trygginga, verði áfram fullnægt skal fyrirbyggjandi aðgerð, frestun skuldbindingar skv. 33. gr. a eða neyðaraðgerð, þ.m.t. sérhver atburður sem tengist beint beitingu þess háttar ráðstöfunar, ekki ein og sér gera neinum kleift:“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Frestun eða takmörkun skv. 33. gr. a, 69. gr. eða 70. gr. er ekki vanefnd samningsbundinnar skyldu að því er varðar 1. og 3. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 71. gr.“

30) Ákvæðum 69. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Frestun skv. 1. mgr. tekur ekki til greiðslu- og afhendingarskyldna gagnvart eftirfarandi:

a) kerfum og rekstraraðilum kerfa sem eru tilnefndir í samræmi við tilskipun 98/26/EB,

b) miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og miðlægum mótaðilum þriðja lands sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur viðurkennt skv. 25. gr. þeirrar reglugerðar,

c) seðlabönkum.“

b) Eftirfarandi undirgreinar bætast við í 5. mgr.:

„Skilastjórnvöldin skulu ákvarða gildissvið þeirrar heimildar að teknu tilliti til kringumstæðna í hverju tilviki. Skilastjórnvöld skulu einkum meta vandlega hvort viðeigandi sé að láta frestunina ná til tryggingarhæfra innstæðna, eins og þær eru skilgreindar í 4. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/49/ESB, einkum til tryggingarhæfra innstæðna einstaklinga, örfyrirtækja sem og lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Ef heimildinni til að fresta greiðslu- og afhendingarskyldum er beitt að því er varðar tryggingarhæfar innstæður geta aðildarríkin kveðið á um að skilastjórnvöld tryggi að innstæðueigendur hafi aðgang að viðeigandi fjárhæð úr þessum innstæðum á degi hverjum.“

31) Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr. 70. gr.:

„2. Skilastjórnvöld skulu ekki beita heimildinni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í tengslum við neitt af eftirfarandi:

a) tyggingarréttindi kerfa eða rekstraraðila kerfa sem tilnefnd eru að því er varðar tilskipun 98/26/EB,

b) miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í Sambandinu skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og miðlæga mótaðila þriðja lands sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur viðurkennt skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, og

c) seðlabanka, í eignum sem stofnun í skilameðferð hefur veðsett eða lagt fram sem tryggingarfé eða til tryggingar.“

32) Eftirfarandi kemur í stað 3. mgr. 71. gr.:

„3. Frestun skv. 1. eða 2 mgr. gildir ekki um:

a) kerfi eða rekstraraðila kerfa sem tilnefnd eru að því er varðar tilskipun 98/26/EB,

b) miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í Sambandinu skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og miðlæga mótaðila í þriðja landi sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur viðurkennt skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða

c) seðlabanka.“

33) Eftirfarandi grein bætist við:

„71. gr. a

Samningsbundin viðurkenning á heimildum til að fresta skilameðferð

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir og aðilar sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. hafi í öllum fjárhagslegum samningum sem þær gera og heyra undir lög þriðja lands, skilmála þar sem aðilarnir viðurkenna að fjárhagslegi samningurinn geti fallið undir beitingu heimilda af hálfu skilastjórnvaldsins til að fresta eða takmarka réttindi og skuldbindingar skv. 33. gr. a, 69., 70. og 71. gr. og viðurkenna að þau eru bundin af kröfum 68. gr.

2. Aðildarríki geta einnig krafist þess að móðurfélög í Sambandinu tryggi að dótturfélög þeirra í þriðja landi hafi, í fjárhagslegum samningum sem um getur í 1. mgr., skilmála sem undanskilja að heimild skilastjórnvaldsins til að fresta eða takmarka réttindi og skuldbindingar móðurfélags í Sambandinu, í samræmi við 1. mgr., sé næg ástæða fyrir snemmbúinni uppsögn, frestun, breytingu, jöfnun, skuldajöfnun réttinda eða framfylgd tryggginga að því er varðar þessa samninga.

Krafan í fyrstu undirgrein getur gilt að því er varðar dótturfélög þriðja lands sem eru:

a) lánastofnanir,

b) verðbréfafyrirtæki (eða sem væru verðbréfafyrirtæki ef þau hefðu aðalskrifstofu í viðkomandi aðildarríki), eða

c) fjármálastofnanir.

3. Ákvæði fyrstu málsgreinar skulu gilda um alla fjárhagslega samninga sem:

a) stofna til nýrrar skuldbindingar eða breyta umtalsvert fyrirliggjandi skuldbindingu eftir gildistöku ákvæðanna sem voru samþykkt á landsvísu til að leiða þessa grein í lög,

b) innihalda ákvæði um að beita einum eða fleiri uppsagnarréttindum eða réttindum til að framfylgja tryggingar-réttindum, sem 33. gr. a, 68., 69., 70. eða 71. gr. mundu gilda um, ef fjárhagslegi samningurinn félli undir lög aðildarríkis.

4. Ef stofnun eða aðili taka ekki með samningsskilmálana sem krafa er um í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal það ekki koma í veg fyrir að skilastjórnvaldið beiti heimildunum sem um getur í 33. gr. a, 68., 69., 70. eða 71. gr. í tengslum við þann fjárhagslega samning.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða frekar efni skilmálanna sem krafist er í 1. mgr., með tilliti til mismunandi viðskiptalíkana stofnana og aðila.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

34) Ákvæðum 88. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Skilastjórnvöld á samstæðustigi skulu, með fyrirvara um 89. gr., koma á fót skilaráðum til að annast verkefnin sem um getur í 12., 13., 16., 18., 45. til 45. gr. h, 91. og 92. gr. og, eftir því sem við á, tryggja samvinnu og samræmingu við skilastjórnvöld í þriðju löndum.“

b) Orðin „45. gr. til 45. gr. h“ koma í stað orðanna „45. gr.“ í i-lið annarrar undirgreinar 1. mgr.“

35) Í stað 89. gr. kemur eftirfarandi:

„89. gr.

Evrópsk skilaráð

1. Þegar stofnun í þriðja landi eða móðurfélag í þriðja landi á dótturfélög í Sambandinu, eða móðurfélög í Sambandinu hafa staðfestu í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, eða þegar tvö eða fleiri aðildarríki telja tvö eða fleiri útibú í Sambandinu vera mikilvæg skulu skilastjórnvöld í aðildarríkjunum, þar sem þessir aðilar hafa staðfestu eða þar sem þessi mikilvægu útibú eru staðsett, koma á fót sameiginlegu evrópsku skilaráði.

2. Evrópska skilaráðið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal reka starfsemina og framkvæma verkefnin sem tilgreind eru í 88. gr. að því er tekur til aðilanna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og, að því marki sem þessi verkefni skipta máli, að því er varðar útibú þeirra.

Verkefnin, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skulu fela í sér að taka ákvörðun um kröfuna sem um getur í 45. gr. til 45. gr. h.

Þegar aðilar að evrópska skilaráðinu ákvarða kröfuna sem um getur í 45. gr. til 45. gr. h skulu þeir taka tillit til samræmdrar heildarskilaáætlunar, sé hún fyrir hendi, sem yfirvöld í þriðju löndum hafa samþykkt.

Ef dótturfélög með staðfestu í Sambandinu eða móðurfélag og dótturstofnanir þess, eru, samkvæmt heildarskilaáætluninni, ekki aðilar í skilameðferð og aðilar að evrópska skilaráðinu eru sammála um þá stefnu, skulu dótturfélög með staðfestu í Sambandinu eða, á samstæðugrunni, móðurfélagið í Sambandinu fara að kröfunni í 1. mgr. 45. gr. f með því að gefa út gerninga sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 45. gr. f til endanlegs móðurfélags þeirra með staðfestu í þriðja landi eða til dótturfélaga þess endanlega móðurfélags sem eru með staðfestu í sama þriðja landi eða til annarra aðila samkvæmt skilyrðunum sem eru sett fram i. lið a-liðar og ii. lið b-liðar í 2. mgr. 45. gr. f.

3. Ef aðeins eitt móðurfélag í Sambandinu ræður yfir öllum dótturfélögum í Sambandinu sem eru í eigu stofnunar í þriðja landi eða móðurfélags í þriðja landi skal evrópska skilaráðið vera undir formennsku skilastjórnvalds aðildarríkisins þar sem móðurfélagið í Sambandinu hefur staðfestu.

Þegar fyrsta undirgreinin á ekki við skal skilastjórnvald móðurfélags í Sambandinu eða dótturfélags í Sambandinu með hæsta virði heildareigna í efnahagsreikningi vera í formennsku í evrópska skilaráðinu.

4. Aðildarríkjum er heimilt, með gagnkvæmum samningi allra viðkomandi aðila, að fella niður kröfuna um að koma á fót evrópsku skilaráði ef önnur samstæða eða ráð, reka sömu starfsemi og annast sömu verkefni og tilgreind eru í þessari grein og uppfyllir öll skilyrði og málsmeðferðareglur, þ.m.t. þær sem ná yfir aðild að og þátttöku í evrópskum skilaráðum, sem komið er á með þessari grein og 90. gr. Í slíkum tilvikum skal einnig líta á allar tilvísanir í evrópsk skilaráð í þessari tilskipun sem tilvísanir í þessar samstæður eða ráð.

5. Evrópsk skilaráð skulu annars starfa í samræmi við 88. gr., með fyrirvara um 3. og 4. mgr. þessarar greinar.“

36) Orðin „eftirgefanlegar skuldbindingar“ koma í stað orðanna „hæfar skuldbindingar“ í 6. lið B-þáttar og í 17. lið C-þáttar viðaukans.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 98/26/EB

Tilskipun 98/26/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) „miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili eins og hann er skilgreindur í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,“.

b) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) „þátttakandi“: stofnun, miðlægur mótaðili, uppgjörsaðili, stöðustofnunarstöð, kerfisstjóri eða stöðustofnunaraðili miðlægs mótaðila sem hefur starfsleyfi skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,“.

2) Eftirfarandi grein bætist við:

„12. gr. a

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 28. júní 2021, endurskoða hvernig aðildarríkin beita þessari tilskipun gagnvart innlendum stofnunum sem taka beinan þátt í kerfum sem falla undir lög þriðja lands og gagnvart verndun veðtrygginga sem veittar eru í tengslum við þátttöku í slíkum kerfum. Framkvæmdastjórnin skal einkum meta þörfina fyrir frekari breytingar á þessari tilskipun að því er varðar kerfi sem falla undir lög þriðja lands. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu þar um fyrir Evrópuþingið og ráðið, auk tillagna um endurskoðun þessarar tilskipunar, eftir því sem við á.“

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. desember 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með gildistökudegi þeirra í innlendum lögum, þó eigi síðar en 28. desember 2020.

Aðildarríkin skulu beita 17. lið 1. gr. þessarar tilskipunar að því er varðar 3. mgr. 45. gr. i í tilskipun 2014/59/ESB frá og með 1. janúar 2024. Ef skilastjórnvaldið hefur, í samræmi við 1. mgr. 45. gr. m í tilskipun 2014/59/ESB, ákvarðað frest til framfylgdar sem lýkur eftir 1. janúar 2024, skal dagurinn þegar 17. liður 1. gr. þessarar tilskipunar, að því er varðar 3. mgr. 45. gr. i í tilskipun 2014/59/ESB, öðlast gildi vera hinn sami og fresturinn til framfylgdar.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. maí 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	G. CIAMBA
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/1724 **2023/EES/26/21**

frá 2. október 2018

um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Innri markaðurinn er einna áþreifanlegasti árangur Sambandsins. Með því að heimila frjálsa för fólks, vara, þjónustu og fjármagns bjóðast ný tækifæri fyrir borgara og fyrirtæki. Þessi reglugerð er lykilþáttur í áætluninni um innri markaðinn sem komið var á fót með orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar þann 28. október 2015 undir yfirskriftinni „Áætlun um stafrænan innri markað uppfærð: aukin tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki“. Markmiðið með þeirri áætlun er að leysa úr viðjum alla möguleika innri markaðarins með því að auðvelda borgurum og fyrirtækjum að flytja sig til innan Sambandsins og stunda viðskipti, öðlast staðfestu og færa út reksturinn yfir landamæri.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2015 sem ber yfirskriftina „Áætlun um stafrænan innri markað fyrir Evrópu“ felst viðurkenning á hlutverki netsins og stafrænnar tækni við að breyta lífi okkar, breyta því hvernig borgarar og fyrirtæki fá aðgang að upplýsingum, afla sér þekkingar, kaupa vörur og þjónustu, taka þátt á markaði og í vinnu, og liðka þannig fyrir tækifærum til nýsköpunar, vaxtar og atvinnu. Í þeirri orðsendingu, ásamt nokkrum ályktunum sem Evrópuþingið hefur samþykkt, var viðurkennt að þörfum borgara og fyrirtækja, í eigin landi og yfir landamæri, væri betur mætt með því að víkka út og samþætta fyrirliggjandi evrópskar vefgáttir, vefsetur, netkerfi, þjónustur og kerfi og með því að tengja þær við mismunandi landsbundnar lausnir, og stofna þannig sameiginlega stafræna gátt sem þjónar sem einn evrópskur inngangsstaður („gáttin“). Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. apríl 2016 sem ber yfirskriftina „Aðgerðaáætlun ESB um rafræna stjórnsýslu 2016-2020 — að hraða stafrænni umbreytingu stjórnsýslu“ er gáttin skráð á meðal aðgerða hennar fyrir árið 2017. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 24. janúar 2017, sem ber yfirskriftina „Efling réttinda borgaranna í Sambandi lýðræðislegra breytinga — skýrsla um borgararétt ESB 2017“ var gáttin talin vera forgangsatriði fyrir réttindi borgara Sambandsins.

3) Evrópuþingið og ráðið hafa ítrekað kallað eftir ítarlegra og notendavænna safni upplýsinga og aðstoðar til að hjálpa borgurum og fyrirtækjum að rata um innri markaðinn og til að styrkja og einfalda verkfæri innri markaðarins í því skyni að mæta betur þörfum borgaranna og fyrirtækja í starfsemi sinni yfir landamæri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 81, 2.3.2018, bls. 88.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. september 2018 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 27. september 2018.

4) Með þessari reglugerð er brugðist við þessu ákalli því með því að bjóða borgurum og fyrirtækjum auðveldan aðgang að þeim upplýsingum, málsmeðferðum og þeirri aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem þau þurfa á að halda til að neyta réttar síns á innri markaðinum. Gáttin gæti stuðlað að auknu gagnsæi reglna og reglugerða varðandi mismunandi viðskiptatengda viðburði og viðburði í lífi fólks, á sviðum eins og ferðaþjónustu, starfslokum, menntun, atvinnu, heilbrigðisþjónustu, réttindum neytenda og réttindum fjölskyldna. Ennfremur gæti hún stuðlað að því að auka tiltrú neytenda, bæta úr skorti á þekkingu á neytendavernd og reglum innri markaðarins og draga úr kostnaði fyrirtækja við reglufylgni. Með þessari reglugerð er komið á notendavænni gagnvirkri gátt sem ætti að vísa notendum á þá þjónustu sem best á við, á grundvelli þarfa þeirra. Í tengslum við það ættu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin að gegna mikilvægu hlutverki við að ná þessum markmiðum.

5) Gáttin ætti að liðka fyrir gagnkvæmum samskiptum milli borgara og fyrirtækja annars vegar og lögbærra yfirvalda hins vegar með því að veita aðgang að lausnum á netinu, liðka fyrir daglegri starfsemi borgara og fyrirtækja og halda hindrunum á innri markaðinum í lágmarki. Sameiginleg stafræn gátt sem veitir aðgang yfir netið að réttum og uppfærðum upplýsingum, að málsmeðferðum og að aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum gæti stuðlað að því að auka vitund notenda um þær mismunandi nettengdu þjónustur sem til eru og sparað þeim tíma og kostnað.

6) Þessi reglugerð hefur þrjú markmið, þ.e. að draga úr viðbótarstjórnsýsluálagi á borgara og fyrirtæki sem neyta eða vilja neyta réttinda sinna á innri markaðinum, þ.m.t. til frjálsrar farar borgara, í fullu samræmi við landsbundnar reglur og málsmeðferð, að útrýma mismunun og að tryggja starfsemi innri markaðarins að því er varðar veitingu upplýsinga, málsmeðferða og aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum. Þar sem hún tekur til frjálsrar farar borgara, sem ekki getur aðeins talist vera tilfallandi, ætti þessi reglugerð að byggjast á 2. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU).

7) Til að borgarar og fyrirtæki í Sambandinu geti neytt réttarins til frjálsrar farar á innri markaðinum ætti Sambandið að samþykkja sértækar ráðstafanir án mismununar sem gera borgurum og fyrirtækjum kleift að fá auðveldan aðgang að nægilega ítarlegum og áreiðanlegum upplýsingum um réttindi sín samkvæmt lögum Sambandsins og að upplýsingum um gildandi landsbundnar reglur og málsmeðferðir, sem þeir þurfa að fylgja þegar þeir flytja til annars aðildarríkis en síns eigin, búa þar eða stunda nám, eða þegar þeir stofna þar eða reka fyrirtæki. Upplýsingar ættu að teljast nægilega ítarlegar ef þær innihalda allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir notendur til að skilja hver réttindi þeirra og skyldur eru og tilgreina þær reglur sem um þá gilda í tengslum við þá starfsemi sem þeir hyggjast stunda sem notendur yfir landamæri. Setja ætti upplýsingarnar fram með skýrum, gagnorðum og skiljanlegum hætti og þær ættu að vera hagnýtar og vel aðlagaðar að markhópi notenda. Upplýsingar um málsmeðferðir ættu að ná yfir öll fyrirsjáanleg stig málsmeðferðar sem skipta máli fyrir notandann. Það er mikilvægt fyrir borgara og fyrirtæki sem standa andspænis flóknu reglugerðarumhverfi, eins og þau sem starfa í rafrænni verslun og samvinnuhagkerfinu, að geta auðveldlega fundið gildandi reglur og hvernig þær gilda um starfsemi þeirra. Auðveldur og notendavænn aðgangur að upplýsingum merkir að notendur geti auðveldlega fundið upplýsingar, auðveldlega greint hvaða hlutar upplýsinganna eiga við um þeirra tilteknu aðstæður og auðveldlega skilið viðkomandi upplýsingar. Upplýsingar sem skulu veittar á landsvísu ættu ekki eingöngu að varða innlendar reglur til framkvæmdar á lögum Sambandsins heldur líka aðrar innlendar reglur sem gilda bæði um notendur innan landamæra og yfir landamæri.

8) Reglur um tilhögun upplýsingamiðlunar í þessari reglugerð ættu ekki að gilda um innlend dómskerfi, þar sem upplýsingar á því sviði sem skipta máli fyrir notendur yfir landamæri eru þegar birtar í gáttinni að rafrænu réttarkerfi (e-Justice portal). Í sumum aðstæðum sem falla undir þessa reglugerð ættu dómstólar að teljast vera lögbær yfirvöld, til dæmis ef dómstólar hafa umsjón með fyrirtækjaskrám. Að auki ætti meginreglan um bann við mismunun einnig að gilda um málsmeðferðir á netinu sem veita aðgang að málsmeðferð fyrir dómstólum.

9) Ljóst er að borgarar og fyrirtæki frá öðrum aðildarríkjum geta verið í verri stöðu vegna skorts á þekkingu á landsbundnum reglum og stjórnsýslukerfum, vegna mismunandi tungumála og landfræðilegrar fjarlægðar frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki en þeirra eigin. Skilvirkasta leiðin til að draga úr hindrunum á innri markaðinum sem af þessu leiðir er að gera notendum, yfir landamæri og innan landamæra, kleift að nálgast upplýsingar á netinu á tungumáli sem þeir skilja, til að gera þeim kleift að ljúka málsmeðferð til að fara að innlendum reglum að fullu á netinu og til að bjóða þeim aðstoð þegar reglur og málsmeðferðarreglur eru ekki nógu skýrar eða þegar þeir reka sig á hindranir við að neyta réttinda sinna.

10) Ýmsar lagagerðir Sambandsins hafa miðað að því að sjá fyrir lausnum með því að stofna afgreiðslu á einum stað fyrir tiltekna geira, þ.m.t. upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar sem komið er á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB ([1]) sem bjóða upplýsingar á netinu, aðstoðarþjónustu og aðgang að málsmeðferðum sem eiga við um þjónustustarfsemi; vörutengiliðir sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 764/2008 ([2]) og vörutengiliðir fyrir byggingariðnaðinn sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 ([3]) sem veita aðgang að sértækum tæknireglum fyrir vörur; og innlendar aðstoðarmiðstöðvar á sviði faglegrar menntunar og hæfis sem komið er á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB ([4]) sem aðstoða fagmenn við að flytja yfir landamæri. Að auki hefur verið komið á fót netum á borð við Evrópunet neytendamiðstöðva í því skyni að efla skilning á réttindum neytenda í Sambandinu og til að aðstoða við úrlausn kvartana vegna kaupa, sem gerð eru í öðru aðildarríki innan netsins, á ferðalögum eða í netverslun. Enn fremur leitast netið til úrlausnar vandamálum á innri markaði (SOLVIT), sem um getur í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2013/461/ESB ([5]), við að skila skjótum, skilvirkum og óformlegum lausnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki þegar opinber yfirvöld synja þeim um réttindi sín á innri markaðinum. Loks var komið á fót nokkrum upplýsingagáttum, s.s. Þín Evrópa (e. Your Europe), að því er varðar innri markaðinn, og gáttinni að rafrænu réttarkerfi (e-Justice portal) á sviði dómsmála, til að upplýsa notendur um reglur Sambandsins og landsbundnar reglur.

11) Vegna þess hvað þessar gerðir Sambandsins eru bundnar við einstaka geira er núverandi framboð upplýsinga á netinu og aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum ásamt málsmeðferðum á netinu fyrir borgara og fyrirtæki enn mjög sundurleitt. Það er misræmi í aðgengi að upplýsingum og málsmeðferðum á netinu, skortur á gæðum að því er varðar þjónustu og skortur á vitund að því er varðar þessar upplýsingar og þessa aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum. Notendur yfir landamæri eiga einnig í vanda með að finna og nálgast þessa þjónustu.

12) Með þessari reglugerð ætti að koma á fót sameiginlegri stafrænni gátt sem skal vera einn inngangsstaður þar sem borgarar og fyrirtæki geta nálgast upplýsingar um reglur og kröfur sem þeir þurfa að uppfylla samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum. Gáttin ætti að einfalda samskipti borgara og fyrirtækja við aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem komið er á fót innan Sambandsins eða á landsvísu og gera þau skilvirkari. Gáttin ætti einnig að gera það auðveldara að fá aðgang að og ljúka málsmeðferð á netinu. Þessi reglugerð ætti ekki að hafa nein áhrif á gildandi réttindi og skyldur samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum innan þessara málaflokka. Að því er varðar málsmeðferðirnar sem skráðar eru í II. viðauka þessarar reglugerðar og málsmeðferðirnar sem kveðið er á um í tilskipunum 2005/36/EB og 2006/123/EB og í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB ([6]) og 2014/25/ESB ([7]) ætti þessi reglugerð að styðja beitingu meginreglunnar um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni (e. „once-only“ principle) og virða að fullu grundvallarréttinn til verndar persónuupplýsingum að því er varðar skipti á sönnunargögnum milli lögbærra yfirvalda í mismunandi aðildarríkjum.

13) Gáttin og innihald hennar ættu að vera notendamiðuð og notendavæn. Með gáttinni ætti að miða að því að forðast óþarfa endurtekningar og þar ættu að vera tenglar á þá þjónustu sem í boði er. Hún ætti að gera borgurum og fyrirtækjum kleift að hafa gagnkvæm samskipti við opinbera aðila á landsvísu og á vettvangi Sambandsins með því að gefa þeim tækifæri til endurgjafar, bæði varðandi þá þjónustu sem í boði er í gáttinni og starfsemi innri markaðarins eins og þeir upplifa hana. Tólið til endurgjafar ætti að gera notandanum kleift, með þeim hætti að hann geti verið undir nafnleynd, að benda á vandamál sem hann finnur, galla og þarfir í því skyni að hvetja til stöðugra umbóta á gæðum þjónustunnar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 764/2008 frá 9. júlí 2008 um málsmeðferð við beitingu tiltekinna innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki og um niðurfellingu á ákvörðun 3052/95/EB (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 21).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).

([5]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/461/ESB frá 17. september 2013 um meginreglur varðandi SOLVIT (Stjtíð. ESB L 249, 19.9.2013, bls. 10).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

14) Velgengni gáttarinnar veltur á sameiginlegu átaki framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna. Í gáttinni ætti að vera sameiginlegt notendaviðmót sem samþætt er við fyrirliggjandi vefgáttina Þín Evrópa og sem framkvæmdastjórnin skal hafa umsjón með. Sameiginlega notendaviðmótið ætti að hafa tengla á upplýsingar, málsferðir og aðstoð eða þjónustu við úrlausn vandamála sem er í boði í vefgáttum sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjum og framkvæmdastjórnin hafa umsjón með. Í því skyni að auðvelda notkun gáttarinnar ætti sameiginlega notendaviðmótið að vera aðgengilegt á öllum opinberum tungumálum meginstofnana Sambandsins („opinber tungumál Sambandsins“). Vefgáttin Þín Evrópa, sem fyrir er, og aðalheimasíða hennar, sem löguð er að kröfum gáttarinnar, ættu að viðhalda þessari margmála nálgun við upplýsingagjöf. Starfsemi gáttarinnar ætti að vera studd af tæknilegum tólum sem framkvæmdastjórnin hefur þróað í nánu samstarfi við aðildarríkin.

15) Í sáttmálanum um rafrænar upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar samkvæmt tilskipun 2006/123/EB sem ráðið staðfesti árið 2013, skuldbundu aðildarríki sig að eigin frumkvæði til að beita notendamiðaðri nálgun við miðlun upplýsinga í gegnum upplýsinga- og þjónustumiðstöðvarnar til að ná yfir svið sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir fyrirtæki, svo sem virðisaukaskatt, tekjuskatt, almannatryggingar eða kröfur vinnulöggjafar. Á grundvelli sáttmálans og í ljósi reynslunnar af vefgáttinni Þín Evrópa ættu þær upplýsingar einnig að fela í sér lýsingu á aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum. Borgarar og fyrirtæki ættu að geta snúið sér til slíkrar þjónustu þegar þeir eiga í vandræðum með að skilja upplýsingar, tengja þær upplýsingar við sínar aðstæður eða ljúka málsmeðferð.

16) Í þessari reglugerð ætti að tilgreina þau svið upplýsinga sem varða borgara og fyrirtæki sem neyta réttinda sinna og uppfylla skyldur sínar á innri markaðnum. Veita ætti nægilega ítarlegar upplýsingar á landsvísu á þessum sviðum, þ.m.t. á vettvangi svæða og sveitarfélaga og á vettvangi Sambandsins, þar sem gildandi reglur og skyldur, ásamt málsmeðferðum sem borgarar og fyrirtæki þurfa að ljúka til að uppfylla þessar reglur og skyldur, eru útskýrðar. Til að tryggja gæði þjónustunnar sem boðin er ættu upplýsingar, sem veittar eru í gegnum gáttina, að vera skýrar, réttar og uppfærðar, lágmarka ætti notkun flókinna íðorða og takmarka notkun upphafsstafaorða við þau sem standa fyrir einfölduð og auðskilin hugtök sem ekki krefjast fyrirliggjandi þekkingar á málefninu eða hinu lagalega sviði. Þessar upplýsingar ætti að veita á þann hátt að notendur geti auðveldlega skilið þær grundvallarreglur og kröfur sem eiga við aðstæður þeirra á slíkum sviðum. Einnig ætti að upplýsa notendur um að í tilteknum aðildarríkjum séu innlendar reglur ekki til staðar á þeim upplýsingasviðum sem talin eru upp í I. viðauka, sérstaklega þegar þessi svið falla undir innlendar reglur í öðrum aðildarríkjum. Slíkar upplýsingar um að innlendar reglur séu ekki til staðar mætti hafa í vefgáttinni Þín Evrópa.

17) Upplýsingar sem framkvæmdastjórnin hefur þegar aflað frá aðildarríkjunum samkvæmt fyrirliggjandi lögum Sambandsins eða valfrjálsu fyrirkomulagi, s.s. upplýsingar sem hefur verið aflað fyrir EURES-vefgáttina, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 ([1]), gáttina að rafrænu réttarkerfi, sem komið er á fót með ákvörðun ráðsins 2001/470/EB ([2]) eða gagnagrunninn yfir lögverndaðar starfsgreinar, sem komið er á fót með tilskipun 2005/36/EB, ætti, eftir því sem unnt er, að nota sem hluta þeirra upplýsinga sem gerðar verða aðgengilegar borgurum og fyrirtækjum á vettvangi Sambandsins og á landsvísu í samræmi við reglugerð þessa. Þess ætti ekki að vera krafist að aðildarríkin birti upplýsingar, sem þegar eru aðgengilegar í viðkomandi gagnagrunnum í umsjón framkvæmdastjórnarinnar, á landsbundnum vefsetrum sínum. Þegar aðildarríkin þurfa þegar að birta upplýsingar á netinu samkvæmt öðrum gerðum Sambandsins, s.s. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB ([3]), ætti að nægja að aðildarríkin láti í té tengla á fyrirliggjandi upplýsingar á netinu. Þegar tilteknir málaflokkar hafa þegar verið samræmdir að fullu með lögum Sambandsins, t.d. réttindi neytenda, ættu upplýsingar sem veittar eru á vettvangi Sambandsins almennt að nægja til að notendur geti skilið viðkomandi réttindi sín eða skyldur. Í slíkum tilvikum ætti einungis að gera kröfu um að aðildarríkin veiti viðbótarupplýsingar varðandi landsbundna stjórnsýslumeðferð sína og

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 frá 13. apríl 2016 um vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið), aðgang launafólks að þjónustu vegna hreyfanleika og frekari samþættingu vinnumarkaða, og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) nr. 1296/2013 (Stjtíð. ESB L 107, 22.4.2016, bls. 1).

([2]) Ákvörðun ráðsins 2001/470/EB frá 28. maí 2001 um stofnun Evrópunets dómstóla í einkamálum og viðskiptamálum (Stjtíð. ESB L 174, 27.6.2001, bls. 25).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (Stjtíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 11).

aðstoðarþjónustu eða aðrar innlendar stjórnsýslureglur ef það er mikilvægt fyrir notendur. Upplýsingar varðandi réttindi neytenda ættu til dæmis ekki að hafa áhrif á samningalög heldur ættu þær frekar að upplýsa notendur um réttindi þeirra samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum í tengslum við verslunarviðskipti.

18) Þessi reglugerð ætti að auka umfang málsmeðferða á netinu á innri markaðinum og stuðla þannig að stafvæðingu hans, með því að virða almennu meginregluna um bann við mismunun, meðal annars í tengslum við aðgang borgara eða fyrirtækja að málsmeðferðum á netinu sem þegar hefur verið komið á fót á landsbundnum vettvangi á grundvelli laga Sambandsins eða landslaga og að málsmeðferðum sem gera skal aðgengilegar að fullu á netinu í samræmi við reglugerð þessa. Þegar notandi í aðstæðum sem einskorðast við eitt aðildarríki getur nálgast og lokið málsmeðferð á netinu í því aðildarríki á sviði sem fellur undir þessa reglugerð, ætti notandi yfir landamæri einnig að geta nálgast og lokið þeirri málsmeðferð á netinu, án hindrana sem mismuna, annað hvort með því að nota sömu tæknilausn eða aðra tæknilega aðskilda lausn sem leiðir til sömu niðurstöðu. Slíkar hindranir gætu verið lausnir sem hannaðar eru fyrir innanlandsmarkað, s.s. að nota reiti sem krefjast innlendra símanúmera, innlendra forvalsnúmera fyrir símanúmer eða innlendra póstnúmera, greiðsla gjalda sem einungis er hægt að inna af hendi í gegnum kerfi sem gera ekki ráð fyrir greiðslum yfir landamæri, skortur á nákvæmum upplýsingum á tungumáli sem notendur yfir landamæri skilja, að bjóða ekki upp á þann möguleika að leggja fram rafræn sönnunargögn frá yfirvöldum í öðru aðildarríki og að viðurkenna ekki rafræna auðkenningu sem gefin er út í öðrum aðildarríkjum. Aðildarríkin ættu að finna lausnir á þessum hindrunum.

19) Notendur sem eru að ljúka málsmeðferð á netinu yfir landamæri ættu að geta fengið allar viðeigandi útskýringar á opinberu tungumáli Sambandsins sem er nokkurn veginn skiljanlegt sem flestum notendum yfir landamæri. Þetta þýðir ekki að aðildarríkjum beri að þýða stjórnsýslueyðublöð sín sem tengjast málsmeðferðinni eða niðurstöðu málsmeðferðarinnar yfir á það tungumál. Þó eru aðildarríkin hvött til að nota tæknilegar lausnir sem myndu gera notendum kleift að ljúka málsmeðferðum á því tungumáli í sem flestum tilvikum og virða um leið reglur aðildarríkjanna um notkun tungumála.

20) Þær innlendu málsmeðferðir á netinu sem eru mikilvægar fyrir notendur yfir landamæri til að gera þeim kleift að neyta réttinda sinna á innri markaðinum eru háðar því hvort þeir eru búsettir eða með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki eða hvort þeir vilja hafa aðgang að málsmeðferðum þess aðildarríkis meðan þeir eru búsettir í eða með staðfestu í öðru aðildarríki. Þessi reglugerð ætti ekki að hindra aðildarríkin í að gera kröfu um að notendur yfir landamæri sem eru búsettir á eða hafa staðfestu á þeirra yfirráðasvæði verði sér úti um landsbundna kennitölu til að fá aðgang að innlendum málsmeðferðum á netinu, að því tilskildu að í þessu felist ekki ósanngjarnt viðbótarálag eða -kostnaður fyrir þá. Innlendar málsmeðferðir á netinu sem varða ekki nýtingu notenda yfir landamæri á réttindum sínum á innri markaðinum, s.s skráning fyrir staðbundinni þjónustu eins og sorphirðu og bílastæðaleyfum, þurfa ekki að vera aðgengilegar að fullu á netinu fyrir notendur yfir landamæri sem ekki eru búsettir í eða með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki.

21) Þessi reglugerð ætti að byggjast á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 ([1]) þar sem mælt er fyrir um með hvaða skilyrðum aðildarríkin viðurkenna tiltekna rafrænar auðkenningarleiðir fyrir einstaklinga og lögaðila sem falla undir tilkynnta rafræna auðkenningarskipan annars aðildarríkis. Í reglugerð (ESB) nr. 910/2014 er mælt fyrir um skilyrðin fyrir því að notendur geti notað rafrænar auðkenningar- og sannvottunarleiðir sínar til að fá aðgang að opinberri þjónustu á netinu við aðstæður sem ná yfir landamæri. Meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins eru hvattar til að viðurkenna rafrænar auðkenningar- og sannvottunarleiðir fyrir þær málsmeðferðir sem þær bera ábyrgð á.

22) Ýmsar gerðir Sambandsins sem bundnar eru við einstaka geira, s.s. tilskipanir 2005/36/EB, 2006/123/EB, 2014/24/ESB og 2014/25/ESB krefjast þess að málsmeðferðir séu gerðar að fullu aðgengilegar á netinu. Þessi reglugerð ætti að gera kröfu um að fjöldi annarra afar mikilvægra málsmeðferða fyrir meirihluta borgara og fyrirtækja sem neyta réttinda sinna og uppfylla skyldur sínar yfir landamæri, verði gerðar að fullu aðgengilegar á netinu.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

23) Til að gera borgurum og fyrirtækjum kleift að njóta ávinningsins af innri markaðnum með beinum hætti án þess að taka á sig ónauðsynlegt viðbótarstjórnsýsluálag ætti þessi reglugerð að gera kröfu um að notendaviðmót tiltekinna lykilmálsmeðferða fyrir notendur yfir landamæri, sem skráðar eru í II. viðauka þessarar reglugerðar, verði að full stafvætt. Í þessari reglugerð ætti einnig að mæla fyrir um viðmiðanir til að ákvarða hvenær þessar málsmeðferðir teljast vera að fullu á netinu. Skyldan til að gera slíka málsmeðferð aðgengilega að fullu á netinu ætti einungis að gilda þegar málsmeðferðinni hefur verið komið á fót í hlutaðeigandi aðildarríki. Þessi reglugerð ætti ekki að ná yfir upphaflega skráningu atvinnustarfsemi, málsmeðferðir sem eru undanfari stofnunar félaga eða fyrirtækja sem lögaðila eða neina síðari framlagningu gagna af hálfu slíkra félaga eða fyrirtækja, þar sem slíkar málsmeðferðir útheimta heildræna nálgun sem miðar að því að greiða fyrir stafrænum lausnum á öllum lífsferli fyrirtækis. Þegar fyrirtæki koma á fót starfsemi í öðru aðildarríki ber þeim að skrá sig í almannatryggingakerfi og tryggingakerfi til að skrá starfsmenn sína og greiða iðgjöld til beggja kerfanna. Þeir gætu þurft að tilkynna atvinnustarfsemi sína, fá leyfi eða skrá breytingar á atvinnustarfsemi sinni. Þessar málsmeðferðir eiga við um fyrirtæki sem starfa í mörgum greinum atvinnulífsins og því þykir rétt að krefjast þess að þær séu gerðar aðgengilegar á netinu.

24) Þessi reglugerð ætti að skýra hvað felst í því að bjóða málsmeðferð að fullu á netinu. Líta ætti svo á að málsmeðferð sé að fullu á netinu ef notandi getur framkvæmt öll skref, frá upphafi til enda, með rafrænum samskiptum við lögbæra yfirvaldið, „framlínuna“ (e. „front office“), úr fjarlægð og í gegnum þjónustu á netinu. Þessi þjónusta á netinu ætti að leiða notandann í gegnum lista yfir allar kröfur sem þarf að uppfylla og öll sönnunargögn sem leggja skal fram, gera honum kleift að leggja fram upplýsingar og sönnun þess að allar slíkar kröfur hafi verið uppfylltar og senda notandanum sjálfvirka staðfestingu á móttöku, sé niðurstaða málsmeðferðarinnar ekki send strax. Þetta ætti ekki að hindra lögbær yfirvöld í því að hafa beint samband við notendurna, ef nauðsyn krefur, til að afla frekari skýringa sem þörf er á fyrir málsmeðferðina. Lögbær yfirvöld ættu einnig að senda niðurstöður málsmeðferðarinnar, eins og sett er fram í þessari reglugerð, til notandans rafrænt, þar sem það er hægt samkvæmt gildandi lögum Sambandsins og landslögum.

25) Þessi reglugerð ætti ekki hafa áhrif á efni málsmeðferðanna sem skráðar eru í II. viðauka og komið hefur verið á fót á vettvangi ríkja, svæða og sveitarfélaga og mælir ekki fyrir um efnis- eða málsmeðferðarreglur innan þeirra sviða sem II. viðauki nær yfir, þ.m.t. á sviði skattlagningar. Tilgangur þessarar reglugerðar er að mæla fyrir um tæknilegar kröfur til að tryggja að slíkar málsmeðferðir, hafi þeim verið komið á fót í hlutaðeigandi aðildarríki, séu gerðar aðgengilegar að fullu á netinu.

26) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á valdheimildir landsyfirvalda í neinni málsmeðferð, þ.m.t. sannprófun á áreiðanleika og gildi upplýsinga eða sönnunargagna sem lögð eru fram og sannprófun á sannvottuðum uppruna þegar sönnunargögn eru lögð fram á annan hátt en í tæknikerfinu sem byggist á meginreglunni um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni. Þessi reglugerð ætti ekki heldur að hafa áhrif á verkflæði málsmeðferðarinnar hjá lögbærum yfirvöldum og á milli þeirra, þ.e. „bakvinnsluna“, hvort sem hún er stafræn eða ekki. Ef nauðsyn krefur, og sem hluti af nokkrum þeirra málsmeðferða sem lúta að skráningu breytinga á atvinnustarfsemi, ættu aðildarríkin áfram að geta krafist aðkomu lögbókara eða lögfræðinga sem gætu viljað nota sannprófunaraðferðir eins og myndfundi eða aðrar leiðir yfir netið þar sem hægt er að tengjast með hljóði og mynd í rauntíma. Slík aðkoma ætti þó ekki að hindra að hægt sé að ljúka málsmeðferðum, sem lúta að skráningu slíkra breytinga, á netinu í heild sinni.

27) Í sumum tilvikum gætu notendur þurft að leggja fram sönnunargögn til að sanna staðreyndir sem ekki er unnt að staðfesta yfir netið. Slík sönnunargögn gætu verið læknisvottorð, sönnun þess að viðkomandi sé á lífi, sönnun á akstursháfni vélknúinna ökutækja eða staðfesting á verksmiðjunúmerum þeirra. Að því tilskildu að unnt sé að leggja fram slík sönnunargögn á rafrænu formi ætti ekki að álíta þetta undantekningu frá þeirri meginreglu að málsmeðferð ætti að vera í boði að fullu á netinu. Í öðrum tilvikum gætu notendur málsmeðferðar samt sem áður þurft að koma fyrir lögbært yfirvald í eigin persónu sem hluti af málsmeðferð á netinu. Takmarka ætti allar slíkar undantekningar, aðrar en þær sem leiðir af löggjöf Sambandsins, við aðstæður þar sem brýn þörf vegna hagsmuna almennings á sviðum almannaöryggis, lýðheilsu eða baráttunnar gegn svikum réttlætir veitingu þeirra. Til að tryggja gagnsæi ættu aðildarríkin að deila upplýsingum um slíkar undanþágur með framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum ásamt forsendunum fyrir því að heimilt sé að veita þær og aðstæðunum þar sem unnt er að beita þeim. Aðildarríkin ættu ekki að þurfa að tilkynna um hvert einstakt tilvik þar sem, í sérstökum undantekningartilvikum, var krafist raunverulegrar viðveru, en ættu heldur að láta í té landsákvæðin sem kveða á um slík tilvik. Samræmingarhópur gáttarinnar ætti reglubundið að ræða bestu starfsvenjur á landsvísu og tækniþróun sem gerir frekari stafvæðingu mögulega að því er þetta varðar.

28) Í aðstæðum yfir landamæri gæti málsmeðferð um breytingu á heimilisfangi samanstaðið af tveimur aðskildum málsmeðferðum, annarri í upprunaaðildarríkinu um beiðni um afskráningu af gamla heimilisfanginu og hin í viðtöku-aðildarríkinu um beiðni um skráningu á nýja heimilisfanginu. Þessi reglugerð ætti að ná yfir báðar málsmeðferðirnar.

29) Þar sem tilskipun 2005/36/EB nær þegar yfir stafvæðingu á kröfum, málsmeðferðum og formsatriðum í tengslum við viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi ætti þessi reglugerð einungis að ná yfir stafvæðingu málsmeðferðar um beiðni um viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum eða annarri staðfestingu um áfanga sem lokið hefur verið við, að því er varðar einstakling sem óskar eftir því að hefja nám eða halda áfram námi, eða um að nota námstitil, án formsatriðanna í tengslum við viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi.

30) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á reglurnar um samræmingu á sviði almannatrygginga sem settar eru fram í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 ([1]) og (EB) nr. 987/2009 ([2]) sem skilgreina réttindi og skyldur tryggðra einstaklinga og almannatryggingastofnana og einnig þær málsmeðferðir sem við eiga á sviði samræmingar almannatrygginga.

31) Ýmsum netkerfum og þjónustu hefur verið komið á fót á vettvangi Sambandsins og á landsvísu til að aðstoða borgara og fyrirtæki við starfsemi þeirra yfir landamæri. Mikilvægt er að þessi þjónusta, þ.m.t. fyrirliggjandi aðstoð eða þjónusta við úrlausn vandamála sem komið hefur verið á fót á vettvangi Sambandsins, s.s. Evrópunet neytendamiðstöðva, Þín Evrópa – ráðgjöf, SOLVIT-netið, þjónustuverið fyrir hugverkaréttaréttindi, Evrópska upplýsingaþjónustan og EEN-netið, séu hluti af gáttinni til að tryggja að allir hugsanlegir notendur geti fundið hana. Þjónustunni sem skráð er í III. viðauka var komið á með bindandi gerðum Sambandsins á meðan önnur þjónusta er starfrækt á valfrjálsum grundvelli. Þjónusta sem komið er á með bindandi gerðum Sambandsins ætti að vera bundin af gæðakröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þjónusta sem er starfrækt á valfrjálsum grundvelli ætti að uppfylla þessar gæðakröfur ef ætlunin er að gera hana aðgengilega í gegnum gáttina. Þessi reglugerð ætti ekki að breyta umfangi og eðli þessarar þjónustu, fyrirkomulagi stjórnunarhátta hennar, fyrirliggjandi frestum og því hvort hún er starfrækt á valfrjálsum grundvelli, samningsbundnum grundvelli eða á öðrum grundvelli. Ef aðstoðin sem hún veitir er til dæmis óformleg ætti þessi reglugerð ekki að hafa þau áhrif að breyta slíkri aðstoð í bindandi lögfræðiráðgjöf.

32) Enn fremur ættu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin að geta bætt við gáttina, samkvæmt skilyrðum þessarar reglugerðar, annarri landsbundinni aðstoð eða þjónustu til lausnar á vandamálum sem lögbær yfirvöld eða einkaaðilar, hálfopinberir eða opinberir aðilar, s.s. viðskiptaráð eða óopinber aðstoðarþjónusta fyrir borgara, veita. Lögbær yfirvöld ættu að jafnaði að bera ábyrgð á því að aðstoða borgara og fyrirtæki við hvers konar fyrirspurnir sem þau hafa í tengslum við gildandi reglur og málsmeðferðir sem þjónusta á netinu getur ekki leyst úr að fullu. Þó geta aðildarríkin lagt til við framkvæmdastjórnina að hún hafi slíka þjónustu í gáttinni á mjög sérhæfðum sviðum ef veitt þjónusta af hendi einkaaðila eða hálfopinberra aðila uppfyllir þarfir notandans og að því tilskildu að þessi þjónusta uppfylli öll skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og sé ekki tvítekning á aðstoð eða þjónustu til lausnar á vandamálum sem þegar er til staðar.

33) Til að aðstoða notendur við að finna viðeigandi þjónustu ætti þessi reglugerð að sjá fyrir þjónustuleit sem vísar notendum sjálfkrafa á rétta þjónustu.

34) Það skiptir sköpum fyrir velgengni gáttarinnar að farið sé að nokkrum lágmarkskröfum um gæði til að tryggja að upplýsingagjöfin eða þjónustan sé áreiðanleg, þar sem trúverðugleiki gáttarinnar í heild myndi annars bíða verulegan hnekki. Meginmarkmið þessa er að tryggja að upplýsingarnar eða þjónustan sé sett fram á skýran og notendavænan hátt. Aðildarríkin bera ábyrgð á því að ákveða hvernig upplýsingar eru settar fram fyrir notandann á hverju stigi vegferðar hans til að ná þessu markmiði. Þó að gagnlegt sé fyrir notendur að vera upplýstir um almennt tiltækar kæruleiðir áður en málsmeðferð er hafin er það t.d. mun notendavænna að sértækar upplýsingar um möguleg úrræði í slíku tilviki séu veittar í lok málsmeðferðarinnar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1).

35) Unnt er að bæta aðgengi notenda yfir landamæri að upplýsingum verulega ef upplýsingarnar eru gerðar aðgengilegar á opinberu tungumáli Sambandsins sem er nokkurn veginn skiljanlegt sem flestum notendum yfir landamæri. Í flestum tilvikum ætti það að vera það erlenda tungumál sem flestir notendur í Sambandinu læra en í sumum tilvikum, nánar tiltekið þegar um er að ræða upplýsingar sem lítil sveitarfélög sem liggja nálægt landamærum aðildarríkis þurfa að veita á staðarvísu, gæti fyrsta mál notenda yfir landamæri í aðliggjandi aðildarríki verið það sem hentar best. Þýðingin úr opinberu tungumáli eða -málum aðildarríkisins sem um er að ræða yfir á þetta annað opinbera tungumál Sambandsins ætti að endurspegla nákvæmlega inntak upplýsinganna sem veittar eru á frummálinu eða -málunum. Þýðing getur takmarkast við þær upplýsingar sem notendur þurfa til að skilja grundvallarreglurnar og kröfurnar sem gilda um aðstæður þeirra. Þótt hvetja ætti aðildarríkin til að þýða eins mikið af upplýsingum og unnt er yfir á opinbert tungumál Sambandsins, sem er nokkurn veginn skiljanlegt sem flestum notendum yfir landamæri, veltur umfang þeirra upplýsinga, sem þýða skal samkvæmt þessari reglugerð, á því fjármagni sem tiltækt er í þessu skyni, einkum því sem kemur af fjárlögum Sambandsins. Framkvæmdastjórnin ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þýðingar séu afgreiddar með skilvirkum hætti til aðildarríkjanna að beiðni þeirra. Samræmingarhópur gáttarinnar ætti að ræða og leiðbeina um það eða þau opinberu tungumál Sambandsins sem þýða ætti slíkar upplýsingar á.

36) Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 ([1]) ber aðildarríkjum að tryggja að aðgengi að vefsetrum opinberra aðila þeirra sé í samræmi við meginreglurnar um skynjanleika, nothæfi, skiljanleika og traustleika og að þau uppfylli kröfurnar sem sú tilskipun mælir fyrir um. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu að tryggja að farið sé að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, einkum 9. og 21. gr., og til að stuðla að aðgengi fólks með greindarskerðingu að upplýsingum ætti að bjóða upp á valkosti á auðlesnu máli að því marki sem unnt er, í samræmi við meðalhófsregluna. Aðildarríkin hafa, með því að fullgilda þann samning, og Sambandið, með því að samþykkja hann ([2]), skuldbundið sig til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fatlað fólk hafi aðgengi til jafns við aðra að nýrri upplýsinga- og fjarskiptatækni og -kerfum, þ.m.t. netinu, með því að auðvelda fólki með greindarskerðingu aðgang að upplýsingum með því bjóða upp á valkosti á auðlesnu máli að því marki sem unnt er og í samræmi við meðalhóf.

37) Tilskipun (ESB) 2016/2102 gildir ekki um vefsetur meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins og smáforrit þeirra fyrir fartæki en framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að sameiginlega notendaviðmótið og vefsíðurnar sem hún ber ábyrgð á og eiga að vera í gáttinni séu aðgengilegar fötluðu fólki, þ.e.a.s. að þær séu skynjanlegar, nothæfar, skiljanlegar og traustar. Skynjanleiki (e. *perceivability)* þýðir að upplýsingarnar og þættir sameiginlega notendaviðmótsins verða að vera þannig að notendur geti skynjað þau; nothæfi (e. *operability*) þýðir að þættir sameiginlega notendaviðmótsins og leiðsögukerfi verða að vera nothæf; skiljanleiki (e. *understandability*) þýðir að upplýsingar og notkun sameiginlega notendaviðmótsins verða að vera skiljanleg og traustleiki (e. *robustness)* þýðir að efni þarf að vera nógu traust til þess að margvísleg aðgangsforrit, þ.m.t. hjálpartækni, geti túlkað það með áreiðanlegum hætti. Framkvæmdastjórnin er hvött til að fara að viðeigandi samhæfðum stöðlum að því er varðar hugtökin skynjanlegt, nothæft, skiljanlegt og traust.

38) Til að auðvelda greiðslu gjalda sem krafist er sem hluta af málsmeðferð á netinu eða fyrir veitingu aðstoðar eða þjónustu til lausnar á vandamálum ættu notendur yfir landamæri að geta notað millifærslu fjármuna eða beingreiðslur eins og tilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 ([3]), eða aðra greiðsluhætti sem almennt eru notaðir við greiðslu yfir landamæri, þ.m.t. debet- eða kreditkort.

39) Gagnlegt er fyrir notendur að fá upplýsingar um áætlaðan tímaramma málsmeðferðar. Í samræmi við það ætti að upplýsa notendur um gildandi fresti eða fyrirkomulag varðandi óbeint samþykki eða samþykki þegar stjórnvöld bregðast ekki við eða, ef ekkert af þessu á við, a.m.k. um meðaltíma, áætlaðan tíma eða leiðbeinandi tíma sem viðkomandi málsmeðferð tekur yfirleitt. Slíkar áætlanir eða leiðbeiningar ættu einungis að hjálpa notendum að skipuleggja starfsemi sína eða síðari stjórnsýsluleg skref og ættu ekki að hafa nein lagaleg áhrif.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki (Stjtíð. ESB L 327, 2.12.2016, bls. 1).

([2]) Ákvörðun ráðsins 2010/48/EB frá 26. nóvember 2009 um staðfestingu Evrópubandalagsins á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (Stjtíð. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 35).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 frá 14. mars 2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 (Stjtíð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22).

40) Þessi reglugerð ætti einnig að gera kleift að sannprófa sönnunargögn sem notendur leggja fram á rafrænu formi þegar gögnin eru lögð fram án rafræns innsiglis eða vottunar frá lögbæra útgáfuyfirvaldinu eða þegar tæknilega tólið sem komið er á með þessari reglugerð, eða annað kerfi sem gerir lögbærum yfirvöldum í mismunandi aðildarríkjum kleift að skiptast beint á sönnunargögnum eða sannprófa þau, er ekki tiltækt. Fyrir slík tilvik ætti þessi reglugerð að kveða á um skilvirkt fyrirkomulag samvinnu á sviði stjórnsýslu milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna á grundvelli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („IM-upplýsingakerfið“) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 ([1]). Í slíkum málum ætti ákvörðun lögbærs yfirvalds um að nota IM-upplýsingakerfið að vera valfrjáls en um leið og það yfirvald hefur lagt fram beiðni um upplýsingar eða samstarf í gegnum IM-upplýsingakerfið ætti lögbæra yfirvaldinu sem beiðninni er beint til að vera skylt að sýna samvinnu og svara. Unnt er að senda beiðnina í gegnum IM-upplýsingakerfið, annað hvort til lögbæra yfirvaldsins sem gefur út sönnunargögnin eða til miðlæga yfirvaldsins sem aðildarríkin skulu tilnefna í samræmi við stjórnsýslureglur sínar. Til að forðast ónauðsynlega tvítekningu og þar sem reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1191 ([2]) tekur til hluta þeirra sönnunargagna sem skipta máli fyrir málsmeðferðirnar sem þessi reglugerð nær yfir, er einnig unnt að nota samstarfsfyrirkomulagið fyrir IM-upplýsingakerfið, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/1191, að því er varðar önnur sönnunargögn sem málsmeðferðirnar, sem falla undir þessa reglugerð, krefjast. Til að gera stofnunum, skrifstofum eða fagstofnunum Sambandsins kleift að gerast aðilar að IM-upplýsingakerfinu ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1024/2012.

41) Þjónusta sem lögbær yfirvöld veita á netinu skiptir sköpum í að auka gæði og öryggi þjónustu við borgara og fyrirtæki. Innan opinberrar stjórnsýslu aðildarríkjanna er nú í auknum mæli unnið að því að endurnýta gögn, með því að láta af þeirri kröfu að borgarar og fyrirtæki leggi fram sömu upplýsingar oftar en einu sinni. Auðvelda ætti endurnotkun gagna fyrir notendur yfir landamæri til að draga úr viðbótarálagi.

42) Til að gera kleift að skiptast löglega á sönnunargögnum og upplýsingum yfir landamæri með því að beita innan alls Sambandsins meginreglunni um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni, ætti beiting þessarar reglugerðar og meginreglunnar um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni að uppfylla allar gildandi reglur um persónuvernd, þ.m.t. meginregluna um lágmörkun gagna, áreiðanleika, geymslutakmörkun, heilleika og trúnað, nauðsyn, meðalhóf og takmörkun vegna tilgangs. Við framkvæmd hennar ætti einnig að fara að fullu að meginreglunum um innbyggt öryggi og innbyggða friðhelgi, auk þess að virða grundvallarréttindi manna, þ.m.t. þau sem tengjast sanngirni og gagnsæi.

43) Aðildarríkin ættu að tryggja að notendur málsmeðferða fái skýrar upplýsingar um það hvernig persónuupplýsingar sem tengjast þeim verða unnar í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([3]) og 15. og 16. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 ([4]).

44) Til að einfalda enn frekar notkun málsmeðferða á netinu ætti þessi reglugerð, í samræmi við meginregluna um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni, að vera grundvöllur stofnunar og notkunar tæknikerfis sem er starfhæft að fullu, verndað og öruggt, fyrir sjálfvirk skipti á sönnunargögnum yfir landamæri milli þeirra aðila sem koma að málsmeðferðinni þegar borgarar og fyrirtæki óska þess með skýrum hætti. Séu persónuupplýsingar á meðal þeirra sönnunargagna sem skipst er á ætti að líta svo á að um sé að ræða skýra ósk ef hún inniheldur óþvingaða, sértæka, upplýsta og ótvíræða viljayfirlýsingu einstaklingsins um að viðkomandi persónuupplýsingum verði miðlað, annað hvort með yfirlýsingu eða ótvíræðri staðfestingu. Ef notandinn er ekki einstaklingurinn sem gögnin varða ætti málsmeðferðin á netinu ekki að hafa áhrif á réttindi hans eða hennar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679. Þegar meginreglunni um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni er beitt yfir landamæri ætti það að hafa þau áhrif að borgarar og fyrirtæki þurfi ekki að leggja fram sömu gögn til opinberra yfirvalda oftar en einu sinni og einnig að mögulegt ætti að vera að nota þessi gögn, að beiðni notandans, til að ljúka málsmeðferð á netinu yfir landamæri sem notendur yfir landamæri koma að. Að því er varðar lögbæra útgáfuyfirvaldið ætti skyldan til að nota tæknikerfið fyrir sjálfvirk skipti á sönnunargögnum milli mismunandi aðildarríkja einungis að gilda þar sem yfirvöld gefa löglega út, í eigin aðildarríki, sönnunargögn á rafrænu formi sem gera slík sjálfvirk skipti möguleg.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB (reglugerðin um IM-upplýsingakerfið) (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1191 frá 6. júlí 2016 um að stuðla að frjálsri för borgara með því að einfalda kröfur um framlagningu tiltekinna opinberra skjala í Evrópusambandinu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (Stjtíð. ESB L 200, 26.7.2016, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

45) Öll skipti á sönnunargögnum yfir landamæri ættu að byggja á viðeigandi lagagrundvelli, s.s. tilskipunum 2005/36/EB, 2006/123/EB, 2014/24/ESB eða 2014/25/ESB eða, þegar um er að ræða málsmeðferðirnar sem skráðar eru í II. viðauka, öðrum gildandi lögum Sambandsins eða landslögum.

46) Rétt þykir að í þessari reglugerð sé mælt fyrir um að alla jafna fari sjálfvirk skipti á sönnunargögnum yfir landamæri fram að skýrri ósk notandans. Þó ætti þessi krafa ekki að gilda þegar viðeigandi lög Sambandsins eða landslög heimila sjálfvirk skipti á sönnunargögnum yfir landamæri án skýrrar óskar notanda.

47) Notkun tæknikerfisins sem komið er á fót með þessari reglugerð ætti áfram að vera valkvæð og notenda ætti að vera frjálst að leggja fram sönnunargögn á annan hátt en í tæknikerfinu. Notandi ætti að hafa möguleika á forskoðun sönnunargagnanna og rétt á að velja að halda ekki áfram með skiptin á sönnunargögnunum ef hann uppgötvar við forskoðunina á sönnunargögnunum, sem miðla á, að upplýsingarnar eru rangar, úreltar eða ganga lengra en nauðsynlegt er fyrir málsmeðferðina sem um er að ræða. Ekki ætti að geyma gögnin sem forskoðunin tekur til lengur en er tæknilega nauðsynlegt.

48) Örugga tæknikerfið sem setja ætti upp til að gera kleift að skiptast á sönnunargögnum samkvæmt þessari reglugerð ætti einnig að veita þeim lögbæru yfirvöldum sem leggja fram beiðni fullvissu fyrir því að sönnunargögnin hafi komið frá réttu útgáfuyfirvaldi. Áður en lögbært yfirvald samþykkir upplýsingar frá notanda í tengslum við málsmeðferð ætti það að geta sannreynt upplýsingarnar, veiti þær tilefni til vafa, og komist að þeirri niðurstöðu að þær séu réttar.

49) Til eru ýmsar einingar sem bjóða grunngetu sem nota má til að setja upp tæknikerfið, s.s. Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 ([1]) og einingarnar rafræn afhending gagna og rafræn auðkenning sem eru hluti þess sjóðs. Þessar einingar samanstanda af tækniforskriftum, sýnishornum af hugbúnaði og stoðþjónustu og miða að því að tryggja samvirkni milli fyrirliggjandi upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa í mismunandi aðildarríkjum til að borgarar, fyrirtæki og stjórnsýslustofnanir geti haft hag af snurðulausri, stafrænni opinberri þjónustu hvar sem þau eru í Sambandinu.

50) Tæknikerfið sem komið er á fót með þessari reglugerð ætti að vera aðgengilegt til viðbótar við önnur kerfi sem fela í sér samstarfsfyrirkomulag milli yfirvalda, s.s. IM-upplýsingakerfið, og ætti ekki að hafa áhrif á önnur kerfi, þ.m.t. kerfið sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 987/2009, samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda samkvæmt tilskipun 2014/24/ESB, rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 987/2009, evrópska fagskírteinið samkvæmt tilskipun 2005/36/EB, samtengingu landsskráa og samtengingu aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ([2]) og samtengingu skráa yfir ógjaldfærni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/848 ([3]).

51) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd tæknikerfis sem gerir sjálfvirk skipti á sönnunargögnum möguleg ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald, einkum til að mæla fyrir um tækniforskriftir og rekstrarlegar forskriftir kerfis til að vinna úr beiðni notanda um skipti á sönnunargögnum og sendingu slíkra sönnunargagna, sem og til að mæla fyrir um nauðsynlegar reglur til að tryggja heilleika og trúnað sendingarinnar. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([4]).

52) Til að tryggja að tæknikerfið tryggi fyllsta öryggi við beitingu yfir landamæri á meginreglunni um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni ætti framkvæmdastjórnin, þegar hún samþykkir framkvæmdargerðir sem setja fram forskriftir fyrir slíkt tæknikerfi, að taka tilhlýðilegt tillit til staðla og tækniforskrifta evrópskra og alþjóðlegra staðlastofnana, einkum Staðlasamtaka Evrópu , Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu, Alþjóðlegu staðlasamtakanna og

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 (Stjtíð. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/848 frá 20. maí 2015 um ógjaldfærnimeðferð (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 19).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

Alþjóðafjarskiptasambandsins, sem og öryggisstaðlanna sem um getur í 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 og 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1725.

53) Ef nauðsyn krefur ætti framkvæmdastjórnin að óska eftir ráðgjöf hjá Evrópsku persónuverndarstofnuninni til að tryggja þróun, tiltækileika, viðhald, eftirlit, vöktun og öryggisstjórnun á þeim hlutum tæknikerfisins sem framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á.

54) Lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnin ættu að tryggja að þær upplýsingar, málsmeðferðir og þjónusta, sem þau bera ábyrgð á, uppfylli gæðaviðmiðanir. Landsbundnu samræmingaraðilarnir, sem tilnefndir eru samkvæmt þessari reglugerð, og framkvæmdastjórnin ættu að gera úttekt með reglulegu millibili á því hvort farið sé að gæða- og öryggisviðmiðununum á landsvísu og á vettvangi Sambandsins, eftir því sem við á, og taka á þeim vandamálum sem upp koma. Landsbundnu samræmingaraðilarnir ættu auk þess að aðstoða framkvæmdastjórnina við eftirlit með virkni tæknikerfisins sem gerir skipti á sönnunargögnum yfir landamæri möguleg. Þessi reglugerð ætti að sjá framkvæmdastjórninni fyrir margvíslegum leiðum til að takast á við hnignun á gæðum þjónustunnar sem er í boði í gegnum gáttina, eftir því hversu alvarleg og varanleg slík hnignun er, með þátttöku samræmingarhóps gáttarinnar ef nauðsyn krefur. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á heildarábyrgð framkvæmdastjórnarinnar á að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

55) Í þessari reglugerð ætti að tilgreina aðalvirkni tæknilegu tólanna sem styðja við starfsemi gáttarinnar, einkum sameiginlega notendaviðmótsins, tenglasafnsins og sameiginlegu þjónustuleitarinnar. Sameiginlega notendaviðmótið ætti að tryggja að notendur geti auðveldlega fundið upplýsingar, málsmeðferðir og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum á vefsíðum á landsvísu og á vettvangi Sambandsins. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu að miða að því að láta í té tengla á eina upplýsingaveitu fyrir þær upplýsingar sem eiga að vera í gáttinni, til að forðast rugling meðal notenda vegna þess að sömu upplýsingar komi frá mismunandi upplýsingaveitum eða upplýsingaveitum sem skarast að hluta til eða að öllu leyti. Þetta ætti ekki að útiloka möguleikann á því að hafa tengla á sömu upplýsingar sem lögbær sveitastjórnar- eða svæðisyfirvöld setja fram fyrir mismunandi landsvæði. Þetta ætti heldur ekki að koma í veg fyrir einhverja tvítekningu upplýsinga þar sem slíkt er óhjákvæmilegt eða æskilegt, t.a.m. þegar upplýsingar um sum réttindi, skyldur og reglur Sambandsins eru endurteknar eða þeim lýst á innlendum vefsíðum til að gera þær notendavænni. Í því skyni að lágmarka mannlega íhlutun við uppfærslu tenglanna sem sameiginlega notendaviðmótið á að nota ætti að koma á beinni tengingu milli viðeigandi tæknikerfa í aðildarríkjunum og, þar sem það er tæknilega mögulegt, ætti að koma tenglasafni á fót. Sameiginlegu stoðtólin í upplýsinga- og fjarskiptatækni gætu notað grunnorðasafn opinberrar þjónustu (CPSV) til að auðvelda samvirkni við landsbundnar þjónustuskrár og merkingarfræði. Hvetja ætti aðildarríkin til að nota grunnorðasafn opinberrar þjónustu en þeim er frjálst að ákveða að nota landsbundnar lausnir. Gera ætti upplýsingarnar í tenglasafninu öllum aðgengilegar á opnu, algengu og tölvulesanlegu sniði, til dæmis forritaskilum, í því skyni að gera endurnotkun þeirra mögulega.

56) Leitarbúnaðurinn í sameiginlega notendaviðmótinu ætti að leiða notendur að þeim upplýsingum sem þeir þurfa hvar sem þær er að finna á vefsíðum á landsvísu og á vettvangi Sambandsins. Að auki mun áfram vera hjálplegt, sem annar valkostur til að leiðbeina notendum að gagnlegum upplýsingar, að búa til tengla milli fyrirliggjandi vefsetra eða vefsíðna og annarra sem koma til fyllingar, hagræða þeim og flokka saman eins og unnt er og búa til tengla milli vefsíðna og vefsetra á vettvangi Sambandsins og á landsvísu sem veita aðgang að þjónustu og upplýsingum á netinu.

57) Þessi reglugerð ætti einnig að tilgreina gæðakröfur fyrir sameiginlega notendaviðmótið. Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að sameiginlega notendaviðmótið uppfylli þessar kröfur og einkum ætti viðmótið að vera tiltækt og aðgengilegt á netinu eftir mismunandi leiðum, ásamt því að vera auðvelt í notkun.

58) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd tæknilegu lausnanna sem styðja gáttina ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að mæla fyrir um, ef nauðsyn krefur, gildandi staðla og kröfur um samvirkni til að gera auðveldara að finna upplýsingar um reglur og skyldur, um málsmeðferðir og um aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin bera ábyrgð á. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

59) Einnig ætti þessi reglugerð að skipta ábyrgðinni varðandi þróun, tiltækileika, viðhald og öryggi upplýsinga- og fjarskiptatækniforritanna sem styðja gáttina, með skýrum hætti milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu að fylgjast reglulega með eðlilegri starfsemi þessara upplýsinga- og fjarskiptatækniforrita, sem hluti af viðhaldsverkefnum þeirra.

60) Til að geta þróað til fulls hin ýmsu upplýsingasvið, málsmeðferðir og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum, sem ættu að vera í gáttinni, þarf að gera markhópa mun meðvitaðri um tilvist þeirra og starfsemi. Það ætti að auðvelda notendum til muna að finna upplýsingar, málsmeðferðir og þá aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum, sem þeir þarfnast, með því að fella þetta inn í gáttina, jafnvel þó þeir þekki ekki til neins af því. Að auki mun verða þörf á samræmdri kynningarstarfsemi til að tryggja að borgarar og fyrirtæki í Sambandinu fái vitneskju um tilvist gáttarinnar og kostina sem henni fylgja. Slík kynningarstarfsemi ætti að taka til leitarvélabestunar og annarra aðgerða á netinu til vitundarvakningar, því kostnaðarhagkvæmni þeirra er mest og þær hafa möguleika á að ná til stærsta mögulega markhóps. Til að hámarka skilvirkni ætti að skipuleggja þessa kynningarstarfsemi innan ramma samræmingarhóps gáttarinnar og aðildarríkin ættu að aðlaga kynningarstarf sitt þannig að tilvísun í sameiginleg vöruheiti sé til staðar í öllu viðeigandi samhengi, með möguleika á að nota sömu vöruheiti í gáttinni og á landsbundum framtaksverkefnum.

61) Hvetja ætti allar meginstofnanir, stofnanir og fagstofnanir Sambandsins til að kynna gáttina með því að setja kennimerki hennar og tengla á hana á allar viðeigandi vefsíður sem eru á þeirra ábyrgð.

62) Heitið sem gáttin skal vera þekkt undir og kynnt með fyrir almenningi ætti að vera „Þín Evrópa“. Sameiginlega notendaviðmótið ætti að vera áberandi og auðvelt að finna, einkum á viðeigandi vefsíðum Sambandsins og innlendum vefsíðum. Kennimerki gáttarinnar ætti að vera sjáanlegt á viðeigandi vefsíðum Sambandsins og innlendum vefsíðum.

63) Til að afla fullnægjandi upplýsinga til að mæla og bæta árangur gáttarinnar ætti þessi reglugerð að gera kröfu um að lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnin safni og greini gögn sem tengjast notkun mismunandi upplýsingasviða, málsmeðferða og þjónustu sem er í boði í gegnum gáttina. Söfnun á tölfræðilegum upplýsingum um notendur, s.s. gögnum um fjölda heimsókna á tilteknar vefsíður, fjölda notenda í einu aðildarríki í samanburði við fjölda notenda í öðrum aðildarríkjum, leitarorð sem notuð eru, þær vefsíður sem oftast eru heimsóttar, tilvísunarvefsíður eða fjölda, uppruna og inntak aðstoðarbeiðna, ætti að bæta starfsemi gáttarinnar með því aðstoða við að greina markhópinn, þróa kynningarstarfsemi og bæta gæði þjónustunnar sem er í boði. Til að forðast tvítekningar ætti söfnun slíkra gagna að fara fram með hliðsjón af árlegu viðmiðunum um rafræna stjórnsýslu (eGovernment Benchmarking) sem framkvæmdastjórnin setur.

64) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að setja samræmdar reglur um aðferðina við söfnun og skipti á tölfræðilegum upplýsingum um notendur. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

65) Gæði gáttarinnar velta á gæðum þeirrar þjónustu Sambandsins og landsbundnu þjónustu sem veitt er í gegnum gáttina. Því ætti að fylgjast reglulega með gæðum þeirra upplýsinga, málsmeðferða, aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum, sem tiltæk eru í gáttinni, og nota til þess tól til endurgjafar notenda, sem biður notendur um að meta og gefa endurgjöf um umfang og gæði þeirra upplýsinga, málsmeðferða eða aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum sem þeir hafa nýtt sér. Safna ætti saman þessari endurgjöf í sameiginlegu tóli sem framkvæmdastjórnin, lögbæru yfirvöldin og innlendu samræmingaraðilarnir ættu að hafa að aðgang að. Fela ætti framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar í tengslum við sameiginlega virkni tóla til endurgjafar notenda og nákvæmt fyrirkomulag á söfnun og miðlun á endurgjöf notandans. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011. Framkvæmdastjórnin ætti að birta, nafnlaust, samantektir á netinu um þau vandamál sem koma í ljós vegna upplýsinganna, helstu tölfræðilegar upplýsingar um notendur og helstu endurgjöf notenda sem safnað er í samræmi við þessa reglugerð.

66) Að auki ætti í gáttinni að vera tól til endurgjafar sem gerir notendum kleift að benda á, að eigin frumkvæði og nafnlaust, hvers konar vandamál og erfiðleika sem þeir rekast á við það að neyta réttinda sinna á innri markaðnum. Þetta tól ætti aðeins að teljast koma til fyllingar fyrirkomulagi við meðhöndlun kvartana, þar eð ekki er hægt að svara notendum persónulega. Þær ábendingar sem berast ætti að sameina samanteknum upplýsingum frá aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum um þau mál sem þar hafa verið afgreidd til að útbúa yfirlit yfir innri markaðinn eins og notendur skynja hann og til að greina vandamálasvið þar sem hugsanlega þarf að grípa til aðgerða í framtíðinni til að bæta starfsemi innri markaðsins. Tengja ætti það yfirlit við fyrirliggjandi skýrslugjafartól, s.s. stigatöflu innri markaðsins.

67) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á rétt aðildarríkja til að ákveða hver ætti að gegna hlutverki landsbundins samræmingaraðila. Aðildarríkin ættu að geta aðlagað hlutverk og ábyrgðarsvið landsbundinna samræmingaraðila sinna að því er varðar gáttina að innra skipulagi stjórnsýslu sinnar. Aðildarríkin ættu að geta tilnefnt fleiri landsbundna samræmingaraðila til að sinna verkefnum samkvæmt þessari reglugerð, einir sér eða í sameiningu með öðrum, með ábyrgð á deild stjórnsýslustofnana, landfræðilegu svæði eða í samræmi við aðra viðmiðun. Aðildarríkin ættu að tilkynna framkvæmdastjórninni um landsbundna samræmingaraðilann sem þau hafa tilnefnt sem tengilið við framkvæmdastjórnina.

68) Setja ætti á fót samræmingarhóp gáttarinnar, sem skal skipaður landsbundnu samræmingaraðilunum og vera undir formennsku framkvæmdastjórnarinnar, með það fyrir augum að auðvelda beitingu þessarar reglugerðar, einkum með því að skipast á bestu starfsvenjum og starfa saman að því að bæta samræmi í framsetningu upplýsinga eins og krafa er gerð um í þessari reglugerð. Við vinnu sína ætti samræmingarhópur gáttarinnar að hafa hliðsjón af markmiðunum sem sett eru fram í árlegu starfsáætluninni sem framkvæmdastjórnin ætti að leggja fyrir hann til umfjöllunar. Árlega starfsáætlunin ætti að vera í formi leiðbeininga eða tilmæla sem eru ekki bindandi fyrir aðildarríkin. Að beiðni Evrópuþingsins getur framkvæmdastjórnin ákveðið að bjóða þinginu að senda sérfræðinga til að sitja fundi samræmingarhóps gáttarinnar.

69) Þessi reglugerð ætti að skýra hvaða hlutar gáttarinnar skulu fjármagnaðir af fjárlögum Sambandsins og hvaða hlutar skulu vera á ábyrgð aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin ætti að aðstoða aðildarríkin við að greina endurnotanlegar upplýsinga- og fjarskiptatækieiningar og þá fjármögnun sem í boði er í gegnum ýmsa sjóði og áætlanir á vettvangi Sambandsins til að mæta kostnaði við þá aðlögun og þróun á upplýsinga- og fjarskiptatækni á landsvísu sem þörf er á til að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar. Nauðsynlegt fjármagn til framkvæmdar þessarar reglugerðar ætti að samrýmast gildandi fjárhagsramma til margra ára.

70) Aðildarríkin eru hvött til frekari samræmingar, skipta og samstarfs sín á milli til að auka getu sína til skipulagningar, rekstrar, rannsókna og þróunar á sviði netöryggis, einkum með framkvæmd net- og upplýsingaöryggis eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 ([1]) til styrkja öryggi og þol opinberrar stjórnsýslu sinnar og þjónustu. Aðildarríkin eru hvött til að auka öryggi viðskipta og tryggja nægilega tiltrú á rafrænum leiðum með því að nota rammann um rafræna auðkenningu, sannvottun og traustþjónustu (eIDAS) sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 910/2014, einkum viðeigandi fullvissustig. Aðildarríki geta gert ráðstafanir í samræmi við lög Sambandsins til að standa vörð um netöryggi og til að koma í veg fyrir auðkennasvik eða aðrar gerðir svika.

71) Þegar beiting þessarar reglugerðar felur í sér vinnslu persónuupplýsinga ætti hún að fara fram í samræmi við lög Sambandsins um vernd persónuupplýsinga, einkum reglugerð (ESB) 2016/679 og reglugerð (ESB) 2018/1725. Einnig ætti tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 ([2]) að gilda í tengslum við þessa reglugerð. Eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/679 geta aðildarríkin viðhaldið eða sett frekari skilyrði, þ.m.t. takmarkanir að því er varðar vinnslu heilsufarsupplýsinga, og þau geta einnig kveðið á um sértækari reglur um vinnslu persónuupplýsinga starfsmanns í tengslum við atvinnu.

72) Reglugerð þessi ætti að ýta undir og greiða fyrir einföldun á fyrirkomulagi stjórnunarhátta þeirrar þjónustu sem gáttin tekur til. Í þessu skyni ætti framkvæmdastjórnin, í nánu samstarfi við aðildarríkin, að endurskoða fyrirliggjandi fyrirkomulag stjórnunarhátta og aðlaga þá ef nauðsyn krefur til að forðast skörun og óskilvirkni.

73) Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja að notendur sem starfa í öðrum aðildarríkjum hafi netaðgang að ítarlegum, áreiðanlegum, aðgengilegum og skiljanlegum upplýsingum Sambandsins eða landsbundnum upplýsingum um réttindi, reglur og skyldur, að málsmeðferðum á netinu sem eru að fullu framkvæmanlegar yfir landamæri og að aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum. Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð því markmiði og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa reglugerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 frá 6. júlí 2016 varðandi ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í öllu Sambandinu (Stjtíð. ESB L 194, 19.7.2016, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 89).

74) Til að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin geti þróað og innleitt nauðsynleg tól til að koma þessari reglugerð í framkvæmd ættu tiltekin ákvæði hennar að koma til framkvæmda tveimur árum eftir að hún öðlast gildi. Gefa ætti stjórnvöldum sveitarfélaga fjögur ár eftir að reglugerð þessi tekur gildi til að framkvæma kröfuna um að veita upplýsingar um reglur, málsmeðferðir og þá aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem undir þau heyra. Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi málsmeðferðir sem skulu vera í boði að fullu á netinu, aðgang að málsmeðferðum á netinu yfir landamæri og tæknikerfið til sjálfvirkra skipta á sönnunargögnum yfir landamæri í samræmi við meginregluna um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni, ættu að koma til framkvæmda eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

75) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og hana ætti að framkvæma með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.

76) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([1]) og skilaði hún áliti 1. ágúst 2017 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um:

a) stofnun og rekstur sameiginlegrar stafrænnar gáttar í því skyni að veita borgurum og fyrirtækjum auðveldan aðgang að vönduðum upplýsingum, skilvirkum málsmeðferðum og árangursríkri aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum varðandi gildandi reglur Sambandsins og landsbundnar reglur sem gilda um borgara og fyrirtæki sem neyta eða hyggjast neyta réttar síns á innri markaði samkvæmt lögum Sambandsins, í skilningi 2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU),

b) notkun notenda yfir landamæri á málsmeðferðum og framkvæmd meginreglunnar um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni í tengslum við málsmeðferðirnar sem skráðar eru í II. viðauka þessarar reglugerðar og málsmeðferðirnar sem kveðið er á um í tilskipunum 2005/36/EB, 2006/123/EB, 2014/24/ESB og 2014/25/ESB,

c) skýrslugjöf um hindranir á innri markaðnum, sem byggist á söfnun á endurgjöf frá notendum og tölfræðilegum upplýsingum um notendur frá þjónustunni sem heyrir undir gáttina.

2. Gangi reglugerð þessi gegn ákvæðum annarrar gerðar Sambandsins, sem gilda um tiltekna þætti viðfangsefnisins sem þessi reglugerð tekur til, skulu ákvæði þeirrar gerðar Sambandsins ganga framar.

3. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á efni neinnar málsmeðferðar, sem mælt er fyrir um á vettvangi Sambandsins eða á landsvísu á einhverju þeirra sviða sem þessi reglugerð tekur til, eða þau réttindi sem hún veitir. Enn fremur skal þessi reglugerð ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið hefur verið til í samræmi við lög Sambandsins til að standa vörð um netöryggi og koma í veg fyrir svik.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

([2]) Stjtíð. ESB C 340, 11.10.2017, bls. 6.

2. gr.

Stofnun sameiginlegrar stafrænnar gáttar

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu koma á fót sameiginlegri stafrænni gátt („gáttinni“) í samræmi við þessa reglugerð. Gáttin skal samanstanda af sameiginlegu notendaviðmóti sem framkvæmdastjórnin hefur umsjón með („sameiginlega notendaviðmótið“), sem fella skal inn í vefgáttina Þín Evrópa og sem veita skal aðgang að viðeigandi vefsíðum Sambandsins og innlendum vefsíðum.

2. Gáttin skal veita aðgang að:

a) upplýsingum um réttindi, skyldur og reglur sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins og landslögum og sem gilda um notendur sem neyta eða hyggjast neyta réttar síns á innri markaðnum samkvæmt lögum Sambandsins, á þeim sviðum sem skráð eru í I. viðauka,

b) upplýsingum um málsmeðferðir á netinu og utan þess og tenglum á málsmeðferðir á netinu, þ.m.t. málsmeðferðir sem skráðar eru í II. viðauka, sem komið er á fót á vettvangi Sambandsins eða á landsbundnum vettvangi til að gera notendum kleift að neyta réttinda og uppfylla skyldur og reglur á sviði innri markaðarins á þeim sviðum sem skráð eru í I. viðauka,

c) upplýsingum um, og tenglum á, aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem skráð er í III. viðauka eða sem um getur í 7. gr., sem borgarar og fyrirtæki geta leitað til með spurningar eða vandamál í tengslum við réttindi, skyldur, reglur eða málsmeðferðir sem um getur í a- og b-lið þessarar málsgreinar.

3. Sameiginlega notendaviðmótið skal vera aðgengilegt á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

3. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „notandi“: borgari Sambandsins, einstaklingur með búsetu í aðildarríki eða lögaðili með skráða skrifstofu sína í aðildarríki, sem nálgast upplýsingar, málsferð, eða aðstoð eða þjónustu til lausnar á vandamálum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. í gegnum gáttina,

2) „notandi yfir landamæri“: notandi í aðstæðum sem ekki eru að öllu leyti bundnar við eitt aðildarríki,

3) „málsmeðferð“: röð aðgerða sem notendur þurfa að framkvæma til að fullnægja kröfum eða til að fá ákvörðun frá lögbæru yfirvaldi, til að geta neytt réttar síns eins og um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr.,

4) „lögbært yfirvald“: sérhvert yfirvald eða aðili í aðildarríki, sem komið er á fót á vettvangi ríkis, svæða eða sveitarfélaga og sem ber sérstaka ábyrgð í tengslum við þær upplýsingar, málsmeðferðir, aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem reglugerð þessi tekur til,

5) „sönnunargögn“: hvers konar skjal eða gögn, þ.m.t. texti eða hljóðupptaka, myndupptaka eða hljóðmyndræn upptaka, óháð því hvaða miðill er notaður, sem lögbært yfirvald krefst til sönnunar á staðreyndum eða til að uppfylla málsmeðferðarkröfur sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr.

II. KAFLI

ÞJÓNUSTA Í GÁTTINNI

4. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Aðildarríkin skulu tryggja að notendur hafi greiðan netaðgang á innlendum vefsíðum sínum að eftirfarandi:

a) upplýsingum um þau réttindi, skyldur og reglur sem um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr. sem leiðir af innlendum lögum,

b) upplýsingum um þær málsferðir sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. sem komið er á fót á landsbundnum vettvangi,

c) upplýsingum um þá aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem um getur í c-lið 2. mgr. 2. gr. og veitt er á landsbundnum vettvangi.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að vefgáttin Þín Evrópa veiti notendum greiðan netaðgang að eftirfarandi:

a) upplýsingum um þau réttindi, skyldur og reglur sem um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr. sem leiðir af lögum Sambandsins,

b) upplýsingum um þær málsferðir sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. sem komið er á fót á vettvangi Sambandsins,

c) upplýsingum um þá aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem um getur í c-lið 2. mgr. 2. gr. og veitt er á vettvangi Sambandsins.

5. gr.

Aðgangur að upplýsingum sem ekki eru í I. viðauka

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin geta látið í té tengla á upplýsingar sem ekki eru skráðar í I. viðauka og sem lögbær yfirvöld, framkvæmdastjórnin eða stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir í Sambandinu bjóða upp á, að því tilskildu að þessar upplýsingar falli undir gildissvið gáttarinnar eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 1. gr. og uppfylli gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í 9. gr.

2. Tenglarnir á upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu látnir í té í samræmi við 2. og 3. mgr. 19. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal sannprófa að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. séu uppfyllt og hafa samráð við samræmingarhóp gáttarinnar, áður en hún virkjar tengla.

6. gr.

Málsmeðferðir sem skulu vera í boði að fullu á netinu

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að notendur geti nálgast og lokið að fullu á netinu sérhverri málsmeðferð sem skráð er í II. viðauka, að því tilskildu að viðkomandi málsmeðferð hafi verið komið á fót í hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Málsmeðferð sem um getur í 1. mgr. skal teljast vera að fullu á netinu ef:

a) hægt er að framkvæma auðkenningu á notendum, láta í té upplýsingar og sönnunargögn, skrifa undir og skila endanlega inn rafrænt úr fjarlægð, í gegnum þjónustuleið sem gerir notendum kleift að uppfylla kröfurnar sem tengjast málsmeðferðinni á notendavænan og skipulagðan hátt,

b) notendur fá sjálfvirka staðfestingu á móttöku, sé niðurstaða málsmeðferðarinnar ekki send strax,

c) niðurstaða málsmeðferðarinnar er send rafrænt eða, ef nauðsyn krefur til að uppfylla gildandi lög Sambandsins eða landslög, á áþreifanlegu formi og

d) notendur fá rafræna tilkynningu um að málsmeðferð sé lokið.

3. Ef ekki er unnt að ná því markmiði, sem stefnt er að, að fullu á netinu í undantekningartilvikum, sem réttlætt eru með brýnni þörf vegna hagsmuna almennings á sviðum almannaöryggis, lýðheilsu eða baráttunnar gegn svikum, geta aðildarríkin krafist þess að notandinn komi fyrir lögbært yfirvald í eigin persónu sem hluti af málsmeðferðinni. Í slíkum undantekningartilvikum skulu aðildarríkin takmarka slíka viðveru í eigin persónu við það sem er bráðnauðsynlegt og rökstutt á hlutlægan hátt og tryggja að hægt sé að ljúka öðrum skrefum málsmeðferðarinnar að fullu á netinu. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að kröfur um raunverulega viðveru leiði ekki til mismununar gagnvart notendum yfir landamæri.

4. Aðildarríkin skulu, í gegnum sameiginlegt gagnasafn sem framkvæmdastjórnin og hin aðildarríkin hafa aðgang að, tilkynna um og útskýra þær ástæður og aðstæður sem gætu valdið því að raunverulegrar viðveru væri krafist í þeim skrefum málsmeðferðarinnar sem um getur í 3. mgr. og þær ástæður og aðstæður sem valda því að sending á áþreifanlegu formi er nauðsynleg, eins og um getur í c-lið 2. mgr.

5. Þessi grein skal ekki hindra aðildarríkin í að bjóða notendum einnig þann kost að nálgast og ljúka málsmeðferðunum sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. á annan hátt en á netinu, eða í því að hafa beint samband við notendur.

7. gr.

Aðgangur að aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að notendur, þ.m.t. notendur yfir landamæri, hafi greiðan netaðgang eftir mismunandi leiðum að aðstoðinni og þjónustunni til lausnar á vandamálum sem um getur í c-lið 2. mgr. 2. gr.

2. Innlendu samræmingaraðilarnir sem um getur í 28. gr. og framkvæmdastjórnin geta látið í té tengla á aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem lögbær yfirvöld, framkvæmdastjórnin eða stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins bjóða, aðra en þá sem skráð er í III. viðauka, í samræmi við 2. og 3. mgr. 19 gr., að því tilskildu að slík þjónusta uppfylli gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í 11. og 16. gr.

3. Ef nauðsyn krefur til að uppfylla þarfir notenda getur innlendi samræmingaraðilinn lagt til við framkvæmdastjórnina að tenglar á aðstoð eða þjónustu til lausnar á vandamálum sem veitt er af einkaaðilum eða hálfopinberum aðilum séu hafðir í gáttinni ef sú þjónusta uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) hún veitir upplýsingar eða þjónustu á þeim sviðum og í þeim tilgangi sem fellur undir þessa reglugerð og kemur til fyllingar þeirri þjónustu sem þegar er í gáttinni,

b) hún er gjaldfrjáls eða á viðráðanlegu verði fyrir örfyrirtæki, stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og borgara og

c) hún uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 8., 11. og 16. gr.

4. Þegar innlendi samræmingaraðilinn hefur komið með tillögu að slíkum tengli, í samræmi við 3. málsgrein þessarar greinar, og lætur í té slíkan tengil, í samræmi við 3. mgr. 19 gr., skal framkvæmdastjórnin meta hvort þjónustan sem á að fella inn í gegnum tengilinn uppfylli skilyrði 3. mgr. þessarar greinar og virkja tengilinn ef svo er.

Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að þjónustan sem um er að ræða uppfylli ekki skilyrði 3. mgr. skal hún upplýsa innlenda samræmingaraðilann um ástæðurnar fyrir því að virkja ekki tengilinn.

8. gr.

Gæðakröfur í tengslum við vefaðgengi

Framkvæmdastjórnin skal gera þau vefsetur sín og vefsíður, sem hún notar til að veita aðgang að þeim upplýsingum sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og að þeirri aðstoð og þjónustu til lausnar vandamálum sem um getur í 7. gr., aðgengilegri með því að gera þær skynjanlegar, nothæfar, skiljanlegar og traustar.

III. KAFLI

GÆÐAKRÖFUR

1. ÞÁTTUR

Gæðakröfur í tengslum við upplýsingar um réttindi, skyldur og reglur, um málsmeðferðir og um aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum

9. gr.

Gæði upplýsinga um réttindi, skyldur og reglur

1. Þegar aðildarríkin og framkvæmdastjórnin bera, í samræmi við 4. gr., ábyrgð á því að tryggja aðgengi að upplýsingum sem um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr., skulu þau sjá til þess að slíkar upplýsingar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu notendavænar og geri notendum kleift að finna og skilja upplýsingarnar á auðveldan hátt og greina auðveldlega hvaða hlutar upplýsinganna eiga við um þeirra tilteknu aðstæður,

b) þær séu nákvæmar og nægilega ítarlegar til að ná yfir þær upplýsingar sem notendur þurfa að hafa til að neyta réttar síns í fullu samræmi við gildandi reglur og skyldur,

c) þær innihaldi tilvísanir, tengla á réttargerðir, tækniforskriftir og leiðbeiningar ef við á,

d) þær innihaldi nafn lögbæra yfirvaldsins eða aðilans sem ber ábyrgð á efni upplýsinganna,

e) þær innihaldi samskiptaupplýsingar fyrir alla viðeigandi aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum, s.s. símanúmer, tölvupóstfang, fyrirspurnarform á netinu eða aðra algenga rafræna samskiptaleið sem hentar best fyrir þá tegund þjónustu sem boðin er og fyrir markhóp þeirrar þjónustu,

f) þær innihaldi dagsetningu síðustu uppfærslu upplýsinganna, ef við á, eða birtingardag þeirra ef þær hafa ekki verið uppfærðar,

g) þær séu vel uppbyggðar og settar fram þannig að notendur séu fljótir að finna þær upplýsingar sem þeir þurfa,

h) þær séu uppfærðar reglulega og

i) þær séu skrifaðar á skýru og einföldu máli sem lagað er að þörfum þeirra notenda sem þeim er beint til.

2. Aðildarríkin skulu gera þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á opinberu tungumáli Sambandsins sem er nokkurn veginn skiljanlegt sem flestum notendum yfir landamæri, í samræmi við 12. gr.

10. gr.

Gæði upplýsinga um málsmeðferðir

1. Í því skyni að uppfylla kröfurnar í 4. gr. skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin tryggja að áður en notendur þurfa að auðkenna sig fyrir upphaf málsmeðferðar hafi þeir aðgang að nægilega ítarlegum, skýrum og notendavænum útskýringum, eftir atvikum, á eftirfarandi þáttum málsmeðferðanna sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr.:

a) viðeigandi stigum málsmeðferðarinnar sem notandi þarf að fara í gegnum, þ.m.t. hvers konar undantekningu, skv. 3. mgr. 6. gr., frá þeirri skyldu aðildarríkja til að bjóða upp á málsmeðferðina að fullu á netinu,

b) nafni lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á málsmeðferðinni, þ.m.t samskiptaupplýsingar,

c) viðurkenndum leiðum til sannvottunar, auðkenningar og undirskriftar fyrir málsmeðferðina,

d) tegundum og sniðum sönnunargagna sem leggja skal fram,

e) leiðum til úrlausnar eða kæruleiðum sem eru almennt aðgengilegar ef ágreiningur við lögbæru yfirvöldin kemur upp,

f) þeim gjöldum sem við eiga og greiðsluaðferðum á netinu,

g) þeim frestum sem notanda eða lögbæra yfirvaldinu ber að virða og, ef engir frestir eru til staðar, þeim meðaltíma, áætluðum tíma eða leiðbeinandi tíma sem lögbæra yfirvaldið þarf til að ljúka málsmeðferðinni,

h) hvers konar reglum sem gilda ef lögbært yfirvald svarar ekki og réttaráhrif þessa fyrir notendur, þ.m.t. fyrirkomulag varðandi óbeint samþykki eða samþykki þegar stjórnvöld bregðast ekki við,

i) sérhverju viðbótartungumáli sem málsmeðferðin getur farið fram á.

2. Ef ekkert fyrirkomulag varðandi óbeint samþykki, samþykki þegar stjórnvöld bregðast ekki við eða sambærilegt fyrirkomulag liggur fyrir skulu lögbær yfirvöld, eftir atvikum, upplýsa notendur um hvers konar tafir og framlengingar á frestum eða afleiðingum af völdum þess.

3. Hafi útskýringarnar, sem um getur í 1. mgr., þegar verið gerðar aðgengilegar fyrir notendur innan landamæra má nýta þær eða endurnýta að því er varðar þessa reglugerð, að því tilskildu að þær nái einnig yfir aðstæður notenda yfir landamæri, eftir atvikum.

4. Aðildarríkin skulu hafa útskýringarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á opinberu tungumáli Sambandsins sem er nokkurn veginn skiljanlegt sem flestum notendum yfir landamæri, í samræmi við 12. gr.

11. gr.

Gæði upplýsinga um aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum

1. Í því skyni að uppfylla kröfur 4. gr. skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin tryggja að áður en notendur leggja fram beiðni um þjónustu, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 2. gr., hafi þeir aðgang að skýrum og notendavænum útskýringum á eftirfarandi:

a) hvers konar þjónusta er í boði, tilgangi hennar og væntum niðurstöðum,

b) samskiptaupplýsingum þeirra aðila sem bera ábyrgð á þjónustunni, s.s. símanúmer, tölvupóstfang, fyrirspurnarform á netinu eða önnur algeng rafræn samskiptaleið sem hentar best fyrir þá tegund þjónustu sem boðin er og fyrir markhóp þeirrar þjónustu,

c) þeim gjöldum sem við eiga og greiðsluaðferðum á netinu þar sem við á,

d) þeim gildandi frestum sem ber að virða og, ef engir frestir eru til staðar, þeim meðaltíma eða áætluðum tíma sem það tekur að veita þjónustuna,

e) sérhverju viðbótartungumáli sem unnt er að leggja beiðnina fram á og sem nota má í síðari samskiptum.

2. Aðildarríkin skulu hafa útskýringarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á opinberu tungumáli Sambandsins sem er nokkurn veginn skiljanlegt sem flestum notendum yfir landamæri, í samræmi við 12. gr.

12. gr.

Þýðingar á upplýsingum

1. Láti aðildarríki upplýsingarnar, útskýringarnar og leiðbeiningarnar, sem settar eru fram í 9., 10. og 11 gr. og í a-lið 2. mgr. 13. gr., ekki í té á opinberu tungumáli Sambandsins sem er nokkurn veginn skiljanlegt sem flestum notendum yfir landamæri, skal það fara þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún útvegi þýðingu yfir á það tungumál, innan marka tiltækra fjárveitinga af fjárlögum Sambandsins sem um getur í c-lið 1. mgr. 32. gr.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að textar sem lagðir eru fram til þýðingar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar nái a.m.k. yfir grunnupplýsingar á öllum þeim sviðum sem skráð eru í I. viðauka og, sé fyrir hendi nægt fjármagn af fjárlögum Sambandsins, yfir allar frekari upplýsingar, útskýringar og leiðbeiningar sem um getur í 9., 10. og 11 gr. og í a-lið 2. mgr. 13. gr., með tilliti til mikilvægustu þarfa notenda yfir landamæri. Aðildarríkin skulu láta tenglasafninu, sem um getur í 19. gr., í té tengla á slíkar þýddar upplýsingar.

3. Tungumálið sem um getur í 1. málsgrein skal vera það opinbera tungumál Sambandsins sem flestir notendur í Sambandinu læra sem erlent tungumál. Í undantekningartilvikum, þegar búast má við að upplýsingarnar, útskýringarnar eða leiðbeiningarnar sem þýða á séu fyrst og fremst í þágu notenda yfir landamæri sem koma frá einu öðru aðildarríki, má tungumálið sem um getur í 1. mgr. vera það opinbera tungumál Sambandsins sem er fyrsta mál þessara notenda yfir landamæri.

4. Þegar aðildarríki fer fram á þýðingu yfir á opinbert tungumál Sambandsins, sem er ekki það tungumál sem flestir notendur í Sambandinu læra sem erlent tungumál, skal það rökstyðja beiðni sína. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að skilyrðin, sem um getur í 3. mgr., fyrir því að velja slíkt annað tungumál hafi ekki verið uppfyllt getur hún hafnað beiðninni og skal þá upplýsa aðildarríkið um ástæður þess.

2. ÞÁTTUR

Kröfur í tengslum við málsmeðferðir á netinu

13. gr.

Aðgangur að málsmeðferðum á netinu yfir landamæri

1. Aðildarríkin skulu tryggja að þegar notendur innan landamæra geta nálgast og lokið málsmeðferð, sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. og komið er á fót á landsbundnum vettvangi, á netinu geti notendur yfir landamæri einnig nálgast og lokið sömu málsmeðferð á netinu án mismununar, með sömu eða annarri tæknilausn.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að a.m.k. eftirfarandi kröfur séu uppfylltar að því er varðar málsmeðferðir sem um getur í 1. mgr.:

a) notendur geti nálgast leiðbeiningar til að ljúka málsmeðferðinni á opinberu tungumáli Sambandsins sem er nokkurn veginn skiljanlegt sem flestum notendum yfir landamæri, í samræmi við 12. gr.,

b) notendur yfir landamæri geti lagt fram tilskildar upplýsingar, einnig þegar uppbygging slíkra upplýsinga er ólík svipuðum upplýsingum í hlutaðeigandi aðildarríki,

c) notendur yfir landamæri geti auðkennt sig og fengið sannvottun, undirritað eða innsiglað skjöl rafrænt eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 910/2014 í öllum tilvikum þar sem það stendur líka notendum innan landamæra til boða,

d) notendur yfir landamæri geti lagt fram sönnunargögn um að gildandi kröfur hafi verið uppfylltar og fengið niðurstöðu málsmeðferðar á rafrænu formi í öllum tilvikum þar sem það stendur líka notendum innan landamæra til boða,

e) þegar greiðslu er krafist við lok málsmeðferðar geti notendur greitt öll gjöld á netinu í gegnum greiðsluþjónustu yfir landamæri sem er aðgengileg víða, án mismununar á grundvelli staðfestustaðar greiðsluþjónustuveitandans, útgáfustaðar greiðslumiðilsins eða staðsetningar greiðslureikningsins í Sambandinu.

3. Krefjist málsmeðferð ekki rafrænnar auðkenningar eða sannvottunar eins og um getur í c-lið 2. mgr. og sé lögbærum yfirvöldum heimilt samkvæmt gildandi landslögum eða stjórnsýsluframkvæmd að samþykkja stafræn afrit af órafrænum sönnunargögnum um kennsl, s.s. skilríkjum eða vegabréfum, að því er varðar notendur innan landamæra, skulu yfirvöldin einnig samþykkja slík stafræn afrit að því er varðar notendur yfir landamæri.

14. gr.

Tæknikerfi til sjálfvirkra skipta á sönnunargögnum yfir landamæri og beiting meginreglunnar um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni

1. Í því skyni að skiptast á sönnunargögnum vegna málsmeðferða á netinu sem skráðar eru í II. viðauka þessarar reglugerðar og málsmeðferða sem kveðið er á um í tilskipunum 2005/36/EB, 2006/123/EB, 2014/24/ESB og 2014/25/ESB skal framkvæmdastjórnin í samstarfi við aðildarríkin koma á fót tæknikerfi til sjálfvirkra skipta á sönnunargögnum („tæknikerfið“) milli lögbærra yfirvalda í mismunandi aðildarríkjum.

2. Gefi lögbær yfirvöld löglega út sönnunargögn sem varða málsmeðferðirnar á netinu sem um getur í 1. mgr., í sínu eigin aðildarríki og á rafrænu formi sem gerir sjálfvirk skipti möguleg, skulu þau einnig gera slík sönnunargögn aðgengileg lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja á rafrænu formi sem gerir sjálfvirk skipti möguleg.

3. Tæknikerfið skal einkum:

a) gera kleift að vinna beiðnir um sönnunargögn, að skýrri ósk notandans,

b) gera kleift að vinna beiðnir um aðgang að eða skipti á sönnunargögnum,

c) gera kleift að senda sönnunargögn milli lögbærra yfirvalda,

d) gera lögbæra yfirvaldinu, sem leggur beiðnina fram, kleift að vinna sönnunargögnin,

e) tryggja trúnað og heilleika sönnunargagnanna,

f) gera notanda mögulegt að forskoða sönnunargögnin, sem lögbæra yfirvaldið sem leggur fram beiðnina mun nota, og velja hvort halda skuli áfram með skiptin á sönnunargögnunum eða ekki,

g) tryggja fullnægjandi stig samvirkni við önnur viðkomandi kerfi,

h) tryggja fyllsta öryggi við sendingu og vinnslu á sönnunargögnum,

i) ekki vinna sönnunargögn umfram það sem er tæknilega nauðsynlegt vegna skipta á sönnunargögnunum og þá aðeins eins lengi og nauðsynlegt er í þeim tilgangi.

4. Notendum skal ekki skylt að nota tæknikerfið og notkun þess skal einungis heimil að skýrri ósk þeirra nema kveðið sé á um annað samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum. Notendum skal heimilt að leggja fram sönnunargögn á annan hátt en í tæknikerfinu og beint til lögbæra yfirvaldsins sem leggur beiðnina fram.

5. Ekki skal gera kröfu um möguleikann á því að forskoða sönnunargögn, sem um getur í f-lið 3. mgr. þessarar greinar, þegar um er að ræða málsmeðferðir þar sem sjálfvirk skipti á gögnum yfir landamæri án slíkrar forskoðunar eru heimil samkvæmt gildandi lögum Sambandsins eða landslögum. Þessi möguleiki á að forskoða sönnunargögn skal ekki hafa áhrif á skylduna til að veita upplýsingarnar skv. 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

6. Aðildarríkin skulu samþætta tæknikerfið, starfhæft að fullu, við málsmeðferðirnar sem um getur í 1. málsgrein.

7. Lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á málsmeðferðum á netinu sem um getur í 1. málsgrein skulu, að óþvingaðri, sértækri, upplýstri og ótvíræðri ósk hlutaðeigandi notanda, fara fram á að fá sönnunargögn beint frá lögbærum útgáfuyfirvöldum þeirra í öðrum aðildarríkjum í gegnum tæknikerfið. Lögbæra útgáfuyfirvaldið sem um getur í 2. málsgrein skal, í samræmi við e-lið 3. mgr., gera slík sönnunargögn aðgengileg í gegnum sama kerfi.

8. Sönnunargögn sem gerð eru aðgengileg lögbæra yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina skulu takmarkast við það sem farið hefur verið fram á og skulu einungis notuð af því yfirvaldi að því er varðar málsmeðferðina sem lá til grundvallar skiptunum á sönnunargögnum. Að því er varðar lögbæra yfirvaldið sem leggur fram beiðnina skulu sönnunargögn sem skipst er á í gegnum tæknikerfið teljast ósvikin.

9. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að setja fram þær tækni- og rekstrarforskriftir tæknikerfisins sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd þessarar greinar eigi síðar en 12. júní 2021. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

10. Ákvæði 1.–8. mgr. gilda ekki um málsmeðferðir á vettvangi Sambandsins sem kveða á um annars konar fyrirkomulag til að skiptast á sönnunargögnum nema tæknikerfið, sem nauðsynlegt er til framkvæmdar þessarar greinar, verði fellt inn í þessar málsmeðferðir í samræmi við reglur þeirra gerða Sambandsins sem komu þessum málsmeðferðum á fót.

11. Framkvæmdastjórnin og sérhvert aðildarríki skulu bera ábyrgð á þróun, tiltækileika, viðhaldi, eftirliti, vöktun og öryggisstjórnun sinna hluta tæknikerfisins.

15. gr.

Sannprófun á sönnunargögnum á milli aðildarríkja

Þegar tæknikerfið eða önnur kerfi til skipta eða sannprófunar á sönnunargögnum milli aðildarríkja eru ekki tiltæk eða eiga ekki við eða þegar notandi fer ekki fram á notkun tæknikerfisins skulu lögbær yfirvöld starfa saman í gegnum IM-upplýsingakerfið, ef þörf krefur til að sannprófa sannvottaðan uppruna sönnunargagnanna sem notandi lagði fram rafrænt hjá einu þeirra í tengslum við málsmeðferð á netinu.

3. ÞÁTTUR

Gæðakröfur sem tengjast aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum

16. gr.

Gæðakröfur sem tengjast aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum

Lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnin skulu, innan valdheimilda hvers um sig, tryggja að aðstoðin og þjónustan til lausnar á vandamálum sem skráð er í III. viðauka og aðstoðin og þjónustan til lausnar á vandamálum sem felld hefur verið inn í gáttina í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 7. gr. uppfylli eftirfarandi gæðakröfur:

a) þær séu veittar innan hæfilegs tímaramma, með hliðsjón af því hversu flókin beiðnin er,

b) þegar frestir er framlengdir séu notendur upplýstir fyrir fram um ástæður þess og um nýjan frest sem gefinn er,

c) þegar greiðslu er krafist fyrir veitingu þjónustu geti notendur greitt öll gjöld á netinu í gegnum greiðsluþjónustu yfir landamæri sem er aðgengileg víða, án mismununar á grundvelli staðfestustaðar greiðsluþjónustuveitandans, útgáfustaðar greiðslumiðilsins eða staðsetningar greiðslureikningsins í Sambandinu.

4. ÞÁTTUR

Vöktun á gæðum

17. gr.

Vöktun á gæðum

1. Landsbundnu samræmingaraðilarnir sem um getur í 28. gr. og framkvæmdastjórnin skulu, innan valdheimilda hvers um sig, reglulega vakta að upplýsingar, málsmeðferðir og aðstoð og þjónusta til lausnar á vandamálum sem aðgengileg er um gáttina uppfylli gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í 8.–13. og 16. gr. Vöktunin skal framkvæmd á grundvelli þeirra gagna sem safnað er í samræmi við 24. og 25. gr.

2. Ef gæðum upplýsinga, málsmeðferða og aðstoðar eða þjónustu til lausnar á vandamálum sem um getur í 1. mgr., sem lögbær yfirvöld láta í té, fer hnignandi skal framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til þess hversu alvarleg og varanleg hnignunin er, grípa til einnar eða fleiri eftirfarandi ráðstafana:

a) upplýsa viðkomandi landsbundinn samræmingaraðila og óska eftir úrbótum,

b) leggja aðgerðir, sem mælt er með til að bæta samræmi við gæðakröfurnar, fram til umræðu í samræmingarhópi gáttarinnar,

c) senda bréf með tilmælum til hlutaðeigandi aðildarríkis,

d) aftengja upplýsingarnar, málsmeðferðina, aðstoðina eða þjónustuna til lausnar á vandamálum tímabundið frá gáttinni.

3. Ef aðstoð eða þjónusta til lausnar á vandamálum, sem tenglar eru látnir í té á í samræmi við 3. mgr. 7. gr., er ítrekað í ósamræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 11. og 16. gr. eða uppfyllir ekki lengur þarfir notenda samkvæmt gögnum sem safnað er í samræmi við 24. og 25. gr., er framkvæmdastjórninni heimilt, eftir samráð við viðkomandi landsbundinn samræmingaraðila og, ef nauðsyn krefur, við samræmingarhóp gáttarinnar, að aftengja hana frá gáttinni.

IV. KAFLI

TÆKNILEGAR LAUSNIR

18. gr.

Sameiginlegt notendaviðmót

1. Framkvæmdastjórnin skal, í nánu samstarfi við aðildarríkin, láta í té sameiginlegt notendaviðmót, sem fellt er inn í vefgáttina „Þín Evrópa“, til að tryggja eðlilega starfsemi gáttarinnar.

2. Sameiginlega notendaviðmótið skal veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðum og aðstoð eða þjónustu til lausnar á vandamálum með tenglum á viðeigandi vefsetur eða vefsíður á vettvangi Sambandsins og á landsvísu sem eru í tenglasafninu sem um getur í 19. gr.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, í samræmi við hlutverk og ábyrgð hvers þeirra um sig, eins og kveðið er á um í 4. gr., tryggja að upplýsingar um reglur og skyldur, málsmeðferðir og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum séu skipulagðar og merktar á þann hátt að auðveldara sé að finna þær í gegnum sameiginlega notendaviðmótið.

4. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að sameiginlega notendaviðmótið uppfylli eftirfarandi gæðakröfur:

a) það sé auðvelt í notkun,

b) það sé aðgengilegt á netinu í gegnum ýmis rafeindatæki,

c) það sé þróað og bestað fyrir mismunandi vefvafra,

d) það uppfylli eftirfarandi kröfur um vefaðgengi: um skynjanleika, nothæfi, skiljanleika og traustleika.

5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir um kröfur um samvirkni til að gera það auðveldara að finna upplýsingar um reglur og skyldur, málsmeðferðir og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum í gegnum sameiginlega notendaviðmótið. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

19. gr.

Tenglasafn

1. Framkvæmdastjórnin skal, í nánu samstarfi við aðildarríkin, koma á fót og viðhalda rafrænu safni tengla á þær upplýsingar, málsmeðferðir og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. sem gerir kleift að tengja saman slíka þjónustu og sameiginlega notendaviðmótið.

2. Framkvæmdastjórnin skal láta tenglasafninu í té tengla á þær upplýsingar, málsmeðferðir og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem aðgengileg er á vefsíðum sem stjórnað er á vettvangi Sambandsins og skal halda þessum tenglum réttum og uppfærðum.

3. Landsbundnu samræmingaraðilarnir skulu láta tenglasafninu í té tengla á þær upplýsingar, málsmeðferðir og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem aðgengileg er á vefsíðum í umsjón lögbærra yfirvalda, eða einkaaðila eða hálfopinberra aðila eins og um getur í 3. mgr. 7. gr., og skulu halda þessum tenglum réttum og uppfærðum.

4. Þegar það er tæknilega mögulegt má sú útvegun tengla, sem um getur í 3. mgr., fara fram sjálfvirkt milli viðkomandi kerfa aðildarríkjanna og tenglasafnsins.

5. Framkvæmdastjórnin skal gera upplýsingarnar sem eru í tenglasafninu aðgengilegar öllum á opnu og tölvulesanlegu sniði.

6. Framkvæmdastjórnin og landsbundnu samræmingaraðilarnir skulu tryggja að tenglarnir á upplýsingar, málsmeðferðir og aðstoð eða þjónustu til lausnar á vandamálum sem boðin er um gáttina innihaldi ekki óþarfa tvítekningar og skaranir, að fullu eða að hluta til, sem eru líklegar til að rugla notendur í ríminu.

7. Ef kveðið er á um það í öðrum ákvæðum í lögum Sambandsins að gera upplýsingar sem um getur í 4. gr. aðgengilegar er framkvæmdastjórninni og landsbundnu samræmingaraðilunum heimilt að láta í té tengla á þær upplýsingar í því skyni að fara að kröfum þeirrar greinar.

20. gr.

Sameiginleg þjónustuleit

1. Til að auðvelda aðgengi að þeirri aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem skráð er í III. viðauka, eða sem um getur í 2. og 3. mgr. 7. gr., skulu lögbær yfirvöld og framkvæmdastjórnin tryggja að notendur geti nálgast hana í gegnum sameiginlega leit að aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum („sameiginlegu þjónustuleitina“) sem er aðgengileg um gáttina.

2. Framkvæmdastjórnin skal þróa og hafa umsjón með sameiginlegu þjónustuleitinni og ákveða uppbyggingu og snið fyrir lýsingar og samskiptaupplýsingar aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum til að sameiginlega þjónustuleitin geti starfað eðlilega.

3. Landsbundnu samræmingaraðilarnir skulu láta framkvæmdastjórninni í té lýsingarnar og samskiptaupplýsingarnar eins og um getur í 2. mgr.

21. gr.

Ábyrgð á upplýsinga- og fjarskiptatækniforritum sem styðja gáttina

1. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á þróun, tiltækileika, vöktun, uppfærslu, viðhaldi, öryggi og hýsingu eftirfarandi upplýsinga- og fjarskiptatækniforrita og vefsíðna:

a) vefgáttarinnar Þín Evrópa sem um getur í 1. mgr. 2. gr.,

b) sameiginlega notendaviðmótsins sem um getur í 1. mgr. 18. gr., þ.m.t. leitarvélar eða sérhvers annars upplýsinga- og fjarskiptatæknitóls sem gerir kleift að leita í vefupplýsingum og -þjónustu,

c) tenglasafnsins sem um getur í 1. mgr. 19. gr.,

d) sameiginlegu þjónustuleitarinnar sem um getur í 1. mgr. 20. gr.,

e) tólanna til endurgjafar notenda sem um getur í 1. mgr. 25. gr. og a-lið 1. mgr. 26. gr.

Framkvæmdastjórnin skal vinna í nánu samstarfi við aðildarríkin að því að þróa upplýsinga- og fjarskiptatækniforritin.

2. Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á þróun, tiltækileika, vöktun, uppfærslu, viðhaldi og öryggi upplýsinga- og fjarskiptatækniforrita sem tengjast þeim landsbundnu vefsíðum og vefsetrum sem þau hafa umsjón með og sem eru tengd við sameiginlega notendaviðmótið.

V. KAFLI

KYNNINGARSTARF

22. gr.

Heiti, kennimerki og gæðamerki

1. Heitið sem gáttin skal vera þekkt undir og kynnt með fyrir almenningi skal vera „Þín Evrópa“.

Kennimerkið sem gáttin skal vera þekkt undir og kynnt með fyrir almenningi skal framkvæmdastjórnin ákveða í nánu samstarfi við samræmingarhóp gáttarinnar eigi síðar en 12. júní 2019.

Kennimerki gáttarinnar og tengill á hana skulu gerð sýnileg og aðgengileg á viðeigandi vefsetrum á vettvangi Sambandsins og á landsvísu sem eru tengd við gáttina.

2. Sem sönnun fyrir fylgni við gæðakröfurnar sem um getur í 9., 10. og 11. gr. skulu heiti og kennimerki gáttarinnar einnig þjóna sem gæðamerki. Kennimerki gáttarinnar skal þó einungis notað sem gæðamerki á vefsíðum og vefsetrum sem eru í tenglasafninu sem um getur í 19. gr.

23. gr.

Kynningarstarf

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu efla vitund um gáttina og kynna notkun hennar meðal borgara og fyrirtækja og tryggja að gáttin og upplýsingar í henni, málsmeðferðir og aðstoð og þjónusta til lausnar á vandamálum séu sýnileg almenningi og auðfundin með leitarvélum sem eru aðgengilegar almenningi.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu samræma kynningarstarfsemi sína sem um getur í 1. mgr. og vísa til gáttarinnar og nota kennimerki hennar í slíkri starfsemi, ásamt öðrum sérheitum (e. brand names) eins og við á.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að auðvelt sé að finna gáttina gegnum tengd vefsetur sem þau bera ábyrgð á og að skýrir tenglar á sameiginlega notendaviðmótið séu aðgengilegir á öllum viðeigandi vefsetrum á vettvangi Sambandsins og á landsbundnum vettvangi.

4. Landsbundnu samræmingaraðilarnir skulu kynna gáttina fyrir lögbærum landsyfirvöldum.

VI. KAFLI

ENDURGJÖF FRÁ NOTENDUM OG TÖLFRÆÐILEGUM UPPLÝSINGUM UM NOTENDUR SAFNAÐ

24. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar um notendur

1. Lögbær yfirvöld og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að tölfræðilegum upplýsingum sé safnað í tengslum við heimsóknir notenda í gáttina og á þær vefsíður sem gáttin tengist á þann hátt að nafnleynd notenda sé tryggð, í því skyni að bæta virkni gáttarinnar.

2. Lögbær yfirvöld, þeir sem veita aðstoð eða þjónustu til lausnar á vandamálum eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. og framkvæmdastjórnin skulu safna og skiptast á samanteknum upplýsingum um fjölda, uppruna og efni beiðna um aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og svartíma þeirra.

3. Tölfræðilegu upplýsingarnar, sem safnað er í samræmi við 1. og 2. mgr. í tengslum við þær upplýsingar, málsmeðferðir og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem gáttin hefur tengla á, skulu fela í sér eftirfarandi gagnaflokka:

a) gögn sem tengjast fjölda, uppruna og tegund notenda gáttarinnar,

b) gögn sem tengjast kjörstillingum og vegferð notenda,

c) gögn sem tengjast nothæfi, finnanleika og gæðum upplýsinga, málsmeðferða og aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum.

Þessi gögn skulu gerð aðgengileg almenningi á opnu og almennt notuðu tölvulesanlegu sniði.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir um aðferðina við að safna og skiptast á þeim tölfræðilegu upplýsingum um notendur sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

25. gr.

Endurgjöf notenda varðandi þjónustu gáttarinnar

1. Til að safna upplýsingum beint frá notendum um ánægju þeirra með þjónustuna sem veitt er um gáttina og upplýsingarnar sem þar eru gerðar aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin láta notendum í té, í gegnum gáttina, notendavænt tól til endurgjafar sem gerir þeim kleift, strax eftir að þeir nota einhverja þá þjónustu sem um getur í 2. mgr. 2. gr., að leggja fram athugasemdir undir nafnleynd um gæði og tiltækileika þjónustunnar sem veitt er um gáttina, upplýsinganna sem þar eru gerðar aðgengilegar og sameiginlega notendaviðmótsins.

2. Lögbær yfirvöld og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að notendur hafi aðgang að tólinu sem um getur í 1. mgr. á öllum vefsíðum sem eru hluti af gáttinni.

3. Framkvæmdastjórnin, lögbær yfirvöld og landsbundnu samræmingaraðilarnir skulu hafa beinan aðgang að þeirri endurgjöf notenda sem safnað er gegnum tólið sem um getur í 1. mgr. í þeim tilgangi að bregðast við hvers konar vandamálum sem upp koma.

4. Lögbærum yfirvöldum skal ekki vera skylt að veita notendum aðgang að því tóli til endurgjafar notenda sem um getur í 1. mgr. á þeim vefsíðum sínum sem eru hluti af gáttinni ef annað tól til endurgjafar notenda með svipaða virkni og tólið til endurgjafar notenda sem um getur í 1. mgr. er þegar aðgengilegt á vefsíðum þeirra í þeim tilgangi að vakta gæði þjónustu. Lögbær yfirvöld skulu safna þeirri endurgjöf notenda sem móttekin er í gegnum þeirra eigið tól til endurgjafar notenda og deila henni með framkvæmdastjórninni og landsbundnum samræmingaraðilum hinna aðildarríkjanna.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um reglur um söfnun og miðlun á endurgjöf frá notendum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

26. gr.

Skýrslugjöf um starfsemi innri markaðarins

1. Framkvæmdastjórnin skal:

a) láta notendum gáttarinnar í té notendavænt tól til að gera viðvart um hvers konar hindranir, sem þeir reka sig á við að neyta réttinda sinna á innri markaðinum, og gefa endurgjöf um þær, undir nafnleynd,

b) safna samanteknum upplýsingum um efni beiðna og svör frá þeirri aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem er hluti af gáttinni.

2. Framkvæmdastjórnin, lögbær yfirvöld og landsbundnu samræmingaraðilarnir skulu hafa beinan aðgang að þeirri endurgjöf sem safnað er í samræmi við a-lið 1. mgr.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu greina og rannsaka þau vandamál sem notendur vekja máls á samkvæmt þessari grein og taka á þeim, eftir því sem unnt er, með öllum tiltækum ráðum.

27. gr.

Samantektaryfirlit á netinu

Framkvæmdastjórnin skal birta, nafnlaust, samantektaryfirlit á netinu yfir þau vandamál sem upplýsingarnar, sem safnað er í samræmi við 1. mgr. 26. gr., leiða í ljós, helstu tölfræðilegu upplýsingar um notendur sem um getur í 24. gr. og helstu endurgjöf notenda sem um getur í 25. gr.

VII. KAFLI

STJÓRNUN GÁTTARINNAR

28. gr.

Landsbundnir samræmingaraðilar

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna landsbundinn samræmingaraðila. Til viðbótar við skyldur sínar í samræmi við 7., 17., 19., 20., 23. og 25. gr. skulu landsbundnu samræmingaraðilarnir:

a) vera tengiliður fyrir stjórnvöld hvers þeirra um sig vegna allra mála sem tengjast gáttinni,

b) stuðla að því að lögbær yfirvöld hvers þeirra um sig beiti 9.–16. gr. með samræmdum hætti,

c) tryggja að tilmælin sem um getur í c-lið 2. mgr. 17. gr. séu framkvæmd á tilhlýðilegan hátt.

2. Hvert aðildarríki getur, í samræmi við innra stjórnskipulag sitt, tilnefnt einn eða fleiri samræmingaraðila til þess að sinna verkefnum sem eru tilgreind í 1. mgr. Einn landsbundinn samræmingaraðili fyrir hvert aðildarríki skal bera ábyrgð á samskiptum við framkvæmdastjórnina að því er varðar öll mál sem tengjast gáttinni.

3. Hvert aðildarríki skal upplýsa hin aðildarríkin og framkvæmdastjórnina um heiti og samskiptaupplýsingar landsbundins samræmingaraðila síns.

29. gr.

Samræmingarhópur

Samræmingarhópi er hér með komið á fót („samræmingarhópi gáttarinnar“). Hann skal skipaður einum landsbundnum samræmingaraðila frá hverju aðildarríki og vera undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Hópurinn skal setja sér starfsreglur. Framkvæmdastjórnin skal annast skrifstofuhald.

30. gr.

Verkefni samræmingarhóps gáttarinnar

1. Samræmingarhópur gáttarinnar skal styðja við framkvæmd þessarar reglugerðar. Einkum skal hann:

a) auðvelda miðlun og reglulega uppfærslu bestu starfsvenja,

b) hvetja til þess að teknar verði upp málsmeðferðir sem eru að fullu á netinu, umfram þær sem skráðar eru í II. viðauka við þessa reglugerð, auk leiða til sannvottunar, auðkenningar og undirskriftar á netinu, einkum þeirra sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 910/2014,

c) ræða hvernig bæta má notendavæna framsetningu upplýsinga á þeim sviðum sem talin eru upp í I. viðauka, einkum á grundvelli þeirra gagna sem safnað er í samræmi við 24. og 25. gr.,

d) aðstoða framkvæmdastjórnina við þróun sameiginlegra upplýsinga- og fjarskiptatæknilausna sem styðja gáttina,

e) ræða drög að árlegri starfsáætlun,

f) aðstoða framkvæmdastjórnina við að vakta framkvæmd árlegu starfsáætlunarinnar,

g) ræða viðbótarupplýsingar, sem veittar eru í samræmi við 5. gr., í því skyni að hvetja önnur aðildarríki til að veita sambærilegar upplýsingar, þar sem þær gætu gagnast notendum,

h) aðstoða framkvæmdastjórnina við að vakta að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 8.–16. gr., í samræmi við 17. gr.,

i) upplýsa um framkvæmd 1. mgr. 6. gr.,

j) ræða og mæla með aðgerðum við lögbær yfirvöld og framkvæmdastjórnina með það fyrir augum að forðast eða fjarlægja óþarfa tvítekningu þeirrar þjónustu sem aðgengileg er um gáttina,

k) láta í té álit á málsmeðferðum eða ráðstöfunum til að taka með skilvirkum hætti á hvers konar vandamálum varðandi gæði þjónustu, sem notendur hafa vakið máls á, eða tillögur til úrbóta á þeim,

l) ræða beitingu meginreglnanna um innbyggt öryggi og innbyggða friðhelgi í tengslum við þessa reglugerð,

m) ræða málefni sem tengjast söfnun á endurgjöf frá notendum og tölfræðilegum upplýsingum um notendur sem um getur í 24. og 25. gr., þannig að stöðugt sé verið að endurbæta þjónustuna sem boðin er á vettvangi Sambandsins og á landsbundnum vettvangi,

n) ræða málefni sem tengjast gæðakröfum vegna þjónustunnar sem boðin er um gáttina,

o) miðla bestu starfsvenjum og aðstoða framkvæmdastjórnina við skipulagningu, uppbyggingu og framsetningu þjónustu sem um getur í 2. mgr. 2. gr., til að sameiginlega notendaviðmótið geti starfað eðlilega,

p) auðvelda þróun og framkvæmd samræmda kynningarstarfsins,

q) starfa með stjórnunarstofnunum eða netum upplýsingaþjónustu og aðstoðar eða þjónustu til lausnar á vandamálum,

r) leiðbeina um það eða þau opinberu tungumál Sambandsins til viðbótar sem lögbær yfirvöld skulu nota í samræmi við 9. gr. (2. mgr.), 10. gr. (4. mgr.), 11. gr. (2. mgr.) og 13. gr. (a-lið 2. mgr.).

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ráðfæra sig við samræmingarhóp gáttarinnar um hvert það málefni sem varðar beitingu þessarar reglugerðar.

31. gr.

Árleg starfsáætlun

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja árlega starfsáætlun, þar sem einkum skal tilgreina:

a) aðgerðir til að bæta framsetningu sértækra upplýsinga á þeim sviðum sem talin eru upp í I. viðauka og aðgerðir til að auðvelda tímanlega framkvæmd lögbærra yfirvalda á öllum stigum, þ.m.t. á vettvangi sveitarfélaga, á þeirri kröfu að veita upplýsingar,

b) aðgerðir til að auðvelda að farið sé að ákvæðum 6. og 13. gr.,

c) aðgerðir sem eru nauðsynlegar til að tryggja samræmda fylgni við kröfurnar sem settar eru fram í 9.–12. gr.,

d) starfsemi sem tengist kynningu á gáttinni í samræmi við 23. gr.

2. Þegar framkvæmdastjórnin undirbýr drög að árlegri starfsáætlun skal hún hafa hliðsjón af tölfræðilegum upplýsingum um notendur og endurgjöf sem safnað er í samræmi við 24. og 25. gr. og hvers konar tillögum aðildarríkjanna. Áður en þau eru samþykkt skal framkvæmdastjórnin leggja drögin að árlegri starfsáætlun fyrir samræmingarhóp gáttarinnar til umræðu.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

32. gr.

Kostnaður

1. Fjárlög Evrópusambandsins skulu standa straum af kostnaði við:

a) þróun og viðhald upplýsinga- og fjarskiptatæknitóla sem styðja framkvæmd þessarar reglugerðar á vettvangi Sambandsins,

b) kynningu á gáttinni á vettvangi Sambandsins,

c) þýðingu á upplýsingum, útskýringum og leiðbeiningum í samræmi við 12. gr., upp að tilteknu hámarksmagni á ári fyrir hvert aðildarríki, með fyrirvara um hugsanlega endurúthlutun þegar það er nauðsynlegt til að nýta megi að fullu tiltækar fjárveitingar.

2. Fjárlög hvers aðildarríkis um sig skulu bera kostnað sem tengist landsbundnum vefgáttum, upplýsingavettvöngum, aðstoðarþjónustu og málsmeðferðum sem komið er á fót á vettvangi aðildarríkis, nema kveðið sé á um annað í löggjöf Sambandsins.

33. gr.

Vernd persónuupplýsinga

Vinnsla lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum innan ramma þessarar reglugerðar skal vera í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679. Vinnsla framkvæmdastjórnarinnar á persónuupplýsingum innan ramma þessarar reglugerðar skal vera í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1725.

34. gr.

Samstarf við önnur upplýsinga- og aðstoðarnet

1. Að höfðu samráði við aðildarríkin skal framkvæmdastjórnin ákveða hvaða fyrirliggjandi óformlega fyrirkomulag stjórnarhátta fyrir hverja þá aðstoð eða þjónustu til lausnar á vandamálum sem skráð er í III. viðauka eða hvert þeirra upplýsingasviða sem falla undir I. viðauka skuli vera á ábyrgð samræmingarhóps gáttarinnar.

2. Ef upplýsinga- og aðstoðarþjónusta eða -net hafa verið sett á fót með lagalega bindandi gerð Sambandsins vegna einhvers þeirra upplýsingasviða sem falla undir I. viðauka skal framkvæmdastjórnin samræma starf samræmingarhóps gáttarinnar og stjórnunarstofnana slíkrar þjónustu eða neta í því skyni að ná fram samlegðaráhrifum og forðast tvítekningar.

35. gr.

Upplýsingakerfi fyrir innri markaðinn

1. Upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (IM-upplýsingakerfið) sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 skal notað að því er varðar og í samræmi við 4. mgr. 6. gr. og 15. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að nota IM-upplýsingakerfið sem rafræna tenglasafnið sem um getur í 1. mgr. 19. gr.

36. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

Eigi síðar en 12. desember 2022 og á tveggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin endurskoða beitingu þessarar reglugerðar og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið matsskýrslu um starfsemi gáttarinnar og starfsemi innri markaðarins á grundvelli þeirra tölfræðilegu upplýsinga og endurgjafar sem safnað er í samræmi við 24., 25. og 26. gr. Við endurskoðunina skal einkum meta gildissvið 14. gr. að teknu tilliti til þróunar á sviði tæknimála, markaðsmála og löggjafar að því er varðar skipti á sönnunargögnum milli lögbærra yfirvalda.

37. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

38. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012

Reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um notkun upplýsingakerfis fyrir innri markaðinn (hér á eftir nefnt „IM-upplýsingakerfið“) í samvinnu á sviði stjórnsýslu milli aðila að IM-upplýsingakerfinu, þ.m.t. vinnslu persónuupplýsinga.“

2) Í stað 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„1. IM-upplýsingakerfið skal notað fyrir skipti á upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum, milli aðila að IM-upplýsingakerfinu og fyrir vinnslu þeirra upplýsinga að því er varðar annað hvort af eftirfarandi:

a) samvinnu á sviði stjórnsýslu sem krafist er í samræmi við gerðirnar sem tilgreindar eru í viðaukanum,

b) samvinnu á sviði stjórnsýslu sem tilraunaverkefni, sem framkvæmt er í samræmi við 4. gr.“

3) Annarri málsgrein 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) „IM-upplýsingakerfið“: rafrænt tól sem framkvæmdastjórnin lætur í té til að auðvelda samvinnu á sviði stjórnsýslu milli aðila að IM-upplýsingakerfinu,“.

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) „samvinna á sviði stjórnsýslu“: samstarf milli aðila að IM-upplýsingakerfinu með skiptum á upplýsingum og vinnslu þeirra með bætta beitingu löggjafar Sambandsins fyrir augum,“.

c) Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) „aðilar að IM-upplýsingakerfinu“: lögbær yfirvöld, samræmingaraðilar fyrir IM-upplýsingakerfið, framkvæmdastjórnin og stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins,“.

4) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 8. gr.:

„f) að tryggja samræmingu við stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins og veita þeim aðgang að IM-upplýsingakerfinu.“

5) Í stað 4. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins skulu koma á viðeigandi úrræðum til að tryggja að notendum IM-upplýsingakerfisins sé aðeins heimill aðgangur að persónuupplýsingum, sem unnið er með í IM-upplýsingakerfinu, á grundvelli meginreglunnar um þörf á vitneskju og á því sviði eða sviðum innri markaðarins sem þeim var veittur aðgangsréttur að í samræmi við 3. mgr.“

6) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Evrópska persónuverndarstofnunin skal bera ábyrgð á því að vakta og tryggja beitingu þessarar reglugerðar þegar framkvæmdastjórnin eða stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins vinna persónuupplýsingar sem aðilar að IM-upplýsingakerfinu. Þær skyldur og heimildir, sem um getur í 57. og 58. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 (*), gilda til samræmis við það.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39).“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Landsbundnar eftirlitsstofnanir og Evrópska persónuverndarstofnunin skulu, hvor á sínu valdsviði, starfa saman að því að tryggja samræmt eftirlit með IM-upplýsingakerfinu og notkun aðila að IM-upplýsingakerfinu á því í samræmi við 62. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725.“

c) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

7) Í 29. gr. fellur 1. mgr. brott.

8) Eftirfarandi liðir bætast við í viðauka:

„11. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (*): Ákvæði 56. gr., 60.– 66. gr. og 70. gr. (1. mgr.).

12. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 2. október 2018 um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (**): Ákvæði 6. gr. (4. mgr.), 15. og 19. gr.

_____

(*) Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1.

(**) Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39“.

39. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. gr., 4. gr., 7.–12. gr., 16. gr., 17. gr., 18. gr. (1.–4. mgr.), 19. gr., 20. gr., 24. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 25. gr. (1.–4. mgr.), 26. gr. og 27. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með 12. desember 2020.

Ákvæði 6. gr., 13. gr., 14. gr. (1.–8. mgr. og 10. mgr.) og 15. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með 12. desember 2023.

Þrátt fyrir daginn þegar ákvæði 2., 9., 10. og 11. gr. koma til framkvæmda skulu stjórnvöld sveitarfélaga gera þær upplýsingar, útskýringar og leiðbeiningar sem um getur í þessum greinum aðgengilegar eigi síðar en 12. desember 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 2. október 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	J. BOGNER-STRAUSS
forseti.	*forseti.*

_____

I. VIÐAUKI

Skrá yfir upplýsingasvið, sem varða borgara og fyrirtæki sem neyta réttinda sinna á innri markaðinum, sem um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr.

Upplýsingasvið sem tengjast borgurunum:

Svið	UPPLÝSINGAR VARÐANDI RÉTTINDI, SKYLDUR OG REGLUR SEM LEIÐIR AF LÖGUM SAMBANDSINS OG LANDSLÖGUM
A. Ferðir innan Sambandsins	1. skilríki sem borgarar Sambandsins, aðstandendur þeirra sem eru ekki borgarar Sambandsins, ólögráða börn sem ferðast ein og borgarar frá ríkjum utan Sambandsins þurfa að hafa þegar ferðast er yfir landamæri innan Sambandsins (kennivottorð, vegabréfsáritun, vegabréf) 2. réttindi og skyldur þeirra sem ferðast með flugvél, lest, skipi eða hópbifreið, innan Sambandsins og frá því, og ferðamanna sem kaupa pakkaferðir eða samtengda ferðatilhögun 3. aðstoð á ferðalögum, innan Sambandsins og frá því, ef um hreyfihömlun er að ræða 4. flutningur á dýrum, plöntum, áfengi, tóbaki, sígarettum og öðrum vörum þegar ferðast er innan Sambandsins 5. símtöl og sending og móttaka rafrænna boða og rafrænna gagna innan Sambandsins
B. Atvinna og starfslok innan Sambandsins	1. að leita að atvinnu í öðru aðildarríki 2. að taka við starfi í öðru aðildarríki 3. viðurkenning á menntun og hæfi til starfa í öðru aðildarríki 4. skattlagning í öðru aðildarríki 5. reglur um ábyrgðartryggingu og skyldutryggingu í tengslum við búsetu eða atvinnu í öðru aðildarríki 6. ráðningarskilmálar og -skilyrði, þ.m.t. fyrir útsent launafólk, eins og mælt er fyrir um í lögum eða lagagerningum (þ.m.t. upplýsingar um vinnustundir, launað orlof, orlofsrétt, réttindi og skyldur að því er varðar yfirvinnu, heilbrigðiseftirlit, uppsögn samninga, brottvikningu og uppsagnir) 7. jöfn meðferð (reglur sem banna mismunun á vinnustað, reglur um sömu laun fyrir karla og konur og um sömu laun fyrir starfsmenn með tímabundna eða ótímabundna ráðningarsamninga) 8. skyldur varðandi heilbrigði og öryggi í tengslum við mismunandi tegundir starfsemi 9. réttindi og skyldur varðandi almannatryggingar í Sambandinu, þ.m.t. sem tengjast töku lífeyris
C. Ökutæki í Sambandinu	1. að fara með vélknúið ökutæki tímabundið eða varanlega til annars aðildarríkis 2. að afla sér og endurnýja ökuskírteini 3. að afla skyldubundinnar tryggingar fyrir vélknúið ökutæki 4. að kaupa og selja vélknúið ökutæki í öðru aðildarríki 5. landsbundnar umferðarreglur og kröfur til ökumanna, þ.m.t. almennar reglur um notkun innlendra vegagrunnvirkja: gjöld sem miðast við tíma (gjaldmiða), gjöld sem miðast við vegalengd (vegatolla), losunarlímmiða

Svið	UPPLÝSINGAR VARÐANDI RÉTTINDI, SKYLDUR OG REGLUR SEM LEIÐIR AF LÖGUM SAMBANDSINS OG LANDSLÖGUM
D. Búseta í öðru aðildarríki	1. að flytja tímabundið eða varanlega til annars aðildarríkis 2. að kaupa og selja fasteign, þ.m.t. hvers konar skilyrði og skyldur sem tengjast skattlagningu, eignarhaldi eða notkun slíkrar eignar, þ.m.t. notkun hennar sem aukahúsnæðis 3. að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum og kosningum til Evrópuþingsins 4. kröfur um dvalarskírteini fyrir borgara Sambandsins og aðstandendur þeirra, þ.m.t. aðstandendur sem eru ekki borgarar Sambandsins 5. skilyrði sem gilda um það að veita þegnum annars aðildarríkis ríkisborgararétt 6. reglur sem gilda ef um er að ræða dauðsfall, þ.m.t. reglur um heimsendingu jarðneskra leifa til annars aðildarríkis
E. Menntun eða starfsþjálfun í öðru aðildarríki	1. menntakerfi í öðru aðildarríki, þ.m.t. kennsla og umönnun barna á leikskólastigi, menntun á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, æðri menntun og fullorðinsfræðsla 2. sjálfboðaliðastörf í öðru aðildarríki 3. starfsþjálfun í öðru aðildarríki 4. að stunda rannsóknir í öðru aðildarríki sem hluta námsleiðar
F. Heilbrigðisþjónusta	1. að fá læknismeðferð í öðru aðildarríki 2. að kaupa lyfseðilsskyld lyf í öðru aðildarríki en þar sem lyfseðillinn var gefinn út, á netinu eða í eigin persónu 3. reglur um sjúkratryggingar sem gilda um dvöl til lengri eða skemmri tíma í öðru aðildarríki, m.a. hvernig sækja eigi um evrópskt sjúkratryggingarkort 4. almennar upplýsingar um rétt til aðgangs að eða skyldur til að taka þátt í tiltækum opinberum forvarnarráðstöfunum í heilbrigðisþjónustu 5. þjónusta sem er veitt gegnum landsbundin neyðarnúmer, m.a. númerin „112“ og „116“ 6. réttindi og skilyrði varðandi það að flytjast á dvalarheimili
G. Réttindi borgara og fjölskyldna	1. fæðing, forsjá ólögráða barna, foreldraábyrgð, reglur um staðgöngumæðrun og ættleiðingu, þ.m.t. ættleiðingu stjúpbarns, framfærsluskyldur með tilliti til barna í fjölskylduaðstæðum sem ná yfir landamæri 2. sambúð pars af mismunandi þjóðernum, þ.m.t. sambúð einstaklinga af sama kyni (hjónaband, skráð sambúð, skilnaður að borði og sæng, hjónaskilnaður, eignarréttur hjóna, réttindi sambýlisfólks) 3. reglur um viðurkenningu á kyni 4. réttindi og skyldur í tengslum við lögarf í öðru aðildarríki, þ.m.t. skattareglur 5. réttindi og reglur sem gilda ef foreldri nemur barn á brott yfir landamæri

Svið	UPPLÝSINGAR VARÐANDI RÉTTINDI, SKYLDUR OG REGLUR SEM LEIÐIR AF LÖGUM SAMBANDSINS OG LANDSLÖGUM
H. Réttindi neytenda	1. að kaupa vörur, stafrænt efni eða þjónustu (þ.m.t. fjármálaþjónustu) frá öðru aðildarríki, á netinu eða í eigin persónu 2. að eiga bankareikning í öðru aðildarríki 3. tenging við þjónustufyrirtæki, s.s. gas, rafmagn, vatn, förgun húsasorps, fjarskipti og netið 4. greiðslur, þ.m.t. millifærslur fjármuna, tafir á greiðslum yfir landamæri 5. réttindi neytenda og ábyrgðir í tengslum við kaup á vörum og þjónustu, þ.m.t. málsmeðferðir fyrir lausn deilumála á sviði neytendamála og bætur 6. öryggi neysluvara 7. að leigja vélknúið ökutæki
I. Vernd persónuupplýsinga	1. að neyta réttinda skráðra aðila í tengslum við vernd persónuupplýsinga

Upplýsingasvið sem tengjast fyrirtækjum:

Svið	UPPLÝSINGAR UM RÉTTINDI, SKYLDUR OG REGLUR
J. Að stofna, reka og loka fyrirtæki	1. að skrá, breyta félagsformi eða loka fyrirtæki (málsmeðferðir við skráningu og félagsform fyrir rekstur) 2. að flytja fyrirtæki til annars aðildarríkis 3. hugverkaréttur (að sækja um einkaleyfi, skrá vörumerki, teikningu eða hönnun, fá leyfi til eftirgerðar) 4. sanngirni og gagnsæi í viðskiptaháttum, þ.m.t. réttindi neytenda og ábyrgðir í tengslum við sölu á vörum og þjónustu 5. að bjóða greiðslufyrirkomulag yfir landamæri á netinu þegar seldar eru vörur og þjónusta á netinu 6. réttindi og skyldur samkvæmt samningarétti, þ.m.t. dráttarvextir 7. ógjaldfærnimeðferð og skiptameðferð félaga 8. greiðsluvátrygging 9. samruni félaga eða sala fyrirtækis 10. einkaréttarleg ábyrgð stjórnarmanna í félagi 11. reglur og skyldur varðandi vinnslu persónuupplýsinga

Svið	UPPLÝSINGAR UM RÉTTINDI, SKYLDUR OG REGLUR
K. Starfsfólk	1. ráðningarskilmálar sem mælt er fyrir um í lögum eða lagagerningum (þ.m.t. vinnustundir, launað orlof, orlofsréttur, réttindi og skyldur að því er varðar yfirvinnu, heilbrigðiseftirlit, uppsögn samninga, brottvikningar og uppsagnir) 2. réttindi og skyldur varðandi almannatryggingar í Sambandinu (að skrá sig sem vinnuveitanda, skrá starfsmenn, tilkynna um samningslok starfsmanns, greiða framlög til félagslegra kerfa, réttindi og skyldur sem tengjast lífeyri) 3. atvinna launafólks í öðrum aðildarríkjum (útsending starfsmanna, reglur um frelsi til að veita þjónustu, kröfur um búsetu starfsmanna) 4. jöfn meðferð (reglur sem banna mismunun á vinnustað, reglur um sömu laun fyrir karla og konur og sömu laun fyrir starfsmenn með tímabundna eða ótímabundna ráðningarsamninga) 5. reglur um fulltrúa starfsfólks
L. Skattar	1. virðisaukaskattur: upplýsingar um almennar reglur, hlutföll og undanþágur, skráningu og greiðslu virðisaukaskatts, að fá endurgreiðslu 2. vörugjöld: upplýsingar um almennar reglur, hlutföll og undanþágur, skráningu vegna vörugjalds og greiðslu vörugjalds, að fá endurgreiðslu 3. innflutningstollar og aðrir skattar og gjöld sem innheimt eru af innflutningi 4. tollferli við innflutning og útflutning samkvæmt tollalögum Sambandsins 5. aðrir skattar: greiðsla, hlutföll, skattskil
M. Vörur	1. að fá CE-merki 2. reglur og kröfur varðandi framleiðsluvörur 3. að finna gildandi staðla, tækniforskriftir og fá framleiðsluvörur vottaðar 4. gagnkvæm viðurkenning á framleiðsluvörum sem falla ekki undir forskriftir Sambandsins 5. kröfur að því er varðar flokkun, merkingu og pökkun hættulegra íðefna 6. fjarsala/sala utan fastrar starfsstöðvar: upplýsingar sem veita á viðskiptavinum fyrir fram, skrifleg staðfesting á samningi, að falla frá samningi, afhending vara, aðrar sérstakar skyldur 7. gallaðar vörur: réttindi neytenda og ábyrgðir, ábyrgð eftir sölu, leiðir tjónþola til úrlausna 8. vottun, merkimiðar (umhverfisstjórnunarkerfi ESB, orkumerkimiðar, visthönnun, umhverfismerki ESB) 9. endurvinnsla og meðhöndlun úrgangs
N. Þjónusta	1. að afla sér skírteina, heimilda eða leyfa með það fyrir augum að stofna og reka fyrirtæki 2. að tilkynna yfirvöldum um starfsemi sem nær yfir landamæri 3. viðurkenning á faglegri menntun og hæfi, þ.m.t. starfsmenntun og þjálfun

Svið	UPPLÝSINGAR UM RÉTTINDI, SKYLDUR OG REGLUR
O. Að fjármagna fyrirtæki	1. að fá aðgang að fjármagni á vettvangi Sambandsins, þ.m.t. fjármögnunaráætlunum Sambandsins og fyrirtækjastyrkjum 2. að fá aðgang að fjármagni á landsbundnum vettvangi 3. framtaksverkefni sem er beint til frumkvöðla (skipti sem eru skipulögð fyrir nýja frumkvöðla, leiðbeinendaáætlanir o.s.frv.)
P. Opinberir samningar	1. að taka þátt í opinberum útboðum: reglur og málsmeðferðir 2. að leggja fram tilboð á netinu sem svar við opinberu útboði 3. að tilkynna um misfellur í tengslum við útboðsferli
Q. Heilbrigði og öryggi á vinnustað	1. skyldur varðandi heilbrigði og öryggi í tengslum við mismunandi tegundir starfsemi, þ.m.t. forvarnir gegn áhættu, upplýsingar og þjálfun

II. VIÐAUKI

Málsmeðferðir sem um getur í 1. mgr. 6. gr.

Viðburðir í lífi fólks	Málsmeðferðir	Vænt niðurstaða, með fyrirvara um mat lögbærs yfirvalds á umsókninni í samræmi við landslög, þar sem við á
Fæðing	Að óska eftir sönnun fyrir skráningu fæðingar	Sönnun fyrir skráningu fæðingar eða fæðingarvottorð
Búseta	Að óska eftir sönnun fyrir búsetu	Staðfesting á skráningu núverandi heimilisfangs
Að stunda nám	Að sækja um fjármögnun náms á háskólastigi, s.s. námsstyrki og námslán, hjá opinberum aðila eða stofnun	Ákvörðun varðandi fjármögnunarumsóknina eða staðfesting á móttöku
	Að leggja fram upphaflega umsókn um inngöngu í opinbera menntastofnun á háskólastigi	Staðfesting á móttöku umsóknar
	Að óska eftir viðurkenningu á háskólaprófskírteinum, vottorðum eða annarri staðfestingu á námi eða námskeiðum	Ákvörðun varðandi beiðnina um viðurkenningu
Að vinna	Beiðni um ákvörðun um hvaða löggjöf skuli beita, í samræmi við II. bálk reglugerðar (EB) nr. 883/2004 ([1])	Ákvörðun um hvaða löggjöf gildir
	Að tilkynna um breytingar á persónulegum eða atvinnutengdum aðstæðum einstaklings sem fær almannatryggingabætur, sem skipta máli fyrir slíkar bætur	Staðfesting á móttöku tilkynningar um slíkar breytingar
	Umsókn um evrópskt sjúkratryggingarkort	Evrópskt sjúkratryggingarkort
	Að leggja fram skattframtal	Staðfesting á móttöku skattframtals
Að flytja	Að skrá breytingu á heimilisfangi	Staðfesting á afskráningu fyrra heimilisfangs og skráningu nýja heimilisfangsins
	Að skrá vélknúið ökutæki sem er upprunnið í eða þegar skráð í aðildarríki, samkvæmt stöðluðum verklagsreglum ([2])	Sönnun fyrir skráningu vélknúins ökutækis
	Að afla sér sjálflímandi miða fyrir notkun landsbundinna vegagrunnvirkja: gjöld sem miðast við tíma (gjaldmiðar), gjöld sem miðast við vegalengd (vegatollar), sem opinber aðili eða stofnun gefur út	Móttaka vegatollslímmiða eða gjaldmiða eða annarrar sönnunar fyrir greiðslu
	Að afla sér losunarlímmiða sem opinber aðili eða stofnun gefur út	Móttaka losunarlímmiða eða annarrar sönnunar fyrir greiðslu

Viðburðir í lífi fólks	Málsmeðferðir	Vænt niðurstaða, með fyrirvara um mat lögbærs yfirvalds á umsókninni í samræmi við landslög, þar sem við á
Að fara á eftirlaun	Að gera kröfu um lífeyri og bætur sem eru veittar fyrir lögbundinn lífeyrisaldur úr skyldubundnum lífeyriskerfum	Staðfesting á móttöku kröfunnar eða ákvörðun varðandi kröfu um lífeyri eða bætur sem eru veittar fyrir lögbundinn lífeyrisaldur
	Að óska eftir upplýsingum um gögn tengd lífeyri úr skyldubundnum lífeyriskerfum	Yfirlýsing um persónubundnar lífeyrisupplýsingar
Að stofna, reka og loka fyrirtæki	Tilkynning um atvinnustarfsemi, leyfi til að stunda atvinnustarfsemi, breytingar á atvinnustarfsemi og lok atvinnustarfsemi sem fela ekki í sér ógjaldfærnimeðferð eða skiptameðferð, að undanskilinni upphaflegri skráningu atvinnustarfsemi í fyrirtækjaskrá og að undanskilinni málsmeðferð varðandi stofnun eða síðari framlagningu gagna af hálfu félaga eða fyrirtækja í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	Staðfesting á móttöku tilkynningar eða breytingar eða á móttöku beiðni um leyfi til atvinnustarfsemi
	Skráning vinnuveitanda (einstaklings) í skyldubundin lífeyris- og tryggingakerfi	Staðfesting á skráningu eða skráningarnúmer almannatrygginga
	Skráning starfsmanna í skyldubundin lífeyris- og tryggingakerfi	Staðfesting á skráningu eða skráningarnúmer almannatrygginga
	Að leggja fram skattframtal fyrirtækis	Staðfesting á móttöku skattframtalsins
	Tilkynning til almannatryggingakerfa um lok samnings við starfsmann, að undanskildum málsmeðferðum vegna hópuppsagnar starfsmannasamninga	Staðfesting á móttöku tilkynningarinnar
	Greiðsla framlaga til félagslegra kerfa vegna starfsmanna	Kvittun eða annað form staðfestingar á greiðslu framlaga til félagslegra kerfa vegna starfsmanna

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).

([2]) Þetta nær yfir eftirfarandi ökutæki: a) öll vélknúin ökutæki eða eftirvagna eins og um getur í 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1); og b) öll vélknúin ökutæki á tveimur eða þremur hjólum, hvort sem um er að ræða tvöföld hjól eða annars konar, sem ætluð eru til notkunar á vegum, eins og um getur í 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

III. VIÐAUKI

Skrá yfir þá aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem um getur í c-lið 2. mgr. 2. gr.

1) Upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar ([1])

2) Vörutengiliðir ([2])

3) Vörutengiliðir fyrir byggingariðnaðinn ([3])

4) Landsbundnar aðstoðarmiðstöðvar á sviði faglegrar menntunar og hæfis ([4])

5) Landsbundnir tengiliðir fyrir heilbrigðisþjónustu yfir landamæri ([5])

6) Vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið) ([6])

7) Lausn deilumála með rafrænni málsmeðferð á netinu (ODR) ([7])

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 764/2008 frá 9. júlí 2008 um málsmeðferð við beitingu tiltekinna innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki og um niðurfellingu á ákvörðun 3052/95/EB (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 21).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 frá 13. apríl 2016 um vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið), aðgang launafólks að þjónustu vegna hreyfanleika og frekari samþættingu vinnumarkaða, og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) nr. 1296/2013 (Stjtíð. ESB L 107, 22.4.2016, bls. 1).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 524/2013 frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda með rafrænni málsmeðferð á Netinu og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB (reglugerð um lausn deilumála neytenda með rafrænni málsmeðferð á Netinu (ODR)) (Stjtíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1121 **2023/EES/26/22**

frá 29. júlí 2020

um söfnun og miðlun á tölfræðilegum upplýsingum um notendur og endurgjöf varðandi þjónustu sameiginlegu stafrænu gáttarinnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 ([1]), einkum 4. mgr. 24. gr. og 5. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724 er gerð krafa um að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnin tryggi að tölfræðilegum upplýsingum sé safnað í tengslum við heimsóknir notenda í sameiginlegu stafrænu gáttina sem komið er á skv. 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar („gáttin“) og á þær vefsíður sem gáttin tengist. Þar er einnig gerð krafa um að lögbær yfirvöld, veitendur aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724 og framkvæmdastjórnin safni og skiptist á samanteknum upplýsingum um fjölda, uppruna og efni beiðna um aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og svartíma þeirra.

2) Í 25. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724 er gerð krafa um að framkvæmdastjórnin veiti notendum gáttarinnar tól til endurgjafar sem gerir þeim kleift að leggja fram athugasemdir undir nafnleynd um gæði og tiltækileika þjónustunnar sem veitt er um gáttina, upplýsinganna sem þar eru gerðar aðgengilegar og sameiginlega notendaviðmótsins. Þar er einnig gerð krafa um að framkvæmdastjórnin tryggi að notendur hafi aðgang að þessu tóli á öllum vefsíðum sem eru hluti af gáttinni. Sama skylda gildir um lögbær yfirvöld nema þau séu þegar með á vefsíðum sínum annað tól til endurgjafar notenda með svipaða virkni.

3) Aðferð og reglur fyrir söfnun og miðlun tölfræðilegra upplýsinga um notendur og endurgjafar notenda eru settar saman í eina framkvæmdargerð vegna þess að gögnum sem undir þetta falla verður safnað og þau gerð aðgengileg í gegnum sameiginlegt mælaborð og sameiginlegt gagnasafn. Landsbundnir samræmingaraðilar og framkvæmdastjórnin munu nota gögnin saman til að fylgjast með því hvort þjónustan sem veitt er um gáttina uppfylli gæðaviðmiðanir og til að bæta virkni sameiginlegu stafrænu gáttarinnar.

4) Í því skyni að safna saman tölfræðilegum upplýsingum um notendur og endurgjöf frá þeim, sem bera má saman og nota í þeim tilgangi sem settur er fram í reglugerð (ESB) 2018/1724 og til að auðvelda pörun gagna og tengdrar þjónustu, er nauðsynlegt að tilgreina samhengisgögn sem gera verður aðgengileg ásamt tölfræðilegum upplýsingum um notendur og endurgjöf. Þessi samhengisgögn ættu að innihalda veffang viðkomandi vefsíðu og upplýsingar um efni hennar. Þjónustuveitendur ættu að láta þessar upplýsingar fylgja sem merki í lýsigögnum vefsíðnanna eða bæta þeim beint inn í tenglasafnið. Framkvæmdastjórnin ætti að nota tól til að sækja merkingaupplýsingarnar frá vefsíðunum á sjálfvirkan hátt. Í því skyni ættu merkingaupplýsingarnar að vera þannig uppbyggðar og sniðnar að tólið beri kennsl á þær.

5) Til að auðvelda söfnun tölfræðilegra upplýsinga um notendur í tengslum við heimsóknir þeirra á vefsíður sem eru aðgengilegar um gáttina, skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724, ætti að safna slíkum tölfræðilegum upplýsingum á sjálfvirkan hátt með tólum til greiningar á vefgögnum og senda þær sjálfkrafa og reglulega í sameiginlegt gagnasafn.

6) Í tilvikum þar sem þörf er á frekari tæknilegum útskýringum til að tryggja samvirkni milli landsbundinna upplýsinga- og fjarskiptatæknilausna og sameiginlegu upplýsingatæknitólanna ætti framkvæmdastjórnin að veita slíkar útskýringar í samráði við samræmingarhóp gáttarinnar. Sérstaka vinnutilhögun, sem krafist er vegna söfnunar og sendingar gagna frá aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum, sem og ítarlegar könnunarspurningar ætti að ræða í samræmingarhópi gáttarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 245, 30.7.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1.

7) Í reglugerð (ESB) 2018/1724 er 12. desember 2023 settur sem seinni tímamörk fyrir stafvæðingu þeirra málsmeðferða sem skráðar eru í II. viðauka hennar. Fyrir 12. desember 2023 ætti af þessum sökum einungis að safna tölfræðilegum upplýsingum um notendur og endurgjöf sem tengist slíkum málsmeðferðum í tengslum við vefsíður þar sem útskýring á málsmeðferð er birt.

8) Í reglugerð (ESB) 2018/1724 er 12. desember 2022 settur sem seinni tímamörk fyrir miðlun stjórnvalda sveitarfélaga á upplýsingum, útskýringum og leiðbeiningum. Fyrir 12. desember 2022 ættu af þessum sökum þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð einungis að gilda um vefsíður á vettvangi sveitarfélaga sem tilkynntar eru til tenglasafnsins áður en þessi frestur rennur út.

9) Að teknu tilliti til þeirra mismunandi kerfa fyrir afgreiðslu mála sem eru í notkun ætti að gera ráð fyrir bæði sjálfvirkri og handvirkri söfnun þeirra flokka tölfræðilegra upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724.

10) Sameiginlega stafræna gáttin miðar að því að auðvelda borgurum og fyrirtækjum að neyta réttinda sinna á innri markaðinum með því að veita notendavænan aðgang að upplýsingum um réttindi og reglur sem gilda um starfsemi yfir landamæri. Til að skilja sérstakar þarfir og hagsmuni notenda yfir landamæri ætti að safna tölfræðilegum upplýsingum sem tengjast notkun þessara notenda á þjónustu sem veitt er um gáttina, s.s. tölfræðilegum upplýsingum um frá hvaða löndum notendur heimsækja vefsíður gáttarinnar og fjölda notenda yfir landamæri sem snúa sér til gáttarinnar eftir aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum.

11) Veitendur aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum, eins og skilgreint er í þessari reglugerð, ættu að safna upplýsingum um fjölda beiðna sem tengjast réttindum, skyldum, reglum og málsmeðferðum sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins og landslögum og sem gilda um notendur sem neyta eða hyggjast neyta réttinda sinna samkvæmt lögum Sambandsins á innri markaði, á þeim upplýsingasviðum sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1724. Ef aðstoð og þjónusta til lausnar á vandamálum fær beiðnir sem falla utan gildissviðs reglugerðar (ESB) 2018/1724 ætti hún að greina á milli slíkra beiðna og beiðna varðandi svið sem falla undir þá reglugerð, að því marki sem unnt er.

12) Ef aðstoð og þjónusta til lausnar á vandamálum safnar nú þegar tölfræðilegum upplýsingum á grundvelli gildandi laga Sambandsins eða samkomulags við framkvæmdastjórnina ættu veitendur aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum eða netstjórnendur að tryggja að tölfræðilegum upplýsingum sem taka skal með í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1724 sé einnig safnað og þær fluttar í sameiginlega gagnasafnið.

13) Þjónustuveitendur ættu að gera notendum kleift að skilja eftir endurgjöf á öllum vefsíðum sem eru hluti af gáttinni óháð því hvort notendur hafi fengið aðgang að þessum síðum frá sameiginlega notendaviðmótinu sem um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724 eða í gegnum hvaða vefgátt eða leitarvél sem er.

14) Til að tryggja samanburðarhæfi endurgjafar er þörf á sameiginlegum reglum fyrir sendingu endurgjafar notenda til sameiginlega gagnasafnsins varðandi þjónustu sem veitt er um gáttina. Að auki ættu þjónustuveitendur annað hvort að kortleggja og tengja þær spurningar til endurgjafar og einkunnir sem notaðar eru í þeirra eigin tólum til endurgjafar notenda við þær sem eru í sameiginlega tólinu til endurgjafar notenda, eða aðlaga spurningar sínar og einkunnir þegar þörf er á. Þjónustuveitendum ætti ekki að vera skylt að láta tengil fylgja í könnun með ítarlegum spurningum ef annars konar tól þeirra til endurgjafar notenda innihalda þegar svipaðar spurningar. Í slíkum tilvikum ættu þeir einnig að kortleggja og aðlaga þessar spurningar að þeim sem eru í ítarlegu könnuninni sem er hluti af sameiginlega tólinu til endurgjafar notenda.

15) Notendur ættu að geta gefið endurgjöf varðandi notendavænleika upplýsinga um málsmeðferðir og um það hversu auðvelt er að nota málsmeðferðir á netinu sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724 og sameiginlega notendaviðmótið sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar. Þjónustuveitendur ættu að geta ákveðið hvar og hvenær best er að bjóða notendum málsmeðferða að gefa endurgjöf. Þeir geta valið að láta tengil í tól til endurgjafar á vefsíðu þar sem hægt er að hefja málsmeðferð fylgja í staðfestingu á móttöku umsóknar, í niðurstöðu málsmeðferðar ef hún birtist notendum strax eftir að beiðni er lögð fram eða á vefsíðunni með upplýsingarnar um málsmeðferðina. Ef til staðar eru tvö boð um að gefa endurgjöf á sömu vefsíðu, eitt varðandi gæði og tiltækileika málsmeðferðar og annað varðandi upplýsingar um þessa málsmeðferð, sem þar eru gerðar aðgengilegar, ætti að útskýra tilganginn með því að gefa endurgjöf varðandi bæði atriðin með skýrum hætti til að koma í veg fyrir rugling af hálfu notandans.

16) Ef um er að ræða aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum, sem skráð er í III. viðauka og sem um getur í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724, ætti að senda boð um að gefa endurgjöf til notenda sem hægt er að hafa samband við með stafrænum hætti strax eftir að þjónustan er veitt. Þegar eðli þjónustunnar krefst tíma til að koma lausn eða ráðgjöf í framkvæmd ætti þjónustunni að vera heimilt að senda boð um að leggja inn endurgjöf skömmu eftir að endanlegt svar við beiðninni hefur verið veitt þar eð þetta gerir notandanum kleift að sannprófa hvort lausnin eða ráðgjöfin virkar í raun.

17) Söfnun og skipti á tölfræðilegum upplýsingum um notendur og endurgjöf samkvæmt þessari reglugerð ætti ekki að fela í sér vinnslu persónuupplýsinga ([2]) borgara og fyrirtækja sem nota þjónustu sem boðin er sem hluti af gáttinni. Sameiginlega tólið til endurgjafar notenda ætti að vara notendur við því að gefa upp persónuupplýsingar í frjálsa textareitnum.

18) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2017/46 ([3]) gildir um sameiginlega tólið til endurgjafar notenda, samtengingarþjónustuna sem gerir kleift að senda endurgjöf notenda þegar annars konar tól til endurgjafar notenda er notað og sameiginlega gagnasafnið.

19) Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 24. gr. og 1.–4. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724 koma til framkvæmda frá og með 12. desember 2020 og því ættu kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeim degi.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegu stafrænu gáttina.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „sameiginlegt tól til endurgjafar notenda“: tól til endurgjafar sem framkvæmdastjórnin lætur í té skv. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724,

2) „annars konar tól til endurgjafar notenda“: sérhvert annað tól til endurgjafar sem hefur svipaða virkni og sameiginlega tólið til endurgjafar notenda og er aðgengilegt á vefsíðum lögbærs yfirvalds í þeim tilgangi að vakta gæði þjónustu, eins og um getur í 4. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724 eða er aðgengilegt notendum þeirrar aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum sem skráð er í III. viðauka og sem um getur í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724,

3) „sameiginlegt lesborð“: viðmótið sem veitir þjónustuveitendum aðgang að stjórnunaraðgerðum gáttarinnar, þ.m.t. aðgang að tenglasafninu eins og sett er fram í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724,

4) „sameiginlegt gagnasafn“: gagnastjórnunartólið sem tengt er við sameiginlega lesborðið og gerir kleift að safna, geyma, deila, greina og sýna tölfræðilegar upplýsingar um notendur og endurgjöf sem safnað er í samræmi við 24. og 25. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724,

([2]) Persónuupplýsingar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almennu persónuverndarreglugerðarinnar) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2017/46 frá 10. janúar 2017 um öryggi fjarskipta- og upplýsingakerfa í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 6, 11.1.2017, bls. 40).

5) „þjónustuveitendur“: allir eftirfarandi:

a) lögbær yfirvöld í skilningi 4. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724,

b) framkvæmdastjórnin og aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins sem veita upplýsingar, málsmeðferðir og aðstoð eða þjónustu til lausnar á vandamálum sem fellur undir reglugerð (ESB) 2018/1724,

c) veitendur aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724,

6) „netstjórnandi“: framkvæmdastjórnin og aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins eða eining sem ber ábyrgð á samræmingu í starfi aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum sem sinnir sambærilegum verkefnum í öllum aðildarríkjum eða meirihluta þeirra.

2. gr.

Samhengisgögn

1. Þjónustuveitendur skulu senda veffang vefsíðunnar sem tölfræðilegu upplýsingarnar um notendur eða endurgjöf notenda tengjast, ásamt tölfræðilegum upplýsingum um notendur og gögnum um endurgjöf notenda í tengslum við upplýsingavefsíður sem tengdar eru við gáttina.

2. Þjónustuveitendur skulu tryggja að samhengisgögn, þ.m.t. lýsandi þættir til að gera kleift að greina efnið á vefsíðunni sem veffangið tengist, séu látin í té á eftirfarandi hátt:

a) sem hluti af lýsigögnum allra síðna sem eru hluti af gáttinni, uppbyggð og sniðin þannig að tólið sem um getur í 4. mgr. geti borið kennsl á þau eða

b) beint til tenglasafnsins ásamt viðeigandi veffangi.

3. Þeir lýsandi þættir sem um getur í 2. mgr. skulu samanstanda af eftirfarandi vísum sem tengja skal við mismunandi gerðir síðna eins og sett er fram í I. viðauka:

a) aðildarríkinu,

b) svæðis- eða staðbundnum vísi, ef upplýsingarnar sem veittar eru gilda einungis svæðis- eða staðbundið,

c) tungumálinu sem upplýsingarnar á síðunni eru veittar á,

d) merkingu sem sýnir að síðan er hluti af gáttinni,

e) tegund þjónustu sem síðan tekur til: upplýsingar, málsmeðferð eða aðstoð og þjónusta til lausnar á vandamálum,

f) vísbendingu um það efnisatriði sem síðan tekur til eins og sett er fram í I. viðauka reglugerðar (ESB) 2018/1724 eða þá aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem hún tekur til eins og sett er fram í III. viðauka þeirrar reglugerðar eða sem felld er inn í gáttina í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal láta í té tól til að sækja merkingaupplýsingar beint frá vefsíðum, sem eru hluti af gáttinni, til geymslu í sameiginlega gagnasafninu ásamt viðeigandi vefföngum.

II. KAFLI

Tölfræðilegar upplýsingar

3. gr.

Söfnun og sending tölfræðilegra upplýsinga sem varða upplýsingaþjónustu

1. Allir þjónustuveitendur skulu safna og senda, vegna allra vefsíðna sem veita upplýsingar um reglur og skyldur, málsmeðferðir og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sem eru hluti af gáttinni og sem þeir bera ábyrgð á, upplýsingar um fjölda heimsókna á síðurnar innan skýrslutímabilsins, sundurliðaðar eftir:

a) þeim löndum sem notendur heimsækja vefsíðuna frá,

b) þeim gerðum tækja sem notuð eru til að heimsækja vefsíðuna.

2. Þjónustuveitendur skulu tryggja að það tól til greiningar á vefgögnum sem notað er til að safna tölfræðilegu upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. uppfylli þær tæknilegu kröfur um samvirkni sem skráðar eru í II. viðauka til að gera kleift að senda tölfræðilegar upplýsingar sjálfvirkt í sameiginlega gagnasafnið.

3. Þjónustuveitendur skulu senda tölfræðilegu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., ásamt vefföngum þeirra vefsíðna sem tölfræðilegu upplýsingarnar tengjast, í sameiginlega gagnasafnið einu sinni í mánuði í gegnum forritaskil sem framkvæmdastjórnin þróar.

4. Þjónustuveitandi sem hefur reynt að senda tölfræðilegar upplýsingar í sameiginlega gagnasafnið skv. 3. mgr. skal fá sjálfvirka staðfestingu á árangursríkri sendingu eða viðvörun ef sendingin heppnaðist ekki.

4. gr.

Söfnun, samantekt og sending tölfræðilegra upplýsinga varðandi aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum

1. Að því er þennan kafla varðar merkir beiðni um aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum sérhverja beiðni sem lögð er fram í gegnum form á netinu, með tölvupósti eða annarri samskiptaaðferð. Ef veitendur aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum eða netstjórnendur ákveða að ekki sé gerlegt að taka með tölfræðilegar upplýsingar um beiðnir sem berast í gegnum símtöl, spjall á netinu eða heimsóknir í eigin persónu skulu þeir upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

2. Veitendur aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum eða netstjórnendur skulu tilkynna sameiginlega gagnasafninu um fjölda beiðna, sundurliðaðan í beiðnir:

a) frá borgurum eða fyrirtækjum,

b) frá notendum í aðstæðum sem ná yfir landamæri eða frá notendum í landsbundnum aðstæðum.

Skipting beiðna í flokka sem um getur í a- og b-lið skal ekki gilda ef þjónustan er einungis í boði fyrir annan þeirra tveggja flokka notenda sem um getur í a- og b-lið.

3. Að því er varðar b-lið 2. mgr. merkir notandi í aðstæðum sem ná yfir landamæri notanda í aðstæðum sem ekki eru að öllu leyti innan eins aðildarríkis.

4. Í þeim tilgangi að safna tölfræðilegum upplýsingum um efni sérstakra beiðna sem berast skal veitandi aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum eða netstjórnandi láta framkvæmdastjórninni í té skrá yfir flokka fyrir efnin, áður en slík þjónusta er felld inn í gáttina.

5. Svartími skal reiknaður út frá móttöku beiðni að endanlegu svari eða lokun málsins, á sama grundvelli og þeir gildandi frestir sem virða skal eða sá meðaltími eða áætlaður tími sem þarf til að veita þjónustuna, sem um getur í d-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724.

6. Svartími skal reiknaður út sem meðaltal svartíma í almanaksdögum á 6 mánaða tímabili.

7. Safna skal og taka saman tölfræðilegar upplýsingar fyrir hvern einstakan veitanda aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum og skulu þær tilgreina aðildarríki þjónustuveitandans. Framkvæmdastjórnin skal komast að samkomulagi um fyrirkomulag við sendingu tölfræðilegra upplýsinga í sameiginlega gagnasafnið við veitanda aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum eða við netstjórnanda áður en þjónusta er felld inn í gáttina.

8. Veitendur aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum eða netstjórnendur skulu senda samanteknar tölfræðilegar upplýsingar tvisvar á ári. Fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní skal senda samanteknu tölfræðilegu upplýsingarnar eigi síðar en 31. ágúst og fyrir tímabilið frá 1. júlí til 31. desember eigi síðar en 28. febrúar árið eftir, nema um annað hafi verið samið við framkvæmdastjórnina.

5. gr.

Aðgangur að og geymsla á tölfræðilegum upplýsingum

1. Tölfræðilegar upplýsingar sem teknar eru saman og sendar í samræmi við þennan kafla skulu geymdar í sameiginlega gagnasafninu að hámarki í 3 ár frá sendingardegi. Þeim skal eytt sjálfkrafa eftir að þetta tímabil er liðið.

Eyðingin tekur ekki til þeirra gagna sem gerð eru aðgengileg almenningi í samræmi við síðasta málslið 3. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að sameiginlega lesborðið geri landsbundnum samræmingaraðilum, þjónustuveitendum og framkvæmdastjórninni kleift að:

a) leita í gögnunum, flokka þau og sía,

b) sýna gögnin á línuritum og kortum,

c) draga gögnin út í formi skýrslna og hala þau niður.

III. KAFLI

Endurgjöf notenda

6. gr.

Virkni sameiginlega tólsins til endurgjafar notenda

1. Sameiginlega tólið til endurgjafar notenda sem um getur í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724 skal innihalda eftirfarandi þætti:

a) spurningar til að falast eftir endurgjöf notenda, einkunnir notenda og frjálsan textareit sem eru viðeigandi fyrir vefsíður með upplýsingum, málsmeðferðum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum, eins og talið er upp í III. viðauka,

b) kannanir með ítarlegum spurningum um gæði upplýsinga, málsmeðferða á netinu og aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum, sem bjóða skal notanda að svara þegar hann hefur gefið fyrstu endurgjöf,

c) sjálfvirka sendingu endurgjafar notenda í sameiginlega gagnasafnið,

d) innlestur og sendingu veffangs þeirrar vefsíðu sem endurgjöf notanda tengist ásamt endurgjöf notandans.

2. Vegna söfnunar á endurgjöf notenda varðandi upplýsingar og málsmeðferðir skulu þjónustuveitendur geta valið á milli útgáfu af sameiginlega tólinu til endurgjafar með eða án frjáls textareits.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að sameiginlega lesborðið sendi reglulega tölvupóst til allra þjónustuveitenda sem nota sameiginlega tólið til endurgjafar notenda til að minna þá á að þeir geta skoðað endurgjöf varðandi þjónustu sína í sameiginlega lesborðinu.

4. Framkvæmdastjórnin skal gera sameiginlega tólið til endurgjafar notenda aðgengilegt á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

7. gr.

Virkni annars konar tóla til endurgjafar notenda

1. Annars konar tól til endurgjafar notenda sem þjónustuveitendur nota skulu innihalda:

a) svipaðar spurningar og einkunnakerfi sem gefur samanburðarhæfar niðurstöður við það sem notað er í sameiginlega tólinu til endurgjafar notenda og frjálsan textareit sem gerir notendum kleift að skilja eftir athugasemdir í formi frjáls texta vegna aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum.

b) tengla á þær kannanir sem eru í sameiginlega tólinu til endurgjafar notenda í samræmi við tegund þjónustunnar,

c) fyrirkomulag sem framkvæmdastjórnin lætur í té, sem gerir kleift að senda gögn um endurgjöf, ásamt vefföngum þeirra vefsíðna sem endurgjöfin tengist, í sameiginlega gagnasafnið.

Vegna söfnunar á endurgjöf notenda varðandi upplýsingar og málsmeðferðir skulu þjónustuveitendur geta valið hvort þeir láta frjálsan textareit fylgja eða ekki.

2. Þegar notandi leggur fram svör við spurningunum sem um getur í a-lið 1. mgr. skal hann fá staðfestingu með boði um að koma á framfæri ítarlegri athugasemdum með því að smella á tengil sem um getur í b-lið 1. mgr. Tengillinn skal beina notendum á síðu í sameiginlega tólinu til endurgjafar notenda sem inniheldur könnun á því hvort farið sé að þeim gæðakröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/1724.

3. Ákvæði b-liðar 1. mgr. og ákvæði 2. mgr. gilda ekki ef þjónustuveitandi safnar nú þegar endurgjöf með spurningum sem svipar til þeirra sem eru í könnuninni.

8. gr.

Söfnun á endurgjöf notenda varðandi málsmeðferðir á netinu

Þjónustuveitendur skulu fella sameiginlega tólið eða annars konar tól til endurgjafar notenda þannig inn að það geri notendum auðvelt að gefa endurgjöf, annað hvort eftir að beiðni er lögð fram eða ef þeir velja að lokum að leggja ekki fram beiðni.

9. gr.

Söfnun á endurgjöf notenda frá notendum aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum

Veitendur aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum skulu tryggja að notendur þjónustu þeirra, sem hægt er að ná til með stafrænum hætti, fái boð um að gefa endurgjöf varðandi fengna þjónustu sem sent er annaðhvort í tengslum við endanlegt svar frá veitanda aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum eða innan skamms tíma eftir það, sem ekki skal vera lengri en tíu virkir dagar.

10. gr.

Sending endurgjafar notenda

1. Öll endurgjöf sem notendur gefa í gegnum sameiginlega tólið til endurgjafar notenda skal, ásamt þeim veffangstenglum sem um getur í 2. gr., flutt sjálfkrafa í sameiginlega gagnasafnið um leið og notendur gefa hana.

2. Þjónustuveitendur sem safna endurgjöf með annars konar tóli til endurgjafar notenda skulu nota fyrirkomulagið sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr. og skulu uppfylla þær tæknilegu kröfur um samvirkni sem settar eru fram í II. viðauka til að gera kleift að flytja endurgjöf notenda, um leið og þeir gefa hana, samtímis til landsbundinna viðtakenda endurgjafar notenda og í sameiginlega gagnasafnið.

Að öðrum kosti skulu þeir flytja alla endurgjöf sem gefin er á einum almanaksmánuði ósamhliða og í einu lagi innan fimm virkra daga eftir lok þess almanaksmánaðar.

3. Þjónustuveitendur sem nota annars konar tól til endurgjafar notenda skulu tryggja að:

a) einungis svör við spurningum og einkunnir samsvarandi þeim sem eru í sameiginlega tólinu til endurgjafar notenda sé flutt í sameiginlega gagnasafnið,

b) endurgjöf sem gefin er sem frjáls texti sé ekki send í sameiginlega gagnasafnið,

c) vefföng þeirra vefsíðna sem endurgjöf er safnað frá séu send ásamt endurgjöfinni í sameiginlega gagnasafnið.

4. Ef þjónustuveitendur uppfylla skilyrði fyrir undanþáguna sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. skulu þeir tryggja að endurgjöf sem safnað er með spurningum sem svipar til þeirra sem eru í könnun sé send í sameiginlega gagnasafnið.

11. gr.

Aðgangur að og geymsla á endurgjöf notenda

1. Gögn um endurgjöf notenda skal geyma í sameiginlega gagnasafninu sem tengt er við sameiginlega lesborðið.

2. Framkvæmdastjórnin skal veita eftirfarandi aðgangsréttindi að þeirri endurgjöf notenda sem geymd er í sameiginlega gagnasafninu:

a) landsbundnir samræmingaraðilar og framkvæmdastjórnin skulu hafa aðgang að endurgjöf notenda, að undanskildum athugasemdum í formi frjáls texta,

b) þjónustuveitendur skulu hafa aðgang að endurgjöf notenda varðandi þjónustu sem þeir bera ábyrgð á, þ.m.t. athugasemdum í formi frjáls texta sem notendur leggja fram með því að nota sameiginlega tólið til endurgjafar.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að endurgjöf notenda sé geymd í sameiginlega gagnasafninu að hámarki í 3 ár og sé eytt sjálfkrafa eftir þetta tímabil.

4. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að sameiginlega lesborðið geri notendum þess kleift að:

a) leita í endurgjöfinni, flokka hana og sía,

b) sýna hana á kortum og línuritum,

c) draga gögnin út í formi skýrslna og hala þau niður.

12. gr.

Ábyrgðarsvið

1. Þjónustuveitendur sem nota annars konar tól til endurgjafar notenda skulu bera ábyrgð á:

a) virkni sinna eigin tóla sem þeir nota til að safna endurgjöf notenda samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1724,

b) flutningi endurgjafar í sameiginlega gagnasafnið með samtengingarþjónustu sem framkvæmdastjórnin lætur í té, í einu lagi eða sérhverju öðru formi flutnings,

c) að uppfylla þær tæknilegu kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

d) öryggi landsbundinna tóla sem safna og taka þátt í sendingu endurgjafar notenda.

2. Þjónustuveitendur sem nota sameiginlega tólið til endurgjafar notenda skulu bera ábyrgð á að bæta tenglum inn í það tól í samræmi við þessa reglugerð.

3. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á:

a) virkni, öryggi og aðgengileika sameiginlega tólsins til endurgjafar notenda,

b) tenglum í sameiginlega tólið til endurgjafar sem skulu vera á vefsíðum á vettvangi Sambandsins,

c) virkni þeirrar samtengingarþjónustu sem um getur í b-lið 1. mgr.,

d) að viðhalda og tryggja tiltækileika grunnvirkis sem nauðsynlegt er til að taka á móti gagnaflutningum.

IV. KAFLI

Lokaákvæði

13. gr.

Persónuupplýsingar

1. Þjónustuveitendur, eða netstjórnendur í tilviki aðstoðar og þjónustu til lausnar á vandamálum, skulu tryggja að þær tölfræðilegu upplýsingar sem þeir taka saman og senda í sameiginlega gagnasafnið innihaldi engar persónuupplýsingar.

2. Sameiginlega tólið til endurgjafar notenda skal gera notendum kleift að leggja fram athugasemdir undir nafnleynd um reynslu sína af þeirri þjónustu sem veitt er um gáttina. Frjálsi textareiturinn skal innihalda viðvörun til notenda um að láta ekki persónuupplýsingar fylgja.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 12. desember 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Vísar fyrir merkingar sem um getur í 3. mgr. 2. gr.

	Þættir sem verða að vera hluti merkingaupplýsinga sem skulu koma fram í lýsigögnum vefsíðna sem eru hluti af sameiginlegu stafrænu gáttinni							
	Almennur hluti	Landskóði	Svæðisbundinn kóði (eftir atvikum)	Tegund þjónustu (*)	Tungumál sem síðan er á	Svið sem fellur undir I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1724		Þjónusta sem fellur undir III. viðauka eða 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1724
	Sameiginleg stafræn gátt	Samkvæmt ISO 3166 –Alpha 2 kóða (EL fyrir Grikkland)	Samkvæmt NUTS 1-3 eða LAU		Samkvæmt ISO 639-1 Alpha 2 kóða	A-Q	01-09	Fullt heiti þjónustu
Vefsíður með upplýsingum um reglur, réttindi og skyldur	X	x	x	Upplýsingar	x	x	x	Á ekki við
Vefsíður með upplýsingum um málsmeðferðir	X	x	x	Málsmeðferð	x	x	x	Á ekki við
Vefsíður með upplýsingum um aðstoð eða þjónustu til lausnar á vandamálum	x	x	x	Aðstoð	x	Á ekki við	Á ekki við	x

(*) Ef síða inniheldur upplýsingar um fleiri en eina tegund þjónustu eða tekur til fleiri en eins upplýsingasviðs, verða allir viðeigandi þættir að vera á eða tengdir við þá síðu.

II. VIÐAUKI

Tæknilegar kröfur sem um getur í 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 10. gr.

Gagnasending

Gátt fyrir forritaskil leiðir til forritaskila með REST-samskiptareglum. Hvert söfnunarkerfi þjónustuveitanda getur tengst við þessi forritaskil:

1) í rauntíma – engin takmörkun á fjölda tenginga,

2) reglulega, samkvæmt áætlun sem þjónustuveitandinn velur.

Öryggi forritaskila

Samskipti við gáttina fyrir forritaskil verða varin með forritaskilalykli. Hver þjónustuveitandi fær sérstakan forritaskilalykil. Þessi lykill gerir kleift að verja samskiptin (dulkóðun rásarinnar) og vita hvaða þjónustuveitandi er að senda gögn (sannvottun).

Forritaskilalyklar verða aðgengilegir í gegnum þar til ætlað vefforrit fyrir bakvinnslu. Hver þjónustuveitandi útbýr sinn lykil í vefforritinu, halar hann niður og setur upp á athafnasvæði sínu.

Kröfur sem gera kleift að senda gögn

Í þeim tilgangi að tryggja sjálfvirka sendingu skulu tólið til greiningar á vef sem um getur í 2. mgr. 3. gr. og ólíka tólið til endurgjafar notenda sem um getur í 2. mgr. 10. gr.:

a) heimila sendingu gagna á JSON-sniði um forritaskil með REST-samskiptareglum,

b) styðja öruggar tengingar með HTTP-samskiptareglum fram yfir SSL-samskiptareglur,

c) styðja ISO 8601 fyrir framsetningu dagsetningar og tíma; gögn um dagsetningu og tíma skal gefa upp í samræmdum heimstíma,

d) styðja einkvæmt auðkenni til sendinga; þjónustuveitandi sendir gögn með einkvæmu auðkenni sem látið er í té í gegnum forritaskilin; ef þjónustuveitandi ákveður að breyta þessum gögnum verður hann að senda leiðréttingu með sama einkvæma auðkenninu.

Tíðni sendinga tölfræðilegra upplýsinga ætti ekki að breyta uppbyggingu JSON-skrárinnar. Til dæmis gæti JSON-skráin innihaldið röð viðfanga (eitt fyrir hvert safn tölfræðilegra upplýsinga fyrir viðmiðunartímabilið), röð að lengd n.

Framkvæmdastjórnin skal láta í té ítarlega tæknilýsingu á forritaskilunum fyrir endurgjöf notenda og tölfræðilegar upplýsingar um notendur.

———

III. VIÐAUKI

Spurningar til endurgjafar notenda í sameiginlega tólinu til endurgjafar notenda sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr.:

1) Spurningar sem tengjast upplýsingum á vefsíðum
   - Fannstu það sem þú leitaðir að? (valkostir sem útiloka hvern annan: JÁ / NEI / AÐ HLUTA) [skyldubundinn reitur] (*)
   - Gefðu þessari síðu einkunn (stjörnufjöldi: 1 til 5) [skyldubundinn reitur]
   - Hjálpaðu okkur að gera betur (frjáls textareitur) [valkvæður reitur]
2) Spurningar sem tengjast málsmeðferðum
   - Gefðu einkunn fyrir hversu auðvelt var að nota þessa málsmeðferð (stjörnufjöldi: 1 til 5) [skyldubundinn reitur]
   - Hjálpaðu okkur að gera betur (frjáls textareitur) [valkvæður reitur]
3) Spurningar sem tengjast aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum
   - Gefðu veittri þjónustu einkunn (stjörnufjöldi: 1 til 5) [skyldubundinn reitur]
   - Hjálpaðu okkur að gera betur (frjáls textareitur) [valkvæður reitur]

Tólið til endurgjafar notenda vegna upplýsinga og málsmeðferða verður gert í tveimur útgáfum: einni með frjálsum textareit og annarri án hans, sem gerir þjónustuveitendum kleift að velja hvora skuli nota í samræmi við 2. mgr. 6. gr.

(*) Texti í hornklofum „[…]“ inniheldur upplýsingar um reiti sem verða notaðir í sameiginlega tólinu til endurgjafar notenda.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/193 **2023/EES/26/23**

frá 12. febrúar 2020

um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2019 til 30. mars 2020 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 77. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir útreikning vátrygginga- og endurtryggingafélaga á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli að því er varðar tilskipun 2009/138/EB ætti að mæla fyrir um tæknilegar upplýsingar um viðeigandi áhættulausan vaxtaferil, grundvallaráhættuálag fyrir útreikninginn á aðlögun vegna samræmingar og aðlögun vegna óstöðugleika, fyrir sérhverja viðmiðunardagsetningu.

2) Vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu að nota tæknilegu upplýsingarnar sem byggjast á markaðsgögnum frá lokum síðasta mánaðarins fyrir fyrstu viðmiðunardagsetningu gagnaskila sem þessi reglugerð gildir um. Hinn 9. janúar 2020 veitti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin framkvæmdastjórninni tæknilegu upplýsingarnar sem styðjast við markaðsgögnin frá lokum desember 2019. Þær upplýsingar voru birtar 9. janúar 2020 í samræmi við 1. mgr. 77. gr. e í tilskipun 2009/138/EB.

3) Þar sem nauðsynlegt er að geta fengið tæknilegu upplýsingarnar án tafar er mikilvægt að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og auðið er.

4) Af varfærnisástæðum er nauðsynlegt að vátrygginga- og endurtryggingafélög noti sömu tæknilegu upplýsingarnar til að reikna út vátryggingaskuld og kjarnagjaldþol án tillits til þess á hvaða dagsetningu þau skila skýrslu til lögbærra yfirvalda sinna. Því ætti reglugerð þessi að koma til framkvæmda frá og með fyrstu viðmiðunardagsetningu gagnaskila sem þessi reglugerð gildir um.

5) Til að skapa réttarvissu eins fljótt og auðið er telst það fyllilega réttmætt, þegar brýna nauðsyn ber til í tengslum við tiltækileika viðkomandi áhættulauss vaxtaferils, að samþykkja ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð í samræmi við 8. gr., með hliðsjón af 4. gr., reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu nota tæknilegu upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. við útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningum frá 31. desember 2019 til 30. mars 2020.

2. Fyrir hvern viðeigandi gjaldmiðil skulu tæknilegu upplýsingarnar sem notaðar eru til að reikna út besta mat í samræmi við 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB, aðlögun vegna samræmingar í samræmi við 77. gr. c í þeirri tilskipun og aðlögun vegna óstöðugleika í samræmi við 77. gr. d í þeirri tilskipun vera eftirfarandi:

a) viðeigandi áhættulaus vaxtaferill sem settur er fram í I. viðauka,

b) grundvallaráhættuálag fyrir útreikninginn á aðlögun vegna samræmingar sem settur er fram í II. viðauka,

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um dreifingu vátrygginga (Stjtíð. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2010 frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vefsetri (Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 1).

8) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014 eru rekstrarfélög, fjárfestingarfélög og aðilar sem veita ráðgjöf um eða selja hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum undanþegin skyldum samkvæmt þeirri reglugerð fram til 31. desember 2021. Beiti aðildarríki reglum um form og efni lykilupplýsingaskjalsins, eins og mælt er fyrir um 78.–81. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([6]), gagnvart sjóðum sem eru ekki verðbréfasjóðir og boðnir eru almennum fjárfestum gildir undanþágan sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014 um rekstrarfélög, fjárfestingarfélög og aðila sem veita ráðgjöf um, eða selja, hlutdeildarskírteini í slíkum sjóðum til almennra fjárfesta. Til að koma á samræmdu lagalegu umbreytingarfyrirkomulagi fyrir þessa sjóði heimila ákvæði 2. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar 2017/653, sem í samræmi við 18. gr. þeirrar framseld reglugerðar gildir fram til 31. desember 2021, framleiðendum pakkaðra og vátryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (PRIIP-framleiðendur) að halda áfram að nota slík skjöl sem útbúin hafa verið í samræmi við 78.–81. gr. tilskipunar 2009/65/EB, ef a.m.k. einn af undirliggjandi fjárfestingarmöguleikum er verðbréfasjóður eða sjóður sem ekki er verðbréfasjóður. Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ([7]) um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 er lagt til að umbreytingarfyrirkomulagið sem um getur í 32. gr. verði framlengt til 30. júní 2022. Nauðsynlegt er að gera PRIIP-framleiðendum kleift að halda áfram að nota skjölin sem útbúin voru í samræmi við 78.–81. gr. tilskipunar 2009/65/EB á meðan þetta umbreytingarfyrirkomulag er til staðar.

9) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2017/653 til samræmis við það.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin („Evrópsku eftirlitsstofnanirnar“) hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([8]), hagsmunahópsins í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([9]), og hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([10]).

12) Í ljósi þess að tæknilegu eftirlitsstaðlarnir eru nátengdir og til að tryggja að kröfurnar sem innleiddar eru með þeim séu að fullu samræmdar, þykir rétt að samþykkja eina réttargerð um breytingu á tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/653.

13) Til að gefa PRIIP-framleiðendum, og aðilum sem veita ráðgjöf um, eða selja, pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta nægan tíma til að undirbúa sig fyrir skuldbindingarnar um að útbúa lykilupplýsingaskjal fyrir fjárfesta í samræmi við nýju kröfurnar, ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2022.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

([7]) COM(2021)397.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2017/653 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi f- til i-liðir bætast við fyrstu málsgrein:

„f) eftir atvikum, í tilvikum þar sem PRIIP-framleiðandinn er af lagalegum, stjórnsýslulegum eða markaðslegum ástæðum hluti af fyrirtækjasamstæðu, heitið á þeirri samstæðu,

g) ef pökkuð og vátryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta er í formi verðbréfasjóðs (UCITS) eða sérhæfðs sjóðs (AIF), setja fram með áberandi hætti auðkenningu á verðbréfasjóðnum eða sérhæfða sjóðnum þ.m.t. hlutabréfaflokknum eða sjóðsdeildinni,

h) nánari upplýsingar um starfsleyfi, eftir atvikum,

i) ef pökkuð og vátryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta er í formi verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs og í því tilviki þar sem verðbréfasjóði er stjórnað af rekstrarfélagi eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða þegar það er fjárfestingarfélag eins og um getur í 27. gr. þeirrar tilskipunar (til samans „Rekstrarfélag verðbréfasjóðs“) sem neytir réttar síns varðandi þann verðbréfasjóð skv. 16. gr. þeirrar tilskipunar, eða í því tilviki þar sem sérhæfðum sjóði er stjórnað af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs (AIFM) sem neytir réttar síns varðandi þann sérhæfða sjóð skv. 31., 32. og 33. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB (*), skal fylgja viðbótaryfirlýsing þar að lútandi.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„Að því er varðar g-lið fyrstu málsgreinar, ef um er að ræða sjóðsdeild eða hlutabréfaflokk, skal heitið á verðbréfasjóðnum eða sérhæfða sjóðnum koma á eftir heiti deildarinnar eða hlutabréfaflokksins. Ef til staðar er kennitala til að auðkenna verðbréfasjóðinn eða sérhæfða sjóðinn, sjóðsdeild eða hlutabréfaflokk, skal það vera hluti af auðkenningunni á verðbréfasjóðnum eða sérhæfða sjóðnum.“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgreinar 2a, 2b og 2c bætast við:

„2a. Ef pökkuð og vátryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta er í formi verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs skulu upplýsingarnar í þættinum sem ber yfirskriftina „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu ná yfir þau grundvallareinkenni verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs sem almennur fjárfestir skal upplýstur um, jafnvel þótt þessi einkenni sé ekki hluti af lýsingunni á markmiðum og fjárfestingarstefnu í skráningarlýsingu verðbréfasjóðs eins og um getur í 68. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða lýsingunni á fjárfestingaráætlun og markmiðum sérhæfða sjóðsins sem um getur í a-lið 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, þ.m.t.:

a) meginflokkar hæfra fjármálagerninga sem eru viðfang fjárfestingar,

b) möguleikinn á að almennur fjárfestir geti innleyst hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði eða sérhæfðum sjóði hvenær sem krafist er, og yfirlýsing þar um sem réttlætt er með tilvísun í tíðni viðskipta með hlutdeildarskírteini, eða, eftir atvikum, yfirlýsing um að enginn möguleiki sé á að innleysa hlutdeildarskírteini hvenær sem krafist er,

c) hvort verðbréfasjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn hefur tiltekið markmið í tengslum við einhverjar atvinnugreinar, landsvæði eða aðra markaðsgeira eða sérstaka eignaflokka,

d) hvort verðbréfasjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn heimilar eigið val að því er varðar tilteknar fjárfestingar og hvort sú nálgun felur í sér tilvísun til viðmiðunar og ef svo, hvert það er,

e) hvort arðstekjum er deilt út eða endurfjárfest.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar, ef vísað er til viðmiðunarmarks, skal gera grein fyrir möguleika á sveigjanleika í tengslum við þá viðmiðun, og ef verðbréfasjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn er með vísitölumarkmið skal það gefið upp.

2b. Upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr. a, skulu ná yfir eftirfarandi, þar sem við á:

a) ef verðbréfasjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum, tilvísun um hvort þessi skuldabréf eru gefin út af fyrirtækjum, ríkisstjórnum eða öðrum aðilum, og, eftir atvikum, kröfur um lágmarkslánshæfismat,

b) ef verðbréfasjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn er afleiðutengdur fjárfestingarsjóður, útskýringu í einföldu máli á öllu þáttum sem nauðsynlegir eru fyrir réttan skilning á endurgreiðslunni og þáttunum sem búist er við að ákvarði um árangurinn, þ.m.t. tilvísanir, ef nauðsyn krefur, í nánari upplýsingar um algrím og virkni þeirra sem birt eru í skráningarlýsingu verðbréfasjóðsins eða í lýsingunni á fjárfestingaráætlun og markmiðum sérhæfða sjóðsins,

c) ef valinu á eignum er stýrt út frá tilteknum skilyrðum, útskýringu á þessum skilyrðum, s.s. „vöxtur“, „verðgildi“ eða „háar arðgreiðslur“,

d) ef tilteknar eignastýringaraðferðir eru notaðar, sem geta falið í sér áhættuvörn, högnun eða vogun, útskýringu í einföldu máli á þáttunum sem búist er við að ákvarði um árangur verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins.

2c. Í upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. a og b skal greina á milli yfirgripsmikilla fjárfestingarflokka eins og tilgreint er í a- og c-lið 2. mgr. a og a-lið 2. mgr. b, og aðferðarinnar sem rekstrarfélag verðbréfasjóðs eða rekstraraðili sérhæfðs sjóðs á að beita við þessar fjárfestingar eins og tilgreint er í d-lið 2. mgr. a og b-, c- og d-lið 2. mgr. b.

Liðurinn sem ber yfirskriftina „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu getur innihaldið aðra þætti en þá sem skráðir eru í 2. mgr. a og b, þ.m.t. lýsinguna á fjárfestingaráætlun verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins, ef þessir þættir eru nauðsynlegir til að lýsa á fullnægjandi hátt markmiðunum og fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins.“

b) Eftirfarandi 6. og 7. mgr. bætast við:

„6. Ef pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er í formi verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs skal auðkenningin og útskýringin á áhættu sem um getur í II. og III. viðauka þessarar reglugerðar vera í samræmi við innri ferla fyrir auðkenningu, mælingu, stýringu og vöktun áhættu sem rekstrarfélag verðbréfasjóðsins samþykkir í samræmi við tilskipun 2009/65/EB og af rekstraraðilum sérhæfðs sjóðs í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB. Ef rekstrarfélag stjórnar fleiri en einum verðbréfasjóði eða ef rekstraraðili sérhæfðs sjóðs stýrir fleiri en einum sérhæfðum sjóði skal auðkenna og útskýra áhættuna á samræmdan hátt.

7. Ef pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er í formi verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs skal liðurinn sem ber yfirskriftina „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu innihalda eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert aðildarríki þar sem verðbréfasjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn er markaðssettur:

a) heiti vörsluaðilans,

b) hvar og hvernig má nálgast frekari upplýsinga um verðbréfasjóðinn eða sérhæfða sjóðinn, afrit af skráningarlýsingu verðbréfasjóðsins eða afrit af lýsingunni á fjárfestingaráætlun og markmiðum sérhæfða sjóðsins, nýjustu ársskýrslu og sérhverja hálfsársskýrslu verðbréfasjóðsins í kjölfarið, eins og um getur í b- og c-lið 1. mgr. 68. gr. tilskipunar 2009/65/EB, eða nýjustu ársskýrslu sérhæfða sjóðsins eins og um getur í 22. gr. tilskipunar 2011/61/EB, og tiltaka á hvaða tungumáli eða tungumálum þessi skjöl eru fáanleg, og að hægt sé að fá þau án endurgjalds,

c) hvar og hvernig nálgast má aðrar hagnýtar upplýsingar, þ.m.t. hvar finna má nýjustu verðin á hlutdeildarskírteinum.“

3) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:

„Bæta skal við áberandi viðvörun, eftir atvikum, að því er varðar viðbótarkostnað sem aðilar sem veita ráðgjöf um, eða selja, pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta geta innheimt.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Í töflunni sem ber titilinn „Samsetning kostnaðar“ í liðnum sem ber titilinn „Hver er kostnaðurinn?“ í lykilupplýsingaskjalinu skulu PRIIP-framleiðendur tilgreina samantekna vísa um eftirfarandi kostnaðartegundir:

a) einskiptiskostnað, s.s. inn- og útgöngukostnað,

b) sérhvern viðvarandi kostnað, með aðgreiningu á viðskiptakostnaði vegna eignasafns og öðrum endurteknum kostnaði,

c) aukakostnað, s.s. árangurstengdar þóknanir eða hlutdeild í hagnaði.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. PRIIP-framleiðendur skulu gefa lýsingu á hverjum þeim mismunandi kostnaði sem er í töflunni „Samsetning kostnaðar“ í liðnum sem ber titilinn „Hver er kostnaðurinn?“ í lykilupplýsingaskjalinu, í samræmi við VII. viðauka, og taka sérstaklega fram hvar og hvernig þessi kostnaður getur verið frábrugðinn raunverulegum kostnaði sem almenni fjárfestirinn getur stofnað til, og hvar og hvernig slíkur kostnaður getur oltið á því hvort almenni fjárfestirinn nýti tiltekna valrétti eða ekki.“

4) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 8. gr.:

„3. Fyrir verðbréfasjóð eins og skilgreint er í a-lið 1. liðar VIII. viðauka, sérhæfða sjóði eins og skilgreint er í b-lið 1. liðar þess viðauka, eða einingatengdar vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir eins og skilgreint er í c-lið 1. liðar þess viðauka, skal liðurinn sem ber titilinn „Aðrar upplýsingar sem skipta máli“ í lykilupplýsingaskjalinu innihalda:

a) hlekkur á vefsíðu eða tilvísun í skjal þar sem PRIIP-framleiðandinn hefur birt upplýsingarnar um fyrri árangur í samræmi við VIII. viðauka eru aðgengilegar,

b) fjölda ára sem gögn um fyrri árangur ná yfir.

Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 5. lið 1. hluta II. viðauka, sem eru opnir sjóðir, eða aðrar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem eru opnar fyrir áskrift, skal birta mánaðarlega útreikninga á undangengnum árangurssviðsmyndum og í liðnum sem ber titilinn „Aðrar upplýsingar sem skipta máli“ skal taka fram hvar hægt er að finna þessa útreikninga.“

5) Í stað fyrirsagnar II. kafla kemur eftirfarandi:

„II. KAFLI

SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM LYKILUPPLÝSINGASKJALIÐ FYRIR PAKKAÐAR OG VÁTRYGGINGATENGDAR FJÁRFESTINGARAFURÐIR FYRIR ALMENNA FJÁRFESTA SEM BJÓÐA ÝMSA FJÁRFESTINGARMÖGULEIKA“

6) Í stað a- og b-liðar í 10. gr. kemur eftirfarandi:

„a) lykilupplýsingaskjal fyrir hvern undirliggjandi fjárfestingarmöguleika innan pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta, í samræmi við I. kafla, þ.m.t. upplýsingar um pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta í heild, og hvert lykilupplýsingaskjal sem endurspeglar tilvikið þar sem almenni fjárfestirinn fjárfestir eingöngu í einum fjárfestingarmöguleika,

b) almennt lykilupplýsingaskjal þar sem pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta er lýst í samræmi við I. kafla, nema annað sé tilgreint í 11.–14. gr., þ.m.t. lýsing á hvar hægt er að finna tilteknar upplýsingar um hvern undirliggjandi fjárfestingarmöguleika.“

7) Í 11. gr. fellur c-liður brott,

8) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) í 1. mgr. fellur d-liður brott,

b) ákvæði 2. mgr. falla brott.

9) Í stað 13. og 14. gr. kemur eftirfarandi:

„13. gr.

Liðurinn „Hver er kostnaðurinn?“ í almenna lykilupplýsingaskjalinu

Í liðnum sem ber titilinn „Hver er kostnaðurinn?“ skulu PRIIP-framleiðendur, þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. mgr. 5. gr., tilgreina eftirfarandi:

a) ef ekki er hægt að gefa upp í einni tölu kostnaðinn fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta, annan en kostnaðinn fyrir undirliggjandi fjárfestingarmöguleika, þ.m.t. ef þessi kostnaður er breytilegur eftir því hver hinna undirliggjandi fjárfestingarmöguleika er valinn:

   i. ýmsar tegundir kostnaðar fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta í töflunum „Kostnaður yfir tíma“ og „Samsetning kostnaðar“ sem settar eru fram í VII. viðauka,

   ii. yfirlýsingu þar sem tilgreint er að kostnaður almenna fjárfestisins sé breytilegur á grundvelli undirliggjandi fjárfestingarmöguleika,

b) ef hægt er að gefa upp í einni tölu kostnaðinn fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta, annan en kostnaðinn fyrir undirliggjandi fjárfestingarmöguleika:

   i. þessi kostnaður sýndur aðskilinn frá hinum ýmsu tegundum kostnaðar fyrir undirliggjandi fjárfestingarmöguleika, sem pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta býður, í töflunum „Kostnaður yfir tíma“ og „Samsetning kostnaðar“ sem settar eru fram í VII. viðauka,

   ii. yfirlýsingu þar sem tilgreint er að heildarkostnaður almenna fjárfestisins samanstandi af samsetningu á kostnaðinum fyrir undirliggjandi fjárfestingarmöguleika sem valdir eru og öðrum kostnaði fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta og sé breytilegur á grundvelli hinna undirliggjandi fjárfestingarmöguleika.

14. gr.

Sérstakar upplýsingar um hvern undirliggjandi fjárfestingarmöguleika

Sérstöku upplýsingarnar um hvern undirliggjandi fjárfestingarmöguleika, sem um getur í b-lið 10. gr., skal veita í tilteknu upplýsingaskjali sem er til viðbótar almenna lykilupplýsingaskjalinu. PRIIP-framleiðendur skulu láta allar eftirfarandi upplýsingar fylgja hverjum undirliggjandi fjárfestingarmöguleika:

a) viðvörun um skilning, þar sem við á,

b) fjárfestingarmarkmiðin, leiðirnar til að ná þeim, og fyrirhugaðan markhóp í samræmi við 2. og 3. mgr. 2. gr.,

c) samantekinn áhættuvísi, ásamt textaskýringu og árangurssviðsmyndum eins og um getur í 3. gr.,

d) framsetningu á kostnaðinum, í samræmi við 5. gr., þ.m.t. yfirlýsingu um hvort þessi kostnaður nær yfir allan kostnaðinn fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta, ef almenni fjárfestirinn fjárfestir eingöngu í þeim tiltekna fjárfestingarmöguleika,

e) fyrir undirliggjandi fjárfestingarmöguleika sem eru verðbréfasjóðir eins og skilgreint er í a-lið 1. liðar VIII. viðauka, sérhæfðir sjóðir eins og skilgreint er í b-lið 1. liðar þess viðauka, eða einingatengdar vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir eins og skilgreint er í c-lið 1. liðar þess viðauka, upplýsingar um fyrri árangur eins og krafist er skv. 3. mgr. 8. gr.

Upplýsingarnar sem um getur í a- til e-lið þessarar málsgreinar skulu fylgja efnisskipan viðkomandi hluta sniðmátsins sem mælt er fyrir um í I. viðauka.“

10) Eftirfarandi II. kafla a er bætt við:

„II. KAFLI a

SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM LYKILUPPLÝSINGASKJALIÐ FRÁ TILTEKNUM VERÐBRÉFASJÓÐUM OG SÉRHÆFÐUM SJÓÐUM

14. gr. a

Sjóðsdeildir verðbréfasjóða eða sérhæfðra sjóða

1. Ef verðbréfasjóðir eða sérhæfðir sjóðir samanstanda af tveimur eða fleiri sjóðsdeildum, skal gera sérstakt lykilupplýsingaskjal fyrir hverja einstaka deild.

2. Hvert lykilupplýsingaskjal sem um getur í 1. mgr. skal innihalda, í liðnum sem ber yfirskriftina „Hvers konar afurð er þetta?“, eftirfarandi upplýsingar:

a) yfirlýsingu um að í lykilupplýsingaskjalinu sé lýsing á deild innan verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins og, eftir atvikum, að skráningarlýsing verðbréfasjóðsins eða lýsingin á fjárfestingaráætlun og markmiðum sérhæfða sjóðsins og reglubundnar skýrslur séu gerðar fyrir allan verðbréfasjóðinn eða sérhæfða sjóðinn sem nefndur er í byrjun lykilupplýsingaskjalsins,

b) hvort eignir og skuldir hverrar deildar eru aðskildar að lögum og hvernig það gæti haft áhrif á fjárfestinn,

c) hvort almenni fjárfestirinn hefur rétt til að skipta fjárfestingu sinni í hlutdeildarskírteinum í einni deild fyrir hlutdeildarskírteini í annarri deild og, ef svo er, hvar nálgast megi upplýsingar um hvernig eigi að nýta þann rétt.

3. Ef rekstrarfélag verðbréfasjóðsins eða rekstraraðili sérhæfða sjóðsins tekur gjald af almenna fjárfestinum fyrir að skipta fjárfestingu sinni í samræmi við c-lið 2. gr. og það gjald er annað en staðlaða gjaldið fyrir að kaupa og selja hlutdeildarskírteini, skal sérstaklega gera grein fyrir því gjaldi í liðnum sem ber yfirskriftina „Hver er kostnaðurinn?“ í lykilupplýsingaskjalinu.

14. gr. b

Hlutabréfaflokkar verðbréfasjóða eða sérhæfðra sjóða

1. Ef verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður samanstendur af fleiri en einum flokki hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa skal gera lykilupplýsingaskjalið fyrir hvern flokk hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa.

2. Hægt er að sameina lykilupplýsingaskjöl sem eiga við um tvo eða fleiri flokka sama verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs í eitt lykilupplýsingaskjal, að því tilskildu að lokaskjalið hlíti að fullu og öllu kröfunum um lengd, tungumál og framsetningu lykilupplýsingaskjalsins.

3. Rekstrarfélag verðbréfasjóðsins eða rekstraraðili sérhæfða sjóðsins getur valið flokk til að standa fyrir einn eða fleiri aðra flokka verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins, að því tilskildu að valið sé sanngjarnt, skýrt og ekki villandi fyrir mögulega almenna fjárfesta í þessum öðrum flokkum. Í slíkum tilvikum skal liðurinn sem ber yfirskriftina „Hver er áhættan og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?“ í lykilupplýsingaskjalinu innihalda útskýringu á verulegri áhættu sem á við um sérhvern af hinum flokkunum sem kynntir eru. Veita má lykilupplýsingaskjal sem byggir á öðrum kynningarflokki til almennra fjárfesta í öðrum flokkum

4. Ekki skal sameina mismunandi flokka í samsettan kynningarflokk eins og um getur í 3. mgr.

5. Rekstrarfélag verðbréfasjóðsins eða rekstraraðili sérhæfða sjóðsins skal halda skrá yfir hvaða aðrir flokkar eru teknir með í kynningarflokkinn sem um getur í 3. mgr. og um grundvöllinn sem réttlætir það val.

6. Eftir atvikum skal liðnum sem ber yfirskriftina „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu fylgja tilvísun um hvaða flokkur hefur verið valinn sem kynningarfokkur, með því að nota hugtakið sem hann er táknaður með í skráningarlýsingu verðbréfasjóðsins eða í lýsingunni á fjárfestingaráætlun og markmiðum sérhæfða sjóðsins.

7. Í þeim lið skal einnig vísa á hvar almennir fjárfestar geta fengið upplýsingar um aðra flokka verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins sem markaðssettir eru í þeirra eigin aðildarríki.

14. gr. c

Verðbréfasjóður eða sérhæfðir sjóðir sem sjóðasjóðir

1. Ef verðbréfasjóðurinn fjárfestir verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóði eða öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eins og um getur í e-liðar 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skal lýsingin á markmiðum og fjárfestingarstefnu þess verðbréfasjóðs í lykilupplýsingaskjalinu innihalda stutta útskýringu á hvernig aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu verða valdir á viðvarandi grundvelli. Ef verðbréfasjóður er sjóður vogunarsjóða skal lykilupplýsingaskjalið innihalda upplýsingar um kaupin á sérhæfðum sjóðum utan ESB sem ekki lúta eftirliti.

2. Ef sérhæfði sjóðurinn fjárfestir verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóð eða sérhæfðum sjóðum skulu 1. og 2. mgr. gilda að breyttu breytanda.

14. gr. d

Fylgisjóður

1. Fyrir fylgisjóði, eins og skilgreint er í 58. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skal lykilupplýsingaskjalið innihalda, í liðnum sem ber yfirskriftina „Hvers konar afurð er þetta?“ eftirfarandi sértækar upplýsingar fyrir fylgisjóðinn:

a) yfirlýsingu um tiltækileika skráningarlýsingar höfuðsjóðsins, lykilupplýsingaskjalsins og reglubundnu skýrslnanna og reikninganna fyrir almenna fjárfesta í fylgisjóðnum að fenginni beiðni þar um, hvernig hægt er að nálgast þetta og á hvaða tungumáli/tungumálum,

b) hvort að efnið sem skráð er í a-lið þessarar málsgreinar sé tiltækt á pappír eingöngu eða á öðrum varanlegum miðli, og hvort gjald sé innheimt fyrr efni sem ekki fellur undir afhendingu án endurgjalds í samræmi við 5. mgr. 63. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

c) ef höfuðsjóðnum er komið á í öðru aðildarríki en fylgisjóðnum og ef þetta kann að hafa áhrif á skattameðhöndlun fylgisjóðsins, yfirlýsingu þess efnis,

d) upplýsingar um hlutfallið af eignum fylgisjóðsins sem fjárfest er í höfuðsjóðnum,

e) lýsingu á markmiðum og fjárfestingarstefnu höfuðsjóðsins, ásamt með, eins og við á, öðru hvoru af eftirfarandi:

i. ábendingu um að arðsemi fjárfestinga fylgisjóðsins verði mjög svipuð og sú af höfuðsjóðnum, eða

ii. útskýringu á hvernig og hvers vegna arðsemi fjárfestinga af fylgisjóðnum og höfuðsjóðnum geti verið mismunandi.

2. Ef áhætta og ávöxtun af fylgisjóðnum eru verulega ólík þeim af höfuðsjóðnum, skal útskýra þá staðreynd og ástæðuna fyrir því í liðnum sem ber yfirskriftina „Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?“ í lykilupplýsingaskjalinu.

3. Útskýra skal hverja lausafjáráhættu og sambandið á milli kaup- og innlausnarfyrirkomulags fyrir höfuð- og fylgisjóðinn í liðnum sem ber yfirskriftina „Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?“ í lykilupplýsingaskjalinu.

14. gr. e

Afleiðutengdir verðbréfasjóðir eða sérhæfðir sjóðir

Afleiðutengdir fjárfestingarsjóðir eru verðbréfasjóðir eða sérhæfðir sjóðir sem veita almennum fjárfestum, á tilteknum fyrirframákveðnum dagsetningum, útgreiðslur byggðar á algrímum sem tengd eru árangrinum, eða raungerðum verðbreytingum eða öðrum skilyrðum, af fjáreignum, vísitölum eða viðmiðunareignasöfnum eða verðbréfasjóði eða sérhæfðum sjóði með svipuð einkenni.“

11) Í 2. mgr. 15. gr. bætist eftirfarandi d-liður við:

„d) ef árangurssviðsmyndirnar eru byggðar á viðeigandi viðmiðunum eða áætluðum virðum, samkvæmni viðmiðunar eða áætlaða virðisins við markmiðin með pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta.“

12) Eftirfarandi IV. kafla a er bætt við:

„IV. KAFLI a

MILLIVÍSANIR

17. gr. a

Notkun millivísana í aðrar uppsprettur upplýsinga

Án þess að hafa áhrif á 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014 geta millivísanir í aðrar uppsprettur upplýsinga, þ.m.t. skráningarlýsingu og árs- eða hálfsársskýrslur, verið teknar með í lykilupplýsingaskjalið, að því tilskildu að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skilning almennra fjárfesta á mikilvægum þáttum fjárfestingarinnar séu teknar með í lykilupplýsingaskjalið.

Heimila skal millivísanir í vefsíðu pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta eða PRIIP-framleiðandans, þ.m.t. hluta slíkrar vefsíðu sem inniheldur skráningarlýsingu og reglubundnar skýrslur.

Millivísanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu leiða almenna fjárfestinn til sérstaks hluta upplýsingauppsprettunnar sem á við. Nokkrar mismunandi millivísanir er hægt að nota innan lykilupplýsingaskjalsins, en halda skal þeim í lágmarki.“

13) Í 18. gr. kemur eftirfarandi í stað þriðju málsgreinar: „Ákvæði 2. mgr. 14. gr. gilda til 30. júní 2022.“

14) Í stað I. viðauka kemur texti I. viðauka við þessa reglugerð,

15) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

16) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

17) Í stað IV. viðauka kemur texti IV. viðauka við þessa reglugerð.

18) Í stað V. viðauka kemur texti V. viðauka við þessa reglugerð,

19) Ákvæðum VI. viðauka er breytt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.

20) Í stað VII. viðauka kemur texti VII. viðauka við þessa reglugerð.

21) Texti VIII. viðauka við þessa reglugerð bætist við sem VIII. viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2022. Þó skulu ákvæði 13. liðar 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKAR

„I. VIÐAUKI

SNIÐMÁT LYKILUPPLÝSINGASKJALSINS

Framleiðendur pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta skulu fylgja framsetningu liða og titla sem er að finna í sniðmátinu, sem fastsetur þó ekki viðmið varðandi lengd einstakra liða og staðsetningu síðuskipta. Skjalið má ekki vera lengra en þrjár prentaðar A4-blaðsíður.

Lykilupplýsingaskjal

Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

[Heiti afurðar]
[Heiti PRIIP-framleiðanda]
(eftir atvikum) [ISIN-númer eða UPI-kóði]
[Vefsíða fyrir PRIIP-framleiðanda]
[Hringja í [símanúmer] til að fá frekari upplýsingar]
[[Heiti lögbærs yfirvalds] sem ábyrgt er fyrir eftirlit með [heiti PRIIP-framleiðanda] í tengslum við þetta lykilupplýsingaskjal]
(eftir atvikum) [Þessi pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta er heimiluð í [heiti aðildarríkis]]
(eftir atvikum) [[Heiti rekstrarfélags verðbréfasjóðs] er starfsleyfisskylt í [heiti aðildarríkis] og undir eftirliti [auðkenni lögbærs yfirvalds]]
(eftir atvikum) [[Heiti rekstraraðila sérhæfðs sjóðs] er starfsleyfisskylt í [heiti aðildarríkis] og undir eftirliti [auðkenni lögbærs yfirvalds]]

[Viðvörun (þegar við á) Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja]

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Heiti

Markmið

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

[Vátryggingabætur og kostnaður]

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættuvísir	Lýsing á áhættu- og ávöxtunarsniði afurðarinnar Samantekinn áhættuvísir (SRI) Sniðmát og textaskýring samantekins áhættuvísis eins og hann er settur fram í III. viðauka, þ.m.t. um mögulegt hámarkstap: er hætta á allt það fé sem ég hef fjárfest geti tapast? Ber ég sjálfur áhættuna af viðbótar-fjárskuldbindingum eða öðrum skuldbindingum sem stofnað er til? Er höf-uðstólsvörn gegn markaðsáhættu?

Árangurssviðsmyndir	Snið og textaskýring árangurssviðsmynda eins og sett er fram í sviðsmyndum V. viðauka, þ.m.t. þegar viðeigandi upplýsingar um skilyrði fyrir ávöxtun almennra fjárfesta eða innbyggt ávöxtunarþak, og yfirlýsing um að viðeigandi skattalöggjöf í heimaríki almenna fjárfestisins geti haft áhrif á raunverulega útgreiðslu.

Hvað gerist ef [PRIIP-framleiðandi] getur ekki greitt út?

Upplýsingar um hvort ábyrgðarkerfi sé til staðar, heiti ábyrgðaraðila eða rekstraraðila, þ.m.t. áhættur sem falla undir þá vernd og áhættur sem falla ekki undir hana.

Hver er kostnaðurinn?

Skýringartexti um upplýsingar um annan dreifingarkostnað sem bætist við

Kostnaður yfir tíma	Sniðmát og texti skv. VII. viðauka
Samsetning kostnaðar	Sniðmát og texti skv. VI. viðauka

„Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?“

Ráðlagður [lágmarkskrafa] fjárfestingartími: [x]

Upplýsingar um möguleika á eignalosun fyrir lokadag, skilyrði fyrir því og viðeigandi gjöld og viðurlög sem gilda, ef einhver eru. Upplýsingar um afleiðingar þess að innleysa eignina fyrir lok viðkomandi tímabils eða fyrir lok ráðlagða fjárfestingartímans.

„Hvernig ber ég fram kvörtun?“

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Eftir atvikum stutt lýsing á upplýsingunum sem birtar hafa verið um fyrri árangur.

“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/653 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta skal úthlutað MRM-flokki samkvæmt eftirfarandi töflu:

MRM-flokkur	Flökt jafngilt vágildi (e. VaR-equivalent volatility (VEV)).
1	< 0,5%
2	≥ 0,5% og < 5,0%
3	≥ 5,0% og < 12%
4	≥ 12% og < 20%
5	≥ 20% og < 30%
6	≥ 30% og < 80%
7	≥ 80%“

b) Í stað 13. liðar kemur eftirfarandi:

„13. Flökt sem er jafngilt vágildi (VEV) er gefið sem:

$$VEL = \left\{\sqrt{\left(3{,}842 - 2 * \left(VaR_{RETURN\ SPACE}\right)\right) - 1{,}96}\right\}/\sqrt{T}^{-}$$

þar sem *T* er lengd ráðlagðs fjárfestingartíma í árum.

c) Í stað 17. liðar kemur eftirfarandi:

„17. Flökt sem er jafngilt vágildi (VEV) er gefið sem:

$$VEL = \left\{\sqrt{\left(3{,}842 - 2 * In\left(VaR_{PRICE\ SPACE}\right)\right) - 1{,}96}\right\}/\sqrt{T}^{-}$$

þar sem T er lengd ráðlagðs fjárfestingartíma í árum. Tímabilið í árum fram að innlausn eða uppsögn er aðeins notað við útreikninginn þegar afurðin er innleyst eða henni sagt upp fyrir lok ráðlagðs fjárfestingartíma samkvæmt hermuninni.“

d) Í stað ix. liðar a-liðar í 23. lið kemur eftirfarandi:

„(ix) framreikna ávöxtunina inn í 3 helstu eiginvigra sem voru reiknaðir í síðasta skrefi með því að margfalda NxM töfluna yfir arðgreiðslur sem fékkst í v. lið með Mx3 töflu eiginvigra sem fengust í viii. lið,“

2) Í 3. hluta er eftirfarandi 52. lið a bætt við:


„52a. Ef PRIIP-framleiðandinn álítur að úthlutað númer samantekna áhættuvísisins, í framhaldi af samantekt á markaðs- og útlánaáhættu í samræmi við 52. lið, endurspegli ekki á fullnægjandi hátt áhættuna af pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta, getur sá PRIIP-framleiðandi ákveðið að hækka þá tölu. Skjalfesta skal ákvarðanatökuferlið fyrir slíka hækkun.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/653 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. PRIIP-framleiðendur skulu nota formið hér að neðan fyrir framsetningu á samanteknum áhættuvísi í lykilupplýsingaskjalinu. Leggja skal áherslu á viðeigandi tölu eins og sýnt er, með hliðsjón af samanteknum áhættuvísi fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta.



2) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Tilgreina skal tímarammann fyrir ráðlagða fjárfestingartímann strax á eftir samantekna áhættuvísinum. Þá skal setja viðvörun beint fyrir neðan samantekna áhættuvísinn, eins og sett er fram í sniðmátinu að ofan, í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar talið er að áhættan af pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta sé verulega hærri þegar fjárfestingartímabilið er annað,

b) þegar pökkuð og vátryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta er talin vera með lausafjáráhættu sem skiptir verulegu máli, hvort sem hún er samningsbundin í eðli sínu eða ekki,

c) þegar pökkuð og vátryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta er talin vera illseljanleg, hvort sem hún er samningsbundin í eðli sínu eða ekki.“

3) Eftirfarandi liður 6a bætist við:

„6a. Að því er varðar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1 eins og skilgreint er í b-lið 4. liðar í II. viðauka, skal aðlaga hugtökin sem notuð eru í textaskýringarnar sem fylgja samantekna áhættuvísinum, eftir því sem við á, til að endurspegla sérkenni pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta, s.s. að upphaflega fjárfestingarfjárhæðin er ekki tekin með.“

IV. VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

ÁRANGURSSVIÐSMYNDIR

Fjöldi sviðsmynda

1. Árangurssviðsmyndirnar samkvæmt þessari reglugerð, sem sýna skulu mögulega ávöxtun, skulu vera eftirfarandi:

   a) hagstæð sviðsmynd,

   b) hófleg sviðsmynd,

   c) óhagstæð sviðsmynd,

   d) álagssviðsmynd.

2. Í álagssviðsmyndinni skal setja fram verulega neikvæð áhrif af pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta sem er ekki varin í óhagstæðu sviðsmyndinni sem um getur í c-lið 1. liðar þessa viðauka. Álagssviðsmyndin skal sýna millitímabil þegar þessi tímabil eru sýnd í tengslum við árangurssviðsmyndirnar skv. a- til c-lið 1. liðar þessa viðauka.

3. Byggja skal viðbótarsviðsmynd fyrir vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir á hóflegri sviðsmynd sem um getur í b-lið 1. liðar þessa viðauka þegar árangur skiptir máli í tengslum við ávöxtun fjárfestingarinnar.

4. Einnig skal sýna lágmarksávöxtun fjárfestinga án þess að taka tillit til aðstæðnanna þar sem PRIIP-framleiðandinn eða aðili sem skuldbundinn er að inna af hendi, beint eða óbeint, viðeigandi greiðslur til almenna fjárfestisins, getur ekki greitt.

Útreikningur á óhagstæðum, hóflegum og hagstæðum sviðsmyndagildum fyrir ráðlagða fjárfestingartímabilið fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2

Tilvik 1: Pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 1. lið VIII. viðauka, með nægum sögulegum gögnum

5. Eftirfarandi reglur gilda um pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 1. lið VIII. viðauka, ef, á þeim tíma sem útreikningurinn er gerður, eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt í tengslum við lengdina á árlegum samfelldum sögulegum verðgildum fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta:

   a) er meira en 10,

   b) er fimm árum lengri en ráðlagt fjárfestingartímabil fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta.

6. Ef ráðlagða fjárfestingartímabilið er fimm ár eða minna skal reikna út óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar fyrir síðustu 10 ár frá því útreikningurinn er gerður. Ef ráðlagða fjárfestingartímabilið er meira en fimm ár skal reikna út óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar yfir tímabil sem er jafnt ráðlagða fjárfestingartímabilinu að viðbættum fimm árum frá því útreikningurinn er gerður.

7. Útreikningurinn á óhagstæðum, hóflegum og hagstæðum sviðsmyndum skal fela í sér eftirfarandi þrep:

a) innan tímabilsins sem tilgreint er í 6. lið þessa viðauka, auðkenningu allra undirtímabila sem skarast, sem hvert og eitt er jafnt að tímalengd og ráðlagða fjárfestingartímabilið, og sem hefst eða lýkur í hverjum mánaðanna, eða við hverja dagsetningu verðmatsins fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta með mánaðarlegri verðmatstíðni, sem liggur innan þess tímabils,

b) fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta með ráðlögðu fjárfestingartímabili meira en eitt ár, auðkenningu allra undirtímabila sem skarast og hvert og eitt er jafn langt eða skemmra en tímalengd ráðlagða fjárfestingartímabilsins, en jafn löng eða lengri en eitt ár, og sem taka enda við lok tímabilsins sem tilgreint er í 6. lið þessa viðauka,

c) fyrir hvert undirtímabil sem um getur í a- og b-lið, útreikningur á árangrinum af pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta í samræmi við eftirfarandi:

i. byggt á árangrinum af pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta yfir nákvæma tímalengd hvers undirtímabils,

ii. að frádregnum öllum viðeigandi kostnaði,

iii. og á grundvelli þess að allar úthlutanlegar tekjur af pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta hafi verið endurfjárfestar,

iv. með því að nota línulega umbreytingu til að ná fram árangrinum í styttri undirtímabilum en ráðlagða fjárfestingartímabilinu, í því skyni að öll undirtímabil séu að sambærilegri lengd,

d) raða undirtímabilunum sem auðkennd eru í samræmi við a-lið samkvæmt árangrinum sem reiknaður er út í samræmi við c-lið, til að greina miðgildið og besta undirtímabilið innan þessara undirtímabila með tilliti til árangurs,

e) raða saman undirtímabilunum sem auðkennd eru í samræmi við a- og b-lið samkvæmt árangrinum sem reiknaður er út í samræmi við c-lið, til að greina versta undirtímabilið innan þessara undirtímabila með tilliti til árangurs.

8. Óhagstæða sviðsmyndin skal standa fyrir verstu þróunina á verðgildum pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta í samræmi við e-lið 7. liðar þessa viðauka.

9. Hóflega sviðsmyndin skal standa fyrir miðgildisþróunina á pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta í samræmi við d-lið 7. liðar þessa viðauka.

10. Hagstæða sviðsmyndin skal standa fyrir bestu þróunina á verðgildum pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta í samræmi við d-lið 7. liðar þessa viðauka.

11. Reikna skal út sviðsmyndirnar að minnsta kosti mánaðarlega.

Tilvik 2: Pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 1. lið VIII. viðauka, án nægra sögulegra gagna og með möguleika til að nota viðmiðun

12. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 1. lið VIII. viðauka, skal reikna út óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar eins og tilgreint er í 6.–11. lið þessa viðauka, með því að nota gögn fyrir viðmiðun sem viðbót við verðgildin fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta, að frádregnum öllum viðeigandi kostnaði, ef:

a) lengdin á verðgildum pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta uppfyllir ekki skilyrðið sem sett er fram í 5. lið þessa viðauka,

b) viðmiðunin er viðeiganda til að leggja mat á árangurssviðsmyndir í samræmi við skilyrðið sem tilgreint er í 16. lið þessa viðauka, og

c) til staðar eru söguleg gögn fyrir viðmiðunina sem uppfyllir skilyrðið sem sett er fram í 5. lið þessa viðauka.

Ef upplýsingarnar um markmiðin fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta innihalda tilvísun í viðmiðun, skal nota þá viðmiðun, að því tilskildu að skilyrðin í fyrstu undirgrein séu uppfyllt.

Tilvik 3: Pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 1. lið VIII. viðauka, án nægra sögulegra gagna og án viðmiðunar, eða með viðmiðun en án nægra sögulegra gagna, eða einhver önnur pökkuð og vátryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta í flokki 2

13. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 1. lið VIII. viðauka sem falla ekki undir tilvik 1 eða tilvik 2 hér að ofan eða neina aðra pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta í flokki 2, skal reikna út óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar eins og tilgreint er í 6. til 11. lið þessa viðauka, með því að nota viðmiðanir sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 ([1]). Þessar viðmiðanir standa fyrir eignaflokka sem pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er fjárfest í eða undirliggjandi fjárfestingar sem pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er óvarin fyrir, sem viðbót við verðgildin fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta eða viðmiðun sem um getur í 12. lið þessa viðauka. Taka skal með alla eignaflokka sem pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta getur verið fjárfest í um meira en 25% af eignum hennar eða af undirliggjandi fjárfestingum sem standa fyrir meira en 25% af áhættuskuldbindingunni. Ef slík viðmiðun er ekki til staðar, skal nota viðeigandi áætlað virði.

14. Ef fjárfest er vegna pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta í öðrum eignategundum eða áhættuskuldbinding er boðin vegna ólíkra tegunda undirliggjandi fjárfestinga og tilgreindar hafa verið fleiri en ein viðmiðun eins og um getur í 13. lið þessa viðauka, skal reikna út sviðsmyndirnar með því að nota „samsetta viðmiðun“, að teknu tilliti til voganna í áætluðu fjárfestingunni í hverri tegund eigna eða undirliggjandi fjárfestinga.

15. Að því er varðar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2 sem viðeigandi viðmiðun eða áætlað virði er ekki til fyrir með nægum sögulegum gögnum er uppfylla skilyrðin sem sett er fram í 5. lið þessa viðauka fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta, skal reikna út árangurs-sviðsmyndir í samræmi við 21.–27. lið þessa viðauka með því að nota sögulega ávöxtun til 15 ára fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta eða viðeigandi viðmiðunargildi eða áætlað virði.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls.1).

Tilvik 2 og 3: Notkun á viðeigandi viðmiðunum eða áætluðum virðum

16. Til að meta hvort notkunin á tiltekinni viðmiðun eða áætluðu virði er við hæfi til að meta árangurssviðsmyndirnar skulu PRIIP-framleiðendur nota eftirfarandi viðmiðanir, að því tilskildu að slíkar viðmiðanir séu í samræmi við markmiðin með pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta og eignategundirnar sem pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er fjárfest í eða hinar undirliggjandi fjárfestingar sem áhættuskuldbinding er boðin vegna í pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta og sem skipta máli fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta:

a) áhættu- og ávöxtunarsnið þegar viðmiðunin eða áætlaða virðið og pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta falla í sama flokk og samantekinn áhættuvísir eða flökt og áætluð ávöxtun eða bæði,

b) áætluð ávöxtun,

c) samsetning eignaskiptingar (ef eignasamsetningin á pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta endurspeglar samsetta vísitölu skal viðmiðunin eða áætlaða virðið að því er varðar útreikninginn á árangurssviðsmyndum ávallt endurspegla vogirnar í samsettu vísitölunni),

d) mögulegar eignir sem pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er fjárfest í, í samræmi við fjárfestingarstefnuna,

e) áhætta vegna undirliggjandi eignaflokka,

f) landfræðilega áhætta,

g) áhætta vegna atvinnugeira,

h) útgreiðsla tekna af pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta,

i) lausafjárráðstafanir (t.d.: daglegt viðskiptamagn, verðbil kaup- og sölutilboða o.s.frv.),

j) tímalengd,

k) lánshæfismatsflokkur,

l) flökt eða sögulegt flökt eða bæði.

PRIIP-framleiðendur geta notað skilyrði í viðbót við þau sem skráð eru í fyrstu undirgrein, að því tilskildu að þeir sýni fram á að þau viðbótaskilyrði skipti máli varðandi markmiðin með pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta og eignategundirnar sem pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er fjárfest í eða undirliggjandi tegundir fjárfestinga sem áhættuskuldbinding er boðin vegna í pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta.

17. PRIIP-framleiðendur skulu geta sýnt fram á að viðmiðunargildin séu í samræmi við markmiðin með pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta og skulu skjalfesta ákvörðun sína, þ.m.t. með skýrum rökstuðningi fyrir viðmiðun sem notuð er.

Útreikningur á álagssviðsmyndinni fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2

18. Að því er varðar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2 skal útreikningurinn á álagssviðsmyndinni fela í sér eftirfarandi þrep:

a) auðkenna undirtímabil að lengd w sem samsvarar eftirfarandi tímabilum:

1 ár	> 1 ár

Dagsverð	21	63
Vikuverð	8	16
Mánaðarverð	6	12

b) auðkenna fyrir hvert undirtímabil að lengd w sögulega log-normal arðsemi *rt*, þegar

$t = t_1, t_2, \ldots, t_w,$

c) mæla flökt sem byggir á eftirfarandi formúlu sem hefst á $t_i = t_1$ og heldur áfram fram að $t_i = t_{H-w+1}$

þar sem H er talan fyrir sögulegar athuganir á tímabilinu:

$$w_{ti}\sigma_S = \sqrt{\frac{\sum_{t_i}^{t_{i+w-1}} \left(r_{ti} - {}_{t_i}^{t_{i+w-1}}M_1\right)^2}{M_w}}$$

Þegar M_w er talning á fjölda athugana á undirtímabilinu og $t_{i+w-1}\frac{M}{ti\ 1}$er meðaltal allrar sögulegrar log-normal arðsemi á tilsvarandi undirtímabili.

d) álykta um verðgildið sem samsvarar 99. hundraðshlutamarki fyrir eitt ár og 95. hundraðshlutamarki fyrir önnur fjárfestingartímabil. Það virði skal vera álagsflöktið W_{σ_S}

19. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2, skulu væntu verðgildin í lok ráðlagðs fjárfestingartíma fyrir álagssviðsmyndina vera:

$$Scenario_{Stress} = e^{\left[W_{\sigma_S} * \sqrt{N} * \left(z_\alpha + \left[\frac{\left(Z_\alpha^2 - 1\right)}{6}\right] * \frac{\mu_1}{\sqrt{N}} + \left[\frac{\left(z_\alpha^3 - 3z_\alpha\right)}{24}\right] * \frac{\mu_2}{N} - \left[\frac{\left(2z_\alpha^3 - 5z_\alpha\right)}{36}\right] * \frac{\mu_1{}^2}{N}\right) - 0.5 W_{\sigma_S}^2 N\right]}$$

Þar sem:

a) N er fjöldi viðskiptatímabila á ráðlögðum fjárfestingartíma og þegar aðrir skilmálar eru skilgreindir í 12. lið í II. viðauka,

b) Z_α er viðeigandi valið verðgildi pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta á ystu mörkum hundraðshlutamarks sem samsvarar 1% fyrir eitt ár og 5% fyrir önnur eignatímabil.

20. Gildi álagssviðsmyndarinnar sem sýnt er skal ekki vera betra en verðgildi óhagstæðu sviðsmyndarinnar.

Útreikningur á sviðsmyndagildum fyrir ráðlagðan fjárfestingartíma fyrir tilteknar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1, 3 og 4

21. Hagstæða sviðsmyndin skal vera verðgildið á pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta við 90. hundraðshlutamarkið af áætlaðri útgreiðslu afraksturs yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið, að frádregnum öllum viðeigandi kostnaði.

22. Hóflega sviðsmyndin skal vera verðgildið á pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta við 50. hundraðshlutamarkið af áætlaðri útgreiðslu afraksturs yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið, að frádregnum öllum viðeigandi kostnaði.

23. Óhagstæða sviðsmyndin skal vera verðgildið á pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta við 10. hundraðshlutamarkið af áætlaðri útgreiðslu afraksturs yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið, að frádregnum öllum viðeigandi kostnaði.

24. Ef PRIIP-framleiðandinn telur verulega hættu á að þessar sviðsmyndir kveiki óviðeigandi væntingar hjá almennum fjárfestum um mögulega ávöxtun þeirra, geta þeir notað lægri hundraðshlutamörk en þau sem tilgreind eru í 21., 22. og 23. lið þessa viðauka.

25. Að því er varðar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 3 skal aðferðin til að leiða fram áætlaða útgreiðslu afraksturs af pökkuðum og vátryggingatengdum fjárfestingarafurðum fyrir almenna fjárfesta yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið vera sú sama og aðferðin sem tilgreind er í 19.–23. lið í II. viðauka. Áætlaða ávöxtunin af hverri eign skal þó vera sannreynda ávöxtunin yfir tímabilið sem reiknað er út án þess að afvaxta ætlaðan árangur með því að nota ætlaðan áhættulausan afvöxtunarstuðul.

26. Að því er varðar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 3 skulu eftirfarandi breytingar gerðar fyrir útreikninginn á álagssviðsmyndinni í samanburði við útreikninginn fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2:

a) álykta um álagsflöktið ${}^{w}\sigma s$ sem byggir á aðferðafræðinni sem er skilgreind í a-, b- og c-lið 18. liðar þessa viðauka,

b) endurkvarða sögulega ávöxtun r_t, á grundvelli eftirfarandi reiknireglu:

$$r_t^{adj} = r_t * \frac{{}^{w}\sigma_S}{\sigma}$$

c) framkvæma handahófsúrtakanálgun á r_t^{adj} eins og lýst er í 22. lið í II. viðauka,

d) reikna út ávöxtun hvers samnings með því að leggja saman ávöxtun frá völdum tímabilum og leiðrétta þessa ávöxtun til að tryggja að áætlaða ávöxtunin, mæld frá hinni hermdu útgreiðslu ávöxtunar, sé eins og eftirfarandi:

$$E * [\gamma_{bootstrapped}] = -0.5 {}^{w}\sigma_S^2 N$$

þar sem $E * [\gamma_{bootstrapped}]$ er nýja hermda meðaltalið.

27. Að því er varðar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 3 skal álagssviðsmyndin vera verðgildið á pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta á ystu z_α hundraðshlutamörkum, eins og skilgreint er í 19. lið þessa viðauka, af hinni hermdu útgreiðslu eins og sett er fram í 26. lið þessa viðauka.

28. Að því er varðar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 4 skal nota aðferðina í 27. lið í II. viðauka fyrir þá þætti sem eru ekki sannreyndir á markaði, ásamt aðferðinni fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 3, eftir því sem þörf krefur. Nota skal viðeigandi aðferðir að því er varða pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2 sem settar eru fram í 5.–20. lið þessa viðauka og viðeigandi aðferðir fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 3 sem settar eru fram í 21.–27. lið þessa viðauka vegna viðeigandi efnisþátta pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta, þegar pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta sameinar mismunandi efnisþætti. Árangurssviðsmyndirnar skulu vera vegið meðaltal viðkomandi efnisþátta. Taka skal tillit til einkenna afurðar og stofnfjártryggingar við útreikninga á árangri.

29. Að því er varðar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1, eins og skilgreint er í a-lið 4. liðar í II. viðauka, og pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1, eins og skilgreint er í b-lið 4. liðar í II. viðauka, sem viðskipti eru ekki með á skipulegum markaði eða á markaði þriðja lands sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, skal reikna út árangurssviðsmyndir í samræmi við 21.–27. liði þessa viðauka.

Útreikningur á sviðsmyndagildum fyrir ráðlagða fjárfestingartímann fyrir aðrar tegundir pakkaðra og vátryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta í flokki 1

30. Að því er varðar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1 sem eru framtíðarsamningar, kaupréttir og söluréttir sem viðskipti eru með á skipulegum markaði eða á markaði þriðja lands sem talinn er jafngildur skipulegum markaði, í samræmi við 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, skal sýna árangurssviðsmyndir í formi línurita yfir endurgreiðsluferlið. Línurit skal vera innifalið til að sýna árangur fyrir allar sviðsmyndir á mismunandi stigum undirliggjandi verðgildis. Lárétti ás línuritsins skal sýna mismunandi möguleg verð undirliggjandi verðgildis og lóðrétti ásinn skal sýna hagnað eða tap við mismunandi verð undirliggjandi verðgildis. Fyrir hvert verð undirliggjandi verðgildis, skal línuritið sýna niðurstöðu hagnaðar eða taps og á hvaða verði undirliggjandi verðgildis hagnaðurinn eða tapið skal vera núll.

31. Að því er varðar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1, eins og skilgreint er í c-lið 4. liðar í II. viðauka, skal veita sanngjarnt og varfærið besta mat á væntu gildi fyrir árangurssviðsmyndirnar sem settar eru fram í a-, b- og c-lið 1. liðar þessa viðauka, við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins.

Sviðsmyndirnar sem eru valdar og sýndar skulu vera í samræmi við og bæta upp aðrar upplýsingar í lykilupplýsingaskjalinu, þ.m.t. heildaráhættusnið pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta. PRIIP-framleiðandinn skal tryggja að sviðsmyndirnar séu í samræmi við niðurstöður innri afurðastýringar, þ.m.t. sérhverja álagsprófun sem PRIIP-framleiðandinn gerir á pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta, og við gögn og greiningar sem notuð eru í þeim tilgangi að taka saman aðrar upplýsingar í lykilupplýsingaskjalinu.

Sviðsmyndirnar skulu valdar m.t.t. jafnvægis í framsetningu á hugsanlegum afrakstri af pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta við bæði hagstæðar og óhagstæðar aðstæður, en einungis skal sýna sviðsmyndir sem raunhæft er að verði að veruleika. Ekki skal velja sviðsmyndirnar í því skyni að gera hagstæðri útkomu ótilhlýðilega hátt undir höfði á kostnað þeirra óhagstæðu.

Útreikningur á sviðsmyndagildum fyrir millifjárfestingartímabil

32. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta með ráðlagt fjárfestingartímabil á milli eins og tíu ára, skal sýna árangur á tveimur mismunandi fjárfestingartímabilum: í lok fyrsta ársins og í lok ráðlagðs fjárfestingartímabils.

33. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta með ráðlögðu tíu ára fjárfestingartímabili eða lengra, skal sýna árangur á þremur fjárfestingartímabilum: í lok fyrsta ársins, eftir hálft ráðlagt fjárfestingartímabil, námundað við lok þess árs sem er næst, og í lok ráðlagðs fjárfestingartíma.

34. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta með ráðlagt eins árs fjárfestingartímabil eða skemmra, skal ekki sýna árangurssviðsmyndir fyrir millifjárfestingartímabil.

35. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2, skal reikna út verðgildin sem verða sýnd fyrir millitímabilin fyrir óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar í samræmi við 5.–14. liði þessa viðauka, með því að nota tímabilið sem tilgreint er í 6. lið, en byggt á niðurstöðunum sem fást á millifjárfestingartímabilinu.

36. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2, skal reikna út verðgildin sem verða sýnd fyrir millitímabilin fyrir álagssviðsmyndina með því að nota formúlurnar í 18. og 19. lið þessa viðauka, þar sem N er skilgreint sem fjöldi viðskiptatímabila frá upphafsdegi til lokadagsetningar millitímabilsins. Ákvæði 20. liðar þessa viðauka skal einnig gilda um millitímabilið.

37. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta eins og um getur í 15. og 29. lið þessa viðauka, skal PRIIP-framleiðandinn meta sviðsmyndagildin sem verða sýnd fyrir millifjárfestingartímabilið fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 3 og flokki 4, nema 38. liður þessa viðauka gildi, þannig að þau séu í samræmi við matið í lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins.

38. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1 sem eru framtíðarsamningar, kaupréttir og söluréttir sem viðskipti eru með á skipulegum markaði eða á markaði þriðja lands sem talinn er jafngildur skipulegum markaði í samræmi við 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, eða fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 90. lið d í VI. viðauka, má sýna árangurssviðsmyndir við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins eingöngu.

Almennar kröfur

39. Reikna skal út árangurssviðsmyndir pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta að frádregnum öllum viðeigandi kostnaði í samræmi við VI. viðauka fyrir sviðsmyndina og fjárfestingartímabilið sem sett er fram.

40. Reikna skal út árangurssviðsmyndir með því að nota fjárhæðir sem eru í samræmi við þær sem notaðar eru fyrir útreikninginn á kostnaði eins og tilgreint er í 90. og 91. lið í VI. viðauka.

41. Fyrir þær pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem eru framvirkir samningar, framtíðarsamningar, mismunasamningar eða skiptasamningar, skal reikna út árangurssviðsmyndir að því gefnu að fjárhæðin sem tilgreind er í 40. lið sé grundvallarfjárhæðin.

42. Árangurssviðsmyndir skulu settar fram í mynteiningum. Tölur skulu að jafnaði námundaðar að næstu 10 evrum eða viðeigandi gjaldmiðli, nema þegar um er að ræða sérstök útgreiðsluskilyrði, þannig að það geti verið misvísandi að námunda tölurnar að næstu 10 evrum, en í því tilviki getur PRIIP-framleiðandinn sýnt tölurnar að næstu evru. Án þess að hafa áhrif á 7. lið þessa viðauka skulu peningalegu tölurnar sýna samtölu þeirra fjárhæða sem almenni fjárfestirinn mun taka á móti (að frádregnum kostnaði) á fjárfestingartímabilinu, sem samanstanda af:

a) gjaldföllnu greiðslunum við lok fjárfestingartímabilsins, þ.m.t. greiðslunni fyrir fjármagn,

b) arðmiðunum eða öðrum mótteknum fjárhæðum fyrir lok fjárfestingartímabilsins, án þess að gert sé ráð fyrir endurfjárfestingu þessara fjárhæða.

43. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem eru framvirkir samningar, framtíðarsamningar, mismunasamningar eða skiptasamningar, skulu árangurssviðsmyndir í mynteiningum sýna hagnaðinn eða tapið á fjárfestingartímabilinu.

44. Einnig skal setja árangurssviðsmyndir fram í hundraðshlutum, sem árlega meðalávöxtun fjárfestingarinnar. Þá tölu skal reikna út með því að nota sviðsmyndagildið sem teljara og upphaflegu fjárfestingarfjárhæðina eða verðið sem greitt var sem nefnara, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

(sviðsmyndagildi/upphafleg fjárfesting)^(1/T) – 1, ef T > 1. Þar sem T er lengd fjárfestingartímabilsins í árum

45. Fyrir ráðlögð fjárfestingartímabil sem eru styttri en eitt ár skulu árangurssviðsmyndir settar fram í hundraðshlutum endurspegla áætluðu ávöxtunina á því tímabili, en ekki á ársgrundvelli.

46. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem eru framvirkir samningar, framtíðarsamningar, mismunasamningar eða skiptasamningar, skal reikna út hundraðshluta ávöxtunarinnar að teknu tilliti til grundvallarfjárhæðar samningsins og bæta skal við neðanmálsgrein til að útskýra þann útreikning. Formúlan fyrir útreikninginn skal vera eftirfarandi:

(hreinn hagnaður eða tap/grundvallarfjárhæð)^(1/T) -1, ef T> 1.

Í neðanmálsgreininni skal tilgreina að mögulega ávöxtunin er reiknuð út sem hundraðshluti af grundvallarfjárhæðinni.

47. Fyrir vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir skal eftirfarandi gilda til viðbótar við aðferðirnar sem um getur hér að framan, þ.m.t. skv. 28. lið þessa viðauka þegar árangurssviðsmyndir eru reiknaðar að því er varðar fjárfestinguna:

a) taka skal tillit til hlutdeildar í framtíðarhagnaði,

b) forsendur um hlutdeild í framtíðarhagnaði skulu vera í samræmi við forsendurnar um árlega arðsemi af undirliggjandi eignum,

c) forsendur um hvernig framtíðarhagnaði er skipt milli PRIIP-framleiðandans og almenna fjárfestisins og aðrar forsendur um framtíðarhagnaðarskiptingu skulu vera raunhæfar og í samræmi við ríkjandi viðskiptahætti og starfsstefnu PRIIP-framleiðandans. Þegar næg sönnun er fyrir því að fyrirtæki muni breyta viðskiptaháttum sínum eða stefnuáætlun skulu forsendur um framtíðarhagnaðarskiptingu vera í samræmi við breytta viðskiptahætti eða stefnuáætlun. Fyrir líftryggjendur sem falla undir gildissvið tilskipunar 2009/138/EB skulu þessar forsendur vera í samræmi við forsendurnar um aðgerðir stjórnar í framtíðinni sem verða notaðar til að meta virði vátryggingaskuldar í efnahagsreikningi Gjaldþolsáætlunar II,

d) þegar þáttur í árangrinum varðar hlutdeild í hagnaði sem greidd er út að eigin ákvörðun, skal eingöngu gera ráð fyrir þeim þætti í hagstæðum árangurssviðsmyndum,

e) reikna skal árangurssviðsmyndirnar á grundvelli fjárfestingafjárhæða sem eru settar fram í 40. lið þessa viðauka.“

V. VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ FRAMSETNINGU ÁRANGURSSVIÐSMYNDA

1. HLUTI

Almennar forskriftir um framsetningu

1. Setja skal árangurssviðsmyndir fram með nákvæmum, sanngjörnum og skýrum hætti og sem ekki er villandi og líklegt að venjulegir, almennir fjárfestar skilji.

2. Í öllum tilvikum skal eftirfarandi textaskýring úr 2. hluta þessa viðauka fylgja með:

   a) þáttur A,

   b) þáttur B, sem skal birtur á áberandi hátt fyrir ofan árangurssviðsmyndatöfluna eða -línuritið.

3. Fyrir allar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta, nema pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1, sem um getur í 30. lið í IV. viðauka:

   a) þáttur C í 2. hluta þessa viðauka skal birtur á áberandi hátt fyrir ofan árangurssviðsmyndatöfluna,

   b) upplýsingar um lágmarksávöxtun fjárfestinga skulu gefnar upp innan árangurssviðsmyndatöflunnar, og eftir því sem við á skal taka með þátt G í 2. hluta þessa viðauka. Ef lágmarksávöxtun er tryggð skal gefa upp þá lágmarksávöxtun í fjárhæðum fyrir fjárfestingartímabilin sem tryggingin gildir fyrir. Ef lágmarksávöxtun er ekki tryggð, eða ef tryggingin á eingöngu við um sum, en ekki öll, fjárfestingartímabil, skal textaskýring fylgja með fyrir viðkomandi fjárfestingartímabil þar sem tekið er fram að almennir fjárfestar geti tapað hluta af eða allri fjárhæðinni sem fjárfest var fyrir, eða, eftir atvikum, að almennir fjárfestar geti tapað meiru en þeir fjárfestu fyrir eins og er sett fram í 3. hluta þessa viðauka.

4. Ef álagssviðsmynd er sýnd skal fylgja með textaskýring þáttar D í 2. hluta þessa viðauka.

5. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2, nema þær sem um getur í 15. lið í IV. viðauka, skal fylgja með textaskýring fyrir óhagstæðar, hóflegar og hagstæðar sviðsmyndir með því að styðjast við þátt E í 2. hluta þessa viðauka.

6. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1, nema þær sem um getur í 30. lið í IV. viðauka, pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2 sem um getur í 15. lið í IV. viðauka, pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 3 og pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 4, skal fylgja með stutt textaskýring við sviðsmyndirnar sem birtar, að hámarki 300 stafir á eðlilegu máli.

7. Þættir H, I, J og K í 2. hluta þessa viðauka skulu einnig fylgja með ef um er að ræða pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1 sem um getur í 30. lið í IV. viðauka.

8. Millifjárfestingartímabil skulu sýnd í samræmi við 32., 33. og 34. lið í IV. viðauka. Millitímabilin geta verið mismunandi með hliðsjón af lengd ráðlagða fjárfestingartímabilsins.

9. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem ekki sýna árangurssviðsmyndir á millifjárfestingartímabilum skal fylgja með textaskýring í þætti F í 2. hluta þessa viðauka ef við á.

10. Nema annað sé tekið fram skulu PRIIP-framleiðendur, fyrir allar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta nema pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1 sem um getur í 30. lið í IV. viðauka, nota sniðmátin sem sett eru fram í 3. hluta þessa viðauka til að koma árangurssviðsmyndunum á framfæri, með hliðsjón af því hvort um er að ræða staka fjárfestingu eða eingreiðsluiðgjald af pakkaðri og vátryggingatengdri fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta, reglubundna greiðslu eða eingreiðsluiðgjald af pakkaðri og vátryggingatengdri fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta, eða pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta eins og um getur í 76. lið c í VI. viðauka.

11. Hugtakið „útganga“ skal notað í árangurssviðsmyndatöflunni til að sýna lok fjárfestingarinnar, nema þetta hugtak geti verið misvísandi fyrir tilteknar tegundir pakkaðra og vátryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, en í því tilviki má nota annað hugtak eins og „segja upp“ eða „skila inn“.

12. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 1, eins og skilgreint er í 4. lið b í II. viðauka, skal aðlaga hugtakanotkunina eftir því sem við á til að endurspegla sérkenni pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta, s.s. til að vísa til grundvallarfjárhæðar pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta.

13. Fyrir vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir eru teknar með viðbótarlínur að því er varðar iðgjaldaáhættuna er tengist ævilíkum manna og sviðsmynd fyrir vátryggingabæturnar, eins og lýst er í sniðmátum A og B í 3. hluta þessa viðauka. Ávöxtun fyrir þá sviðsmynd skal einungis sýnd sem peningafjárhæðir.

14. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem fela í sér reglulegar greiðslur eða iðgjöld skulu sniðmátin einnig innihalda upplýsingar um uppsafnaða fjárfestingarfjárhæð og eftir atvikum uppsafnað iðgjald vegna áhættu er tengist ævilíkum manna, eins og sýnt er í sniðmáti B í 3. hluta þessa viðauka.

15. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem ætlunin er að eiga til æviloka má í ráðlagða fjárfestingartímabilinu, sem tilgreint er í árangurssviðsmyndunum, gefa til kynna að pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta sé ætluð til eignar til æviloka og gefa upp þann fjölda ára sem hefur verið notaður, sem dæmi fyrir útreikninginn.

16. Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem fela í sér beinar lífeyrisgreiðslur eða aðrar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem eingöngu eru ætlaðar til greiðslu þegar tryggður atburður á sér stað, skal árangurssviðsmyndataflan endurspegla eftirfarandi, eins og við á:

    a) líftryggingasviðsmyndirnar fyrir ráðlagða fjárfestingartímabilið skulu endurspegla uppsöfnuðu fjárhæðina á greiðslum til almenna fjárfestisins,

    b) ef millilíftryggingasviðsmyndir eru teknar með skulu þær endurspegla endurkaupsvirði og uppsafnaða fjárhæð greiðslna til almenna fjárfestisins á þeim tíma,

    c) í sviðsmyndunum fyrir tryggingaatburð, s.s. andlát, skal sýna eingreiðsluna sem bótaþeginn fékk á þeim tíma.

17. Ef pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er seld eða sagt upp fyrir lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins samkvæmt hermuninni, skal aðlaga framsetninguna á árangurssviðsmyndunum til samræmis við það, eins og sýnt er í sniðmáti C í 3. hluta þessa viðauka, og skýringar gefnar á hvort tiltekin sviðsmynd innihaldi snemmbæra sölu eða uppsögn og að engum endurfjárfestingarforsendum hafi veri beitt. Í sviðsmyndum þar sem pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er seld eða sagt upp sjálfkrafa skal sýna tölurnar í dálknum „Ef þú gengur út við sölu eða á lokadegi“ í sniðmáti C í 3. hluta þessa viðauka. Tímabilin sem sýnd eru fyrir millifjárfestingartímabilin skulu vera þau sömu fyrir mismunandi árangurssviðsmyndir og byggja á ráðlagða fjárfestingartímabilinu, ef pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er ekki seld, sem búist er við að sé í samræmi við lokadag þess. Tölur fyrir millifjárfestingartímabil skal eingöngu sýna fyrir sviðsmyndir þegar pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta hefur ekki ennþá verið seld eða sagt upp fyrir eða við lok þess millifjárfestingartímabils og skulu innihalda sérhvern útgöngukostnað sem gildir á þeim tíma. Ef pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta hefði verið seld fyrir eða við lok þess millifjárfestingartímabils, byggt á hermuninni, skal ekki sýna neinar tölur á því tímabili.

2. HLUTI

Þættir textaskýringar sem mælt er fyrir um

[Þáttur A] Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa, (eftir atvikum) [en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínum eða dreifingaraðila/og felur í sér kostnað vegna ráðgjafa þíns eða dreifingaraðila]. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar, sem gæti einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

[Þáttur B] Hvað þú munt fá fyrir þessa afurð er háð framtíðar markaðsframmistöðu. Markaðsþróun í framtíðinni er óviss og ekki hægt að spá fyrir um af nákvæmni.

[Þáttur C] [Óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru framsetning á versta, meðaltals og besta árangri af [afurðinni/viðeigandi viðmiðun] síðustu [x] ár.] (*fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í flokki 2, nema þær sem um getur í 15. lið í IV. viðauka*) [Sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru framsetning sem byggir á niðurstöðum frá fyrri tíð og á tilteknum forsendum] (*fyrir aðrar tegundir pakkaðra og vátryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta*). Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni.

[Þáttur D] Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður.

[Þáttur E] Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað fyrir fjárfestingu [*bætt við tilvísun í viðmiðun eftir atvikum*] á milli [*bætt við dagsetningum í árum*].

[Þáttur F] Ekki er [auðveldlega] hægt að innleysa þessa afurð. Ef þú gengur út úr fjárfestingunni fyrir ráðlagða fjárfestingartímabilið [hefur þú ekki tryggingu] (*ef trygging er eingöngu til staðar á ráðlagða fjárfestingartímabilinu*) [og] [þú [munt/getur] þurfa/t að greiða aukakostnað] (*ef um er að ræða útgöngukostnað*).

[Þáttur G] Ávöxtunin er eingöngu tryggð ef þú [*lýsið viðeigandi skilyrðum eða vísið í hvar þessum skilyrðum er lýst í lykilupplýsingaskjalinu, s.s. textaskýringarnar sem veittar eru í samræmi við III. viðauka*].

[Þáttur H] Þetta línurit sýnir hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið hann saman við endurgreiðslulínurit fyrir aðrar afleiður.

[Þáttur I] Línuritið setur fram margar mögulegar niðurstöður og er ekki nákvæm vísbending um hvað þú gætir fengið til baka. Það sem þú færð fer eftir því hvernig hin undirliggjandi eign mun þróast. Fyrir hvert verðgildi hinnar undirliggjandi eignar sýnir línuritið hver hagnaðurinn eða tapið af afurðinni myndi vera. Lárétti ásinn sýnir mörg möguleg verð undirliggjandi verðgildis á fyrningardagsetningunni og lóðrétti ásinn sýnir hagnaðinn eða tapið.

[Þáttur J] Ef þessi afurð er keypt þýðir það að þú telur að undirliggjandi verð muni [hækka/lækka].

[Þáttur K] Hámarkstap þitt væri að þú myndir tapa allri fjárfestingu þinni (iðgjald greitt).

3. HLUTI

Sniðmát

Sniðmát A: Stök fjárfesting og/eða eingreiðsluiðgjald er greitt.

Ráðlagður fjárfestingartími:		[]		
Dæmi um fjárfestingu:		[10 000 evrur]		
(Eftir atvikum) Tryggingariðgjald:		[tjarnæo]		
		Ef þú [gengur út] eftir 1 ár *(þar sem við á)*	**Ef þú [gengur út] eftir []** *(þar sem við á)*	**Ef þú [gengur út] eftir** [ráðlagður fjárfestingartími]
[Lífslíkur] Sviðsmyndir				
Lágmark	**[Fjárhæð]** eða **[Það er engin lágmarkstryggð ávöxtun [ef þú [gengur út] fyrir [...ár/mánuði/daga]]** (*eftir atvikum*). **Þú gætir tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni [eða orðið að inna af hendi frekari greiðslur vegna taps]** *(eftir atvikum)***]**			
Álagssviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%
Óhagstæð sviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%
Hófleg sviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%
Hagstæð sviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%
(Eftir atvikum) **[Dauðsfall] Sviðsmynd**				
[Tryggður atburður]	***Það sem rétthafar þínir gætu fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur

Sniðmát B: Reglulegar fjárfestingar eða iðgjöld eru greidd

Ráðlagður fjárfestingartími:		[]		
Dæmi um fjárfestingu:		[10 000 evrur] á ári		
(Eftir atvikum) Tryggingariðgjald:		[fjarnæð] a arı		
		Ef þú [gengur út] eftir 1 ár *(þar sem við á)*	**Ef þú [gengur út] eftir []** *(þar sem við á)*	**Ef þú [gengur út] eftir** [ráðlagður fjárfestingartími]
[Lífslíkur]				
Sviðsmyndir				
Lágmark	**[Fjárhæð]** eða **[Það er engin lágmarkstryggð ávöxtun [ef þú [gengur út] fyrir [...ár/mánuði/daga]]** (*eftir atvikum*). **Þú gætir tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni [eða orðið að inna af hendi frekari greiðslur vegna taps]** *(eftir atvikum)*]			
Álagssviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%
Óhagstæð sviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%
Hófleg sviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%
Hagstæð sviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%
Fjárfest fjárhæð til lengri tíma		[] evrur	[] evrur	[] evrur
(Eftir atvikum) **[Dauðsfall] Sviðsmynd**				
[Tryggður atburður]	***Það sem rétthafar þínir gætu fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
Tryggingariðgjald tekið til lengri tíma		[] evrur	[] evrur	[] evrur

Sniðmát C: Pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 76. lið c í VI. viðauka (Seldar sjálfkrafa)

Ráðlagður fjárfestingartími:	**Þar til afurðin er seld eða við lokadag** Þetta getur verið mismunandi í hverri sviðsmynd og gefið upp í töflunni		
Dæmi um fjárfestingu:	[10 0000 evrur]		
	Ef þú [gengur út] eftir 1 ár *(þar sem við á)*	**Ef þú [gengur út] eftir []** *(þar sem við á)*	**Ef þú [gengur út] við sölu eða á lokadegi**

Sviðsmyndir

Lágmark	**[Fjárhæð]** eða **[Það er engin lágmarkstryggð ávöxtun [ef þú [gengur út] fyrir [...ár/mánuði/daga]]** (*eftir atvikum*). **Þú gætir tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni [eða orðið að inna af hendi frekari greiðslur vegna taps]** *(eftir atvikum)*]			
Álagssviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
(afurð lýkur eftir [])	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%
Óhagstæð sviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
(afurð lýkur eftir [])	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%
Hófleg sviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
(afurð lýkur eftir [])	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%
Hagstæð sviðsmynd	***Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar***	[] evrur	[] evrur	[] evrur
(afurð lýkur eftir [])	Meðalávöxtun á hverju ári	[]%	[]%	[]%

VI. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/653 er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar í lið 3. kemur eftirfarandi:

„a) dreifingargjöld, svo fremi að fjárhæðin sé kunn rekstrarfélagi verðbréfasjóðsins eða rekstraraðila sérhæfða sjóðsins. Ef rekstrarfélag verðbréfasjóðsins eða rekstraraðili sérhæfða sjóðsins þekkir ekki raunverulega fjárhæð skal sýna hæsta mögulega þekkta dreifingarkostnað fyrir sérstaka pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurð,“

2) Ákvæðum 5. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar í a-lið kemur eftirfarandi:

“i) rekstrarfélag verðbréfasjóðsins eða rekstraraðili sérhæfða sjóðsins,“

b) Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) sérhver kostnaður fyrir dreifingu eða markaðssetningu, að því marki að fjárhæðin er þekkt af rekstrarfélagi verðbréfasjóðsins eða rekstraraðila sérhæfða sjóðsins. Ef raunfjárhæðin er ekki þekkt af rekstrarfélagi verðbréfasjóðsins eða rekstraraðila sérhæfða sjóðsins, skal sýna hámarkið á mögulega þekkta dreifingarkostnaðinum fyrir þá sérstöku pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta,“

c) Í stað j- og k-liðar kemur eftirfarandi:

„j) greiðslur til þriðju aðila til að mæta kostnaði sem stofnað var til af nauðsyn í tengslum við kaup eða sölu á eignum í eignasafni sjóðsins (þ.m.t. viðskiptakostnaður eins og um getur í 7. til 23. lið c þessa viðauka),

k) virði vara og þjónustu sem rekstrarfélag verðbréfasjóðsins eða rekstraraðili sérhæfða sjóðsins eða annar tengdur aðili móttekur í skiptum fyrir að leggja fram viðskiptafyrirmæli,“

d) Í stað i. liðar í l-lið kemur eftirfarandi:

“i) ef hið undirliggjandi er verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður skal nota nýjasta tiltæka samantekna kostnaðarvísinn, og ef nauðsyn krefur aðlaga hann til að sýna raunveruleg dreifingargjöld, skal sú tala byggja annaðhvort á tölunni sem verðbréfasjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn eða stjórnandi hans eða rekstrarfélag verðbréfasjóðsins eða rekstraraðili sérhæfða sjóðsins birtir, eða tölu sem áreiðanlegur þriðji aðili reiknar út, ef hún er nýrri en útgefna talan,“

e) Í stað i. liðar í m-lið kemur eftirfarandi:

“i) nýjasti tiltæki samantekni kostnaðarvísirinn fyrir undirliggjandi pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta skal tekinn með í útreikninginn, og, ef nauðsyn krefur, aðlagaður til að sýna hið raunverulega inngöngugjald,“

f) Í stað q-liðar kemur eftirfarandi:

„q) óbeinn kostnaður sem afleiðutengdir fjárfestingarsjóðir stofna til eins og um getur í II. þætti þessa viðauka og einkum 36. til 46. lið þessa viðauka,“

3) Í stað a-liðar í lið 6. kemur eftirfarandi:

„a) árangurstengdrar þóknunar sem greiðist rekstrarfélagi verðbréfasjóðsins eða rekstraraðila sérhæfða sjóðsins eða fjárfestingaráðgjafa, þ.m.t. árangurstengdar þóknanir eins og um getur í 24. lið þessa viðauka,“

4) Í stað 7. og 8. liða kemur eftirfarandi:

„7. Viðskiptakostnað skal reikna út á ársgrundvelli, sem grundvallast á meðaltali viðskiptakostnaðar fyrir pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta á undangengnum þremur árum, þar sem meðaltalið er reiknað út frá öllum viðskiptum. Hafi pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta verið til skemur en þrjú ár skal reikna út viðskiptakostnaðinn með því að nota aðferðina sem sett er fram í 21., 22. og 23. lið þessa viðauka.

8. Samanlagðan viðskiptakostnað fyrir pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta skal reikna sem summu viðskiptakostnaðar eins og hann er reiknaður í samræmi við 8. lið a – 23. liðar a þessa viðauka í grunngjaldmiðli pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta fyrir öll stök viðskipti vegna pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta á tilteknu tímabili. Þessa upphæð skal umreikna í prósentur með því að deila með meðaltali hreinna eigna pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta á sama tímabili.“

5) Eftirfarandi liður 8a bætist við:

„8a. Lágmark beins viðskiptakostnaðar, eins og um getur í 11. lið a þessa viðauka, skal birta.“

6) Í stað 10. liðar kemur eftirfarandi:

„10. Möt á viðskiptakostnaði með því að nota aðferðina sem lýst er hér að neðan í 19. og 20. lið þessa viðauka, fyrir fjárfestingar í öðrum gerningum eða eignum. Viðskiptakostnaður sem tengist eign sem ekki er fjáreign skal reiknaður út í samræmi við 20. lið a þessa viðauka.“

7) Eftirfarandi c-liður bætist við í 11. lið:

„c) eingöngu skal taka tillit til andþynningarávinnings að því marki að ávinningurinn leiði ekki til þess að heildarviðskiptakostnaðurinn verði lægri en beini viðskiptakostnaðurinn.“

8) Eftirfarandi liðir 11a og 11b bætast við:

„11a. Beinn kostnaður innifelur kostnað og gjöld sem stofnað var til vegna pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta, og greidd af fjárfestingu almenna fjárfestisins í pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta, til að kaupa eða selja undirliggjandi eignir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta, s.s. en ekki takmarkað við umboðslaun sem greidd voru til miðlara eða annarra millilliða, stimpilgjöld eða markaðsskattar, samningsgjöld og framkvæmdaþóknanir vegna OTC-afleiða, ef við á.

11b. Reikna skal út samtölu beins kostnaðar sem summu slíks kostnaðar sem stofnaðist til vegna allra viðskipta í tengslum við pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta á undangengnum þremur árum. Þá upphæð skal umreikna í prósentur með því að deila með meðaltali hreinna eigna pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta á sama tímabili. Lágmark beins kostnaðar sem birta á skal reiknað út á ársgrundvelli, byggt á meðaltali beins kostnaðar sem stofnast til fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta á undangengnum þremur árum, þar sem meðaltalið er reiknað út frá öllum viðskiptum.

9) Í stað 14. og 15. liða kemur eftirfarandi:

„14. Ákvarða skal komuverð sem miðverð markaðarins fyrir fjárfestinguna á þeim tíma þegar fyrirmælin um viðskiptin eru send til annars aðila. Að því er varðar fyrirmæli sem eru framkvæmd á degi sem er ekki sami dagur og þegar fyrirmælin voru upphaflega send til annars aðila, skal ákvarða komuverð sem opnunarverð fjárfestingarinnar á viðskiptadegi eða, þegar opnunarverð er ekki tiltækt, fyrra lokaverð. Þegar verð er ekki tiltækt á þeim tíma þegar fyrirmælin um viðskipti eru send til annars aðila skal ákvarða komuverðið sem nýjasta tiltæka verðið eða, ef nýlegt verð er ekki tiltækt, réttlætanlegt óháð verð eða, ef réttlætanlegt óháð verð er ekki tiltækt, opnunarverðið á þeim degi þegar viðskiptin fara fram eða, ef opnunarverð er ekki tiltækt, fyrra lokaverð. Þegar fyrirmæli eru framkvæmd án þess að þau séu send til annars aðila skal komuverð vera ákvarðað sem miðverð markaðarins fyrir fjárfestinguna á þeim tíma þegar viðskiptin fóru fram.

15. Þegar upplýsingar um á hvaða tímapunkti fyrirmæli um viðskipti eru send til annars aðila eru ekki tiltækar (eða ekki tiltækar að nægjanlegri nákvæmni), eða þegar upplýsingar um verð á þeim tíma eru ekki tiltækar, má nota viðeigandi óháð verð sem komuverð eða, þegar viðeigandi óháð verð er ekki tiltækt, opnunarverð fjárfestingarinnar á þeim degi þegar viðskiptin fóru fram eða, þegar opnunarverð er ekki tiltækt, fyrra lokaverð.“

10) Í stað 18. liðar kemur eftirfarandi:

„18. Reikna skal komuverð sem miðgengi rétt fyrir uppboðið þegar reiknaður er kostnaður sem tengist fyrirmælum sem eru upphaflega sett á uppboð. Við útreikning á kostnaðinum sem tengist fyrirmælum sem framkvæmd eru á fyrirframákvörðuðum tíma, skal reikna komuverðið á þeim fyrirframákvarðaða tíma, jafnvel þótt fyrirmælin hafi verið send til framkvæmdar fyrir þann tíma.“

11) Eftirfarandi fyrirsögn og liður 18a bætist við á eftir 18. lið:
„*Viðskipti sem eiga sér stað utan markaðar*

18a. Þrátt fyrir 12.–16. lið þessa viðauka skal, fyrir viðskipti utan markaðar, reikna út raunverulegan viðskiptakostnað á eftirfarandi hátt:

a) ef viðskipti eiga sér stað eftir að fengist hafa verð kaup- og sölutilboða frá fleiri en einum mögulegum mótaðila, skal ákvarða komuverðið sem:

i. miðpunkturinn á milli besta verðs kaup- og sölutilboða, þegar besta kauptilboðsverðið er lægra en besta sölutilboðsverðið,

ii. besta kauptilboðsverðið ef um er að ræða sölu eða besta sölutilboðsverðið ef um er að ræða kaup, þegar besta kauptilboðsverðið er hærra en besta sölutilboðsverðið,

b) ef viðskipti eiga sér stað án þess að hafa fengið bæði kaup- og sölutilboðsverð skal reikna út viðskiptakostnaðinn með því að margfalda fjölda viðskiptaeininga með helmingnum af verðgildi áhættuálagsins á milli kaup- og sölutilboðsverða gerningsins, þar sem verðgildið á því áhættuálagi skal reiknað út á eftirfarandi grundvelli:

i. út frá samsetningu virkra kaup-/sölutilboða á markaði, ef tiltæk,

ii. ef virk kaup/-sölutilboð á markaði eru ekki tiltæk skal afla þeirra með tilvísun til áhættuálaga frá annaðhvort:

— fyrri viðskiptum með eignir sem bera svipuð einkenni (tímalengd, gjalddaga, arðmiða, kaup-/sölugetu) og innleysanleika, með því að nota fyrri viðskipti PRIIP-framleiðandans, eða

— gögn sem óháður þriðji aðili hefur sannprófað eða eignaverðsetningu frá óháðum þriðja aðila.“

12) Eftirfarandi liður 20a bætist við:

„20a. Við útreikning á kostnaðinum sem tengist eign sem ekki er fjáreign skulu viðskiptin reiknuð út sem samtalan á raunverulegum kostnaði sem tengist beint þeim viðskiptum, þ.m.t. öllum gjöldum, umboðslaunum, sköttum og öðrum greiðslum (s.s. andþynningargjöld), ef þessar eignir koma frá eignum pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta. Ef kostnaður er afskrifaður yfir tímabil sem tilgreint er í reikningsskilaaðferðum pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta skal raunverulegur kostnaður samsvara kostnaðinum sem afskrifaður var síðustu þrjú árin.“

13) Eftirfarandi fyrirsögn og liður 23a bætist við á eftir 23. lið:

„Lítill fjöldi viðskipta og annarra svipaðra tilvika

23a. Þrátt fyrir 12.–18. liðar a þessa viðauka má reikna út viðskiptakostnað með því að nota aðferðafræðina sem sett er fram í 21. lið b þessa viðauka, ef eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) mjög lítill fjöldi viðskipta átti sér stað vegna pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta undangengin þrjú ár,

b) heildarvirði allra viðskipta undangengin þrjú ár samsvarar mjög lágu hlutfalli innra virðis pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta,

c) áætlaði heildarviðskiptakostnaðurinn er ekki umtalsverður í samanburði við áætlaða heildarkostnaðinn.“

14) Eftirfarandi fyrirsögn og liðir 23b og 23c bætast við á eftir 23. lið a:

„Notkun gagna fyrir 31. desember 2024“

23b. Fram til 31. desember 2024 má reikna út viðskiptakostnað með því að nota aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í 21. lið þessa viðauka fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta, sem eru verðbréfasjóður eða sérhæfðir sjóðir, og aðildarríki hefur beitt á reglum frá 31. desember 2021 er varða framsetningu og efni lykilupplýsingaskjalsins, eins og mælt er fyrir um í 78. til 81. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

23c. Fram til 31. desember 2024, ef fjárfest er í verðbréfasjóði eða sérhæfðum sjóði vegna vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar eins og um getur í 23. lið b þessa viðauka, má reikna út viðskiptakostnaðinn fyrir þessar fjárfestingar með því að nota aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í 21. lið þessa viðauka.“

15) Í stað fyrirsagnar I í 2. hluta kemur eftirfarandi:

„I. SAMANTEKNAR KOSTNAÐARTÖLUR SEM TAKA Á MEÐ Í TÖFLU 1 „KOSTNAÐUR YFIR TÍMA““,

16) Í stað 61. og 62. liða kemur eftirfarandi:

„61. Heildarkostnaðurinn skal vera allur kostnaðurinn sem PRIIP-framleiðandinn veit af, þ.m.t. útgöngukostnaður eftir atvikum, fyrir viðkomandi fjárfestingartímabil og skal reiknaður út á eftirfarandi hátt:

a) fyrir fjárfestingarsjóði, samtala kostnaðarins eins og um getur í 1. og 2. lið þessa viðauka að viðbættum samanlagða kostnaðinum eins og um getur í 4. og 6. lið þessa viðauka,

b) fyrir pakkaðar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta aðrar en fjárfestingarsjóði, nema pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 30. lið í IV. viðauka, samanlagði kostnaðurinn eins og um getur í 27. og 28. lið þessa viðauka að viðbættum samanlagða kostnaðinum eins og um getur í 31. og 32. lið þessa viðauka,

c) fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 30. lið IV. viðauka, samanlagði kostnaðurinn eins og um getur í 34. og 35. lið þessa viðauka,

d) fyrir vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir, samanlagði kostnaðurinn eins og um getur í 47. og 48. lið að viðbættum samanlagða kostnaðinum eins og um getur í 50. og 51. lið þessa viðauka.

62. Í töflunni „Kostnaður yfir tíma“ skal einnig taka með heildartölu samantekinna kostnaðarvísa fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta, reiknaða út sem lækkun ávöxtunar vegna heildar-kostnaðar sem reiknaður er út í samræmi við 70.–72. lið þessa viðauka.“

17) Fyrirsögn eftir 62. lið fellur brott,

18) Í stað 63. liðar kemur eftirfarandi:

„63. Þegar forsenda um árangur af pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta er nauðsynleg til að reikna út kostnaðartölurnar (í fjárhæðum eða prósentum), skal árangurinn af pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta sem notaður er í útreikningnum ákvarðaður í samræmi við 71. lið þessa viðauka.“

19) Eftirfarandi fyrirsögn II. í 2. hluta og undirfyrirsögn bætast við á eftir 63. lið:

„II. SAMANTEKNIR KOSTNAÐARVÍSAR EFTIR KOSTNAÐARTEGUND SEM TAKA SKAL MEÐ Í TÖFLU 2 „SAMSETNING KOSTNAÐAR“

Stakur kostnaður og stakir kostnaðarvísar“,

20) Í stað 64. liðar kemur eftirfarandi:

„64. Fyrir útreikninginn á inn- og útgöngukostnaðarvísunum skal kostnaðurinn sem taka skal tillit til vera sá sem auðkenndur er sem inn- eða útgöngukostnaður í samræmi við 1. hluta þessa viðauka. Fyrir vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir skulu inn- og útgöngukostnaðarvísarnir fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta vera lækkunin á ársávöxtuninni vegna inn- og útgöngukostnaðar, að teknu tilliti til þess að pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta er haldið yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið í samræmi við 70., 71. og 72. liði þessa viðauka. Fyrir pakkaðar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta skulu inn- og útgöngukostnaðarvísarnir samsvara kostnaðinum í mynteiningum ef afurðinni er haldið í eitt ár (eða yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið ef það er skemmra), reiknuðum út frá raunárangri 0%.“

21) Í stað fyrirsagnar eftir 64. lið og 65., 66. og 67. liði kemur eftirfarandi:

„Endurteknir kostnaðarvísar: Viðskiptakostnaður og annar viðvarandi kostnaður

65. Endurteknir kostnaðarvísar fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta skulu reiknaðir út á eftirfarandi hátt:

a) fyrir vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir, sem lækkunin á ársávöxtuninni vegna þessa kostnaðar að teknu tilliti til þess að pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta er haldið yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið, reiknuð út í samræmi við 70., 71. og 72. liði þessa viðauka,

b) fyrir pakkaðar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta, sem fjárhæðin á viðvarandi kostnaði í mynteiningum ef afurðinni er haldið í eitt ár (eða yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið ef það er skemmra), reiknuð út frá raunárangri 0%.

66. Fyrir útreikninginn á viðskiptakostnaðarvísinum skal taka tillit til eftirfarandi kostnaðar:

a) fyrir fjárfestingarsjóði, viðskiptakostnaðurinn sem um getur í 7.–23. liðar c þessa viðauka,

b) fyrir pakkaðar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta aðrar en fjárfestingarsjóði, að undanskildum pökkuðum og vátryggingatengdum fjárfestingarafurðum fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 30. lið í IV. viðauka, kostnaðurinn sem um getur í 29. lið c þessa viðauka,

c) fyrir vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir, kostnaðurinn sem um getur í 52. lið h þessa viðauka.

67. Fyrir útreikninginn á öðrum endurteknum kostnaðarvísi (sem um getur í VII. viðauka sem „umsýslugjöld og annar stjórnsýslu- og rekstrarkostnaður“), er kostnaðurinn sem taka á tillit til mismunurinn á milli heildarkostnaðarins samkvæmt 61. lið þessa viðauka og samtölunnar á einskiptiskostnaðarvísinum samkvæmt 64. lið þessa viðauka, að viðbættum viðskiptakostnaðarvísinum samkvæmt 66. lið þessa viðauka, að viðbættum aukakostnaðarvísunum samkvæmt 68. og 69. liðum þessa viðauka.“

22) Í stað fyrirsagnar eftir 67. lið og 68. og 69. liði kemur eftirfarandi:

„Aukakostnaður og aukakostnaðarvísar (árangurstengdar þóknanir og hlutdeild í hagnaði)

68. Aukakostnaðarvísir fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta skal reiknaður út á eftirfarandi hátt:

a) fyrir vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir, sem lækkunin á ársávöxtuninni vegna árangurstengdra þóknana eða hlutdeildar í hagnaði eða bæði, að teknu tilliti til þess að pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta er haldið yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið, reiknuð út í samræmi við 70., 71. og 72. liði þessa viðauka,

b) fyrir pakkaðar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta, sem sá kostnaður í mynteiningum ef pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta er haldið í eitt ár (eða yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið ef það er skemmra), reiknaður út frá raunárangri 0%.

69. Fyrir útreikninginn á árangurstengdu þóknunum, skal taka tilliti til kostnaðarins samkvæmt 6. lið a þessa viðauka fyrir fjárfestingarsjóði. Fyrir útreikninginn á hlutdeild í hagnaði, skal taka tilliti til kostnaðarins samkvæmt 6. lið b þessa viðauka fyrir fjárfestingarsjóði.“

23) Eftirfarandi fyrirsögn bætist við á eftir 69. lið:

„III. ÚTREIKNINGUR Á KOSTNAÐARTÖLUM“,

24) Í stað 70. og 71. liða kemur eftirfarandi:

„70. Reikna skal út lækkunina á ávöxtun sem nefnd er í I. og II. hluta þessa viðauka með því að nota fjárhæðir samræmanlegar þeim sem tilgreindar eru í 90. og 91. lið þessa viðauka. Hún skal reiknuð út sem munurinn á tveimur hlutföllum *i* og *r* þar sem *r* er árlegir innri vextir í tengslum við bókfærðar greiðslur almenna fjárfestisins og áætlaðar bótagreiðslur til almenna fjárfestisins fyrir viðkomandi fjárfestingartímabil og *i* er árlegir innri vextir fyrir kostnaðarlausu sviðsmyndina sem á í hlut.

71. Áætlunin um framtíðarbótagreiðslur fyrir útreikninginn á kostnaðinum skv. 70. lið þessa viðauka skal byggja á eftirfarandi forsendum:

a) fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta eins og um getur í 30. lið í IV. viðauka, og fyrir allar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta vegna kostnaðarvísana sem sýna tilvikin sem pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta er haldið í eitt ár eða skemur, skal gera ráð fyrir stöðluðum raunárangri 0%,

b) að undanskildu tilviki þegar a-liður gildir, skal reikna út árangur af pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta með því að beita aðferðinni og undirliggjandi tilgátu sem notaðar eru við matið á hóflegri sviðsmynd í þættinum yfir árangurssviðsmyndir í lykilupplýsingaskjalinu,

c) meta skal bótagreiðslurnar samkvæmt þeirri forsendu að allur kostnaður sem tekinn er með í heildarkostnaðinn skv. 61. lið þessa viðauka, sé dreginn frá.“

25) Eftirfarandi fyrirsögn bætist við á eftir 75. lið:

„Sértækar kröfur fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta með ráðlagðan fjárfestingartíma skemmri en eitt ár“,

26) Fyrirsögnin „**Útreikningur hlutfalls**“ eftir 76. lið fellur brott,

27) Eftirfarandi liður 76a bætist við:

„76a. Kostnaðarvísarnir í prósentum skulu reiknaðir út að teknu tilliti til samantekna kostnaðarins á tímabilinu, deilt með fjárfestingarfjárhæðinni og neðanmálsgrein bætt við til að útskýra þann útreikning, ásamt viðvörun um skort á samanburðarhæfi við árlega kostnaðarvísa í prósentum sem gefnir eru upp fyrir aðrar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta.“

28) Eftirfarandi fyrirsögn og 76. liður b bætist við á eftir 76. lið a:

„Sértækar kröfur fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem eru framvirkir samningar, framtíðarsamningar, mismunasamningar, eða skiptasamningar

76b. Hlutfallslegir kostnaðarvísar skulu reiknaðir út að teknu tilliti til grundvallarfjárhæðar samningsins og neðanmálsgrein bætt við til að útskýra þann útreikning. “,

29) Eftirfarandi fyrirsögn og 76. liður c bætist við á eftir 76. lið b:

„Sértækar kröfur fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem hægt er að selja eða segja upp sjálfkrafa fyrir lok ráðlagða fjárfestingartímans ef tiltekin fyrirframskilgreind skilyrði eru uppfyllt

76c. Kostnaðartölurnar skulu sýndar fyrir tvær mismunandi sviðsmyndir:

a) pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er seld á fyrsta degi sem mögulegt er,

b) pakkaða og vátryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta kemst á gjalddaga.

Reikna skal út kostnaðartölurnar með tilliti til árangurs sem samsvarar hvorri sviðsmynd.“

30) Í stað 78., 79. og 80. liða kemur eftirfarandi:

„78. Kostnaðartölurnar í fjárhæðum skulu námundaðar að næstu evru. Hlutfallslegu kostnaðarvísarnir skulu settir fram með einum aukastaf.

79. Reikna skal út kostnaðartölurnar að minnsta kosti einu sinni á ári.

80. Kostnaðartölurnar skulu byggja á nýjustu kostnaðarútreikningum PRIIP-framleiðandans. Án þess að hafa áhrif á 77. lið þessa viðauka skal meta kostnaðinn á grunni meginreglunnar „allir skattar innifaldir“.

Eftirfarandi gildir um fjárfestingarsjóði:

a) sérstakan útreikning skal framkvæma fyrir hvern hlutabréfaflokk, en ef hlutdeildir í tveimur eða fleiri flokkum flokkast jafngildar er heimilt að gera stakan útreikning fyrir þær,

b) þegar um er að ræða sjóð sem er regnhlífarsjóður skal meðhöndla hvern hluta eða undirsjóð sérstaklega að því er varðar þennan viðauka, en deila öllum gjöldum sem rakin eru til sjóðsins alls niður á undirsjóðina á sanngjarn hátt fyrir alla fjárfesta.“

31) Í stað 82. liðar kemur eftirfarandi:

„82. Byggja skal eftirátölurnar á nýlegum kostnaðarútreikningum sem PRIIP-framleiðandinn hefur af gildri ástæðu ákvarðað að séu viðeigandi í þeim tilgangi. Byggja má tölurnar á kostnaði sem settur er fram í rekstrarreikningi pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta sem birt var í síðustu ársskýrslu eða hálfsársskýrslu, ef sá reikningur er nógu nýlegur. Sé hann ekki nógu nýlegur skal í staðinn nota sambærilegan útreikning sem byggist á gjaldfærðum kostnaði nýlegra 12 mánaða tímabils.

32) Í stað 84. liðar kemur eftirfarandi:

„84. Eftirfarandi gildir þegar taka á tillit til kostnaðar sem rakin er til undirliggjandi verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs:

a) kostnaðarvísirinn fyrir hvern undirliggjandi verðbréfasjóð eða sérhæfðan sjóð skal skiptast hlutfallslega samkvæmt þeim hluta af virði hreinnar eignar pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta sem sá verðbréfasjóður eða sérhæfði sjóður stendur fyrir á viðkomandi degi, sem er dagsetningin sem tölurnar fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta eru sannreyndar,

b) bæta skal öllum hlutfallslegum tölum við heildarkostnaðartölu pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingar-afurðarinnar fyrir almenna fjárfesta sem fjárfest er vegna, og þannig setja því fram eina heildartölu.

33) Fyrirsögn II í 2. hluta fellur brott,

34) Í stað 90. liðar kemur eftirfarandi:

„90. Töflurnar sem um getur í 5. gr. skulu innihalda vísbendingu um kostnaðinn sem PRIIP-framleiðandinn veit af, í fjárhæðum og prósentum í þeim tilvikum sem almenni fjárfestirinn fjárfestir, eftir því sem við á, 10 000 evrur í pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðinni fyrir almenna fjárfesta (fyrir allar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta að undanskildum þeim sem eru með reglubundin iðgjöld eða reglubundnar greiðslur), eða 1 000 evrur árlega (fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta með reglubundnum iðgjöldum eða greiðslum). Sýna skal kostnaðartölurnar fyrir mismunandi fjárfestingartímabil, þ.m.t. ráðlagðan fjárfestingartíma, á eftirfarandi hátt:

a) fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta með ráðlagt eins árs fjárfestingartímabil eða skemmra, skal eingöngu sýna kostnað ef um er að ræða útgöngu við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins,

b) fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta með ráðlagt fjárfestingartímabil lengra en eitt ár og skemmra en tíu ár, skal sýna kostnað að teknu tilliti til útgöngu í lok fyrsta ársins og í lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins,

c) fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta með ráðlagt fjárfestingartímabil tíu ár eða meira skal sýna viðbótarfjárfestingartímabil, með því að birta kostnaðartölur ef um er að ræða útgöngu á miðju ráðlögðu fjárfestingartímabili, námundað við lok þess árs sem er næst,

d) ef samkvæmt pakkaðri og vátryggingatengdri fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta útganga er ekki heimil fyrir ráðlagða fjárfestingartímabilið, eða ef talið er að pökkuð og vátryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta njóti ekki annarrar lausafjárfyrirgreiðslu sem studd er af PRIIP-framleiðandanum eða þriðja aðila, eða ef lausafjárráðstafanir eru ekki fyrir hendi, eða fyrir þær pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 30. lið IV. viðauka, má eingöngu sýna kostnað við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins.“

35) liðir 92, 93 og 94 falla brott.

VII. VIÐAUKI

„VII. VIÐAUKI

FRAMSETNING KOSTNAÐAR

Beint undir fyrirsögninni í þættinum sem ber heitið „Hver er kostnaðurinn?“, skal setja eftirfarandi viðvörun, nema PRIIP-framleiðandanum sé kunnugt um að aðilinn sem veitir ráðgjöf um, eða selur pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingar-afurðina fyrir almenna fjárfesta muni ekki leggja á neinn viðbótarkostnað:

„Aðilinn sem veitir ráðgjöf um eða selur þér þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun þessi aðili veita þér upplýsingar um þennan kostnað og hvernig hann hefur áhrif á fjárfestingu þína.“

Í kostnaðartöflunum sem settar eru fram hér að neðan skal nota hugtakið „útganga“ til að tákna lok fjárfestingarinnar. Sé það hugtak misvísandi fyrir tilteknar tegundir pakkaðra og vátryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta má nota annað hugtak, s.s. „segja upp“ eða „skila inn“.

Tafla 1 fyrir allar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta, að undanskildum þeim sem um getur í b-lið 13. gr. og 76. lið c í VI. viðauka (seldar sjálfkrafa)

PRIIP-framleiðandinn skal láta fylgja með eftirfarandi fyrirsagnir, textaskýringar og töflu 1 sem sýnir samanteknar kostnaðartölur í fjárhæðum og prósentum, tilgreindar í 61. og 62. lið í VI. viðauka, með fjárfestingartímabilunum sem um getur í 90. lið þess viðauka:

„Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir, hve lengi þú átt afurðina [og hvernig afurðin stendur sig (*eftir atvikum*)]. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Gengið er út frá:

– [Á fyrsta ári] munir þú fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% ársávöxtun). [Fyrir önnur fjárfestingartímabil er gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni]

– [10 000/1 000 evrur á ári] er fjárfest fyrir“

	Ef þú [gengur út] eftir 1 ár *(þar sem við á)*	**Ef þú [gengur út] eftir [1/2 ráðlagðan fjárfestingartíma]** *(þar sem við á)*	**Ef þú [gengur út] eftir [ráðlagðan fjárfestingartíma]**
Heildarkostnaður	[] evrur	[] evrur	[] evrur
Árleg áhrif kostnaðar (*)	[]%	[]% hvert ár	[]% hvert ár

(*) „Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera []% fyrir kostnað og []% eftir kostnað.“

(*Eftir atvikum*): „Við gætum deilt hluta af kostnaðinum með aðilanum sem selur þér afurðina til að greiða fyrir þjónustuna sem þér er veitt. (*Eftir atvikum*) [Þú verður upplýstur um fjárhæðina].“

(*Eftir atvikum*): „Þessar tölur innihalda hámarkið á dreifingargjöldum sem aðilinn sem selur þér afurðina getur innheimt ([]% af fjárhæð sem er fjárfest/[] evrur). Þessi aðili mun upplýsa þig um raunveruleg dreifingargjöld.“

Tafla 1 fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í b-lið 13. gr.

PRIIP-framleiðandinn skal láta fylgja með eftirfarandi fyrirsagnir, textaskýringar og töflu 1 sem sýnir samanteknar kostnaðartölur í fjárhæðum og prósentum, tilgreindar í 61. og 62. lið í VI. viðauka, með fjárfestingartímabilunum sem um getur í 90. lið þess viðauka og með aðgreiningu á milli kostnaðarins fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta annars en kostnaðarins fyrir undirliggjandi fjárfestingarmöguleika („vátryggingarsamningur“) og hinna ýmsu tegunda kostnaðar fyrir undirliggjandi fjárfestingarmöguleika („fjárfestingarmöguleikar“):

„Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir, hve lengi þú átt afurðina [og hvernig afurðin stendur sig (*eftir atvikum*)]. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Gengið er út frá:

– Á fyrsta ári þú munir fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% árleg ávöxtun). Fyrir önnur fjárfestingartímabil er gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni

– Fjárfest er fyrir [10 000/1 000 evrur á ári]

[*Yfirlýsing þar sem tekið er fram að heildarkostnaðurinn fyrir almenna fjárfestinn samanstandi af samsetningu kostnaðarins fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta annars en kostnaðarins fyrir undirliggjandi fjárfestingarmöguleika og kostnaðarins fyrir fjárfestingarmöguleika og sé breytilegur á grundvelli hinna undirliggjandi fjárfestingarmöguleika*]“

	Ef þú [gengur út] eftir 1 ár *(þar sem við á)*	**Ef þú [gengur út] eftir [1/2 ráðlagðan fjárfestingartíma]** *(þar sem við á)*	**Ef þú [gengur út] eftir [ráðlagðan fjárfestingartíma]**
Heildarkostnaður			
– Vátryggingar-samningur	[] evrur	[] evrur	[] evrur
– Vátryggingakostir	[] – [] evrur	[] – [] evrur	[] – [] evrur

Árleg áhrif kostnaðar (*)				
–	Vátryggingarsamningur	[]%	[]% hvert ár	[]% hvert ár
–	Vátryggingakostir	[] – []%	[] – []% hvert ár	[] – []% hvert ár

(*) „Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera []% fyrir kostnað og []% eftir kostnað.“

(*Eftir atvikum*): „Við gætum deilt hluta af kostnaðinum með aðilanum sem selur þér afurðina til að greiða fyrir þjónustuna sem þér er veitt. (*Eftir atvikum*) [Þú verður upplýstur um fjárhæðina.]“

(*Eftir atvikum*): „Þessar tölur innihalda hámarkið á dreifingargjöldum sem aðilinn sem selur þér afurðina getur innheimt ([]% af fjárhæð sem er fjárfest/[] evrur). Þessi aðili mun upplýsa þig um raunveruleg dreifingargjöld.“

Tafla 1 fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 76. lið c í VI. viðauka (Seldar sjálfkrafa)

Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í 76. lið c í VI. viðauka skulu fyrirsögnin, textaskýringin og tafla 1 „Kostnaður yfir tíma“ vera eftirfarandi:

„Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir, hve lengi þú átt afurðina [og hvernig afurðin stendur sig (*eftir atvikum*)]. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi fjárfestingartímabil.

Óvissa er um tímalengd þessarar afurðar þar sem hægt er að segja henni upp á mismunandi tíma eftir því hvernig markaðurinn þróast. Í fjárhæðunum sem sýndar eru hér er tekið tilliti til tveggja mismunandi sviðsmynda (snemmbærrar sölu og á gjalddaga). Ef þú ákveður útgöngu fyrir lok afurðarinnar, getur útgöngukostnaður átt við auk fjárhæðanna sem sýndar eru hér.

Gengið er út frá:

– Fjárfest er fyrir [10 000/1 000 evrur á ári]

– árangur af afurðinni sem er í samræmi við hvert uppgefið fjárfestingartímabil.

	Ef afurðin er seld á fyrsta degi sem mögulegt er []	Ef afurðin kemst á gjalddaga
Heildarkostnaður	[] evrur	[] evrur
Árleg áhrif kostnaðar (*)	[]%	[]% hvert ár

„(*) Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út á gjalddaga er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera []% fyrir kostnað og []% eftir kostnað.“

(Eftir atvikum): „Við gætum deilt hluta af kostnaðinum með aðilanum sem selur þér afurðina til að greiða fyrir þjónustuna sem þér er veitt. (*Eftir atvikum*) [Þú verður upplýstur um fjárhæðina.]“

(*Eftir atvikum*): „Þessar tölur innihalda hámarkið á dreifingargjöldum sem aðilinn sem selur þér afurðina getur innheimt ([]% af fjárhæð sem er fjárfest/[] evrur). Þessi aðili mun upplýsa þig um raunveruleg dreifingargjöld.“

Tafla 2 fyrir allar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta að undanskildum þeim sem um getur í b-lið 13. gr.

PRIIP-framleiðandinn skal láta fylgja sundurliðun á kostnaði samkvæmt flokkuninni sem um getur í 64. til 69. lið í VI. viðauka, og nota fyrirsagnirnar og töflu 2 hér að neðan.

Fylgja skal stutt lýsing á hverri tegund kostnaðar fyrir sig. Þetta skal ná til töluvísis (fjárhæðar eða prósentu) og þess grunns sem notaður er fyrir útreikninginn, ef hægt er að sýna þetta á einfaldan hátt sem líklegt er að skiljist af þeim almenna fjárfesti sem ætlunin er að markaðssetja pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta fyrir. Lýsingin skal byggja á einu eða fleiri þeirra dæma sem tekin eru með í töflunni hér að neðan, nema þau eigi ekki við.

„Samsetning kostnaðar

Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu		*(Pakkaðar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta):* Ef þú [gengur út] eftir [1 ár/ráðlagðan fjárfestingartíma *(ef skemmri en 1 ár)*] *(Vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir)*: Árleg áhrif kostnaðar ef þú [gengur út] eftir [ráðlagðan fjárfestingartíma]
Inngöngukostnaður	[Lýsið meginþáttunum með ekki meira en 300 stöfum. *Dæmi:* — „[]% af fjárhæðinni sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar“ — „[]% af fyrstu [] iðgjöldunum sem þú greiðir“ — „Þessi kostnaður er þegar tekinn með í [verðinu/iðgjöldunum] sem þú greiðir“ — „Þar með talinn er dreifingarkostnaður um [[]% af fjárfestri fjárhæð/[] evra]. [Þetta er það mesta sem þú munt greiða]. [Aðilinn sem selur þér afurðina mun upplýsa þig um raunveruleg gjöld]“ — „Við innheimtum ekki inngöngugjald“]	[Allt að] [] evrur (pakkaðar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta eða []% (vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir)
Útgöngukostnaður	*[Lýsið meginþáttunum með ekki meira en 300 stöfum. Dæmi:* — „[]% af fjárfestingu þinni áður en hún er greidd út til þín“ — „Við innheimtum ekki útgöngugjald fyrir þessa afurð, [en aðilinn sem selur þér afurðina gæti gert það]“ *(Ef útgöngukostnaður á eingöngu við í sérstökum aðstæðum) - „Þessi kostnaður á eingöngu við ef (útskýra aðstæðurnar eða gefa dæmi með að hámarki 200 stöfum)“* *Fyrir vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir þar sem útgöngukostnaður á eingöngu við útgöngu fyrir lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins, skal í dálkinum til hægri taka fram „N/A“ og eftirfarandi yfirlýsingu bætt við í þennan dálk í viðbót við lýsinguna hér að ofan:* „Útgöngukostnaður er gefinn upp sem „N/A“ í næsta dálki þar sem hann á ekki við ef þú heldur afurðinni yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið“	[] evrur (pakkaðar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta eða []% (vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir)
Viðvarandi kostnaður [sannreyndur hvert ár]		
Stjórnunargjöld og annar stjórnsýslu- eða rekstrarkostnaður	[Lýsið grundvallaratriðunum með ekki meira en 150 stöfum. *Dæmi:* „[]% af virði fjárfestingar þinnar á ári“]. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði á síðasta ári.	[] evrur (pakkaðar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta eða []% (vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir)
Viðskiptakostnaður	[]% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	[] evrur (pakkaðar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta eða []% (vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir)
Aukakostnaður við sérstök skilyrði		
Árangursgjöld [og hlutdeild í hagnaði]	*[[Lýsið með ekki meira en 300 stöfum].* Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hver árangurinn af fjárfestingu þinni verður. Í samanteknu kostnaðaráætluninni hér að ofan er tekið með meðaltal síðustu 5 ára.] eða [Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð].	[] evrur (pakkaðar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta eða []% (vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir)

(*Eftir atvikum*): „Mismunandi kostnaður á við eftir því hver fjárfestingarfjárhæðin er *[útskýra aðstæðurnar eða nota dæmi með að hámarki 150 stöfum]*“

Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem bjóða fleiri valkosti til fjárfestinga skulu PRIIP-framleiðendur nota töflur 1 og 2 í þessum viðauka sem eiga við um allar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta, að undanskildum þeim sem um getur í b-lið 13. gr. og 76. lið c í VI. viðauka, fyrir framsetninguna á kostnaðinum, og fyrir tölurnar í hverri töflu, eftir því sem við á, sýna hinar ýmsu tegundir kostnaðar.

Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta með ráðlagðan fjárfestingartíma skemmri en eitt ár, skal í staðinn fyrir „Árleg áhrif kostnaðar“ merkingin á kostnaðarhlutfallinu í prósentum í töflum 1 og 2 vera „Kostnaðaráhrif“ og í neðanmálsgreininni undir töflu 1 taka fram eftirfarandi: „Þetta sýnir áhrifin af kostnaði á fjárfestingartímabili sem er skemmra en eitt ár. Ekki er hægt að bera þetta prósentuhlutfall beint saman við tölurnar yfir kostnaðaráhrifin sem veittar eru fyrir aðrar pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta.

Fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta þar sem kostnaðarhlutföllin í prósentum eru reiknuð út með því að nota undirliggjandi verðmæti skal bæta við eftirfarandi neðanmálsgrein undir töfluna: „Þetta sýnir kostnað í tengslum við undirliggjandi verðmæti pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar fyrir almenna fjárfesta.“

Tafla 2 fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem um getur í b-lið 13. gr.

PRIIP-framleiðandinn skal láta fylgja sundurliðun á kostnaði samkvæmt flokkuninni sem um getur í 64.–69. lið í VI. viðauka, og nota fyrirsagnirnar og töflu 2 hér að neðan. Eftir atvikum fyrir kostnaðartegundirnar, skal aðgreina á milli kostnaðarins fyrir pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta annars en kostnaðarins fyrir undirliggjandi fjárfestingarmöguleika („vátryggingarsamningur“) og hinna ýmsu tegunda kostnaðar fyrir undirliggjandi fjárfestingarmöguleika („Fjárfestingarmöguleikar“).

Fylgja skal stutt lýsing á hverri tegund kostnaðar fyrir sig. Þetta skal ná til töluvísis (fastrar fjárhæðar eða prósentu) og þess grunns sem notaður er fyrir útreikninginn, ef hægt er að sýna þetta á einfaldan hátt sem líklegt er að skiljist af þeim almenna fjárfesti sem ætlunin er að markaðssetja pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta fyrir almenna fjárfesta fyrir. Lýsingin skal byggja á einu eða fleiri þeirra dæma sem tekin eru með í töflunni hér að neðan, nema þau eigi ekki við.

„Samsetning kostnaðar

Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu		Árleg áhrif kostnaðar ef þú [gengur út] eftir [ráðlagðan fjárfestingartíma]
Inngöngukostnaður	*[Lýsið meginþáttunum með ekki meira en 300 stöfum. Dæmi:* — „[]% af fjárhæðinni sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar“ — „[]% af fyrstu [] iðgjöldunum sem þú greiðir“ — „Þessi kostnaður er þegar tekinn með í [verðinu/iðgjöldunum] sem þú greiðir“ — „Þar með talinn er dreifingarkostnaður um [[]% af fjárfestri fjárhæð/]] evra]. [Þetta er það mesta sem þú munt greiða]. [Aðilinn sem selur þér afurðina mun upplýsa þig um raunveruleg gjöld]“ — „Við innheimtum ekki inngöngugjald“]	„[]%“ eða „Vátryggingarsamningur []% Fjárfestingarmöguleiki [] -[]%“
Útgöngukostnaður	*[Lýsið meginþáttunum með ekki meira en 300 stöfum. Dæmi:* — „[]% af fjárfestingu þinni áður en hún er greidd út til þín.“ — „Við innheimtum ekki útgöngugjald fyrir þessa afurð, [en aðilinn sem selur þér afurðina gæti gert það].“ *(Ef útgöngukostnaður á eingöngu við í sérstökum aðstæðum) –„Þessi kostnaður á eingöngu við ef (útskýra aðstæðurnar eða gefa dæmi með að hámarki 200 stöfum)“* *Fyrir vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir þar sem útgöngukostnaður á eingöngu við útgöngu fyrir lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins, skal í dálkinum til hægri taka fram „N/A“ og eftirfarandi yfirlýsingu bætt við í þennan dálk í viðbót við lýsinguna hér að ofan:* „Útgöngukostnaður er gefinn upp sem „N/A“ í næsta dálki þar sem hann á ekki við ef þú heldur afurðinni yfir ráðlagða fjárfestingartímabilið.“	„[]%“ eða „Vátryggingarsamningur []% Fjárfestingarmöguleiki [] -[]%“
Viðvarandi kostnaður sannreyndur hvert ár		
Stjórnunargjöld og annar stjórnsýslu- eða rekstrarkostnaður	[Lýsið grundvallaratriðunum með ekki meira en 150 rittáknum. *Dæmi:* „[]% af virði fjárfestingar þinnar á ári“]. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði á síðasta ári.	„[]%“ eða „Vátryggingarsamningur []% Fjárfestingarmöguleiki [] -[]%“
Viðskiptakostnaður	[]% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	„[]%“ eða Vátryggingarsamningur []% Fjárfestingarmöguleiki [] -[]%“
Aukakostnaður við sérstök skilyrði		
Árangursgjöld [og hlutdeild í hagnaði]	*[[Lýsið með ekki meira en 300 stöfum].* Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hver árangurinn af fjárfestingu þinni verður. Í samanteknu kostnaðaráætluninni hér að ofan er tekið með meðaltal síðustu 5 ára.] eða [Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð].	„[]%“ eða Vátryggingarsamningur []% Fjárfestingarmöguleiki [] -[]%“

(*Eftir atvikum*): „Mismunandi kostnaður á við eftir því hver fjárfestingarfjárhæðin er *[útskýra aðstæðurnar eða nota dæmi með að hámarki 150 stöfum]*“

VIII. VIÐAUKI

VIII. VIÐAUKI

EFNI OG FRAMSETNING UPPLÝSISNGA UM FYRRI ÁRANGUR

Skilgreiningar

1. Að því er varðar framsetningu upplýsinga um fyrri árangur er skilgreining eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „verðbréfasjóður“: verðbréfasjóður með starfsleyfi í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2009/65/EB sem:

i. er pökkuð og vátryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta í flokki 2 eins og sett er fram í 5. lið í II. viðauka, og

ii. veita almennum fjárfestum ekki útgreiðslur á tilteknum fyrirframákvörðuðum dögum er byggja á algrími sem tengist árangrinum, eða verðbreytingum eða öðrum skilyrðum, af fjáreignum, vísitölum eða viðmiðunar-eignasöfnum eða hafa svipuð einkenni,

b) „sérhæfður sjóður“: sérhæfður sjóður eins og skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB sem:

i. er pökkuð og vátryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta í flokki 2 eins og sett er fram í 5. lið í II. viðauka,

ii. er opinn sérhæfður sjóður eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 694/2014 ([2]), og

iii. á tilteknum fyrirframákvörðuðum dögum veita almennum fjárfestum ekki útgreiðslur er byggja á algrími sem tengist árangrinum, eða verðbreytingum eða öðrum skilyrðum, af fjáreignum, vísitölum eða viðmiðunar-eignasöfnum eða hafa svipuð einkenni,

c) „eininga- og vátryggingatengd fjárfestingarafurð“: eininga- og vátryggingatengd fjárfestingarafurð sem:

i. er pökkuð og vátryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta í flokki 2 eins og sett er fram í 5. lið í II. viðauka,

ii. með mögulega snemmbæra útgöngu eða innlausnarmöguleika fyrir lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins, sem ekki fellur undir veruleg takmarkandi skilyrði,

iii. gefur ávinning sem beint tengist virði eignanna sem skipt er í einingar, og

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 694/2014 frá 17. desember 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um ákvörðun á tegundum rekstraraðila sérhæfðra sjóða (Stjtíð. ESB L 183, 24.6.2014, bls. 18).

iv. á tilteknum fyrirframákvörðuðum dögum veita almennum fjárfestum ekki útgreiðslur er byggja á algrími sem tengist árangrinum, eða verðbreytingum eða öðrum skilyrðum, af fjáreignum, vísitölum eða viðmiðunar-eignasöfnum eða hafa svipuð einkenni.

Útreikningur á fyrri árangri fyrir verðbréfasjóði eða sérhæfða sjóði

2. Útreikningurinn á fyrri árangri skal byggja á hreinu virði eigna verðbréfasjóðsins eða sérhæfðu sjóðanna, og ganga út frá að allar úthlutanlegar tekjur sjóðsins hafi verið endurfjárfestar.

Notkun „hermdra“ gagna um fyrri árangur fyrir verðbréfasjóð eða sérhæfða sjóði

3. Hermt árangursmat fyrir tímabilið áður en gögn voru tiltæk skal eingöngu heimilað í eftirfarandi tilvikum, að því tilskildu að notkun þess sé sanngjörn, skýr og ekki villandi:

a) verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður eða sjóðsdeild getur hermt árangur nýs hlutabréfaflokks síns með því að nota árangurinn í öðrum flokki, að því tilskildu að ekki sé verulegur munur á flokkunum tveimur að því er varðar hlutdeild í eignum verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins,

b) fylgisjóður eða sérhæfður fylgisjóður getur hermt árangur sinn með því að nota árangur höfuðsjóðs síns eða sérhæfðs höfuðsjóðs síns, að því tilskildu að eitt af eftirfarandi skilyrðum sé uppfyllt:

i. stefnuáætlun og markmið fylgisjóðsins eða sérhæfða fylgisjóðsins heimila honum ekki að eiga aðrar eignir en einingar í höfuðsjóðnum eða sérhæfða höfuðsjóðnum og fylgilausafjáreignir,

ii. einkenni fylgisjóðsins eða sérhæfða fylgisjóðsins eru ekki verulega ólík þeim á höfuðsjóðnum eða sérhæfða höfuðsjóðnum.

Útreikningur á fyrri árangri fyrir eininga- og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir

4. Útreikningurinn á fyrri árangri eins og lýst er í 2. lið þessa viðauka skal eiga við, að breyttu breytanda, um eininga- og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir. Útreikningurinn skal vera í samræmi við annaðhvort útskýringuna á áhrifunum af iðgjaldinu vegna áhættu er tengist ævilíkum manna eða af kostnaðarhluta iðgjaldanna vegna áhættu er tengist ævilíkum manna á ávöxtunina af fjárfestingunni eins og um getur í 4. mgr. 2. gr.

Framsetning á fyrri árangri fyrir verðbréfasjóði eða sérhæfða sjóði

5. Upplýsingarnar um fyrri árangur verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins skulu settar fram í súluriti sem nær yfir árangur verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins síðustu 10 ár. Stærðin á súluritinu skal miðast við læsileika.

6. Verðbréfasjóður eða sérhæfðir sjóðir með árangursupplýsingar sem ná aðeins yfir tæp fimm almanaksár skulu nota framsetningu sem nær eingöngu yfir síðustu fimm ár.

7. Hvert ár sem gögn eru ekki tiltæk fyrir skal sýnt sem eyða án annarrar skýringar en dagsetningarinnar.

8. Fyrir verðbréfasjóð eða sérhæfða sjóði sem enn hafa ekki gögn um árangur fyrir eitt heilt almanaksár, skal fylgja yfirlýsing þar sem útskýrt er að gögn séu ófullnægjandi til að geti gefið gagnlega vísbendingu um fyrri árangur til almennra fjárfesta.

9. Súluritinu skal fylgja eftirfarandi yfirlýsing, sem birta skal á áberandi hátt:

a) viðvörun um takmarkað gildi fyrri árangurs sem leiðbeiningar um árangur í framtíðinni, með því að nota eftirfarandi feitletraða yfirlýsingu:

„Fyrri árangur er ekki áreiðanleg vísbending um árangur í framtíðinni. Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni.

Það getur hjálpað þér að meta hvernig sjóðnum hefur áður verið stjórnað“,

b) textaskýring þar sem útskýrt er hvað sýnt er, sem skal sett inn fyrir ofan súluritið og feitletrað:

„Þetta súlurit sýnir árangur sjóðsins sem tap eða hagnað í prósentum á ári síðustu [x] ár.“

c) ef við á, sértæk viðvörun fyrir afurðina um að fyrri árangur sé ekki dæmigerður í samræmi við 15. lið þessa viðauka eða af annarri ástæðu, að hámarki 150 stafir á skýru máli,

d) stutt útskýring á hvaða gjöld og þóknanir hafa verið teknar með eða undanskilin frá útreikningnum á fyrri árangri, þar sem við á. Þetta gildir ekki um verðbréfasjóð eða sérhæfða sjóði sem ekki eru með inngöngu- eða útgöngugjöld. [Dæmi um textaskýringu:

„Árangur er sýndur eftir að viðvarandi gjöld hafa verið dregin frá. Sérhver inn- og útgöngugjöld eru undanskilin frá útreikningnum.“]

e) tilgreining á stofnári sjóðsins, deildarinnar eða hlutabréfaflokksins,

f) ef við á, tilgreining á gjaldmiðlinum sem fyrri árangur er reiknaður út samkvæmt.

10. Upplýsingarnar skulu ekki innihalda gögn um fyrri árangur fyrir neinn hluta af núverandi almanaksári.

Notkun viðmiðunar við hlið fyrri árangurs

11. Ef í þættinum sem ber yfirskriftina „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu er tilvísun til viðmiðunar, skal setja súlu sem sýnir árangurinn af þeirri viðmiðun inn í súluritið til hliðar við hverja súlu sem sýnir fyrri árangur verðbréfasjóðsins eða sérhæfðu sjóðanna. Þetta gildir um verðbréfasjóð eða sérhæfða sjóði sem fylgja viðmiðun sem og um þá sem stjórnað er með tilvísun til viðmiðunar. Verðbréfasjóði eða sérhæfðum sjóði telst stjórnað með tilvísun til viðmiðunar þegar viðmiðunarvísitala skiptir máli í stjórnun verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins, s.s. fyrir samsetningu eignasafns og/eða mælingar á árangri.

12. Fyrir verðbréfasjóð eða sérhæfða sjóði sem ekki eiga gögn um fyrri árangur fyrir þau 5 eða 10 ár sem krafist er, skal ekki sýna viðmiðunina fyrir ár sem verðbréfasjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn hafði ekki verið stofnaður.

13. Ef verðbréfasjóðnum eða sérhæfða sjóðnum er stjórnað með tilvísun til viðmiðunar eins og um getur í 11. lið þessa viðauka skal eftirfarandi fylgja textaskýringunum í 9. lið þessa viðauka í feitletri:

„Þetta súlurit sýnir árangur sjóðsins sem tap eða hagnað í prósentum á ári síðustu [] ár í samanburði viðmiðun hans.“

„Þetta getur hjálpað þér að meta hvernig sjóðnum hefur áður verið stjórnað og borið það saman við viðmiðun hans.“

Framsetning á súluritinu

14. Súluritið sem sýnir fyrri árangur skal hlíta eftirfarandi skilyrðum:

a) stærðarkvarði Y-ás súluritsins skal vera línulegur, ekki lograður,

b) stærðarkvarðinn skal aðlagaður að mælisviðskvarða súlnanna sem sýndar eru og ekki skal þjappa saman súlunum svo erfiðara verði að greina sveiflur í ávöxtun,

c) setja skal X-ásinn við 0% árangur,

d) bæta skal merki við hverja súlu þar sem gefin er upp ávöxtunin sem náðist í prósentum,

e) tölur um fyrri árangur skulu námundaðar að einum aukastaf.

Áhrif og meðferð verulegra breytinga

15. Ef veruleg breyting verður á markmiðum og fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins á tímabilinu sem sýnt er í súluritinu sem um getur í 5.–10. lið þessa viðauka, skal áfram sýna fyrri árangur verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins áður en sú verulega breyting átti sér stað.

16. Tímabilið fyrir verulega breytingu sem um getur í 15. lið þessa viðauka skal sýnt á súluritinu og merkt með skýrri viðvörun um að árangurinn hafi náðst við aðstæður sem eiga ekki lengur bið.

Notkun „hermdra“ gagna um fyrri árangur

17. Í öllum tilvikum þar sem árangur hefur verið hermdur í samræmi við 3. lið þessa viðauka, skal birta með áberandi hætti á súluritinu að árangurinn hafi verið hermdur.

18. Verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður sem breytir lagalegri stöðu sinni en er áfram með staðfestu í sama aðildarríki skal eingöngu halda árangursmati sínu ef lögbært yfirvald þess aðildarríkis metur líklegt að breytingin á stöðu muni ekki hafa áhrif á árangur verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins.

19. Ef um er að ræða samruna sem um getur í i. og iii. lið p-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB skal eingöngu fyrra árangri verðbréfasjóðsins sem er móttakandi viðhaldið.

20. Ákvæði 19. liðar þessa viðauka skal eiga við, að breyttu breytanda, ef um er að ræða samruna sérhæfðra sjóða.

Framsetning á fyrri árangri fylgisjóða eða sérhæfðra sjóða

21. Framsetningin á fyrri árangri fylgisjóðs eða sérhæfðs sjóðs skal vera sértæk fyrir fylgisjóðinn eða sérhæfða sjóðinn, og skal ekki vera endurgerð á árangursmatinu fyrir höfuðsjóðinn eða sérhæfða sjóðinn.

22. Ákvæði 21. liðar þessa viðauka gilda ekki ef:

    a) fylgisjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn sýnir fyrri árangur höfuðsjóðs eða sérhæfðs sjóðs síns sem viðmiðun, eða

    b) fylgisjóðurinn var settur á fót sem fylgisjóður eða sérhæfður sjóður síðar en höfuðsjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn, og ef skilyrðin í 3. lið þessa viðauka eru uppfyllt, og ef hermdur árangur er sýndur fyrir árin áður en fylgisjóðurinn var stofnaður, byggt á fyrri árangri höfuðsjóðsins eða sérhæfða sjóðsins, eða

    c) fylgisjóðurinn er með fyrra árangursmat frá því áður en hann hóf rekstur sem fylgisjóður, er eigin árangri hans haldið í súluritinu fyrir viðkomandi ár og verulega breytingin merkt eins og krafist er í 16. lið þessa viðauka.

Framsetning á fyrri árangri fyrir einninga- og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir

23. Ákvæði 5.– 16. liðar þessa viðauka skulu eiga við, að breyttu breytanda, um einninga- og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir. Framsetningin skal vera í samræmi við annaðhvort lýsinguna á áhrifunum af iðgjaldinu vegna áhættu er tengist ævilíkum manna eða af kostnaðarhluta iðgjaldanna vegna áhættu er tengist ævilíkum manna á ávöxtunina af fjárfestingunni sem um getur í 4. mgr. 2. gr.“